ANDREA RÓBERTSDÓTTIR

*Á tuskubrúðu sem gleður á morgnana*

Heimili Tíska Heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




JÓNAS SIGURÐSSON

*Sólstrandargæi snýr aftur frá Danmörku*

Söngvari Sólstrandargæjanna gefur út sólóplötu

TÓNLIST 60







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. nóvember 2006 — 307. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## FIMMTUDAGUR

### Ævintýrin gerast enn



Ævintýramyndin Eragon verður frumsýnd í desember. Eragon fær frið fyrir stórævintýrum um þessi jól en handan við hornið leynast Harry Potter og Lyra Belacqua.

BÍÓ 54

### Þrjár fallnar forsendur

„Sjálfstæðisflokkurinn hefur teflt frá sér þeirri sérstöðu, sem fólst í gamla kjörorðinu „stétt með stétt“, segir Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 34

### Hár verðmiði



Helgi Sigurðsson er til sölu en ekki fyrir neina skiptimynt. Fram myndi selja fyrir fimm milljónir.

ÍÞRÓTTIR 66

### Frekar bíó en partí



Stúlkurnar í Nylon segjast ekki taka þátt í villtu líferni poppstjarnanna.

FÓLK 58

## VEÐRIÐ Í DAG




**HVASST FYRIR AUSTAN** Í dag verður norðaustanstormur við suðaustur- og austurströndina, annars hægari norðlæg átt. Snjókoma austan til, él nyrðra en nokkuð bjart með landinu sunnanverðu. Frost 7-19 stig, kaldast til landsins.

VEÐUR 4

# Börn allt niður í níu ára í sjálfsvígshættu

**Yngsta barnið sem kom á Barna- og unglingageðdeild á síðasta ári vegna mats á sjálfsvígshættu var níu ára. Yngsta barnið sem komið hefur af sömu sökum á þessu ári er tíu ára. Helstu ástæður slíkrar líðanar eru þunglyndi og kvíði.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Yngsta barnið sem kom á Barna- og unglingageðdeild (BUGL) á síðasta ári vegna mats á sjálfsvígshættu var þá níu ára, samkvæmt upplýsingum frá BUGL. Yngsta barnið sem komið hefur á þessu ári af sömu sökum er tíu ára.

Samtals komu 138 ný bráðamál til afgreiðslu á göngudeild BUGL á síðasta ári. Þar áttu hlut að máli 78 stelpur og 60 strákar. Af þessum 138 málum voru 70 til 80 einstaklingar sem komu vegna mats á sjálfsvígshættu.

Á þessu ári hafa þegar komið 128 ný bráðamál til afgreiðslu á göngudeildinni. Um er að ræða 73 stelpur og 55 stráka, 60 til 70 þessara barna og unglinga hafa komið vegna mats á sjálfsvígshættu.

Taka ber fram að í þessum tölum eru ekki börn sem þegar eru komin í meðferð á göngudeild BUGL og greinast í sjálfsvígshættu. Einnig ber að taka fram að algengast er að einstaklingar sem koma til mats á sjálfsvígshættu séu á aldrinum þrettán til sautján ára og mjög sjaldgæft er að níu og tíu ára börn komi á BUGL af þeirri ástæðu.

Að sögn Ólafs Guðmundssonar, yfirlæknis á BUGL, eru helstu ástæður þessa þunglyndi og kvíði í tengslum við lífsviðburði, svo sem höfnun, áföll, þar með talið kynferðislega misnotkun eða vanrækslu.

„Vímuefni spila sjaldan inn í hjá börnum og yngri unglingum en vega þyngra hjá eldri unglingum,“ segir hann. „Einnig geta hvatvís börn gripið til sjálfsskaðahegðunar eða jafnvel sjálfsvígstilrauna, stundum með alvarlegum afleiðingum.“

Spurður hvort börn niður í níu til tíu ára hafi þurft á meðferð að halda hjá BUGL vegna beinna hugleiðinga um sjálfsvíg segir Ólafur svo vera. „En það er þá alltaf í tengslum við undirliggjandi vanda sem ég nefni hér að framan,“ bætir hann við. Hann segir enn fremur að unglingar sem hafi beinlínis reynt að svipta sig lífi áður en þeir komu á Barna- og unglingageðdeild hafi oftast verið á aldrinum fjórtán til sautján ára, en í einstaka tilfellum yngri.

jss@frettabladid.is



**SYKURMOLARNIR SAMAN Á NÝ** Sykurmolarnir halda tónleika í Laugardalshöll á morgun í tilefni 20 ára afmælis hljómsveitarinnar. Myndin var tekin á blaðamannafundi í gær og þar má sjá Sykurmolana Margréti Örnólfsdóttur (frá vinstri), Þór Eldon, Braga Ólafsson, Björk Guðmundsdóttur og Einar Örn Benediktsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**EGGERT MAGNÚSSON** Formaður KSÍ hefur ekki viljað tjá sig um málefni kvennalandsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Knattspyrnusamband Íslands:

## Hafnaði fé til kvennaliðsins

**FÓTBOLTI** Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) sagði í byrjun ársins upp styrktarsamningi við Íslandspóst sem var eini styrktaraðili A-landsliðs kvenna. Styrkurinn var um 2,5 milljónir króna á ári sem er fjórðungur af kostnaði við rekstur landsliðsins árið 2005.

Samkvæmt upplýsingum frá Íslandspósti gaf KSÍ upp þá ástæðu að sambandið væri að breyta styrkjakerfi sínu þannig að allir styrktaraðilar sambandsins styrki alla starfsemi KSÍ.

- hbg / sjá síðu 62

Aðstoðaryfirlögregluþjónn:

## Gagnrýnir dómstólana

**LÖGREGLUMÁL Arnar Jensson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá embætti Ríkislögreglustjóra, segir dómstóla hér á landi ekki í stakk búna til þess að taka á stórum og flóknum málum eins og Baugsmálinu. „Mér finnst hafa komið í ljós að dómstólar, líkt og kerfið á öllum stigum, séu ekki búnir til þess að taka á stórum málum eins og Baugsmálinu. Það vantar reynslu og þekkingu en sem betur fer koma stór og flókin mál sjaldan upp.“**

**Freyr Ófeigsson, varaformaður dómstólaráðs og dómstjóri í héraðsdómi Norðurlands eystra, vísar alfarið á bug að íslenskir dómstólar geti ekki tekið á stórum málum. „Ég kannast ekki við að það séu dómstólar sem ekki ráði við Baugsmálið. Mér finnst það ámælisvert að dómarar fái aðdróttanir eins og þessar frá lögreglu.“**

- mh / sjá síðu 2

Drengur leit dagsins ljós í bíl á Reykjanesbrautinni í gær:

# Litlum manni lá á í heiminn

**FÆÐING** Sá sérstaki atburður átti sér stað í gær að barn kom í heiminn í bíl á Reykjanesbrautinni. Foreldrar drengsins voru á leiðinni á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þar sem fæðingin átti að eiga sér stað. Sveinn Speight, hinn nýbakaði faðir, segir að Silvía Ósk, kona hans, hafi misst vatnið áður en þau lögðu af stað úr Hafnarfirði en þau ákváðu að freista þess að komast til Keflavíkur.

„Það var ekki um annað að ræða en að stöðva bílinn og taka á móti barninu. Ég var í sambandi við sjúkraflutningamenn sem leiðbeindu mér í gegnum síma meðan á fæðingunni stóð. Sjúkrabílarnir komu síðan skömmu eftir að strákurinn fæddist og keyrðu okkur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja,“ segir Sveinn.

Fyrir eiga Sveinn og Silvía fimm ára strák og átján mánaða stelpu og heilsast móður og hinum nýfædda syni vel. Drengurinn var 4.125 grömm og 53 sentímetrar á lengd.

- hs



**STOLTIR FORELDRAR** Sveinn Speight og Silvía Ósk Speight ásamt nýfæddum syni sínum.






## SPURNING DAGSINS



*Jón, hefðir þú ekki betur notað allan peninginn?*

Nei, það er betra að tapa ekki á öllum vígstöðvum.

Sextán þúsund króna afgangur varð af prófkjörsbaráttu Jóns Gunnarssonar, þingmanns Samfylkingarinnar á Suðurlandi. Jón sóttist eftir fyrsta sæti en hafnaði í því sjötta og hættir í stjórnmálum í vor.

Dómsmálaráðherra spurður um hleranir alþingismanna á þingfundi í gær:

# Svaraði ekki spurningunni

**STJÓRNMÁL** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra svaraði ekki efnislega fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar, Framsóknarflokki, um hleranir á símum alþingismanna í fyrirspurnartíma í þinginu í gær.

Kristinn vildi vita hvort símar þingmanna hefðu verið hleraðir fyrir atbeina stjórnvalda og ef svo væri; hvenær og hjá hvaða alþingismönnum hverju sinni. Hann fýsti líka að vita um ástæður hlerunar hverju sinni og hvenær hún tengdist rannsókn á sakamáli.

Björn Bjarnason sagði hleranamál í farvegi eftir að Alþingi samþykkti lög um rétt nefndar til aðgangs að opinberum upplýsingum um öryggismál og eftir að Þjóðskjalasafnið birti upplýsingar um málið á heimasíðu sinni. „Ég er þeirrar skoðunar að þessi mál séu í réttum farvegi og slíkum sagnfræðilegum rannsóknum sé best fyrir komið hjá fræðimönnum,“ sagði Björn. Sagði hann einnig að fólk gæti haft af því brýna persónulega hagsmuni að ekki væri fjallað opinberlega um að mál hafi verið þannig vaxin að dómari hafi talið nauðsyn á að heimila hlerun.



**KRISTINN H. GUNNARSSON FRAMSÓKNARFLOKKI** Fékk ekki þau svör sem hann vonaðist til frá dómsmálaráðherra.

Nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar, auk Kristins, brugðust ókvæða við þessu svari ráðherra enda hefði hann engu svarað.

Björn Ingi Hrafnsson, Framsóknarflokki, tók á hinn bóginn undir orð Björns og sagði málið einkennast af upphlaupi og löngun þingmanna til að komast í fréttirnar. **- bþs**

Alvarlegum slysum fjölgar:

# 120 hafa slasast í umferðinni

**UMFERÐARMÁL Alvarlegum slysum hefur fjölgað um 43,6 prósent á fyrstu níu mánuðum þessa árs miðað við sama tíma í fyrra. Á fyrstu níu mánuðum þessa árs urðu 102 alvarleg slys þar sem 120 manns slösuðust.**

**Í fjárlögum næsta árs gera stjórnvöld ráð fyrir að verja 10,4 milljörðum króna í vegaframkvæmdir en á þessu ári voru 5,9 milljarðar settir í sama málaflokk.**

**Á næsta ári hafa úrbætur verið boðaðar á stofnvegakerfinu í nágrenni Reykjavíkur, það er á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi. - hs**

Hópatriði á Austurvelli:

# Áramótaskaup truflar Alþingi

**SJÓNVARP** Þingfundur truflaðist og lét þingvörð sussa á Reyni Lyngdal leikstjóra og hans fólk úti á Austurvelli á þriðjudagskvöldið. Upptökur stóðu yfir á áramótaskaupinu og hafði hópurinn fengið leyfi lögreglunnar til starfans. Það er hins vegar ekki starfsvenja kvikmyndatökumanna að biðja leyfis í hverju húsi og því datt engum í hug að bera þetta undir hið háa Alþingi.

Þingheimi líkaði ekki háreysti í hópatriði einu. Tökulið brást vel við kvörtuninni og skömmu síðar var fundur settur á ný. **- kóþ**



**ALLIANCE-HÚSIÐ** Hefur nú fengið nýtt hlutverk en þar verður opnuð verslun á morgun.

Verslun í Alliancehúsinu:

# Saltfélagið stofnar verslun

**VERSLUN Á morgun, föstudag, verður opnuð ný verslun í gamla Alliance-húsinu að Grandagarði 2. Það er Saltfélagið sem stendur að baki versluninni en Saltfélagið samanstendur af Pennanum, Lumex, Te og kaffi og Eymundsson.**

**Í versluninni verður boðið upp á hönnunarvörur eftir þekkta hönnuði, húsgögn, lampa, gjafavöru, bækur, tímarit og tónlist. Þá verður kaffihús á staðnum.**

**Saltfélagið verður formlega stofnað í dag. - hs**

# Gagnrýnir dómstóla fyrir skort á reynslu og þekkingu

**Aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra segir dómstóla ekki í stakk búna til þess að taka á stórum málum. Ámælisvert að dómstólar fái aðdróttanir frá lögreglu, segir varaformaður dómstólaráðs.**

**LÖGREGLUMÁL** Arnar Jensson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá embætti Ríkislögreglustjóra, segir íslenska dómstóla ekki í stakk búna til að taka á stórum og flóknum efnahagsbrotamálum eins og Baugsmálinu. „Mér finnst það hafa komið í ljós að dómstólar, líkt og kerfið á öllum stigum, séu ekki búnir til þess að taka á stórum málum eins og Baugsmálinu. Það vantar reynslu og þekkingu en sem betur fer koma stór og flókin mál sjaldan upp. Reynslan sýnir það erlendis frá að það hefur þurft umfangsmikil mál til þess að koma auga á ýmsa vankanta á kerfinu. Það hefur orðið hröð þróun í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi og það eru ýmsir þættir sem kerfið þarf að laga sig að. Ég tel nauðsynlegt að ræða um þessa þætti opinberlega og opinskátt.“

Freyr Ófeigsson, dómstjóri Héraðsdóms Norðurlands eystra og varaformaður í dómstólaráði, vísar því alfarið á bug að dómstólar á Íslandi ráði ekki við stór mál. „Ég vísa því alfarið á bug að dómstólar ráði ekki við stór og flókin mál sem koma til kasta þeirra. Ég kannast ekki við að það séu dómstólar sem ekki ráði við Baugsmálið. Mér finnst það ámælisvert að dómarar fái aðdróttanir eins og þessar frá lögreglu.“

Arnar segir í grein í Morgunblaðinu í gær, sem ber heitið Atlaga úr hulduheimi – Jón og séra Jón, að mikill munur sé „á rannsóknum og meðferð mála sem snúa að ríkum eða valdamiklum sakborningum annars vegar og hinna „venjulegu“ hins vegar.“ Vitnar hann til Baugsmálsins í því samhengi.



**HÆSTIRÉTTUR** Arnar Jensson segir dómstóla, líkt og kerfið í heild, ekki í stakk búið til að taka á stórum málum. „Arnar verður að fá að standa undir þessum skrifum sjálfur,“ segir Bogi Nilsson ríkissaksóknari. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ARNAR JENSSON** Kallar eftir umræðu um málsmeðferðir.



**EIRÍKUR TÓMASSON** Segir nauðsynlegt að efla ákæruvaldið.

Í greininni segir einnig að hér á landi „séu réttarreglur sem eigi að vera nægilega traustar til þess að tryggja að allir fái sömu réttláta málsmeðferðina, hvort sem um er að ræða auðmann, fjölmiðlakóng, einstætt foreldri eða öryrkja. Hvort sem á í hlut Jón eða séra Jón. Baugsmálið er dæmi um að svo er ekki. Þessi þróun er óþolandi og ég kalla eftir viðbrögð yfirvalda þessa lands.“

Eiríkur Tómasson, prófessor í lögfræði við Háskóla Íslands, hafnar því alfarið að íslenskir dómstólar séu ekki nægilega vel í stakk búnir til þess að taka á stórum málum. Hann segir íslenskt dómskerfi gera ráð fyrir því að allir geti fengið hæfa verjendur sér til stuðnings og segir það grundvallaratriði í réttarríkinu. „Það hafa allir rétt á því að fá skipaðan hæfan verjanda í íslensku dómskerfi og ríkissjóður ábyrgist þóknun til verjanda. Þetta er grundvallaratriði í réttarríkinu hér á landi og verjendurnir mega treysta því að þeir fá sína þóknun greidda úr ríkissjóði. Þessu er til að mynda öðruvísi farið í Bandaríkjunum. Á þetta minnist Arnar ekki í grein sinni. Eina ráðið til að mæta fjölmennri og öflugri vörn er að efla ákæruvaldið. Ég hef lengi haft þá skoðun að það þurfi að leggja meiri fjármuni til ákæruvaldsins en ég er alls ekki sammála því að íslenskir dómstólar séu ekki í stakk búnir til þess að taka á stórum málum.“

„Ég svara ekki spurningum varðandi þetta,“ var það eina sem Björn Bjarnason sagði við Fréttablaðið þegar leitað var eftir viðbrögðum hjá honum.

Bogi Nilsson ríkissaksóknari var ekki tilbúinn til þess að tjá sig um þau málefni sem Arnar fjallar um í grein sinni en sagði: „Arnar verður að fá að standa undir þessum skrifum sjálfur.“

magnush@frettabladid.is




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Orð Árna Johnsen í fréttum Ríkissjónvarpsins á þriðjudag valda titringi:

# Neitar að tjá sig um málið

**STJÓRNMÁL** Árni Johnsen, sem á dögunum varð í öðru sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi, neitaði að svara spurningum blaðamanns vegna ummæla sem hann lét falla í sjónvarpsfréttatíma Ríkisútvarpsins á þriðjudagskvöld, þess efnis að lögbrot hans hefðu verið „tæknileg mistök sem enginn hafi tapað á“.

„Ég ætla ekki að ræða þetta. Þess í stað ætla ég að horfa fram á veginn,“ sagði Árni og ítrekaði að hann væri ekki tilbúinn til þess að svara spurningum blaðamanns um hvað hann ætti við með því að kalla 22 brot sín á almennum hegningarlögum tæknileg mistök. Árni var dæmdur í tveggja ára óskilorðsbundið fangelsi í Hæstarétti árið 2003 vegna brotanna. Hann sagði af sér þingmennsku þegar upp komst um brotin árið 2001.

Stóran hluta brota sinna framdi Árni er hann var formaður byggingarnefndar Þjóðleikhússins.



**ÁRNI JOHNSEN** Neitaði að ræða ummæli sín þess efnis að brot hans væru tæknileg mistök.

Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, var ekki tilbúin til þess að svara því efnislega hvort það væri óheppilegt ef Árni Johnsen færi aftur að starfa í nefndum á vegum þingsins í ljósi reynslunnar frá fyrri tíð. „Árni tók út sína refsingu og fær möguleika til þess að reyna sig að nýju. Ég er ekki tilbúin að tjá mig um þetta neitt frekar,“ sagði Arnbjörg.

Stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna sendi í gær frá sér ályktun þar sem hún gerir þá kröfu til Árna Johsen að hann „sýni auðmýkt þegar hann ræðir um brot sín“, eins og orðrétt segir í ályktuninni. Jafnframt er tekið fram að brot Árna hafi ekki verið tæknileg mistök heldur alvarleg og ámælisverð afbrot. **- mh**



**Klakaseríur**
úti, díóður,
blátt og hvítt
kr. **1999**
verð áður kr. 3949



**Fjaðurkúlur**
20 ljósa, margir litir
10493791
kr. **1699**
verð áður kr. 2990



**Ljósagreinar**
skreyttar
10493790
kr. **2290**
verð áður kr. 3949



**Outdoor garden-light, útisería**
20 ljósa
10493265
kr. **1699**
verð áður kr. 2999
40 ljósa
10493266
kr. **3199**
verð áður kr. 5799



**Ljósagardínur**
2.0m x 1.5m
569045026746
kr. **6900**
verð áður kr. 11.619



**Jólasveinn**
á ljósaslöngu
2713247
kr. **1499**
verð áður kr. 1999



**Hreindýr**
m. ljósi
2713155
kr. **1499**
verð áður kr.1999



**Stór jólasveinn**
m. spjald
2701364
kr. **19.999**
verð áður kr. 29.781
meðan birgðir endast



**Jólatré**
stál, 57 ljósa
2700059
kr. **1999**
verð áður kr. 2999

# Verðsprengja
# á jólaljósum

*fimmtudag - sunnudags*

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

**blómaval**
*heillandi heimur*
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ 15.11.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 70,51 | 70,85 |
| Sterlingspund | 133,09 | 133,73 |
| Evra | 90,2 | 90,7 |
| Dönsk króna | 12,09 | 12,16 |
| Norsk króna | 10,958 | 11,022 |
| Sænsk króna | 9,929 | 9,987 |
| Japanskt jen | 0,5969 | 0,6003 |
| SDR | 104,50 | 105,12 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
124,4026

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Elísabet Bretadrottning les upp síðustu stefnuræðu Blairs:

# Öryggismálin í brennidepli stefnuræðunnar

**LONDON, AP** Hryðjuverk, glæpir og loftslagsbreytingar eru helstu áhersluatriðin í þeim lagafrumvörpum sem Tony Blair og ríkisstjórn hans ætla að leggja fram síðasta veturinn sem hann situr á stóli forsætisráðherra Bretlands.

Að venju las Elísabet Bretadrottning upp stefnuræðu forsetans við setningu þingsins í gær. Eins og jafnan var ræðan lítið annað en upptalning á þeim þrjátíu lagafrumvörpum, sem ríkisstjórnin hyggst leggja fram á þessu þingi, en ekki er farið náið út í útfærslu þeirra.

Meðal annars er stefnt að því að þingið samþykki lög um að Bretar verði búnir að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda um 60 prósent árið 2050. Einnig kynnti hún lög um harðari refsingu fyrir ofbeldisglæpi, strangari reglur um hælisveitingar og einföldun dómskerfisins.

Áhersla stjórnarinnar á öryggismál, löggæslu og varnir gegn hryðjuverkum, kemur í beinu framhaldi af yfirlýsingu yfirmanns bresku leyniþjónustunnar, Dame Eliza Manningham-Buller, sem sagði í síðustu viku að leyniþjónustan vissi um nærri 1.600 manns sem væru þessa dagana að skipulegga um þrjátíu hryðjuverkaárásir í Bretlandi.

**- gb**



**DROTTNINGIN LES RÆÐU FORSÆTISRÁÐHERRANS** Við setningu þings í Bretlandi er jafnan lesin stefnuræða forsætisráðherrans. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Lýsislóðin í Vesturbænum:

## Deiliskipulagið á lokaspretti

**SKIPULAGSMÁL Tillaga um deiliskipulag Lýsislóðarinnar í vesturbæ Reykjavíkur kemur fljótlega til auglýsingar. Verði tillagan samþykkt í skipulagsráði og borgarráði verður hún auglýst. Margrét Þormar, hverfisarkitekt hjá borginni, segir að deiliskipulagið verði samþykkt í fyrsta lagi í lok janúar.**

**Fyrirhugað er hjúkrunarheimili með pláss fyrir 90 vistmenn og fjölbýlishús með allt að 100 íbúðum.**

**- ghs**



**NORSK HYDRO** Norska stórfyrirtækið ætlar að auka starfsemi sína hér á landi.

Norsk Hydro:

## Opna skrifstofu í Reykjavík

**IÐNAÐUR** Norska ál- og orkufyrirtækið Norsk Hydro hyggst opna Norður-Atlantshafsskrifstofu í Reykjavík á næstunni. Fyrirtækið hefur áform um frekari starfsemi hér á landi í tengslum við opnun skrifstofunnar. Torstein Dale Sjøtveit, varaforstjóri Hydro og forstjóri Hydro Aluminium Metal, og nokkrir af æðstu yfirmönnum álbræðslu- og súrálsmála fyrirtækisins funda með Jóni Sigurðssyni iðnaðarráðherra í dag.

Iðnaðarráðherra þekkir ekki til framtíðaráforma Norsk Hydro á Íslandi umfram opnun skrifstofunnar. Thomas Knutzen upplýsingafulltrúi vildi ekki upplýsa framtíðarsýn fyrirtækisins hér á landi fyrr en í síðar í dag.

**- shá**

# Biður Íslendinga að íhuga stöðu Ísraela

**Sendiherra Ísraels segir íslenska stjórnmálamenn „einblína um of á atvikið í Beit Hanoun“. Hún biður Íslendinga að setja sig í spor Ísraela og fordæma þá ekki fyrir þær aðgerðir sem þeir grípa til í því skyni að tryggja öryggi sitt.**

**ÍSRAEL** Miryam Shomrat, sendiherra Ísraels, segir íslenska stjórnmálamenn sem hún ræddi við í gær og fyrradag einblína um of á „atvikið í Beit Hanoun“ í síðustu viku, þar sem nítján óbreyttir borgarar, þar á meðal konur og börn, létu lífið í árás Ísraelshers á Gaza. Árásinni var annars beint gegn skæruliðum Palestínumanna sem stunda það að varpa sprengjum yfir landamærin.

Það leyndi sér annars ekki í gær að Ísraelsher hefði orðið lítið ágengt í að stöðva slíkar árásir frá Gaza, er að minnsta kosti sjö sprengiflaugum var varpað yfir landamærin. Ein sprengjan lenti í miðbæ Sderot, rétt hjá heimili ísraelska varnarmálaráðherrans, og banaði einni konu og særði ungan karlmann alvarlega. Að sögn AP-fréttastofunnar var þetta fyrsta dauðsfallið sem slíkar sprengiflaugaárásir Palestínumanna frá Gaza hafa valdið í Ísrael frá því í september í fyrra.



**MIRYAM SHOMRAT** Sendiherra Ísraels á Íslandi með aðsetur í Ósló. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sendiherrann segir að ísraelsk stjórnvöld harmi mjög það sem gerðist í Beit Hanoun og ítrekar að „að sjálfsögðu beinir Ísraelsher vopnum sínum ekki vísvitandi að óbreyttum borgurum“, öfugt við palestínsku skæruliðana sem beini árásum sínum nær eingöngu að ísraelskum borgurum.

Shomrat segir erindi sitt til Íslands nú aðallega hafa verið að koma þessum sjónarmiðum á framfæri og biðja Íslendinga, sem vinveitta lýðræðisþjóð, að íhuga þá aðstöðu sem Ísrael væri í og hvernig ísraelskum stjórnvöldum bæri skylda til að gera það sem í þeirra valdi stæði til að reyna að tryggja öryggi íbúa landsins.

Sendiherrann skorar enn fremur á Íslendinga og aðrar þjóðir alþjóðasamfélagsins til að láta ekki af þrýstingnum á palestínsk stjórnvöld fyrr en þar er til valda komin stjórn sem uppfyllir þessi þrjú meginskilyrði: viðurkenni Ísraelsríki, viðurkenni þá samninga sem áður hafa verið gerðir milli Ísraels og Palestínumanna, þar á meðal Óslóarsamkomulagið svonefnda, og loks í þriðja lagi sverji af sér beitingu ofbeldis til að ná fram markmiðum sínum.

Shomrat biður jafnframt allar þjóðir heims, sem styðja tilverurétt Ísraels, að taka höndum saman um að hindra að Írönum takist að koma sér upp kjarnorkuvopnum.

**audunn@frettabladid.is**



**VIÐ SKÚLAGÖTU** Fjórtán hæða blokkin á Vatnsstíg 21 fær hærri nágranna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Háhýsin við Skúlagötu:

## Stefna í nítján hæðir

**SKIPULAGSMÁL Skuggahverfi hf. hefur enn ekki fengið endanlegt samþykki byggingarfulltrúa fyrir nýjum háhýsaklasa ofan við Skúlagötu. Reisa á sex blokkir ofan á sameiginlegum bílkjallara fyrir 169 íbúðir. Hæsta blokkin verður nítján hæða, eða jafnhá hæstu blokkinni á Höfðatorgsreitnum sem íbúar þar í grenndinni hafa harðlega mótmælt og er nú til meðferðar hjá skipulagsráði.**

**Nýju blokkirnar við Skúlagötu voru samþykktar í skipulagsráði í apríl síðastliðnum en fá ekki samþykki byggingarfulltrúa fyrr en formsatriðin eru öll komin í lag. Framkvæmdir eru þegar hafnar.**

**- gar**

**LANDSBYGGÐARMÁL**

### Ráðinn dreifbýlisfulltrúi

Elísabet Gunnarsdóttir hefur hafið störf sem dreifbýlisfulltrúi hjá sveitarfélaginu Norðurþingi. Þetta er nýtt starf hjá sveitarfélaginu en ný sveitarstjórn tók til starfa í vor. Stærsta bæjarfélagið í Norðurþingi er Húsavík með rúmlega 2.300 íbúa en samtals búa um 3.000 manns í Norðurþingi.


**BÍLL DAGSINS**

**SUZUKI IGNIS**

Nýskr. 08.05 - Beinskiptur - Ekinn 8þús. km. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

HVASST Á AUSTUR- OG SUÐAUSTURLANDI

Nú mjaka lægðirnar sér milli Íslands og Noregs og því beinist athygli mín að því sem þar getur gerst. Í dag eru horfur á hvössu veðri á Austfjörðum og þó einkum á suðaustanverðu landinu. Vindhraðinn er að reiknast þar 18-23 m/s samfara snjókomu eða éljum. Annars staðar verður norðlæg átt og ískalt.

HORFUR Í HÖFUÐBORGINNI Í DAG

Fremur stíf norðanátt. Skýjað með köflum. Frost 6-11 stig, mildast að deginum.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 11°C alskýjað | London | 16°C skúrir | Alicante | 23°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 5°C rigning | París | 19°C hálfskýjað | Barcelona | 19°C hálfskýjað |
| Osló | 4°C rigning | Frankfurt | 17°C hálfskýjað | Algarve | 21°C rigning |
| Stokkhólmur | 9°C rigning | Friedrichshafen | 17°C hálfskýjað | Krít | 20°C heiðskírt |
| Gautaborg | 13°C skúrir | Berlín | 16° C hálfskýjað | Las Palmas | 24°C skúrir |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

LANCÔME PARIS
HELENA RUBINSTEIN
BIOTHERM
Dior
YVES SAINT LAURENT
CHANEL
GUERLAIN PARIS
CLINIQUE
ESTĒE LAUDER
ORIGINS
LA MER
NIVEA BEAUTÉ
Elizabeth Arden
MAXFACTOR the make-up of make-up artists
L'ORÉAL PARIS
Dr.Hauschka

GOTT FÓLK McCANN




# Jólagjafir fyrir alla

Þú þarft bara að fara á einn stað til að kaupa jólagjafirnar í ár.

Mikið úrval
af gjafakössum.

Lyf & heilsa
Kringlunni

**KJÖRKASSINN**



*Finnur þú til þunglyndis í skammdeginu?*

| | |
|---|---|
| Já | 46% |
| Nei | 54% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á að taka hrafntinnu úr Hrafntinnuskeri fyrir Þjóðleikhúsið?*

Segðu skoðun þína á visir.is VÍSIR

Halldór Blöndal vill að lenging flugbrautarinnar á Akureyri verði forgangsverkefni:

# Undrast metnaðarleysi ráðherra

**STJÓRNMÁL** Ekki er gert ráð fyrir lengingu flugbrautarinnar á Akureyrarflugvelli í núgildandi samgönguáætlun og því tómt mál að tala um að ráðast nú þegar í verkefnið. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra svaraði þessu aðspurður á Alþingi í gær.

Kristján L. Möller, Samfylkingunni, spurði ráðherra út í áætlanir um úrbætur á Akureyrarflugvelli í tilefni frétta af ákvörðun Iceland Express um að hætta vetrarflugi frá vellinum. Ástæður þess eru ónógur aðflugsbúnaður og of stutt flugbraut.

Sturla sagði að sér væri ekki kunnugt um að þetta væru ástæður ákvörðunar flugfélagsins en unnið væri að ýmsum endurbótum á vellinum. Lenging flugbrautarinnar væri þó ekki á dagskrá enda ekki gert ráð fyrir framkvæmdinni í samgönguáætlun. Sagði ráðherra það engu að síður vilja sinn að verkefnið verði tekið til athugunar við endurskoðun samgönguáætlunar.

Áætlað er að verkið kosti um hálfan milljarð króna.

Halldór Blöndal, Sjálfstæðisflokki, og fyrrverandi samgönguráðherra, sagði lengingu flugbrautarinnar brýna og spurði hvers vegna verkið væri ekki forgangsverkefni. Undraðist hann metnaðarleysi samgönguráðherra í málinu. - bþs



**STURLA BÖÐVARSSON SAMGÖNGURÁÐHERRA** Lenging flugbrautarinnar á Akureyrarflugvelli er ekki á samgönguáætlun.

Með bílpróf í rúman mánuð:

# 17 ára tekinn á ofsahraða

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Kópavogi stöðvaði á þriðjudagskvöld ökumann eftir að bifreið sem hann ók mældist á 161 kílómetra hraða á Reykjanesbraut til móts við Smáralind. Hámarkshraði á þessum slóðum er 70.**

**Ökumaðurinn reyndist vera 17 ára gamall piltur sem hafði fengið ökusleyfi sitt rúmum mánuði áður. Að sögn varðstjóra er mjög sjaldgæft að bifreiðar mælist á svo miklum hraða innanbæjar.**

**Pilturinn verður sviptur ökuréttindum og má að auki búast við hárri fjársekt.** - þsj






**RUNÓLFUR ÁGÚSTSSON** Er borinn þungum sökum í kæru til siðanefndar Háskólans á Bifröst. Hann boðaði til fundar í gær þar sem hann svaraði ásökunum á hendur sér.

# Rektor kærður til siðanefndar skólans

**Rektor Háskólans á Bifröst boðaði til fundar í gær vegna kæru til siðanefndar á hendur honum. Hann er ásakaður um óeðlileg samskipti við nemendur og alvarleg embættisafglöp. Trúnaðargögn send sem viðhengi með fundarboðinu.**

**STARFSMANNAMÁL** Runólfur Ágústsson, rektor háskólans á Bifröst, er borinn þungum sökum og sakaður um síendurtekin embættisafglöp í kæru núverandi og fyrrverandi starfsmanna skólans sem lögð hefur verið fram til siðanefndar skólans og háskólastjórnar. Rektor boðaði til fundar nemenda og starfsmanna Háskólans á Bifröst í gærdag vegna kærunnar.

Í skýrslu sem fylgdi kærunni er rektor gefið að sök að hafa átt í ástarsambandi við nemanda sem sat á sama tíma sem fulltrúi nemenda í háskólaráði, tekið þátt í veðmáli við nemanda upp á háar fjárhæðir og sagður hafa margsinnis sveigt reglur sem hann hafi sett öðrum nemendum og starfsfólki sér í vil.

Fundurinn var boðaður með fjöldapóstsendingu frá Runólfi sjálfum. Sem viðhengi við þeirri sendingu fylgdu málsskjöl kærunnar auk skýrslunnar sem þó var merkt sem „trúnaðarmál“. Á fundinum svaraði Runólfur ásökunum á hendur sér án andmæla og undir lok hans var síðan boðað til atkvæðagreiðslu um það hvort fundarmenn vildu hafa rektor áfram í starfi eður ei. Niðurstaða þeirrar kosningar varð sú að 70 prósent þeirra sem greiddu atkvæði vildu hafa Runólf áfram í starfi. Þó ber að geta þess að einungis 218 af tæplega 600 nemendum og starfsmönnum greiddu atkvæði. Margir starfsmenn skólans höfðu þá gengið á dyr.

Siðanefnd Háskólans á Bifröst hefur enn ekki fjallað um kærurnar á hendur Runólfi. Bryndís Ósk Jónsdóttir, formaður nemendafélags háskólans, segir stjórn skólafélagsins telja að siðanefndin hefði klárlega verið réttur vettvangur fyrir afgreiðslu málsins, ekki sá fundur sem haldinn var í gær. „Þarna var útdeilt ómerktum seðlum af handahófi og við vitum ekki neitt um það hversu margir tóku við þeim. Svo átti fólk bara að svara neitandi eða játandi. En málið er komið til siðanefndar sem mun koma saman og taka málið fyrir. Enda er þetta trúnaðarmál og átti aldrei að fara neitt lengra en þangað.“

Bryndís telur ekki að fundurinn eigi eftir að leysa nein af þeim vandamálum sem uppi eru á háskólasvæðinu. „Það er mjög lítið gagn í fundi eins og þessum. Þetta eru óviðunandi vinnubrögð og ekki hægt að byggja neitt á þessu.“ Runólfur Ágústsson vildi ekki tjá sig við fjölmiðla í gær.

thordur@frettabladid.is




Frumvarp nefndar um lagaumhverfi stjórnmálaflokka tilbúið:

# Lögin nái einnig til prófkjara

**STJÓRNMÁL** Nefnd sem fjallaði um lagaumhverfi stjórnmálaflokkanna hefur lokið við drög að frumvarpi um fjármál flokkanna. Ná þau ekki einvörðungu til fjármála stjórnmálaflokka heldur til flestra þátta er snerta stjórnmál, til dæmis til prófkjara.

Málið hefur verið unnið í kappi við tímann því gert er ráð fyrir stórauknum framlögum ríkisins til stjórnmálaflokkanna og nauðsynlegt að tekið sé tillit til þess við meðferð fjárlagafrumvarps næsta árs.

Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins og formaður nefndar um lagaumhverfi stjórnmálaflokkanna, segir að eftir sé að vinna og kynna aðra þætti er snúa að stjórnmálunum því nefndinni var gert að fjalla um lagaumhverfi stjórnmálanna – ekki aðeins fjármál. Er stefnt að því að opinbera störf nefndarinnar eftir helgi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verða settar hömlur á framlög fólks og fyrirtækja til stjórnmálastarfsemi en á móti koma aukin ríkisframlög. Þá verður flokkunum gert að opna bókhald sitt, eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu. - bþs



**SIGURÐUR EYÞÓRSSON** Formaður nefndarinnar segir störf hennar verða opinber eftir helgi.


L'ORÉAL PARIS
DERMO-EXPERTISE
Öflug styrking húðarinnar.
REVITALIFT
DOUBLE LIFTING
ÖFLUGT STYRKINGARGEL + HRUKKUVARNARKERM
L'ORÉAL
REVITALIFT
DOUBLE LIFTING
20% AFSLÁTTUR
af allri REVITALIFT línunni
dagana 16.-30. nóv.
1. Styrkir samstundis.
Sérstakalega styrkjandi gel, með þrisvar sinnum meiri strykleika af pro-tensium*.
Bein styrkingaráhrif: 75% **
2. Dregur úr hrukkum frá degi til dags.
Hrukkuvörn með pro-retinol A öreindum.
-20% minni hrukkur á 1 viku ***
DERMO-EXPERTISE.
FRÁ FAGMENNSKU TIL FEGURÐAR.
ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.
L'ORÉAL PARIS
* En í hinum hrukkuvarnarkremunum í Dermo Expertise línunni
** Sönnuð áhrif, prófað á 52 konum
*** Prófað á 40 konum
Gildir til 30. nóvember eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




Heilbrigðisráðherra hafnar því að seinagangur tefji byggingu hjúkrunarheimila:

# Undirbúningur á fullu skriði

**HEILBRIGÐISMÁL** Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra vísar á bug fullyrðingum borgarstjóra um að seinagangur í ráðuneytinu tefji byggingu nýrra hjúkrunarheimila í borginni. „Hér er unnið af fullum krafti. Verkið er komið á þann góða rekspöl að við erum að ganga frá útboðsteikningum og kanna möguleika á útboði á jarðvinnu um áramótin,“ segir hún.

Heilbrigðisráðherra hefur fundað með fulltrúum Sóltúns og hefur komið fram að bygging hjúkrunarheimilis í Sóltúni yrði ekki reist á styttri tíma en hjúkrunarheimili í Mörkinni við Suðurlandsbraut. „Það yrði hugsanlega svipaður byggingartími en hann yrði ekki styttri miðað við hvað við erum komin langt með undirbúningsvinnuna við Suðurlandsbraut,“ segir hún.


**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR** Heilbrigðisráðherra hafnar ásökunum borgarstjóra.

Samkomulag hefur verið undirritað um níutíu rýma hjúkrunarheimili á Lýsislóðinni og verður það tekið í notkun um áramótin 2009-2010. Hjúkrunarheimilið er í hönnun og hefjast byggingaframkvæmdir í ársbyrjun 2008.

„Það er í skoðun með Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbæ að það hús rísi frekar á lóð Sóltúns en það umræðuferli er ekki hafið,“ segir ráðherrann og vill taka fram að hún hafi ekki í hyggju að taka upp samkomulagið um Lýsislóðina. - ghs

Sundabraut rædd á Alþingi:

# Von er á skýrslu um jarðgöng

**STJÓRNMÁL Unnið er að greinargerð um hagkvæmustu legu jarðganga frá Sæbraut að Gufunesi og væntir samgönguráðherra niðurstaðna á næstu vikum.**

**Þetta kom fram í máli Sturlu Böðvarssonar á Alþingi í gær. Sagði ráðherrann að í kjölfarið gætu Vegagerð og Reykjavíkurborg tekið afstöðu til þeirra kosta er þá liggja fyrir og upp frá því gæti hönnun verksins hafist.**

**Þá væri framkvæmd við síðari hluta Sundabrautar, milli Gufu- og Kjalarness, til athugunar og gætu niðurstöður umhverfismats hugsanlega legið fyrir á síðari hluta næsta árs.** - bþs

Útsendingar RÚV um gervitungl:

# Kosta 50 milljónir króna á ári

**STJÓRNMÁL Í ráði er að dreifa dagskrá útvarps og sjónvarps Ríkisútvarpsins um gervitungl. Nemur árlegur kostnaður við útsendingarnar um 50 milljónum króna og hefur Alþingi samþykkt að verja 150 milljónum af Símapeningunum til að standa straum af kostnaðinum næstu þrjú árin.**

**Með þessu lagi eiga útsendingar RÚV að nást um allt landið, á hafi úti og í útlöndum.**

**Verkið er boðið út á Evrópska efnahagssvæðinu og rennur frestur gervitunglafyrirtækja til að bjóða í það út í dag.** - bþs

ÓLAFSFJÖRÐUR

### Menntaðir hundar fá afslátt

Hundaeigendur í Ólafsfirði eiga að koma með hunda sína til lögboðinnar hreinsunar næsta mánudag. Hundar sem lokið hafa grunnnámskeiði í uppeldi fá helmingsafslátt af sex þúsund króna hreinsunargjaldi, hafi dýrið ekki brotið samþykkt bæjarins um hundahald.

ÁRBORG

### Eftirlit á skólaböllum

Félagsmálanefnd Árborgar vill ekki að grunnskólabörn séu meðal gesta á böllum á vegum Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi. Mikilvægt sé að fulltrúi frá barnaverndarnefnd sæki böllin og stundi þar eftirlit.



**LEIFSSTÖÐ** Lögð er áhersla á að gæði öryggisleitarinnar verði sem mest og jafnframt að orðið sé við kröfum sem gerðar eru um hana á sem hagkvæmastan hátt.

# Góð reynsla af einkarekinni öryggisleit

**Reynslutími einkarekinnar öryggisleitar í Leifsstöð er senn á enda. Innlendar og erlendar eftirlitsstofnanir hafa gert úttekt á gæðum hennar og reynslan er góð, segir yfirmaður öryggissviðs Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli.**

**ÖRYGGISMÁL** Góð reynsla er af einkarekinni öryggisleit í Leifsstöð, að sögn Stefáns Thordersen, yfirmanns öryggissviðs Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli.

Um áramót rennur út sex mánaða reynslutímabil einkarekinnar öryggisleitar í flugstöðinni. Framkvæmdin er unnin undir eftirliti og stjórn öryggissviðs Flugmálastjórnar, en er á ábyrgð flugvallarstjóra á Keflavíkurflugvelli. Flugmálastjórn ákvað í júlí að ganga til samstarfs við Securitas og Öryggismiðstöð Íslands við útvegun starfsmanna í skimun á komu- og skiptifarþegum þegar ljóst var að ekki tækist að ráða í allar stöður eftir hefðbundnum leiðum. Um 40 manns vinna nú við öryggisleit á vegum fyrirtækjanna í Leifsstöð.

„Þetta fyrirkomulag hefur reynst afskaplega vel,“ segir Stefán. „Innlendar og erlendar eftirlitsstofnanir hafa ítrekað tekið þetta út og það hefur verið algjörlega án athugasemda. Auk þess hefur þetta reynst mjög hagkvæmt fjárhagslega.“

Stefán segir að þetta fyrirkomulag hafi verið við lýði í nágrannalöndunum, þannig að það sé ekki nýtt af nálinni. Hins vegar hafi tilkoma þess 4. júlí haft talsverðar breytingar í för með sér í Leifsstöð. Fyrir þann tíma hafi upprunaleit verið á hendi öryggisvarða frá sýslumannsembættinu á Keflavíkurflugvelli og þá hafi hún verið einskorðuð við flugstöðvarbygginguna.

„Vegna kröfu frá Evrópubandalaginu þurfa allir farþegar utan þess, til að mynda farþegar frá Bandaríkjunum, Tyrklandi, Kúbu, Búlgaríu og fleiri löndum nú að sæta leit við komuna til landsins. Flugvöllurinn fékk á sig áminningu frá Eftirlitsstofnun EFTA meðan ekki var farið að þeim kröfum, sem hafði í för með sér að farþegar frá Leifsstöð til Evrópubandalagslanda urðu að sæta leit áður en þeir fóru inn og blönduðust öðrum farþegum. Þessu var aflétt eftir að núverandi framkvæmd öryggisleitar var tekin út af Eftirlitsstofnun EFTA.

Í þessu tilliti er horft til þess að gæðin verði sem mest og jafnframt að orðið sé við kröfum um öyggisleitina á sem hagkvæmastan hátt,“ bætir Stefán við. „Eigi flugvöllurinn að vera samkeppnisfær og álögur sem minnstar á farþega þarf ávallt að leita leiða til þess að framkvæmdin sé af sem mestri ráðdeildarsemi.“ jss@frettabladid.is




Heitar umræður fóru fram á Alþingi um efningu kosningaloforðs Framsóknar:

# Þingmenn segja Björgvin ljúga

**STJÓRNMÁL** Þingmenn deildu hart í upphafi þingfundar á þriðjudag um kosningaloforð Framsóknarflokksins frá árinu 1999 um að veita milljarði til baráttunnar gegn fíkniefnum. Sæunn Stefánsdóttir, Framsóknarflokki, hóf umræðuna og ásakaði Björgvin G. Sigurðsson, Samfylkingunni, um að slá ryki í augu kjósenda með því að segja að ekki hefði verið staðið við loforðið. Hún bætti við að teknar hefðu verið saman upplýsingar um þróun fjárframlaga til málaflokksins árið 2003 og þá hafi komið í ljós að aukningin hefði verið 1,7 milljarðar.


**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON** Sagði Framsókn ekki geta vikið sér undan málinu með talnaleikjum.

Björgvin sagði Framsókn vera að rjúka upp korteri fyrir kosningar við að reyna að tína saman til allt sem mögulega gæti fallið undir forvarnir og meðferðarúrræði í kerfinu. Hann sagði milljarðinn hafa verið táknræna tölu um átak sem aldrei hafi orðið og að Framsókn geti ekki vikið sér undan málinu með talnaleikjum.

Guðlaugur Þór Þórðarson, Sjálfstæðisflokki, sagði að ef einhver héldi öðru fram en að milljarði hefði verið varið í þennan málaflokk þá væri sá hinn sami að skrökva. Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra tók í sama streng og sagði lygar ekki ganga á Suðurlandi þar sem mönnum væri kennt að segja sannleikann, en þeir eru báðir þingmenn kjördæmisins. „Ungir stjórnmálamenn og drengilegir menn sem lenda í þeirri ógæfu að bera ljúgvitni og fara með rangt mál eiga einfaldlega að biðjast afsökunar.“

Björgvin fór fram á að forseti Alþingis vítti Guðna fyrir að bera á sig ósannindi og vildi fá tækifæri til svara fyrir sig, en þingforseti varð ekki við ósk hans. - þsj

www.volkswagen.is




**Volkswagen Passat Comfortline** er glæsilegur bíll sem uppfyllir kröfur vandlátustu ökumanna um þægindi, öryggi og aksturseiginleika. Búnaðurinn talar sínu máli: Sex þrepa Tiptronic sjálfskipting, ESP stöðugleikastýring, þokuljós í framstuðara, rafrænn stöðuhemill, akstursstölva, Climatic loftfrískunarbúnaður/kæling (A/C), fjarstýrð opnun á farangursgeymslu, krómpakki, rafstýrður mjóhryggsstuðningur í bílstjórasæti, hiti í framsætum, hraðastillir (cruise control), armpúði á milli fram- og aftursæta, langtímaþjónusta (Extra long life service), 8 hátalarar (að framan og aftan) og margt fleira. Komdu og kynnstu honum af eigin raun.

**Verð 2.850.000 kr.** **Passat Comfortline, 2,0 FSI® 150 hestöfl, sjálfskiptur.**

*Miðað við 20% útborgun og gengistryggðan bílasamning hjá SP-Fjármögnun. Gildir til 31. desember.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

## Dagsbrún hf.

# - Hluthafafundur -

## FUNDARBOÐ

**Hluthafafundur Dagsbrúnar hf. verður haldinn á Radisson Hótel Sögu við Hagatorg, Reykjavík, föstudaginn 17. nóvember n.k. og hefst kl. 8:30.**

**Dagskrá:**

1. Tillaga stjórnar Dagsbrúnar hf. um að félaginu verði í samræmi við skiptingaráætlun félagsins dags. 12. september 2006 og með vísan til ákvæða XIV. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, skipt upp í tvö rekstrarfélög sem bæði verði skráð í Kauphöll Íslands. Félögin verði annars vegar fjölmiðlafélag, 365 hf., og hins vegar fjarskipta- og upplýsingatæknifélag, Teymi hf.

2. Tillögur stjórnar Dagsbrúnar hf. um að gerðar verði breytingar á samþykktum félagsins er lúta að heiti þess, heimilisfangi, tilgangi og hlutafé, annars vegar lækkun á hlutafé er leiðir af skiptingu félagsins og hins vegar um að hlutabréf skuli gefin út rafrænt.

3. Kosning nýrrar stjórnar.

4. Önnur mál löglega fram borin.

Dagskrá fundarins ásamt tillögum stjórnar Dagsbrúnar hf., auk gagna vegna skiptingarinnar sem legið hafa frammi frá birtingu skiptingar- og samrunaáætlunar í Lögbirtingablaðinu þann 16. október 2006, liggja frammi til afhendingar hluthöfum Dagsbrúnar hf. á skrifstofu félagsins að Síðumúla 28, 105 Reykjavík.

Fundargögn og atkvæðaseðlar verða afhentir hluthöfum á fundarstað á fundardegi frá kl. 8.00 - kl. 8.30.

Verði tillaga stjórnar Dagsbrúnar hf. um skiptingu félagsins samþykkt, verður stofnfundur Teymis hf. haldinn strax í kjölfar slita á hluthafafundi Dagsbrúnar hf. á sama stað. Drög að samþykktum fyrir hið nýja félag liggja fyrir á skrifstofu Dagsbrúnar hf.

DAGSBRÚN


Japanski hvalveiðiflotinn heldur úr höfn:

# Japanir veiða 860 hvali

**JAPAN, AP** Sex japönsk hvalveiðiskip héldu úr höfn í gær í árlegan hvalveiðileiðangur á Suðurskautsmið. Þar ætla Japanar að veiða 860 hvali í vetur, og segja þeir veiðarnar gerðar í vísindaskyni.

Japanar hófu vísindaveiðar sínar fyrir tuttugu árum, eða strax eftir að Alþjóðahvalveiðiráðið bannaði hvalveiðar í hagnaðarskyni árið 1986. Japanar hafa nú þegar veitt 35 hvali í ár út af Japansströndum, en stefna á að veiða í allt 1.240 hvali á þessu ári. **- gb**



**LAGT ÚR HÖFN** Fjölskyldur áhafnarmeðlima Nisshin Maru, flaggskips japanska hvalveiðiflotans, kveðja á hafnarbakkanum í Shimonoseki í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**EFSTALEITI** Starfsmenn óttast réttindamissi og fara fram á skýr svör varðandi breytingar á högum þeirra með breytingu RÚV í opinbert hlutafélag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Starfsmenn hjá RÚV geta misst réttindi

**Stéttarfélög starfsmanna ríkisfyrirtækja, sem ætlunin er að breyta í opinber hlutafélög, verða að kortleggja hvað breytingin þýðir fyrir félagsmenn. Hætta er á réttindamissi starfsmanna sem ekki hafa fengið nauðsynlegar upplýsingar.**

**KJARAMÁL** Það er mjög mikilvægt að stéttarfélög starfsmanna þeirra ríkisfyrirtækja sem ætlunin er að breyta í opinber hlutafélög kortleggi vandlega hvað breytingin þýðir fyrir félagsmenn þeirra. Starfsmenn geta einfaldlega misst réttindi sín ef hver og einn hefur ekki þær upplýsingar sem hann þarf til að taka ákvarðanir um framtíð sína. Þetta kemur fram í máli Stefáns Aðalsteinssonar, framkvæmdastjóra Bandalags háskólamanna, sem rannsakað hefur réttindamál starfsmanna þeirra stofnana sem ætlunin er að breyta í opinber hlutafélög.

Eins og fram kemur í opnu bréfi sem trúnaðarmenn starfsmanna Ríkisútvarpsins skrifuðu útvarpsstjóra á þriðjudag óttast starfsmenn Ríkisútvarpsins réttindamissi ef frumvarp um breytingu RÚV í opinbert hlutafélag verður að lögum óbreytt. Þrátt fyrir umleitanir starfsmanna hafa þeir ekki fengið nein svör um hvort áunnin réttindi þeirra haldist óskert eftir breytinguna. Þeir búa því við mikla óvissu og finnst að sér vegið að réttindamál þeirra skuli ekki vera skýrð.

„Starfsmenn ríkisfyrirtækja sem ætlunin er að „ohf-væða“ verða að gæta þess að ýmis réttindi breytast við þessi umskipti og ef þeir kjósa að starfa áfram undir nýju rekstrarformi geta þeir einfaldlega misst þessi réttindi,“ segir Stefán. Hann segir einnig að það geti til dæmis verið verulegt hagsmunamál fyrir starfsmenn að halda áfram í sama lífeyrisumhverfi og áður.

Í bréfi trúnaðarmanna til útvarpsstjóra kemur fram að samkvæmt upplýsingum sem fengust á fundi með lögfræðingi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins þá sé það háð samkomulagi starfsmanns og Ríkisútvarpsins ohf. hvort hann geti verið áfram í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og haldið áfram að ávinna sér réttindi í þeim sjóði; fengið áfram 11,5 prósenta framlag RÚV en ekki sex til sjö prósenta framlag sem tíðkast á almennum markaði. Það sama gildir um viðbótarframlag.

> „... ef þeir kjósa að starfa áfram undir nýju rekstrarformi geta þeir einfaldlega misst þessi réttindi.“
>
> **STEFÁN AÐALSTEINSSON,** FRAMKVÆMDASTJÓRI BANDALAGS HÁSKÓLAMANNA

Stéttarfélög starfsmanna Ríkisútvarpsins hafa skrifað menntamálanefnd, sem hefur málið til umfjöllunar, til að fá svör um hvernig réttindi þeirra verða tryggð án þess að hafa fengið skýr svör. Menntamálanefnd fundar um réttindamál starfsmanna í dag að sögn formanns nefndarinnar. Sigurðar Kára Kristjánssonar.

**svavar@frettabladid.is**





## DMK Reglulegur sparnaður
## – verðlaunaður með sérstöku mótframlagi!

*DMK Reglulegur sparnaður* er skynsamleg leið til að ná markmiðum, uppfylla framtíðardrauma eða mæta óvæntum útgjöldum. Að einsetja sér reglulegan sparnað, hvort sem upphæðin er stór eða smá, er fyrirhyggja sem ráðlegt er að tileinka sér. *DMK* verðlaunar slíka fyrirhyggju með því að veita:

- 5% mótframlag á áunna vexti um hver áramót.
- styrki af ýmsum tilefnum sem hægt er að sækja um:
  - *Brúðkaupsstyrki hver að fjárhæð 100.000 kr.*
  - *Fæðingarstyrki hver að fjárhæð 50.000 kr.*
  - *Námslokastyrki hver að fjárhæð 100.000 kr.*
  - *Stórafmælisstyrki hver að fjárhæð 25.000 kr.*
  - *Ferðastyrki hver að fjárhæð 25.000 kr.*
- sérkjör á tryggingum.

**Helstu þættir *DMK þjónustunnar* eru:**

- *DMK Debetkort*
- *DMK Kreditheimild*
- *DMK Yfirdráttarheimild*
- *DMK Tiltektarlán*
- *DMK Léttlán*
- *DMK 90% íbúðalán*
- *DMK Ráðgjöf*
- *DMK Tilboð*

**Sæktu um *DMK* á spron.is**

spron

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is



Komdu og keyrðu
næstu kynslóð
Verð frá: 1.599.000 kr.
207
www.peugeot.is
EURO NCAP
Komdu og sjáðu hvernig Peugeot 207 endurspeglar næstu kynslóð smábíls.
Kraftmikill og líflegur endurspeglar 207 nýjan staðal í akstri og hönnun. Búinn næstu kynslóð í tækni og fimm stjörnu öryggisbúnaði dekrar hann við ökumann og farþega. Sestu við stýrið og leyfðu þér aftur að verða ástfangin(n) af akstri.
VELKOMIN(N) Í PEUGEOT 207 – AKSTUR FYRIR LÍFIÐ
207
PEUGEOT
BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 · Sími 520 1100
Söluaðilar:
Bernhard, Reykjanesbæ, Njarðarbraut 15, sími 421 7800
Bílver, Akranesi, Akursbraut 11c, sími 431 1985
Höldur, Akureyri, Þórsstíg 2, sími 461 6020
Bragginn, Vestmannaeyjum, Flötum 20, sími 481 1535



**SVÖRT BLÓM HANDA BUSH** Ekki eru allir íbúar Indónesíu hrifnir af því að fá George W. Bush í heimsókn, en hann verður þar á ferðinni í næstu viku. Þessi kona hafði útbúið svartan pappírsblómavönd tileinkaðan Bush á mótmælafundi gegn honum í borginni Bogor í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Framboðsfrestur vegna forvals Vinstri grænna á höfuðborgarsvæðinu runninn út:

# Þrjátíu sækjast eftir sæti hjá VG

**STJÓRNMÁL** Þrjátíu gefa kost á sér í sæti á listum Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs í Reykjavíkurkjördæmunum og Suðvesturkjördæmi.

Frestur til þátttöku rann út um síðustu helgi.

VG efnir til sameiginlegs forvals við val á framboðslista í kjördæmunum þremur og hefur sú leið ekki verið farin fyrr.

Fer forvalið fram 2. desember og hafa félagar í VG kosningarétt. Kjörskrá verður lokað 25. nóvember.

VG á einn þingmann í hvoru Reykjavíkurkjördæmanna en hlaut ekki kosningu í Suðvesturkjördæmi í síðustu kosningum.

Báðir þingmenn flokksins í Reykjavík, Kolbrún Halldórsdóttir og Ögmundur Jónasson, gefa kost á sér áfram, sem og Álfheiður Ingadóttir varaþingmaður. Þá eru Árni Þór Sigurðsson borgarfulltrúi og Katrín Jakobsdóttir, varaformaður flokksins, meðal þátttakenda í forvalinu. - bþs



**FORMENN FLOKKS OG ÞINGFLOKKS VG** Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson.

**ÞAU TAKA ÞÁTT:**

Andrea Ólafsdóttir
Auður Lilja Erlingsdóttir
Álfheiður Ingadóttir
Árni Þór Sigurðsson
Benedikt Kristjánsson
Elías Halldór Ágústsson
Emil Hjörvar Petersen
Erlendur Jónsson
Friðrik Atlason
Gestur Svavarsson
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir
Guðmundur Magnússon
Jóhann Björnsson
Katrín Jakobsdóttir
Kári Páll Óskarsson
Kolbrún Halldórsdóttir
Kristín Tómasdóttir
Kristján Hreinsson
Mireya Samper
Ólafur Arason
Paul F. Nikolov
Sigmar Þormar
Steinar Harðarson
Steinunn Þóra Árnadóttir
Svala Heiðberg
Sveinbjörn Markús Njálsson
Wojciech Szewczyk
Þorleifur Friðriksson
Þórir Steingrímsson
Ögmundur Jónasson






**ANTON KARL INGASON OG SKÚLI BERNHARD JÓHANNSSON** Höfundar veflægs kennsluvefjar sem veitir vélræna kennslu í íslenskum stíl er gæti sparað kennurum talsverða vinnu við upplestur og yfirferð úrlausna.

# Tölvur kenna stafsetningu

**Námsvefur með gagnvirkum æfingum í stafsetningu og vélritun verður opnaður í dag. Aðgangur að vefnum verður öllum opinn og gjaldfrjáls.**

**MENNTAMÁL** „Þetta er í rauninni bara gamla kennsluaðferðin, íslenski stíllinn, í nýjum búningi,“ segir Anton Karl Ingason, annar af höfundum námsvefjar sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra opnar klukkan tvö í dag – á Degi íslenskrar tungu – við athöfn í Reykjavíkurakademíunni. Anton, sem hefur töluverða reynslu af hugbúnaðargerð, og félagi hans Skúli Bernhard Jóhannsson, nemi í rafmagns- og tölvuverkfræði, hafa unnið að námsvefnum undanfarið ár.

Ef vefurinn reynist vel, og kemst í almenna notkun í skólakerfinu, getur hann minnkað álag á kennara því hann er algerlega vélrænn; spilar upptökur af íslenskum stílum, fer yfir þá og leiðréttir án þess að mannshöndin komi þar nærri. Auk þess geta nemendur notað vefinn á gagnvirkan hátt til að læra vélritun.

Nemandi sem notar vefinn getur hlustað á, og skrifað upp, einn af þeim stílum sem eru vistaðir inn á honum. Eftir að nemandinn hefur lokið við stílinn fer vefurinn yfir hann, leiðréttir og bendir nemandanum á hvaða málfræðireglur hann braut þegar hann skrifaði stílinn. Stílæfingar í forritinu eru tvenns konar: æfingar þar sem nemendur skrifa upp eftir mæltu máli og æfingar þar sem þeir lesa texta af skjánum og skrifa hann niður eftir sjónminni. Allar villur sem nemandinn gerir verða glósaðar og flokkaðar inni á vefnum sem þýðir að fyrir próf mun nemandinn geta rifjað upp hvaða villur hann hefur gert í stílum.

„Líklega munu nemendur vinna stílana á tölvur heima hjá sér, því tölvukostur í skólum er ekki nægjanlegur til að allir nemendur hafi aðgang að þeim þar. Kennarar munu geta séð að tiltekinn nemandi hafi gert ákveðið margar n-villur eða y-villur og getur þá hagað þeirri kennslu sem hann veitir viðkomandi nemanda eftir því. Kennarinn sparar sér því ófrjóa handavinnu við yfirferð en fær í staðinn upp í hendurnar verðmæta tölfræði sem hjálpar honum að stýra áherslum í kennslu,“ segir Anton Karl.

Hann segir óþarfa að kennarar lesi enn þá upp og fari yfir stíla þegar tækni sé fyrir hendi til að láta tölvur gera það.

Frá og með deginum í dag getur fólk notað námsvefinn www.rettritun.is sér að kostnaðarlausu og segir Anton Karl að ýmsir skólar muni á næstunni reynsluprófa hann. - ifv







Þotueldsneyti lækkar í verði:

# Fjórðungslækkun á eldsneyti

**SAMKEPPNI** Þotueldsneyti hefur lækkað í verði um 25 prósent síðan í september að því er fram kemur á heimasíðu FÍB.

Samstíga hækkun flugfargjalda flugfélaganna Icelandair og Iceland Express hefur verið í umræðunni að undanförnu og hafa forsvarsmenn flugfélaganna haldið því fram að hátt eldsneytisverð skýri að hluta hækkun flugfargjalda.

Á heimasíðu FÍB er leitt að því líkum að lækkun eldsneytisverðs hljóti að skila sér í lækkun flugfargjalda. - hs



**FLUGSAMGÖNGUR** Flugfargjöld hafa hækkað að undanförnu þrátt fyrir 25 prósenta lækkun á þotueldsneyti.



JÓLAFÖNDUR
Glæsileg stafræn myndavél og ljósmyndaprentari sem prentar þínar myndir beint í jólakortin. Pappír og blek fylgja með.*
*Blek og pappír fyrir 20 myndir.
KODAK C530 og Ljósmyndaprentari
Myndavél, prentari, pappír og blek!
Vörunúmer: hp20313007006
5M pixla stafræn myndavél
• 16MB innra minni • 5x stafrænn aðdráttur
• Snögg að taka myndir • Innbyggt flass
• 1,5” LCD-skjár • 10 sek. sjálftakari
• Vörn gegn rauðum augum • VGA-vídeóupptaka
Ljósmyndaprentari - Printer Dock Series 3
• Margverðlaunuð Kodak myndgæði
• Pappir skemmist ekki af fingraförum.
• Pappír þolir vatn og hægt að þerra bleytu án skemmda.
• Kodak XTRALIFE húðaður pappír
• Prentun með eða án tölvu.
SAMAN Í PAKKA
Office1
Aðeins 29.900.-
Búðu til persónuleg jólakort!
SKRAUT PAPPÍR
99 kr. ÖRKIN
VERÐ FRÁ: 495 kr.
GLIMMER LÍM
VERÐ FRÁ: 77 kr.
KORT & UMSLÖG
VERÐ FRÁ: 359 kr.
SKRAPP PAKKAR
VERÐ FRÁ: 1.875 kr.
LAMPA SETT
VERÐ FRÁ: 2.295 kr.
FÖNDUR SKRAUT
VERÐ FRÁ: 345 kr.
FÖNDUR KARTON
VERÐ FRÁ: 1.395 kr.
MYNSTUR GATARAR
VERÐ FRÁ: 499 kr.
SKÆRA SETT
VERÐ FRÁ: 699 kr.
FÖNDUR LÍMMIÐAR
VERÐ FRÁ: 99 kr.
Afgreiðslutímar
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 11-17
Sunnudaga frá 11-17
Sími: 550-4100
Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19
Fimmtudaga frá 11-21
Laugardaga frá 11-18
Sunnudaga frá 13-18
Sími: 550-4140
Office 1 Akureyri
Virka daga frá 10-18
Laugardaga frá 11-16
Sími: 550-4150
Office 1 Egilsstöðum
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 10-14
Sími: 550-4160
Office 1 Ísafirði
Virka daga frá 10-18
Laugardaga frá 11-16
Sími: 550-4170
Office 1 Vestmannaeyjum
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 10-14
Sími: 550-4180
www.office1.is
Office 1 Superstore

# 30-90% afsláttur




30%* afsláttur

TILBOÐ 3.136 kr
Almennt verð 4.480,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 2.793 kr
Almennt verð 3.990,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 2.443 kr
Almennt verð 3.490,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 1.883 kr
Almennt verð 2.690,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 3.276 kr
Almennt verð 4.680,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 3.003 kr
Almennt verð 4.290,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 3.136 kr
Almennt verð 4.480,-




63%* afsláttur

TILBOÐ 990 kr
Almennt verð 2.680,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 1.785 kr
Almennt verð 2.550,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 4.130 kr
Almennt verð 5.900,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 1.743 kr
Almennt verð 2.490,-

* Afsláttur reiknast af almennu verði.

Gildir til 19. nóvember eða á meðan birgðir endast.

# af vinsælum bókum

## Allar nýjar bækur fást í Hagkaupum, yfir 400 titlar




30%* afsláttur

TILBOÐ 2.793kr
Almennt verð 3.990,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 3.136kr
Almennt verð 4.480,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 3.493kr
Almennt verð 4.990,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 3.143kr
Almennt verð 4.490,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 3.486kr
Almennt verð 4.980,-



57%* afsláttur

TILBOÐ 6.990kr
Almennt verð 15.980,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 3.283kr
Almennt verð 4.690,-






30%* afsláttur

TILBOÐ 3.003kr
Almennt verð 4.290,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 3.136kr
Almennt verð 4.480,-




90%* afsláttur

TILBOÐ 199kr
Almennt verð 1.990,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 3.010kr
Almennt verð 4.300,-

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



**Á BÆN Í GANGES** Hindúi á bæn í fljótinu Ganges árla morguns í Allahabad á Indlandi. Þar mætast árnar Ganges, Yamuna og Saraswathi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sátt hefur náðst í deilu íþróttafélagsins Gróttu við bæjaryfirvöld á Seltjarnarnesi:

# Fimleikahúsið stækkað á kjörtímabilinu

**SKIPULAGSMÁL** „Við erum búin að ná því fram sem við vildum," segir Bjarni Torfi Álfþórsson, formaður íþróttafélagsins Gróttu.

Lausn er fundin á deilu Gróttu og bæjaryfirvalda um stækkun aðstöðu fimleikadeildar Gróttu á Hrólfsskálamel. Að sögn Bjarna verður fimleikahúsið stækkað um allt að 800 fermetra með því að byggja húsið til austurs og suðurs.

„Við erum búnir að fara yfir þetta með yfirþjálfurum fimleikadeildarinnar og þessi stækkun virðist geta mætt þeim þörfum sem deildin hefur," segir Bjarni.

Grótta hafði kært nýtt deiliskipulag sem bæjaryfirvöld staðfestu. Töldu Gróttumenn sig svikna um eitt þúsund fermetra viðbyggingu á Hrólfsskálamel sem samþykkt hafi verið í íbúakosningu. Grótta dró síðar kæruna til baka og fékk á mánudag tilboð frá bæjaryfirvöldum um áðurgreinda lausn málsins.

„Við ætlum ekki að vera með neinn þvergirðingshátt og gerum ekki meira í málinu en bíða eftir því að viðbyggingin rísi í lok kjörtímabilsins. Ef það gengur upp erum við mjög sáttir," segir Bjarni.

Eins og tíðkast hefur á Seltjarnarnesi með slík íþróttamannvirki mun bæjarsjóður kosta viðbygginguna og íþróttafélagið síðan fá þar inni fyrir æfingar sínar eftir þörfum. - gar



**BJARNI TORFI ÁLFÞÓRSSON** Formaður Gróttu er sáttur við tilboð bæjaryfirvalda um að byggja við íþróttahúsið sem er hér að baki honum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Bensínþjófur dæmdur:

# Fyllti á án þess að greiða

**DÓMSMÁL Tvítug kona var á þriðjudag dæmd í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir gripdeild vegna síendurtekins bensínstuldar í júlí á þessu ári. Konan gerði sér sex sinnum ferð á tvær mismunandi bensínstöðvar Olís á áðurnefndu tímabili og dældi eldsneyti á bifreið sína án þess að greiða fyrir það.**



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR**

**Konan mætti ekki fyrir dóm til að svara fyrir sakir sínar. Henni var gert að greiða 60.000 króna sekt til ríkissjóðs auk þess sem hún þarf að greiða Olís 24.054 krónur fyrir eldsneytið sem hún stal að viðbættum vöxtum.** - þsj

Frjálslyndir andvígir umbreytingu á Laugavegi:

# Vilja vernda aldargömul hús gegn niðurrifi

**SKIPULAGSMÁL** Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi Frjálslynda flokksins, er andvígur því að tvö 108 og 98 ára gömul hús við Laugaveg verði rifin til að rýma fyrir nýjum byggingum.

Húsin tvö er á svokölluðum Frakkastígsreit og eru á meðal þeirra húsa á reitnum sem títt hafa gengið kaupum og sölum á þessum reit. Núverandi eigandi er athafnamaðurinn Þorsteinn Steingrímsson sem á fleiri hús á Frakkastígsreitnum. Frjálslyndi flokkurinn segir hugsanlegt niðurrif húsanna vera umhverfisslys og hvetur borgarbúa til að gera athugasemdir til skipulagsfulltrúa.

Á fundi skipulagsráðs á miðvikudag var samþykkt að auglýsa tillögu sem gerir ráð fyrir niðurrifi húsanna númer 33 og 35 við Laugaveg sem eru í eigu ÁF-húsa ehf. Þessi hús eru byggð 1935 og 1921. Leggst Ólafur einnig gegn niðurrifi þeirra enda séu öll húsin hluti gamallar götumyndar Laugavegarins.

Ekki náðist í Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, formann skipulagsráðs. - gar



**LAUGAVEGUR 41** Var byggt 1898. Eigandi frá því í febrúar á þessu ári er Þorsteinn Steingrímsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**KOFI ANNAN** Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna segir Kyoto-samkomulagið ganga alltof skammt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Dýrkeypt að bíða lengur

**Kofi Annan segir miklu ódýrara að draga nú þegar úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda heldur en að bíða þar til takast þarf á við afleiðingarnar.**

**NAIROBI, AP** „Enginn getur sagt að við höfum ekki efni á að gera ekki neitt," sagði Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, í ræðu sinni á loftslagsráðstefnunni í Kenía í gær.

Hann sagði greinilegt að það muni kosta miklu minna að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda núna „heldur að fást við afleiðingarnar síðar." Hann kvartaði einnig yfir „skelfilegum skorti á forystu" þegar kemur að því að ákveða næstu skref í því að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

„Nú ættum við að fara að sýna meira pólitískt hugrekki" sagði hann við ráðstefnugestina í Nairóbí, en þar í salnum sátu fulltrúar frá þeim 180 ríkjum sem eru aðilar að loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1992. Fulltrúi Íslands á ráðstefnunni er Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra.

Tveggja vikna ársfundi fulltrúanna lýkur á föstudag, en á fundinum liggur fyrir það verkefni að samþykkja nánari útfærslur Kyoto-bókunarinnar, en samkvæmt henni ber 35 iðnríkjum skylda til þess að draga úr, fyrir árið 2012, útblæstri gróðurhúsalofttegunda um 5 prósent frá því sem var árið 1990.

Ekki er þó reiknað með að afgerandi ákvarðanir verði teknar á þessum fundi. Í Nairóbí virðast margir vera þeirrar skoðunar að bíða þurfi þess að kjörtímabil George W. Bush Bandaríkjaforseta renni út áður en raunverulegar samningaviðræður geti hafist, en þangað til eru rúmlega tvö ár.

gudsteinn@frettabladid.is

Allt að 70% afsláttur
LAGERSALA BIRGIS
(við hliðina á Hróa hetti)
OPIÐ FRÁ 12.00-18.00
Fákafeni 11
allt að 70% afsláttur af nýjum vörum.
BUXUR SKYRTUR BINDI PEYSUR BOLIR
JAKKAFÖT STAKIR JAKKAR YFIRHAFNIR FRAKKAR
FLAUELSBUXUR GALLABUXUR SPARIBUXUR
OPNUNARTÍMI LAGERSÖLUNNAR ER FRÁ 12.00 TIL 18.00
HERRAFATAVERSLUN BIRGIS
FÁKAFENI 11 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 553 1170
Gæði, fagmennska og gott úrval


Viðskiptavinir SPRON Factoring hf. fela okkur umsjón og eftirlit með lánsviðskiptum til þess að geta veitt viðskiptavinum sínum betri þjónustu, aukið söluna og losnað við áhyggjur. Við hjálpum þeim að finna trausta viðskiptavini, fjármögnum vöxtinn, bókum viðskiptamannabókhaldið og þjónustum skuldunauta þeirra.
Fáðu 80% af öllum reikningum greidd strax
www.spf.is
spron FACTORING
SPRON Factoring hf.
Suðurlandsbraut 20
108 Reykjavík
S: (+354) 553 6300
F: (+354) 553 6336
mottaka@spf.is
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA





Póverji slasaðist alvarlega þegar hann féll sex metra í Borgartúni í sumar:

# Bótaskyldan er enn óljós

**VINNUMARKAÐUR** Pólverji féll af uppslætti eða plötu við húsbyggingu í Borgartúni í júní og slasaðist alvarlega. Hann er nú í endurhæfingu. Verið er að rannsaka tildrög slyssins og kanna hugsanlega bótaskyldu en enn er allt óljóst um hana.

Pólverjinn var nýkominn til landsins og var við vinnu sína við húsbygginguí Borgartúninu þegar hann féll sex metra niður af uppslætti eða húsplötu. Hann fékk alvarlega höfuðáverka og brotnaði illa og var strax fluttur á sjúkrahús. Maðurinn naut fullra sjúkraréttinda hjá Tryggingastofnun ríkisins og hefur notið heilbrigðisþjónustu hér á landi.

Ekki er ljóst hver var vinnuveitandi mannsins þegar slysið varð, hvort það var aðalverktaki eða undirverktaki, og því ekki ljóst með bótaskyldu.

Verið er að afla upplýsinga um tildrög slyssins en Pólverjinn man ekki sjálfur hvernig það bar til. Þegar vinnuslys verða, hvort sem það er af völdum vinnuaðstæðna eða samstarfsmanna, eru vinnuslysin rannsökuð af hálfu Vinnueftirlitsins og lögreglu. Slík rannsókn er í gangi. Þegar niðurstaða rannsóknar á tildrögum slyssins liggur fyrir verður tekin ákvörðun um framhaldið. **- ghs**



**BORGARTÚN** Maðurinn var að vinna við nýbyggingu í Borgartúni þegar hann féll sex metra og slasaðist.



**KJÖTBORÐIÐ Í NÓATÚNI** Kaupmenn eru sammála um að þeir þurfi að sjá betur útfærslu á allt að fjörutíu prósenta tollalækkun á almennum kjötvörum til að geta sagt til um verðlækkunina. Ýmislegt er óljóst í því sambandi, til dæmis hvort reglum um innflutning verður breytt og magnið gefið frjálst.

# Útfærslan á kjöttollinum er enn óljós

**Óljóst er hvernig útfærslan á niðurfellingu tolla á kjötvörum verður. Hún þarf að skýrast fyrir áramót ef aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að lækka matarverð eiga að taka gildi 1. mars 2007, segir Erna Bjarnadóttir hjá Bændasamtökunum.**

**MATVÖRUVERÐ** Landbúnaðarráðherra hefur boðað nefnd þriggja ráðuneyta til að finna út hvernig allt að fjörutíu prósenta niðurfellingu tolla á almennum kjötvörum verður háttað. Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur Bændasamtaka Íslands, segir að enn sem komið er hafi ríkisstjórnin bara gefið upp boltann. Útfærslan þurfi að skýrast fyrir áramót til að breytingin geti tekið gildi 1. mars.

„Nú ríður á að fá útskýringu á því hvernig útfærslan verði, hversu margir tollflokkar fá 40 prósenta niðurfellingu og hverjir minna og veltu þessara þeirra. Þetta getur líka komið fram í því að hér verði meiri innflutningur á vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni eða til dæmis unnar kjötvörur," segir hún.

Erna telur lítið hægt að segja um áhrifin en segir ljóst að aðgerðirnar komi sjálfkrafa fram í verði til bænda, það liggi í hlutarins eðli. „Heildsöluverð á mjólkurvörum hækkar ekki fyrr en 1. janúar 2008. Bændur munu augljóslega leggja eitthvað af mörkum en við vitum ekki enn hvað þetta þýðir fyrir þeirra tekjur því að það veit enginn hvað allt að fjörutíu prósent þýðir," segir hún.



ERNA BJARNADÓTTIR

„Mér finnst þetta jákvætt skref og engin spurning að þetta á eftir að skipta heimilin miklu máli en maður spyr sig að því hvernig þessi afsláttur á landbúnaðarvörum eigi eftir að líta út. Vörugjöldin hafa verið dulin skattheimta," segir Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, og vill sjá útfærsluna sem fyrst. „Það sést ekki alveg svart á hvítu hvernig þetta verður útfært."

Sigurður Arnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kaupáss, fagnar því að matvælaverð lækki. Hann telur mikilvægt að samhliða þessu verði fylgst með samkeppnisumhverfinu á matvörumarkaðnum. Hann telur að lækkunin hafi til dæmis ekki nein áhrif á mjólkurverð í Krónunni því þar sé mjólkin seld undir kostnaðarverði.

„Það er ekki búið að kynna þessar hugmyndir, þær eru óklárar fyrir utan virðisaukaskattinn. Ég hef ekki séð neina útfærslu á tollalækkuninni en við munum skila þessari skattalækkun út í matvöruverðið. Við fögnum þessu útspili og viljum leggja okkar af mörkum," segir Sturla Eðvarðsson, framkvæmdastjóri Samkaupa. **ghs@frettabladid.is**

Thaksin á ferð um Asíulönd:

# Ætlar ekki í stjórnmál á ný

**BANGKOK, AP** Thaksin Shinawatra, fyrrverandi forsætisráðherra Taí-lands, hefur alls ekki í hyggju að snúa aftur á svið stjórnmálanna í Taílandi, að því er lögfræðingur hans greindi frá í gær. Thaksin var steypt af stóli í byltingu hers-ins 19. september síðastliðinn.

Thaksin hefur verið á ferðalagi um Asíulönd undanfarna daga, en ætlar ekki að láta sjá sig í Taílandi á næstunni. Herlög eru enn í gildi þar og verða enn um sinn, að sögn forsprakka byltingarinnar. **- gb**



**Í HONG KONG** Thaksin Shinawatra hefur verið á ferðalagi um Asíu ásamt eiginkonu sinni. Herlög eru enn í gildi í Taílandi og því fara þau ekki þangað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aukin hjúkrunarrými:

# Tíu hjúkrunarrýmum bætt við

**HEILBRIGÐISMÁL** **Áætlað er að byggja tíu ný hjúkrunarrými á Ísafirði á næstu fjórum árum. Þetta kemur fram í bréfi frá Siv Friðleifsdóttur heilbrigðisráðherra sem lagt var fram á fundi Ísafjarðarbæjar í gær.**

**Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, hefur óskað eftir fundi með heilbrigðisráðherra vegna þessa.**

**Í bréfi heilbrigðisráðherra kemur einnig fram að forsenda þess að hægt sé að ráðast í þessa uppbyggingu sé að til komi viðbótarframlag til uppbyggingarinnar.**

- hs

Styrktarsjóður AVS hefur afgreitt 210 styrki vegna rannsókna í sjávarútvegi:

# Nítján milljónum veitt til eldis sjávardýra

**STYRKIR** Heildarúthlutun AVS styrktarsjóðs í sjávarútvegi nemur 640 milljónum frá því sjóðurinn tók til starfa árið 2003 og alls hafa 210 styrkir verið afgreiddir. AVS rannsóknarsjóður veitir styrki til rannsóknaverkefna, sem auka verðmæti sjávarfangs og eru styrkir veittir til verkefna sem taka á öllum þáttum sjávarútvegs og fiskeldis.

Í ár bárust 128 umsóknir um styrki vegna verkefna, sem er ívið meira en árin á undan, og nemur meðalupphæð hvers styrks tæpum fimm milljónum króna.

Á fundi í fyrradag var starfsemi AVS rannsóknarsjóðsins fyrir árið 2006 kynnt og við það tækifæri sagði Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra að sú staðreynd að sjóðurinn hafi styrkt 210 verkefni undirstriki að stærri jafnt sem minni aðilar hljóti styrki.

Á næsta ári verður 19,1 milljón úthlutað til eldis sjávardýra, 25 milljónum verður úthlutað til kynbóta í þorskeldi og tíu milljónum til markaðsátaks bleikjuafurða. Sem dæmi um verkefni sem fengið hafa styrk úr sjóði AVS má nefna þróun á sósum úr þara og frostþurrkun á sjávarþangi.

Sjávarútvegsráðherra ræddi um mikilvægi þess að hafa sjóð á borð við AVS því þekkingarstarfsemi tengd sjávarútvegi fengi ekki fjármagn í gegnum aðra rannsóknarsjóði í landinu.

- hs



**EINAR K. GUÐFINNSSON** Á næsta ári verður 19,1 milljón úthlutað til eldis sjávardýra og 10 milljónum til markaðsátaks bleikjuafurða. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR SVEINSSON



**JÓN GUNNARSSON ALÞINGISMAÐUR**

Prófkjör Jóns Gunnarssonar:

# Sextán þúsund króna afgangur

**STJÓRNMÁL** Prófkjörsbarátta Jóns Gunnarssonar, þingmanns Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi, kostaði 1.033.362 krónur.

Samkvæmt uppgjöri sem Jón hefur birt kostaði hann engu til sjálfur en þáði 1.050.000 krónur í framlög frá stuðningsaðilum.

Mismuninn, rúmar sextán þúsund krónur, gaf Jón til góðgerðarmála.

Mestur kostnaður var við auglýsingar og síma, tæpar 570 þúsund krónur.

Í tilkynningu segir Jón að prófkjör eigi ekki að snúast um keppni í eyðslu og vonar hann að þau muni ekki kosta milljónir og milljónatugi í framtíðinni. - bþs

Brunar á Akranesi upplýstir:

# Þrettán ára piltar játa íkveikjur

**LÖGREGLUMÁL** **Tveir þrettán ára piltar hafa játað að hafa kveikt í á tveimur stöðum á Akranesi í júní á þessu ári. Annars vegar kveiktu þeir í brettastæðum við Sementsverksmiðju bæjarins og hins vegar í tjörhreinsitanki við birgðastöð Olís.**

**Báðir brunarnir ollu umtalsverðu tjóni á munum og mannvirkjum. Lögreglunni á Akranesi bárust upplýsingar í vikunni um hverjir hefðu verið þarna að verki og voru piltarnir tveir færðir til yfirheyrslu í kjölfarið. Þeir játuðu brot sín skýlaust. Piltarnir eru þó ósakhæfir sökum ungs aldurs en mál þeirra hefur verið sent félagsmálayfirvöldum til umfjöllunar.** - þsj


SIAL HITABLÁSARAR

Hágæða rafmagns- og steinolíublásarar

Margar stærðir og gerðir – hagstætt verð



MÚRBÚÐIN

Kletthálsi 7 · 110 Reykjavík
Sími 544 5470 · www.murbudin.is



VISA Lán
– HAGSTÆÐAR AFBOGANIR

Dreifðu staðgreiðslunni
VISA Lán er hagstæð leið til greiðsludreifingar við kaup á vörum eða þjónustu.

+ Staðgreiðsluverð
+ Lægri vextir
+ Lægri kostnaður
+ Til allt að 36 mánaða
+ Framlengdur ábyrgðartími
+ Flutningstrygging
+ Vildarpunktar

VISA

Spurðu um VISA Lán
Nánari upplýsingar á www.visa.is/visalan
eða í síma 525 2000


25% afsláttur
KJÚKLINGABRINGUR
MAGNKAUP
1.999 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
NÓATÚN
Nýtt í Nóatúni
Þú sparar 300 kr. kg
LAMB
Í KARRÝ
1.698 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
NÓATÚN
Nýtt í Nóatúni
Þú sparar 700 kr. kg
LAMB
NASI GORENG
1.298 kr. kg
KALKÚNN
FERSKUR
878 kr. kg
Úr Fiskborði Nóatúns
Þú sparar 400 kr. kg
KARFASTEIK
M. CHILI OG LIME
998 kr. kg
Úr Fiskborði Nóatúns
SALTFISK
LASAGNE
1.698 kr. kg
2 FYRIR 1
happy day
2 FYRIR 1
HD SAFI
219 kr. 2l
Best Bite snakk
BEST BITE
CHIPS
239 kr. pk.
Coke light
Coca-Cola light
99 kr. 2l
NÓATÚN


Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Verðsprengja
á folaldakjöti!
Úr Kjötborði Nóatúns
50% afsláttur
FOLALDAHAKK
ÚR KJÖTBORÐI
198 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 500 kr. kg
FOLALDA INNRALÆRI
ÚR KJÖTBORÐI
1.698 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 600 kr. kg
FOLALDAFILLET
ÚR KJÖTBORÐI
1.798 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
FOLALDA GÚLLAS
ÚR KJÖTBORÐI
1.298 kr. kg
Lyle's
íssósur
25% afsláttur
Gille
piparkökur
GILLE
PIPARKÖKUR
289 kr. 300 g
Oscar
kraftur
25% afsláttur
Verði ykkur að góðu!



**HÁTÍÐAHÖLD KÝPUR-TYRKJA** Mehmet Ali Talat, forseti tyrkneska hluta Kýpur, skoðar herafla Kýpur-Tyrkja ásamt Mehmet Eros, yfirmanni tyrkneska hersins, við hátíðahöldin í Nikosíu í gær, sem haldin voru í tilefni þess að 23 ár eru liðin frá því AÐ Kýpur-Tyrkir lýstu yfir sjálfstæði. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP


Mikið úrval sæta
í vörubíla, rútur, dráttavélar, lyftara og þungavinnuvélar
GRAMMER
- þegar gæðin skipta máli


Hafðu samband og við sendum þér bækling
VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is
Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&Þ á Norðurlandi


# Segjast ekki láta kúga sig

**Utanríkisráðherra Tyrklands segir að Tyrkir ætli ekki að láta kúga sig nú fremur en áður til þess að gefa eftir í Kýpurdeilunni.**

**NIKÓSÍA, AP** „Við látum ekki kúga okkur núna, ekki fremur en við höfum látið kúga okkur áður fyrr,“ sagði Abdullah Gul, utanríkisráðherra Tyrklands, í gær í Nikosíu, höfuðborg tyrkneska hlutans á Kýpur.

Evrópusambandið hefur undanfarið beitt Tyrki nokkrum þrýstingi um að opna bæði flugvelli og hafnir í Tyrklandi fyrir skipum og flugvélum frá gríska hlutanum á Kýpur. Evrópusambandið hefur hótað Tyrkjum því, að verði þeir ekki við þessu fyrir árslok, þá geti svo farið að ekkert verði úr frekari aðildarviðræðum Tyrkja við Evrópusambandið, að minnsta kosti ekki alveg á næstunni.

Í gær héldu Kýpur-Tyrkir upp á það að 23 ár voru liðin frá því þeir stofnuðu sérstakt ríki á norðanverðri eyjunni. Tyrkland er hins vegar eina ríkið í heiminum sem viðurkennir ríki Kýpur-Tyrkja.

Suðurhluti eyjunnar, sem er undir stjórn Kýpur-Grikkja, fékk aðild að Evrópusambandinu árið 2004 og krefst þess að fá aðgang að höfnum og flugvöllum í Tyrklandi alveg eins og önnur aðildarríki Evrópusambandsins.



**UTANRÍKISRÁÐHERRANN** Abdullah Gul, utanríkisráðherra Tyrklands, fylgdist grannt með hersýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Tyrkir neita hins vegar alfarið að veita þeim þann aðgang nema Evrópusambandið létti jafnframt öllum hömlum á samgöngum við tyrkneska hlutann á Kýpur.

„Við bíðum eftir að hömlunum verði aflétt,“ sagði Gul í gær. Hann krefst þess einnig að Sameinuðu þjóðirnar sjái áfram um að miðla málum í deilunni milli Kýpur-Grikkja og Kýpur-Tyrkja.

„Að búast við því að Tyrkland láti undan með því að flytja deiluna frá Sameinuðu þjóðunum til Evrópusambandsins er blindgata,“ sagði Gul. - gb


alltaf fjör í nettó
allt til alls
þú sparar 875 kr/kg
50% afsláttur
875 kr/kg.
Verð áður 1.749 kr/kg
BK HAMBORGARHRYGGUR M/BEINI
þú sparar 375 kr/kg
50% afsláttur
375 kr/kg.
Verð áður 749 kr/kg
Matfugl
MATFUGL FERSKUR KJÚKLINGUR
þú sparar 300 kr/kg
30% afsláttur
699 kr/kg.
Verð áður 998 kr/kg
NORÐLENSKA
BAYONNESKINKA
Kjúlli
199 kr/kg
Verð áður 384 kr/kg
ÍSFUGL
ÍSFUGL KJÚLLI TEX MEX VÆNGIR
nettó brauð
43% afsláttur
88 kr/pk.
Verð áður 155 kr/pk
NETTÓ SAMLOKUBRAUÐ
25% afsláttur
179 kr/pk.
Verð áður 239 kr/pk
MYLLU SKÚFFUKAKA
Náttúra Appelsínu safi 100%
20% afsláttur
95 kr/stk.
Verð áður 119 kr/stk
NÁTTÚRU APPELSÍNUSAFI 1 LTR.
Náttúra Epla safi 100%
20% afsláttur
95 kr/stk.
Verð áður 119 kr/stk
NÁTTÚRU EPLASAFI 1 LTR.
frábært verð
99 kr/stk
PEPSI MAX 2 LTR.
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími 16. nóvember til 19. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
nettó

## „ORÐRÉTT“

### Afsökun sem virkar á allt

**„Ég gerði tæknileg mistök.“**

ÁRNI JOHNSEN UM ATBURÐINA SEM KOMU HONUM Í FANGELSI (OG ÍSRAELSSTJÓRN UM FLUGSKEYTIN SEM GRÖNDUÐU NÍTJÁN SAKLAUSUM BORGURUM).

**Ríkissjónvarpið 14. nóvember.**

### Hjúkk!

**„Hefði liðið lengri tími þar til við komum þá hefði Laugavegurinn hreinlega getað brunnið.“**

GUÐMUNDUR HALLDÓRSSON, VARÐSTJÓRI HJÁ SLÖKKVILIÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS, SEM STÝRÐI AÐGERÐUM ER ELDUR KOM UPP Í RISI HÚSS VIÐ LAUGAVEG.

**Blaðið 15. nóvember.**

*nær og fjær*

# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? HELGI MÁR BARÐASON

## Snjóar og snjóar fyrir norðan



„Það er allt gott að frétta,“ segir Helgi Már Barðason, verkefnastjóri Akureyrarkirkju. „Hér fyrir norðan snjóar og snjóar. Börn og skíðamenn eru mjög ánægðir með þetta en flestum öðrum þykir þetta vera orðið ágætt. Ég er að sýsla í ýmsu. Til dæmis er ég með útvarpsþáttinn Pipar og salt einu sinni í viku í Ríkisútvarpinu og spila alls konar músík. Ég lagði upp með að spila gömul og góð lög sem einu sinni heyrðust mikið en hafa gleymst. Í gær spilaði ég til dæmis lög frá því um 1970 með Tony Orlando og Bay City Rollers og fleirum. Þetta er yfirleitt komið til ára sinna og sumt er jafnvel ekki komið út á diski svo ég mæti með plöturnar í útvarpið hérna fyrir norðan. Í kirkjunni eru menn að undirbúa jólin og næsta sunnudag er afmælisdagur kirkjunnar. Hún var vígð árið 1940. Það verður mikið um dýrðir, meðal annars sunnudagaskólahátíð sem börn hvaðanæva að taka þátt í. Nú, svo er ég þýðandi og á þrjár bækur sem koma út á þessu ári. „Þú léttist án þess að fara í megrun“ heitir ein sem er komin út en á leiðinni eru Gemsi eftir Stephen King og Samsærið gegn Bandaríkjunum eftir Philip Roth – mjög ólíkar bækur allt saman. Fram undan er svo bara að halda sínu striki í daglega lífinu og passa sig á jólastressinu. Ganga hægt inn í aðventuna og reyna að njóta lífsins.“

## BONO:
### FÆR BUXURNAR AFTUR

■ Lola Cashman, fyrrum stílisti U2, þarf samkvæmt nýlegum dómi að skila Bono söngvara gömlum leðurbuxum og fleiri munum sem henni var gefið að sök að hafa stolið og reynt að selja á netinu. Lola, sem hélt því fram að Bono hefði gefið sér munina, hefur skrifað bók um árin með U2 og þar kemur fram að Bono sé með hæð sína og þyngd á heilanum. Góðmennið Bono var þó ekki með nein leiðindi í garð Lóló – sagði fyrir rétti að hann hefði litið út eins og Nana Mouskouri áður en hún kom til starfa – en hann vildi bara fá dótið sitt aftur.



## SJÓNARHÓLL
### ÍSLAND Í EUROVISION 2007



**ÞORVALDUR BJARNI ÞORVALDSSON**
Tónlistarmaður

### Alvarleg stórvirki

„Ýmislegt ólíkt hefur verið reynt en eftir Sylvíu Nætur-skellinn þá held ég að þeir sem eru að vinna stórvirki muni fá brautargengi núna. Ég efast um að eitthvað flippað eigi séns,“ segir Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, tónlistarmaður og höfundur „Til hamingju Ísland“, um væntanlegt framlag Íslands til Eurovision.

Frestur til að skila inn lögum í íslensku forkeppnina rennur út á miðnætti í kvöld. „Síðast voru mjög blendnar tilfinningar hjá þjóðinni eftir á og því gæti ég trúað að eitthvað alvarlegra en Sylvía ætti upp á pallborðið. Samt hef ég tekið eftir því, til dæmis í stúdíóinu hjá mér, að ansi margar bílskúrshljómsveitir ætla að taka þátt. Silvía gaf því greinilega ákveðið leyfi til að senda öðruvísi lög í keppnina. Eftir að þessi B-riðill kom til sögunnar hefur hann reynst okkur ansi erfiður. Nú er bara að stefna upp úr honum.“

# Stubbur er á toppnum

**Stubbur, Láki, selurinn Snorri og Palli sem var einn í heiminum. Áratugum saman hafa þessir kappar og reyndar fjölmargar aðrar persónur skemmt æsku landsins. Bókaútgáfan Björk gefur út ævintýrin um þetta heiðursfólk. Erlendur Daníelsson er eigandi útgáfunnar og rekur hana frá heimili sínu á Selfossi.**

Faðir Erlendar, Daníel Ágústínusson, og skólabróðir hans, Stefán Júlíusson, stofnuðu bókaútgáfuna Björk á Akranesi árið 1941. „Upphaflega átti að gefa út bók sem Stefán hafði skrifað, Þrjár tólf ára telpur, en svo hlóð þetta bara utan á sig,“ segir Erlendur. „Það hefur ýmislegt verið reynt í gegnum tíðina, en nú einskorðum við okkur við sögurnar um Palla og selinn Snorra og svo skemmtilega smábarnabókaflokkinn. Ég reyni að bæta tveimur bókum við þann flokk á hverju ári og í ár komu út bækur númer 53 og 54, Gleðigjafinn og Starf fyrir kanínustrákinn.



Bækur sjálfast alltaf upp á endanum og þá þarf að endurprenta, en að jafnaði eru um 40 bækur í flokknum fáanlegar. Margir titlar seljast í töluverðu upplagi á hverju ári, enda eru bækurnar tiltölulega ódýrar. Nú er salan mest komin inn í Bónus en skemmtilegu smábarnabækurnar fást í átján Bónusbúðum. Upphaflegir lesendur eru nú orðnir afar og ömmur og kaupa bækurnar fyrir barnabörnin, miðla því sem þau ólust upp við áfram til nýrrar kynslóðar.“

Erlendur er ekki alveg með sölutölurnar á hreinu en segir marga titla hafa verið endurprentaða í tíu skipti eða meira og í 10 til 15 þúsund eintökum í hverri prentun. „Stubbur er á toppnum og bókin um hann hefur selst mest, gæti ég trúað. Stubbur kom fyrst út á íslensku árið 1947, en tíunda prentun kom út í fyrra. Svo koma líklega Láki, Stúfur og Svarta kisa. Það má alveg gera ráð fyrir að mest seldu bækurnar hafi selst í vel á 200 þúsund eintökum.“

Margar nýrri bókanna eru gefnar út í samvinnu við bandaríska Golden Books fyrirtækið sem er hluti af Random House samsteypunni, en Erlendur segir fyrstu bækurnar í smábarnaflokknum víða að. „Vilbergur Júlíusson, sá sem þýddi margar bækurnar, var víðförull og kom með bækur víða að. Ég held meira að segja að flipabókin Benni og Bára komi alla leið frá Ástralíu.“



Bækurnar eiga sér margar skemmtilegar sögur, til dæmis Selurinn Snorri eftir Norðmanninn Frithjof Sælen, sem gerði líka hinar frábæru teikningar. Snorri kom upphaflega út árið 1941 þegar Noregur var hersetinn af Þjóðverjum. Mánuði eftir útkomu bókarinnar var hún bönnuð af Þjóðverjum. Þeim fannst augljóst að Snorri ætti að tákna hina herteknu þjóð en að þeir sjálfir væru háhyrningarnir Glefsi og Voði.



**ERLENDUR DANÍELSSON Í BÓKAÚTGÁFUNNI BJÖRK** Reynir gefur út tvær nýjar skemmtilegar smábarnabækur á hverju ári.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

gunnarh@frettabladid.is


UPPHEIMAR

**Brautigan og Gyrðir – góðir saman**

>>> **Ógæfusama konan**
Eftir Richard Brautigan
Þýðing: Gyrðir Elíasson

„Stíllinn er látlaus, þægilegur og algjörlega áreynslulaus (. . .) Þýðing Gyrðis Elíassonar er afbragð . . .“
*Ingi Björn Guðnason, bokmenntir.is*




uppheimar.is


Um 5.000 pökkum safnað:

# Færa þurfandi jól í skókassa

Nemendur í Korpuskóla afhentu jólasveininum þeirra framlag til verkefnisins „Jól í skókassa“ á frístundaheimilinu Ævintýralandi fyrir skömmu. Pakkarnir eru hluti af áðurnefndu verkefni sem KFUM og KFUK standa fyrir árlega og verður þeim dreift til þurfandi barna í aðdraganda jólanna.

Lokaskiladagur var síðasta laugardag og er talið að komið hafi verið með um 5.000 jólagjafir í skókössum. Í ár, líkt og í fyrra, eru það börn í Úkraínu sem munu fá íslensku jólaskókassanna undir jólatréð. - þsj



**JÓLASVEINNINN KOM SNEMMA Í ÁR** Börnin voru mjög hrifin af því.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ORMSSON




# MÁLHREINSUNARVÉLAR

Bræðurnir Ormsson telja að íslensk tunga
sé dýrmætasta eign þjóðarinnar.

Fyrirtækið hefur fylgt þeirri sannfæringu eftir með því
m.a. að þýða stjórnborð vinsælustu
AEG - þvottavélanna
yfir á íslensku.

**Verum með málið á hreinu!**

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SMÁRALIND · AKUREYRI · KEFLAVÍK · ÍSAFIRÐI
Umboðsmenn um land allt.

***Dagur íslenskrar tungu – 16. nóvember 2006.***

## Svona erum við

> Vöruskiptajöfnuður við útlönd janúar til september í milljónum króna




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** VÍSINDAHVALVEIÐAR JAPANA

# *Japanar stórauka sóknina í ár*

Japanski hvalveiðiflotinn lagði úr höfn í gær, áleiðis í árlegan leiðangur á hvalamið undan Suðurskautslandinu. Þar ætlar hann að veiða alls 860 hvali í vetur, í nafni vísindaveiðiáætlunar Japana.

**UM HVAÐ SNÝST VÍSINDAVEIÐIÁÆTLUN JAPANA?**
Veiðarnar í vetur eru gerðar í nafni nýjustu vísindaveiðaáætlunarinnar JARPA-2. JARPA-2 tekur við af fyrri áætlun, JARPA-1, en í nafni hennar voru veiddir 440 hvalir á Suðurskautsmiðum í fyrra og hittifyrra.

Japanar hófu hvalveiðar í vísindaskyni strax eftir að Alþjóðahvalveiðiráðið samþykkti tímabundið bann við hvalveiðum í atvinnuskyni árið 1985.

Í nafni JARPA-2-áætlunarinnar er ætlunin að veiða 850 hrefnur og tíu langreyðar á miðunum við Suðurskautslandið á veiðitímabilinu fram í apríl, þ.e. yfir sumarmánuði suðurhvelsins. Yfirlýst markmið áætlunarinnar eru að „fylgjast með vistkerfi suðurskautsins, rannsaka samkeppni milli hvalategunda ... varpa ljósi á breytingar á samsetningu hvalastofna í tíma og rúmi, og bæta stjórnunaraðferðir á hrefnustofninum á suðurskautsmiðum“.



**AFSTAÐA ALÞJÓÐAHVALVEIÐIRÁÐSINS**
Ályktun þar sem JARPA-2-áætlun Japana er fordæmd var samþykkt á fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins í sumar sem leið, en þar sem hverju aðildarríki ráðsins er frjálst að stunda hvalveiðar í vísindaskyni hefur þessi ályktun lítið að segja. Fulltrúar 63 aðildarríkja ráðsins ályktuðu að „með nýju áætluninni munu Japanar auka hvalveiðikvótann nærri upp að því marki sem hann var á meðan veiðar voru enn stundaðar í atvinnuskyni“.

Suðurhvelsþjóðirnar Ástralir og Nýsjálendingar, sem stunduðu iðnaðarhvalveiðar framan af 20. öldinni, eru mjög mótfallnar JARPA-2-áætluninni og hyggjast gera allt sem í þeirra valdi stendur til að hindra að Japanar komist upp með svo umfangsmiklar hvalveiðar þar suður frá.

## SPURT & SVARAÐ
SIÐMENNT



SIGURÐUR HÓLM GUNNARSSON
Tasmaður Siðmenntar

### *Siðrænir húmanistar*

Félagið Siðmennt hefur verið talsvert í sviðsljósinu vegna gagnrýni þess á Vinaleið og sálgæslu Þjóðkirkjunnar í grunnskólum landsins. Sigurður Hólm Gunnarsson er talsmaður félagsins.

**Hvað er Siðmennt?**
Siðmennt er félag siðrænna húmanista á Íslandi og var formlega stofnað árið 1990. Þetta eru lífsskoðunarsamtök sem byggja skoðun sína á gagnrýnni hugsun og vísindalegum aðferðum.

**Hvert er markmið félagsins?**
Markmið félagsins er að efla umræðu um húmanisma, mannréttindi, trúfrelsi og bjóða upp á borgaralegar athafnir á borð við útfarir, nafngiftir, fermingar og þessar félagslegu athafnir sem trúfélög bjóða oftast upp á. Þetta er valmöguleiki þeirra sem ekki telja sig trúaða eða standa utan trúfélaga.

**Ætlið þið kannski að bjóða upp á sálgæslu líka?**
Nei, við teljum að hvers kyns áróður eigi ekki heima í skólum. Nokkrir kennarar hafa hins vegar beðið okkur um að koma í skólana en það hefur iðulega verið tekið fyrir það af skólastjórunum.




# Einingarhamurinn hristur af

**Um 200.000 skráðir meðlimir franska Sósíalistaflokksins ganga í dag að kjörborðinu til að velja frambjóðanda flokksins í forsetakosningunum í vor. Á lokaspretti baráttunnar milli keppinautanna þriggja hristu þeir af sér einingarhaminn og fóru að beina spjótum hver að öðrum.**




**FREMST Í KÖNNUNUM** Segolene Royal í hópi stuðningsmanna á kosningafundi í Aiffres, nærri Niort í Suðvestur-Frakklandi á þriðjudag. Á borðanum stendur: „Fyrir okkur er það hún.“ FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Segolene Royal, sem notið hefur mikils fylgisforskots í skoðanakönnunum, sakaði karlkyns keppinauta sína um karlrembu. Stuðningsmenn Laurents Fabius, fyrrverandi forsætisráðherra og aldursforsetans í keppinautahópnum, vöruðu við hugsanlegu kosningasvindli. Og sterkur orðrómur komst á kreik um að þriðji keppinauturinn, Dominique Strauss-Kahn, hefði staðið á bak við að myndbandsupptaka af Royal á lokuðum fundi í janúar gengur nú manna á milli í netheimum.

### Vaxandi klofningur

Það lítur út fyrir að klofningur í röðum Sósíalistaflokksins, aðalstjórnarandstöðuafls landsins, fari vaxandi nú þegar styttist í forsetakosningarnar í apríl. Flokkurinn hefur átt í forystuvanda alveg síðan Lionel Jospin, þáverandi forsætisráðherra, féll illa í forsetakosningunum fyrir fjórum árum. Endurtaki þær innanflokksdeilur sig, sem settu mark sitt á flokkinn þá, er hætt við að eins fari fyrir frambjóðanda flokksins að þessu sinni.

Frambjóðendurnir þrír reyndu að halda í ásýnd innanflokkseiningar í þeim sex skipulögðu kappræðum sem flokkurinn stóð fyrir. Sú gagnkvæma kurteisi sem þar var allsráðandi virtist gleymd á endaspretti baráttunnar síðustu daga.

Á mánudagskvöld réðst Royal gegn þeim sem hafa haldið því fram að hún hafi veigrað sér við að tjá sig um viss veigamikil mál. Andstæðingar Royal hafa viljað halda því fram að hún hafi of litla reynslu af ríkisstjórnarábyrgð til að vera treyst fyrir því að stjórna þungavigtarríki sem ræður yfir kjarnorkuvopnum. Slíkum aðdróttunum hefur Royal svarað með því að segja að þessir gagnrýnendur hennar hafi „frekar karlrembulega hugmynd um valdið, sem felst í því að álíta að það að víkja sé að tapa manndóminum“. „Ég væri fær um að aðlaga mig án þess að tapa manndómnum,“ tjáði hún stuðningsmönnum á kosningafundi í París.

Hún lýsti því hvernig hún hefði sem umhverfisráðherra farið á fund Strauss-Kahn árið 1992, þegar hann var iðnaðarráðherra í sömu stjórn, með tillögur um umhverfismál í kjölfar alþjóðlegs leiðtogafundar um umhverfismál. Hann hefði þá svarað: „Þetta er allt efni fyrir stelpur, það er ekki mikilvægt.“

### Ávítur fyrir karlrembu

Hún ávítti karlkeppinauta sína fyrir fleiri karlrembuummæli. Eftir Fabius er haft að hann hafi spurt: „En hver annast þá um börnin?“ eftir að framboð hennar kom til tals, en hún er fjögurra barna móðir og býr með Francois Hollande, formanni flokksins. Og Strauss-Kahn er sagður hafa sagt: „Henni væri nær að vera heima.“

Í lok síðustu viku færðist slagurinn síðan inn á netið, er myndband skaut þar upp kollinum, þar sem Royal sést tala á lokuðum fundi í janúar síðastliðnum. Í upptökubútnum heyrist hún segja að það ætti að tvöfalda vinnutíma kennara, en kennarar eru hefðbundið kjarnafylgi sósíalista. Royal segir sjálf að ummælin séu rifin úr samhengi.

Í frönsku pressunni er líkum leitt að því að stuðningsmenn Strauss-Kahn standi á bak við dreifingu myndbandsbútsins, en hann skaut upp kollinum daginn eftir að síðustu skipulögðu kappræðunum lauk, en Strauss-Kahn þótti ekki koma vel út úr þeim.

### Royal ótrú flokkslínunni

Fabius og Strauss-Kahn hafa beint spjótum sínum fyrst og fremst að Royal, enda hafa vinsældir hennar meðal almennings og viðhorf sem stangast á við hina hefðbundnu flokkslínu valdið kurr í röðum „flokkseigendafélagsins“.

Liðsmenn Fabius hafa líka varað við kosningasvikum. Þeir neituðu að viðurkenna félagatal úr einni héraðsdeild flokksins og létu að því liggja að falsaðir listar kæmu Royal til góða.

En þótt allar skoðanakannanir sýni mikið fylgisforskot Royal á landsvísu – hún fékk 58% fylgi í könnun Ifop sem gerð var um helgina meðal stuðningsmanna sósíalistaflokksins, Strauss-Kahn 32 prósent og Fabius 10 prósent – gera forvalsreglur flokksins það að verkum að erfitt er að spá fyrir um úrslitin. Það eru aðeins skráðir meðlimir flokksins, um það bil 200.000 að tölu, sem hafa rétt til að greiða atkvæði, en sérfræðingar segja að þessi flokksholli kjarni sé hliðhollari Fabius og andstæðari Royal en franskur almenningur.

### Harður slagur fram undan

Sá sem ber sigur úr býtum mun eiga harðan slag fyrir höndum við aðalframbjóðanda hægrimanna, en flestir búast við að það verði innanríkisráðherrann Nicolas Sarkozy, jafnvel þótt eiginkona Jacques Chiracs, núverandi forseta, hafi látið þau boð út berast í gær að karl sinn væri „stálsleginn“ og enn að íhuga að sækjast eftir endurkjöri, þriðja kjörtímabilið í röð.

### Þau keppa um útnefninguna




**Ségolène Royal, 53 ára:** Var ráðherra mennta-, fjölskyldu- og umhverfismála í forsetatíð Francois Mitterands

- Leggur til ögunarbúðir fyrir vandræðaunglinga og meira frelsi fyrir foreldra til að velja skóla fyrir börn sín
- **Kennir umdeildri löggjöf um 35 stunda vinnuviku um að réttindum verst settu launþeganna hefur hrakað**
- Telur að fyrirtækjum sem hafa þegið ríkisstyrki skuli vera bannað að flytja störf úr landi
- Vill mengunarskatt á flugfélög




**Dominique Strauss-Kahn, 57 ára:** Fyrrv. fjármálaráðherra – lítur á sig sem róttækan umbótasinna

- Leggur til að fyrirtækjum skuli umbunað skattalega fyrir að langtímaráða fólk
- **Styður ókeypis heilbrigðisþjónustu þar til skylduskólagöngu sleppir**
- Vill að öll ungmenni undirgangist hálfs árs þegnskylduvinnu
- **Styður lögleiðingu hjónabands samkynhneigðra og rétt samkynhneigðra para til ættleiðinga**




**Laurent Fabius, 60 ára:** Fyrrv. forsætisráðherra – er talinn lengst til vinstri af frambjóðendunum

- Leggur til að 35-stunda vinnuvikan verði gerð að skyldu í öllum atvinnugreinum og að lágmarkslaun hækki í 1.500€ á mán.
- **Barðist gegn samþykkt stjórnarskrársáttmála ESB í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2005; er andvígur aðild Tyrklands**
- Vill endurþjóðnýta raforkufyrirtækið EDF
- Vill að konur verði jafnmargar körlum í ríkisstjórninni

*skv. skoðanakönnun CSA-stofnunarinnar meðal kjósenda Sósíalistaflokksins 12. nóv.

© GRAPHIC NEWS Myndir: Associated Press



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

# STÓRSÝNING ATVINNUTÆKJA

Í tilefni þess að eitt ár er liðið frá því að Vélaver flutti í nýtt húsnæði að Krókhálsi 16 verður stórsýning á því nýjasta í atvinnutækjum á Íslandi.

**Sýningin er opin kl.10-15 n.k. laugardag, 18. nóvember**

Í salnum verða allt að 40 tæki til sýnis, breið lína af JCB vinnuvélum, Iveco Trakker verktakatrukkurinn, Nýi Daily 7 manna vinnuflokkabíllinn, Still lyftara og ýmsir aukahlutir ásamt rekstrarvörum frá okkar helstu birgjum. Einnig verður til sýnis nýtt þjónustuverkstæði okkar.

JCB®



IVECO



WEIDEMANN

STILL




VÉLAVER HF

Krókhálsi 16 • Reykjavík **VÉLAVER HF** sími 588 2600 • www.velaver.is


Frosin ýsuflök
með roði og beini
FROSIN ÝSUFLÖK MEÐ ROÐI: KÍLÓVERÐ
399 KR.
Sjáðu verðið!
ROÐ- OG BEINLAUS ÝSA
KÍLÓVERÐ NÚ:
595 KR.
Merkt verð 699KR.
Frosnir Bónus ýsubitar
roðlausir og beinlausir
Hér koma
Ýsunaggar í raspi
Frosnir ýsunaggar í raspi
KÍLÓVERÐ NÚ:
595 KR.
Merkt verð 699KR.
40% afsláttur
við kassann
Sex pítubrauð
6 ES pítubrauð PAKKAVERÐ NÚ:
59 KR.
Merkt verð 98KR.
FERSKT BLANDAÐ HAKK
KÍLÓVERÐ NÚ:
489 KR.
Merkt verð 698KR.
Ferskt blandað hakk
Ljósapýramídar
fyrir jólaskapið!
30 sm hár
1299 KR.
45 sm hár
1599 KR.
60 sm hár
1899 KR.
Sjáðu verðið!
50% afsláttur
við kassann
50% afsláttur
af jólagjafapappír!
2 diskar - sérútgáfa
HELGARMYNDBANDIÐ:
1798 KR.
Rækja
1 kíló
BÚHNYKKS RÆKJA
KÍLÓVERÐ:
598 KR.
Sjáðu verðið!
RÚÐUSKAFA
198 KR.
Góð fjárfesting í frostinu

# Bónustilboðin!

Súpukjöt
I. flokkur

...fyrir góðan dag! KS

LAMBASÚPUKJÖT
kílóverð nú:
399 KR.
Merkt verð 499 KR.

2 lítrar
89 KR.
7up FREE

Einiberja
lambalæri

30%
afsláttur
við kassann

KF einiberja
KÍLÓVERÐ NÚ:
1299 KR.
Merkt verð 1855 KR.

Bónus býður betur!

...fyrir góðan dag! KS

EKKERT BRUÐL

LAMBASVIÐ
kílóverð nú:
299 KR.
Merkt verð 399 KR.

KS lambasvið

600g
398 KR.
MYLLU JÓLATERTA

Fulleldaðir kjúklingavængir
Klárir á grillið

Eldaðir MÓA kjúklingavængir
KÍLÓVERÐ NÚ:
395 KR.
Merkt verð 659 KR.

40%
afsláttur
við kassann

Gott í kvöld!

Myllu jólatertur
3 tegundir

APPELSÍNUSAFI
129 KR.
TRÓPÍ 1 LÍTRI

125 ml
29 KR.
Soja hristingur

Soya Shake
Banana- súkkulaði- og jarðarberjahristingur

www.bonus.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## Útgjöldin

> Verð af kíló af kjötfarsi í krónum




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur

*hagur heimilanna*

NEYTANDINN: ILMUR MARÍA STEFÁNSDÓTTIR MYNDLISTARMAÐUR

## *Hrærivélin entist í fimm mínútur*



„Ég hugsa að verstu kaupin sem ég hef gert hafi verið þegar ég keypti hrærivél á 3.000 krónur í Góða hirðinum. Hrærivélin entist í fimm mínútur en hana keypti ég í þeim óhefðbunda tilgangi að láta hana rugga ruggustól á myndlistarsýningu sem ég hélt. Ég fékk hrærivélina ekki endurgreidda og þurfti því að splæsa í aðra sem gerði sitt gagn.“

Ilmur segist vera frekar nýtin og hafi gert mörg góð kaup í Góða hirðinum. „Ætli ég hafi ekki líka gert mín bestu kaup þar en það var Nilfisk-ryksuga sem ég keypti á 1.500 krónur og hún endist mér enn. Það má segja að ég kaupi notað og nýtt í bland, alveg sama hvort það eru föt, húsgögn eða annað. Þá fæ ég líka mikið af gefins fötum á krakkana sem ég er mjög þakklát fyrir.“

Ilmur heldur áfram að rifja upp slæm kaup og minnist þá Volvo-bifreiðar sem hún keypti á 300.000 krónur. „Bíllinn fór ekki í gang á bílasölunni en ég ákvað að kaupa hann engu að síður. Bíllinn entist í sex mánuði en var aldrei neinn kostagripur. Þegar hann drap á sér á fjölförnum gatnamótum hér í bæ ákvað ég loksins að kaupa mér annan bíl.“

Ilmur segist vera veikust fyrir öllu því sem hægt er að kaupa í Byko eins og verkfærum og tækjum. „Þar hef ég keypt hrærivélar, hárþurrkur og fleira dót sem ég hef þurft að nota í myndlistina.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### ENGIFER VIÐ ÓGLEÐI

*■ Kristrún Heimisdóttir lögfræðingur segir að hún viti sem gömul fótboltakona að það sé gott ráð að fara í fótboltaskóm í bað því þannig aðlagist þeir fyrr að fætinum.*



„Ég hef komist að því að engifer er gott ráð við ógleði bæði hjá börnum og fullorðnum. Ég set engiferrót eða smáslettu af engiferkryddi út í vatn og þetta ráð slær á vægan flökurleika.“ Kristrún segir að þau húsráð sem hún noti hafi hún lært af móður sinni og ömmu. „Besta ráðið til að búa til góða eggjaköku er að hafa pönnuna logandi heita þegar eggin eru sett á hana. Þá verður kakan bæði stökkari og betri.“

■ **Dýrast/ódýrast**

## Mánaðarkort í líkamsrækt



Þá er ekki nema rúmur mánuður til jóla og því upplagt að gera viðeigandi ráðstafanir. Til að vera með forgjöf á þessi 2-3 kíló sem eflaust bætast við um hátíðarnar væri allt annað en vitlaust að taka nú stífa rispu á líkamsræktarstöð. Dýrasti möguleikinn er að kaupa aðgang að Baðstofunni í World Class í Laugum. Mánaðarkort kostar 23.500 krónur. Innifalið er aðgangur að fyrsta flokks fimm stjörnu heilsulind með baðstofu að evrópskri fyrirmynd þar sem slökunar- og lækningamáttur vatnsins er í hávegum hafður. Æfingaaðstaðan er hins vegar sú sama og hjá þeim sem fara í venjulegar sturtur og fá mánaðarkortið á 9.200 krónur. Ódýrasta mánaðarkort landsins er hjá Gym 80 á Suðurlandsbraut. Það kostar 4.900 krónur og því má vera í tæplega fimm mánuði þar fyrir einn í Baðstofu World Class.

■ **Innköllun:**

## Gallaðir leikfangalyklar



Icepharma auglýsir eftir leikfangalyklum af gerðinni „Shake 'n Jingle Keys“ frá fyrirtækinu The First Years. Ástæða innköllunarinnar er vegna galla í kippu, þar sem hætta er á að litaða takkastykkið bresti. Þeir sem keypt hafa lyklana á tímabilinu ágúst 2005 til október 2006 eru beðnir um að taka lyklana úr notkun og skila á næsta sölustað eða senda til Icepharma, Lynghálsi 13, 110 Rvk., ásamt nafni og heimilisfangi svo hægt sé að bæta þeim vöruna.

■ **Ikea fær nágranna:**

## Stærsta raftækjaverslun landsins



Raftækjaverslunin MAX verður opnuð laugardaginn 18. nóvember klukkan 11.00. Að sögn Einars Ólafs Speight, rekstarstjóra MAX, verður MAX stærsta raftækjaverslun landsins, vöruvalið hvergi meira og verðið í „algjörum botni“. MAX er til húsa í nýju verslunarhúsnæði við Kauptún 1 í Garðabæ þar sem Ikea hefur nú hreiðrað um sig. Boðið verður upp á nánast allt sem hugurinn girnist í raftækjum, frá eggjasuðum til flatskjáa. Í tilefni af opnun verslunarinnar býður MAX upp á ýmis tilboð.



**JÓLAHLAÐBORÐ** Það eru margir sem gæða sér á lystisemdum jólahlaðborðanna á aðventunni.

# Jólahlaðborðin eru forleikur jólanna

**Jólin nálgast óðfluga og einn af mörgum fylgifiskum þeirra eru jólahlaðborðin. Enginn er maður með mönnum nema hann komist að minnsta kosti á eitt jólahlaðborð og þeim hefur fjölgað mikið á undanförnum árum.**



**KOKKUR Í PERLUNNI** Sker steikina ofan í gesti.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Borðin svigna og menn þurfa að hneppa frá. Þeir séðustu undirbúa sig í nokkra daga á undan til að koma nú sem mestu af góðgætinu ofan í sig. Lax, hreindýrapaté, síld, hangikjöt, skinka, rifjasteik, gæsa- og kjúklingabringa, rís a la mand, triffle, súkkulaðikaka … Jólahlaðborðin eru forleikur jólanna, veisla á undan veislunni.

Fjölmargir staðir bjóða upp á jólahlaðborð og hér að neðan má sjá lista yfir 29 staði. Þetta er þó síður en svo tæmandi listi. Kræsingarnar eru misdýrar, en í verðinu einu og sér er ekki hægt að taka tillit til gæða eða skemmtunar sem fylgir með verðinu einu og sér. Verði þér að góðu!

### JÓLAHLAÐBORÐIN Í ÁR

| VEITINGASTAÐUR: | VERÐ Á MANN: | ANNAÐ: |
|---|---|---|
| Argentína | 6.250 (5.250 sunnudaga til miðvikudaga) | Amerísk kalkúnaveisla. |
| Bautinn, Akureyri | 3.850 | |
| Básinn, Ingólfsskáli | 5.200 | |
| Bláa lónið | 4.950 | Aðgangur í lónið innifalinn. |
| Broadway | 6.500/6.000 á föstudögum 6.900/6.500 á laugardögum | Tína Turner tribute og ball. |
| Café Ópera | 5.500 | |
| Carpe Diem | 4.900 | |
| Fjörukráin | 5.300 | Innifalið er Grýluglögg. |
| Gullhamrar | 6.800 | |
| Hereford steikhús | 5.500 (4.900 á fimmtudögum og sunnudögum) | |
| Hótel Geysir | 4.950 | Ball með hljómsveitinni Karma um helgar. |
| Hótel Hamar, Borgarnesi | 6.800 | Með fordrykk. |
| Hótel Loftleiðir | 4.900 (á virkum dögum), 5.300 um helgar. | |
| Hótel Ólafsvík | 4.900 (7.500 með gistingu) | |
| Hótel Saga, Skrúður | 5.200 | |
| Hótel Saga, Súlnasalur | 6.900 (á föstudögum) 7.400 (á laugardögum) | Skemmtiatriði og ball. |
| Hótel Selfoss | 4.600 (8.990 með gistingu) | |
| Hótel Valhöll, Þingvöllum | 6.200 | |
| Kaffi Paradís, Munaðarnesi | 5.500 | |
| Kaffi Reykjavík | 4.200 | |
| Nordica Hótel | 6.300 | KK og Ellen spila um helgar. |
| Perlan | 6.250 (5.250 mánudaga og þriðjudaga) | |
| Rauða húsið, Eyrarbakka | 5.500 | |
| Rauðará | 5.500 | |
| Ráin, Keflavík | 5.990 | Skemmtidagskrá og ball. |
| Siggi Hall | 6.200 | |
| Skíðaskálinn í Hveradölum | 6.900 | Rútuferðir, skemmtiatriði og ball. |
| Tíminn og vatnið, Borgarfirði | 4.900 | Skemmtiatriði innifalið. |
| Viðeyjarstofa | 6.250 | Lifandi tónlist innifalin. |

Þegar gæðin skipta máli
Lotus Professional borðpappírsvörur

Til hátíðabrigða

Í verslun RV að Réttarhálsi eru nú á tilboði Lotus LinStyle dúkar og servíettur í mörgum litum. Einnig eru á tilboði ýmsar gerðir af servíettum, diskamottum og „löberum“ með jólamynstri.

Takmarkað magn er í boði af sumum jólavarningi. Fyrstur kemur fyrstur fær.




Halldór Sigdórsson
aðstoðarverslunarstjóri hjá RV

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6219A



# SÉR TILBOÐ!

Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Verð frá kr. 15.900

# STURTUHLÍFAR á baðkör

glæsileg útlit og margar gerðir



Classico
OV2
tvískipt 120 x hæð 140
þrískipt 125 x hæð 140



HVI-76 og HVI-85
lengd 76 hæð 130
lengd 85 hæð 140



CV2 tvískipt
lengd 85 hæð 140



CV3 þrískipt
lengd 125 hæð 140

# STURTUKLEFAR



Sturtuklefi rúnaður
120 x 80



Sturtuklefi rúnaður
80x80
90x90



Sturtuklefi hornréttur
80x80
90x90

Krómaður álrammi
5 mm rammalaust öryggisgler
Botn + vatnslás fylgja

Verð frá kr. 27.900

kynntu þér úrvalið á www.i-t.is
eða komdu í verslun okkar í Ármúla 31

INNRÉTTINGAR & TÆKI
www.i-t.is - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.304 **+0,47%** **Fjöldi viðskipta:** 407 **Velta:** 16.707 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Marel** | 1,91% | **Mosaic Fashions** | 1,18% |
| **Landsbanki** | 1,91% | **Atlantic Petrole.** | 1,01% |
| **Actavis** | 0,77% | **Glitnir** | 0,45% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 65,50 +0,77% ... Alfesca 5,02 +0,40% ... Atlantic Petroleum 586,00 -1,01% ... Atorka 6,36 +0,63% ... Avion 32,20 +0,31% ... Bakkavör 59,80 -0,17% ... Dagsbrún 4,58 -0,44% ... FL Group 22,80 -0,44% ... Glitnir 22,30 -0,45% ... Kaupþing 831,00 +0,61% ... Landsbankinn 26,70 +1,91% ... Marel 80,00 +1,91% ... Mosaic Fashions 16,80 -1,18% ... Straumur-Burðarás 17,40 +0,58% ... Össur 113,50 -0,44%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Ævintýraleg hækkun hlutabréfa**

Hækkun hlutabréfa í fyrra var jafnmikil og nam öllum launum og launatengdum gjöldum sama ár. Þetta er meðal þess sem fram kom í erindi Gylfa Magnússonar, dósents við viðskipta- og hagfræðideild Háskólans, í gær þegar hann kynnti rannsóknir á íslenska hlutabréfamarkaðnum. Hann segir vöxt markaðarins ævintýralegan, ekki síst í ljósi þess að hér vorum við heilli öld seinna á ferðinni en á hinum Norðurlöndunum.



Gylfi vinnur að því að taka saman rannsóknirnar og verða þær gefnar út á bók á fyrri hluta næsta árs, og aðgengilegar á einum stað í fyrsta sinn. Margar hverjar eru þetta óaðgengilegar rannsóknir, svo sem lokaverkefni og námsritgerðir, þannig að ritið verður væntanlega mjög forvitnilegt.

**Engin mistök í sjávarútvegsráðuneyti**

Í sjávarútvegsráðuneytinu glöddust menn lítt yfir niðurstöðum sem Þórólfur Matthíasson prófessor komst að í grein sinni í nýjasta hefti Vísbendingar um að mistök í ráðuneytinu við útreikning veiðigjalds hefðu kostað ríkið yfir 214 milljónir króna. Enda tóku aðrir miðlar upp niðurstöðuna og birtu. Í athugasemd á vef ráðuneytisins er bent á að forsendurnar sem prófessorinn gefur sér séu rangar. Í lögum um stjórn fiskveiða sé nefnilega kveðið á um hvernig veiðigjaldið skuli út reiknað og við hvað skuli miðað, svo sem verð gasolíu á Rotterdam-markaði og eftir fyrirmælum löggjafans hefur ráðuneytið starfað.



## MARKAÐSPUNKTAR

Eyrir fjárfestingarfélag, sem er kjölfestuhluthafi í Marel, jók við hlut sinn í félaginu í gær. Hlutirnir voru keyptir á genginu 79,51, en gengi í nýlegu hlutafjárútboði var 74.

Samkvæmt tölum frá Seðlabanka Íslands nam kortavelta í október alls 54,1 mö.kr. sem er um 1,8 prósenta minnkun frá septembermánuði. Miðað við sama mánuð í fyrra dregst kortaveltan saman um 2,8 prósent að raunvirði.

Krónan lækkaði í gær um 0,47 prósent, en hún hefur verið að lækka undanfarna daga. Gengi dollara er komið yfir 70 krónur og evran er um 90 krónur.

# Icelandair skilaði fjórum milljörðum

### Stefnt að skráningu félagsins sjötta desember.

Hagnaður Icelandair Group, sem stefnt verður á að skrá í Kauphöll Íslands hinn 6. desember, nam rúmum þremur milljörðum króna fyrir skatta á þriðja ársfjórðungi og tæpum fjórum milljörðum króna fyrir skatta á fyrstu níu mánuðum ársins.

Jón Karl Ólafsson, forstjóri félagsins, segir að þetta sé einn besti árangur í sögu þess. Afkoma stærstu einingarinnar, millilandaflugsins, hefur verið góð þrátt fyrir tveggja milljarða hækkun á eldsneytisverði á árinu.

Rekstrartekjur félagsins voru 43,6 milljarðar króna á fyrstu níu mánuðunum og hækkuðu um 8,2 milljarða króna á milli ára eða sem svarar 23 prósenta aukningu.

Rekstrarhagnaður eftir afskriftir (EBIT) nam 3,8 milljörðum króna og hækkaði um einn milljarð á milli ára.

Eignir Icelandair Group stóðu í 67,9 milljörðum króna í lok september og höfðu hækkað um 5,6 prósent frá áramótum. Eigið fé var 23,4 milljarðar og hafði hækkað um rúman fimmtung frá ársbyrjun. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar nemur því 34,4 prósentum.

Icelandair var í eigu FL Group á fyrstu níu mánuðum ársins en var síðar selt til hóps fjárfesta og Glitnis fyrir alls 43 milljarða króna. Glitnir mun selja bréf áfram, meðal annars til almennra fjárfesta. **- eþa**

# Stork lýsir eindregnum áhuga á að kaupa Marel

**Sjord Vollebrecht, forstjóri fyrirtækjasamstæðunnar Stork N.V. í Hollandi, lýsti í viðtali við Het Financieele Dagblad í gær áhuga á því að kaupa íslenska matvælavinnsluvélaframleiðandann Marel. Búist er við að formlegar viðræður fari fljótlega í gang.**



**VIÐ KAUPIN Á SCANVÆGT** Marel er sagt hafa orðið einn ákjósanlegasti samrunakosturinn á markaði matvælavinnsluvélaframleiðenda eftir kaupin á Scanvægt í ágúst. Hér sjást Hörður Arnarson, forstjóri Marels, og Lars Gruntvig, fyrrv. stjórnarformaður Scanvægt, handsala kaupin.

Formlegar viðræður Marels og hollensku fyrirtækjasamstæðunnar Stork um samruna Marels og Stork Food Service gætu hafist innan tíðar. Félögin hafa hingað til einungis átt í óformlegum viðræðum og vill hvor um sig eignast hinn.

Innan Stork hefur verið deilt þar sem stjórn samstæðunnar hefur sett sig upp á móti samþykkt hluthafafundar um að skipta félaginu upp og einbeita sér að kjarnastarfsemi þess sem er í flugvélaiðnaði. Það myndi þýða að seldur yrði frá samstæðunni matvælavinnsluvélahlutinn.

Stork hefur áhuga á að efla mjög vöxt sinn og gera það hratt að því er hollenska viðskiptablaðið hafði í gær eftir Sjord Vollebrecht, forstjóra Stork. Þessu markmiði á að ná með stórum kaupum, en ólíkt því sem hluthafarnir Paulson og Centaurus, bandarískir fjárfestingasjóðir, sem saman fara með um 32 prósenta hlut í fyrirtækinu vilja, vill Vollebrecht fara þessa leið í allri starfsemi félagsins, ekki bara kjarnastarfseminni, flugvélaiðnaði. „Þörfin fyrir vöxt er jafnsterk í Food Systems og tækniþjónustuhlutanum,“ sagði hann við blaðið og staðfesti áhuga félagsins á Marel.

Í ljósi þess að forstjórinn hefur með þessum hætti lýst áhuga á því að kaupa Marel er líklegt að félögin taki fljótlega upp formlegar viðræður. Óvíst er svo hvað út úr þeim kemur, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þykir heldur líklegra að niðurstaðan verði sú að Marel kaupi Stork Food Systems þar sem Stork sé ekki tilbúið að greiða jafnhátt verð fyrir Marel og Marel er tilbúið að reiða af hendi fyrir Stork. Félagið hefur enda nýlokið hlutafjáraukningu gagngert í þeim tilgangi að fara út í frekari fyrirtækjakaup.

Á sama tíma og þessi umræða fer fram greinir Financal Times frá því að fjárfestingasjóðirnir Paulson og Centaurus hugleiði að lögsækja framkvæmdastjórn Stork fyrir að fara ekki að vilja meirihlutafundar hluthafa í októberbyrjun um að skipta upp félaginu og selja frá því jaðarstarfsemi. Heimildarmaður blaðsins sem stendur stjórn Stork nærri segir að þar innandyra telji menn sjóðina ekki líklega til að fara með sigur af hólmi í slíkum málaferlum og gætu jafnvel lent í að þurfa að selja hlut sinn í samstæðunni.

Verði af samruna Marels og Stork Food Systems, sem metinn hefur verið á um 25 milljarða króna, tvöfaldast Marel að stærð og verður stærsta fyrirtæki heims á sínu sviði. Núna er Marel meðal fjögurra stærstu, en hvert um sig er með um 8 prósenta markaðshlutdeild.

Marel og Stork Food Systems eru bæði með um tíu prósenta rekstrarhagnaði (EBIT) af veltu og velta hvort um sig um 300 milljónum evra á ári, eða sem nemur um 27 milljörðum íslenskra króna. Þá starfa félögin á ólíkum sviðum matvælavinnslugeirans og því mikil samlegðaráhrif sem hægt væri að ná fram með samruna þeirra. **olikr@frettabladid.is**

Síðan 1936
Rainbow
RainMate
NÝTT NÝTT



enginn filter
A Breath of Fresh Air from Rainbow
frí heimsending

**Sjálfstætt lofthreinsi og rakatæki**

Hreinsar loftið í gegnum vatn og gefur frá sér raka. Margar teg. ilmefna. Einnig lyktareyðir sem fjarlægir t.d. tóbakslykt og matarlykt

**Hrein þjónusta ehf**
Dalbraut 3, 105 Rvk
897 2800 - 567 7773

# Rekstur Árvakurs fer batnandi

Árvakur, útgáfufélag Morgunblaðsins, hefur lokið við sölu á nýju hlutafé fyrir hálfan milljarð króna til að styrkja félagið.

Stefán P. Eggertsson, stjórnarformaður Árvakurs, segir að rekstur félagsins það sem af er ári sé betri en í fyrra þegar það tapaði 187 milljónum króna. Samt sem áður þurfi að gera betur á næsta ári. Unnið hafi verið ötullega að því að laga til í rekstri Árvakurs en aðgerðir, sem ráðist er í, skili sér ekki strax.

Allir þáverandi hluthafar félagsins nýttu sér forkaupsrétt að hlutafénu. Breytingar hafa orðið á hluthafahópnum er Ólafsfell, félag Björgólfs Guðmundssonar, stjórnarformanns Landsbankans, eignaðist átta prósenta hlut af Leifi Sveinssyni.

Á hluthafafundi í síðustu viku tók Steingrímur Pétursson, fyrrverandi fjármálastjóri Avion, sæti í stjórn Árvakurs af Halldóri Þ. Halldórssyni og Ragnhildur Geirsdóttir tók við starfi varaformanns stjórnar af Kristni Björnssyni. Stefán verður eftir sem áður stjórnarformaður félagsins.

Árvakur heldur utan um helming hlutafjár í Ár og degi, útgáfufélagi Blaðsins. Fyrir skemmstu var hlutafé Blaðsins aukið og voninast Stefán að ekki þurfi meira til í þeim efnum. Með aukinni dreifingu hafi Blaðinu vaxið fiskur um hrygg. **- eþa**

**HLUTHAFAR Í ÁRVAKRI, ÚTGÁFUFÉLAGI MORGUNBLAÐSINS**

| | | |
|---|---|---|
| Útgáfufélagið Valtýr hf. | 21,0% | (1) |
| Forsíða ehf. | 16,7% | (2) |
| MGM ehf. | 16,7% | (3) |
| Garðar Gíslason ehf. | 12,7% | |
| Fsv. media ehf. | 8,8% | (4) |
| Björn Hallgrímsson ehf. | 8,0% | |
| Erna ehf. | 8,0% | (5) |
| Ólafsfell ehf. | 8,0% | (6) |

1) Fjölskylda Stefáns P. Eggertssonar, stjórnarformanns Árvakurs
2) Ólafur Jóhann Ólafsson rithöfundur
3) Straumur-Burðarás
4) Félag í jafnri eigu Valtýs, Forsíðu og MGM
5) Kristinn Björnsson fjárfestir
6) Björgólfur Guðmundsson, stjórnarformaður Landsbankans

# IP-netið endurnýjað

Síminn hefur stækkað IP-net (internet protocol net) sitt verulega og býður nú enn öruggari og hraðari gagnaflutninga.

Í tilkynningu frá Símanum segir að eftir stækkunina sé netið mun öflugra og geti borið meiri umferð en áður. Slíkt auki rekstraröryggi fyrirtækja til muna.



Þá segir ennfremur að vegna þeirra gífurlegu framfara sem átt hafi sér stað í fjarskiptum byggi fyrirtæki nú í auknum mæli afkomu sína á því að geta sótt og sent gögn sín hratt og örugglega. Þess vegna þarf netið að vera í stöðugri uppbyggingu og vænta má enn frekari stækkunar á IP-neti Símans á næstunni.

Algengt er að fyrirtæki endurnýi ekki símstöðvar sem úreldast heldur færi tal yfir á IP-netið. Það getur verið hagkvæmt því ekki þarf að ráða starfsmenn til þess að sjá um fjarskiptin heldur sjá sérfræðingar Símans um að reka kerfið og aðlaga það að starfsemi hvers fyrirtækis. Fyrirtækin geta í staðinn einbeitt sér að sinni kjarnastarfsemi, að því er segir í tilkynningu Símans.

- jab

# Ticket styrkist í viðskiptaferðum og skoðar fleiri yfirtökur

Sænska ferðaskrifstofukeðjan Ticket, sem er að fjórðungshluta í eigu Fons, hefur samið um kaup á 75 prósentum hlutafjár í MZ Travel, sænskri ferðaskrifstofukeðju sem sérhæfir sig í viðskiptaferðum. Ábyrgjast seljendur að aðrir hluthafar MZ selji einnig bréf sín.

Stjórnendur Ticket munu einnig vera að skoða kaup á fleiri fyrirtækjum á sviði ferðaþjónustu.

MZ Travel hefur vaxið gríðarlega hratt á undanförnum árum í sölu á ferðalögum fyrir viðskiptalífið en sala slíkra ferða er arðbærari en annarra ferðalaga. Greiðir Ticket 580 milljónir króna fyrir félagið en kaupverðið er að hluta til tengt rekstrarárangri MZ í ár og getur farið hæst í 750 milljónir króna. Velta MZ var um átta milljarðar króna í fyrra og skilaði félagið um fjörutíu milljóna króna hagnaði.

Gert er ráð fyrir að sameiginleg velta fyrirtækjanna nemi 45-55 milljörðum króna á þessu ári og hagnaður verði um eitt prósent af veltu eða tæpur hálfur milljarður króna.

Kaupin styrkja þau markmið stjórnenda Ticket að hlutfall



**PÁLMI HARALDSSON Í FONS** Ticket, sænska ferðaskrifstofukeðjan, vex með kaupum á MZ Travel. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

rekstrarhagnaðar fyrir afskriftir (EBITDA) verði um sjö prósent af veltu innan þriggja ára.

- eþa



**WINDOWS MOBILE-FARSÍMI** Vodafone býður nú viðskiptavinum upp á síma með Windows-stýrikerfi og möguleikum.

# Með Windows í gemsanum

Windows Mobile heitir ný lausn fyrir viðskiptavini Vodafone sem gerir þeim mögulegt að fá Windows-umhverfið í GSM síma. Með Windows Mobile er hægt með einföldum hætti að sækja tölvupóst, dagbók, tengiliða- og verkefnalista, auk þess að nota MSN í símtækinu.

„Sífellt fleiri farsímar búa orðið yfir Windows-umhverfi, til dæmis Qtek-farsímar, sem gerir fólki mögulegt að nota Office-hugbúnað á borð við Word, Excel eða Powerpoint. Notendur geta því flutt vinnuumhverfið sitt yfir í farsímann. Windows Mobile-farsímar eru einnig hefðbundnir GSM-símar með öllum þeim eiginleikum sem nútímafarsímar þurfa að hafa í dag og gott betur,“ segir Gísli Þorsteinsson upplýsingafulltrúi Vodafone.

Að sögn Gísla eru Windows Mobile-farsímarnir einstök samskiptatæki. „Með slíkum tækjum er hægt að hafa samband við samstarfsfólk, vini og ættingja á þann hátt sem hentar, hvort sem það er um tölvupóst, SMS, MSN eða MMS.“

- óká

# Metverð á fiskmarkaði

Metverð fékkst fyrir kíló af fiski á mörkuðum landsins í síðustu viku. 1.332 tonn af fiski voru í boði og var meðalverðið 176,57 krónur á kíló sem er 19,83 krónum meira en vikuna á undan. Meðalverðið fyrir fisk hefur aldrei verið hærra en nú.

Verðið hefur sveiflast nokkuð á fiskmörkuðum síðustu vikurnar en met var slegið á markaðnum fyrir nokkru. Til samanburðar voru 1.000 tonnum meira af fiski í boði á mörkuðunum fyrir hálfum mánuði. Meðalverð fyrir kíló af fiski þá lækkaði hins vegar um fimm prósent á milli vikna en var engu að síður í hærri kantinum. Líkt og í fyrri vikum var mest selt af ýsu á fiskmörkuðum í síðustu viku. Meðalverðið á slægðri ýsu var 158,34 krónur á kíló, sem er rúmum 3,3 krónum meira en í vikunni á undan.

Fiskifréttir vekja athygli á því að skarkoli og hlýri voru í þriðja og fjórða sæti yfir söluhæstu fisktegundir í boði í síðustu viku en slíkt gerist ekki



**RISAÞORSKUR** Líkt og í fyrri vikum var þorskur næstsöluhæsta fisktegundin á mörkuðum í síðustu viku.




# skoðun

greinar@frettabladid.is

Íslendingasögur í íslenskri þýðingu og „léttlestrar“ útgáfur á verkum nóbelsskáldsins:

## Goðsögn deyr

JÓN KALDAL SKRIFAR

A Innan örfárra ára, jafnvel strax á næsta ári, getum við átt von á Íslendingasögunum í íslenskri þýðingu. Hvað þýðir það? Jú, að sögurnar verði þýddar yfir á mál sem nútímafólki er tamt og skiljanlegt.

Þetta er tímanna tákn. Fyrir rétt ríflega 60 árum voru Halldór Laxness og Ragnar í Smára ásakaðir og síðar dæmdir fyrir að nauðga þjóðararfinum með því að gefa út Laxdælu og Hrafnkelssögu með nútímastafsetningu. Þó var breytingin ekki meiri en sú að skrifa til dæmis „ég“ í staðinn fyrir „ek“ og „það“ frekar en „þat“. Nú þykir sú nútímavæðing ekki duga lengur.

Halldór og Ragnar vildu á sínum tíma færa sögurnar til hins almenna lesanda, frá fornaldargrúskurum og textafræðingum. Sömu rök eru að baki þýðingum sagnanna nú. Þeir félagar voru á endanum sýknaðir og sjónarmið þeirra vann fullan sigur. Ekki þarf hins vegar mikla spádómsgáfu til að sjá fyrir að áætlanir um þýðingu Íslendingasagnanna yfir á nútímamál, verða umdeildar enda er með þeim í raun verið að leggja til grafar þá miklu goðsögn að Íslendingar nú á dögum eigi ekki í vandræðum með að lesa og skilja gamla texta á íslensku.

Enn stærri brestir koma í ljós á þessari goðsögn, sem íslensk tunga hefur hvílt á, þegar heyrast fréttir af því að innan skólakerfisins og innan veggja bókaútgáfa landsins er í fúlustu alvöru verið að skoða hvort ekki sé ástæða til að huga að sérstökum „léttlestrar“ útgáfum á verkum Halldórs sjálfs, því íslenskum framhaldsskólanemum gengur sífellt verr að glíma við verk nóbelsskáldsins í námi sínu.

Þetta er þó ekki allt og sumt því nýjar rannsóknir sýna að bóklestur barna og unglinga er á jöfnu og hröðu undanhaldi.

Vissulega eru þetta verðug íhugunarefni og áhyggjumál á Degi íslenskrar tungu; það þjóðarlíffæri hefur sjálfsagt sjaldan búið við jafn mikið tog og á okkar tímum.

En útlitið við sjóndeildarhringinn er þó langt í frá að vera alsvart. Hér skal því haldið fram fullum fetum að undanfarin tvö, þrjú ár hefur meira verið skrifað og lesið á íslensku en samtals í sögu þjóðarinnar árin þar á undan. Vel má vera að bóklestur sé á hverfandi hveli en gott vald á lestri og ritun hefur sjálfsagt aldrei verið mikilvægari en nú.

Ungir Íslendingar, og þeir sem eldri eru, hafa tekið í sína þjónustu af gríðarlegum krafti tölvupóst, sms, msn og blogg þar sem kílómetrar af orðum verða til á hverjum degi. Og alls staðar er fólk að lesa. Ekki bækur, enda eru þær ekki hið eina sanna heimili orða eins og stundum mætti halda,

Hvernig okkar ástkæra og ylhýra móðurmáli vegnar innan þessa nýja rafræna heims er allt annað mál. En eitt er víst, íslenskufræðingar hafa nóg af spennandi viðfangsefnum að glíma við, og rúmlega það. Til hamingju með daginn.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Kaldir stuðningsmenn

Össur Skarphéðinsson segist nú vera „saddur þungavigtardaga“ og sé farinn að líta á sig sem uppeldisfræðing fyrir komandi kynslóðir þingmanna Samfylkingarinnar. Það var samt tregafullur tónn í skrifum hans frá Kanada í fyrradag er hann sagði að reynsla stuðningsmanna hans og ráðgjafa myndi koma vel að notum við stefnumótun flokksins, „ef menn út af fyrir sig vildu“. Hann hefði „bestu ráðgjafa sem Samfylkingin á völ á í dag“. Fá Einar Karl Haraldsson, Hrafn Jökulsson og Óskar Guðmundsson ekkert að koma nálægt stefnumótun? Er stuðningsmönnum Össurar haldið algjörlega úti í kuldanum?



### Ríkisstjórnar-lúkkið

„Á velmektardögum þeirra Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar komst ljótleiki í tísku á íslandi. Þjóðin belgdist út af amerísku ofáti, fölnaði í framan af bíladellu og bjánalegum innisetum að hætti íbúa rauðu ríkjanna amerísku. Menn líktust æ meir þessum köppum tveim, urðu andlits-skvapaðir og fölir í framan. Ég nefndi þetta „ríkisstjórnar-lúkkið“,“ skrifar hinn skarpgreindi heimspekiprófessor Stefán Snævarr á heimasíðu sinni. Má þá ekki frekar biðja um prófessor-lúkkið?



### Háleitar hugsjónir

Hugsjónir Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, lifa góðu lífi innan núverandi stjórnar undir stjórn Erlu Óskar Ásgeirsdóttur formanns. Má greinilega merkja áherslubreytingu frá stjórnartíð Bolla Thoroddsen sem einkenndist af hugmyndafræðilegri flatneskju. Nú síðast mótmælti Heimdallur ríkisvæðingu Samskipta, ríkisrekstri fjölmiðla og minnti á mikilvægi eignarréttarins. Frjálshyggjumenn innan Sjálfstæðisflokksins ættu því að geta andað aðeins léttar.

bjorgvin@frettabladid.is

## Þrjár fallnar forsendur



ÞORVALDUR GYLFASON
Í DAG | Veldi Sjálfstæðisflokksins

Veldi Sjálfstæðisflokksins (1929-) hefur frá fyrstu tíð hvílt á þrem meginforsendum. Sjálfstæðisflokkurinn tók í fyrsta lagi eindregna afstöðu gegn Sovétríkjunum (1917-1991) og alræðisskipulagi þeirra og stillti sér upp sem höfuðandstæðingi Kommúnistaflokksins (1930-38), Sósíalistaflokksins (1938-68) og Alþýðubandalagsins (1956-). Í annan stað tók Sjálfstæðisflokkurinn sér stöðu gegn Sambandi íslenzkra samvinnufélaga (1910-1992) og kaupfélögunum og tefldi fram einkaframtaki í andstöðu við samvinnuhreyfingu að hætti Framsóknarflokksins (1916-). Í þriðja lagi hafnaði Sjálfstæðisflokkurinn stéttagrundvelli flokkaskiptingarinnar og höfðaði bæði til bænda og verkalýðs auk kaupsýslumanna og stórútgerðar. Sem launþegaflokkur stillti Sjálfstæðisflokkurinn sér að sumu leyti upp við hlið jafnaðarmanna í Alþýðuflokknum (1916-) og öðrum jafnaðarflokkum og varð stærsti flokkur landsins líkt og jafnaðarflokkar Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar urðu flokka stærstir í þeim löndum og eru það enn. Þrálát sundurþykkja og aðrar veilur meðal andstæðinga Sjálfstæðisflokksins styrktu einnig stöðu flokksins.

Þessar þrjár forsendur Sjálfstæðisflokksins eru nú allar fallnar. Sovétveldið hrundi 1989-91 og á sér nú enga formælendur. Áætlunarbúskapur í krafti einræðis eins og tíðkaðist í Sovétríkjunum er kominn á öskuhaugana. Einræði er einnig á undanhaldi um heiminn, en það lifir þó sums staðar enn í skjóli vopnavalds. Enginn stjórnmálaflokkur getur til lengdar byggt styrk sinn á andstöðu við fallinn óvin. Sambandsveldið hrundi um líkt leyti og Sovétríkin og sumpart af svipuðum ástæðum, það er að segja undan eigin þunga. Heilbrigðari markaðsbúskapur með jákvæðum raunvöxtum varð Sambandinu að falli, því að það hafði nær alla tíð nærzt á niðurgreiddum vöxtum, viðskiptahöftum og öðrum fylgifiskum þess markaðsfirrta búskaparlags, sem stjórnmálaflokkarnir báru allir sameiginlega en þó mismikla ábyrgð á. Þegar verðbólgan var loksins keyrð niður og jákvæðum raunvöxtum var komið á, svo að niðurgreitt lánsfé var ekki lengur í boði með gamla laginu, hlaut Sambandið að leggja upp laupana. Við þessi umskipti skapaðist að vísu nýr samvinnugrundvöllur handa Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum, og þeir hafa setið saman í ríkisstjórn síðan 1995. Sambandslaus hefur Framsóknarflokkurinn þó veikzt til muna og er nú varla svipur hjá

*Sjálfstæðisflokkurinn hefur teflt frá sér þeirri sérstöðu, sem fólst í gamla kjörorðinu „stétt með stétt“. Veldi hans er í uppnámi.*

sjón. Aðdráttarafl Sjálfstæðisflokksins hlýtur einnig að minnka gagnvart frjálslyndum kjósendum, sem kvíða því, að Búlgaría og Rúmenía gangi inn í Evrópusambandið eftir nokkra mánuði og loki á eftir sér, án þess að Sjálfstæðisflokkurinn sýni nokkur merki þess, að hann ætli að rakna úr rotinu, einn stórra evrópskra borgaraflokka. Ætli þeir séu enn að bíða eftir Albaníu? Samanlagt fylgi flokkanna tveggja, sem áratugum saman gátu reitt sig á tæpa tvo þriðju hluta atkvæða í kosningum, hefur dregizt svo saman, að það er nú komið niður í röskan helming – og stefnir niður fyrir helming í næstu alþingiskosningum, ef svo fer sem horfir.

Þriðja forsendan er einnig fallin. Sjálfstæðisflokkurinn er ekki lengur hálfgerður jafnaðarflokkur eins og hann var, þegar kjörorðið „stétt með stétt“ þótti hafa sannfærandi hljóm. Sjálfstæðisflokkurinn hefur breytzt í harðskeyttan ójafnaðarflokk. Um þetta má hafa margt til marks. Sjálfstæðisflokkurinn átti fulla aðild að og ber því fulla ábyrgð á þeim mikla ójöfnuði, sem endurgjaldslaus úthlutun aflakvóta bar með sér gegn háværum andmælum. Þetta hefur flokkurinn viðurkennt í reynd með því að leiða lítils háttar veiðigjald í lög eftir dúk og disk, en uppgjöfinni fylgir þó engin sýnileg iðrun eða yfirbót. Þvert á móti hefur Sjálfstæðisflokkurinn beinlínis beitt sér fyrir auknum ójöfnuði með því til dæmis að lækka skatta á fjármagnstekjur langt niður fyrir skatta á launatekjur. Nýjar tölur ríkisskattstjóra sýna, að ójöfnuður hefur aukizt mjög síðustu ár, meira og örar en dæmi eru um í nálægum löndum. Í þessu ljósi þarf að skoða ítrekaðar útistöður Sjálfstæðisflokksins við aldraða, öryrkja og aðra, sem höllum fæti standa, enda virðast eldri borgarar nú stefna að framboði til alþingis einir eða með öðrum gagngert til að fella ríkisstjórnina. Sjálfstæðisflokkurinn hefur teflt frá sér þeirri sérstöðu, sem fólst í gamla kjörorðinu „stétt með stétt“. Veldi hans er í uppnámi. Og herinn er farinn.

## Hæfasti einstaklingurinn kosinn?

UMRÆÐAN
Jafnréttismál



AUÐUR LILJA ERLINGSDÓTTIR

Kosningabaráttan er hafin og tími prófkjöranna er runninn upp. Sú umræða sem alltaf virðist fylgja prófkjörsbaráttu er á sínum stað. Umræðan um hvort það skipti máli að kjósa konur eða karla eða hvort markmiðið sé einfaldlega að kjósa hæfasta einstaklinginn óháð kyni.

Ég undrast alltaf þessa umræðu. Auðvitað eigum við að kjósa hæfasta fólkið eða öllu heldur það fólk sem við teljum hæfast. Satt best að segja þekki ég fáa sem kjósa konur eingöngu vegna þess að þær eru kvenkyns. Hins vegar þekki ég marga sem kjósa konur vegna þess að hlutur kvenna í stjórnmálum er of lítill og vegna þess að konur eiga erfiðara með að komast að í stjórnmálum en karlar.

Það sem ég undrast helst er að fólkið sem hefur hæst um að kjósa skuli hæfasta fólkið vill sjaldnast heyra minnst á kynjakvóta eða fléttulista. Fólkið sem segist eingöngu kjósa eftir hæfni einstaklinga hlýtur þá að telja að verri staða kvenna á listum endurspegli það að karlar séu hæfari en konur. Er ekkert athugavert við slíka niðurstöðu? Út frá henni má álykta að konur í Sjálfstæðisflokknum séu sérstaklega óhæfar í samanburði við karlana þar. Kjósendur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík settu til dæmis aðeins tvær konur í sæti sem geta talist örugg þingsæti á móti sjö körlum. Yfir þetta er svo reynt að breiða með fyrirsögninni 5 konur í 12 efstu sætunum! Það að stilla konum upp í neðri sæti lista mun ekki leiðrétta hlut kvenna á Alþingi. Þetta sést glögglega á því að í síðustu kosningum var hlutfall kvenkyns frambjóðenda um 42 prósent en hlutfall kvenna sem rataði inn á Alþingi talsvert lægra eða um 30 prósent.

Svo lengi sem ekki er gengið út frá þeirri forsendu að konur séu ekki jafn hæfar og karlmenn hljótum við að velta fyrir okkar hvort að það sé ekki eitthvað að kerfinu sem notast er við þegar frambjóðendur eru valdir, þ.e. prófkjörunum, og í raun virðist uppstilling ekkert vera betri hvað þetta varðar. Það er aðeins eitt sem dugar. Það er það að stjórnmálaflokkar taki sér tak og setji reglur til að tryggja jafnt kynjahlutfall á framboðslistum sínum. Ekki eingöngu á neðri hluta framboðslistans, einnig í efstu sæti.

Konur eru jafn hæfar körlum og eiga þessa meðferð ekki skilið.

*Höfundur er formaður Ungra vinstri grænna (UVG).*

# Kaupmáttur eftir skatta og eldri borgarar

**UMRÆÐAN**
Lífskjör

Eins og fram kom í síðustu grein hafa skattar á lægri tekjur allt frá árinu 1988 hækkað mikið vegna þess að skattleysismörkin hafa setið eftir að raungildi. Þannig greiðir sá sem nú hefur 110 þús kr. í tekjur á mánuði 10,3 prósent af þeim í tekjuskatta en hann greiddi ekki eina krónu í skatta af sambærilegum rauntekjum við upptöku staðgreiðslunnar. Hann greiðir því nú rúmlega 11.300 kr á mánuði í skatta en hann greiddi ekkert áður. Þetta er meira en heil mánaðarlaun á ári sem skattbyrði þyngist um.


ÓLAFUR ÓLAFSSON


EINAR ÁRNASON

Skattleysismörkin eru nú aðeins 79.055 kr. á mánuði og verða 90.000 kr. á mánuði eftir áramót. Þau ættu hinsvegar að vera tæpar 111.000 kr. á mánuði nú þegar ef þau hefðu fylgt verðlagi og tæplega 137.000 kr. á mánuði ef þau hefðu fylgt launaþróun sem væri mjög eðlileg viðmiðun.

Haustið 1995 var lögum breytt um greiðslur almannatrygginga þannig að ekki var lengur fylgt breytingu lágmarkslauna heldur skyldi taka mið af launaþróun eða verðlagi. Niðurstaðan á túlkun stjórnvalda á þessu hefur valdið því að bótaþegar hafa dregist aftur úr í tekjum sínum miðað við aðra hópa í þjóðfélaginu.

Árið 1995 var ákveðið lágmark í kaupmætti ráðstöfunartekna í kjölfar kreppu og þjóðarsáttar. Þrátt fyrir einhverja hækkun á greiðslum almannatrygginga í ágúst síðastliðnum hefur sá ellilífeyrisþegi sem ekki býr einn hækkað í kaupmætti ráðstöfunartekna um minna en 20 prósent frá árinu 1995 -2007 hvort sem hann hafi aðeins greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins (TR) eða eins og dæmigerður ellilífeyrisþegi með um 55.000 kr. í tekjur frá lífeyrissjóði. Þetta er á sama tíma og ráðamenn segja að kaupmáttur ráðstöfunartekna almennings hafi hækkað um 60 prósent. Þarna munar verulega miklu.

Ef nýleg tillaga til þingsályktunar frá stjórnarandstöðunni næði fram að ganga myndi staðan vissulega skána, þ.e. kaupmáttur þessara aðila eftir skatta myndi aukast um 4-5 prósent en ef hann hefði atvinnutekjur upp á t.d. 55.000 kr. á mánuði myndi staða hans batna um u.þ.b. 15 prósent vegna þess að þar er gert ráð fyrir að hann megi hafa tekjur allt að 75.000 kr. á mánuði án þess að greiðslur hans frá TR skerðist nokkuð. Þetta skiptir vissulega miklu en eldri borgarar hafa líka lagt áherslu á frítekjumörk vegna lífeyrissjóðstekna því skerðingar hér á landi ganga allt of langt.

*Ólafur Ólafsson er formaður LEB og Einar Árnason er hagfræðingur LEB.*

# Einkarekstur og akademískt lýðræði

**UMRÆÐAN**
Menntakerfið

Í íslensku háskólaumhverfi hefur lengi verið höfð í heiðri sú regla að starfsmönnum og nemendum sem starfa í akademísku umhverfi sé gefinn kostur á að hafa áhrif á mikilsverðar ákvarðanir sem snúa að því umhverfi sem þeir starfa í. Hefur það meðal annars birst í aðkomu nemenda og starfsmanna að háskólaráðum og öðrum stofnunum sem með slíkar ákvarðanir hafa að gera, auk þess sem víðast hvar hefur verið gert ráð fyrir að kanna skuli hug nemenda og starfsmanna til rektorsefna með könnun eða kosningu sem lögð skuli til grundvallar við endanlegt val.


HAUKUR LOGI KARLSSON

Hefðin að baki akademísku lýðræði er ekki bundin við Ísland eins og sjá má á Bologna-ferlinu sem Ísland er aðili að ásamt 45 Evrópuríkjum og felur í sér markmið um samevrópskt háskólasamfélag. Þar er nefnt, sem eitt af 10 aðalmarkmiðum, aukin þátttaka nemenda í stjórnun æðri menntastofnana. Háskólalög sem samþykkt voru síðastliðið vor byggja einmitt að miklu leyti á markmiðum Bologna-ferlisins.

Með tilkomu einkarekinna háskólastofnana virðist hins vegar sem þessi ágæta hefð sé á undanhaldi. Það stingur í augun að sjá stjórn Háskólans á Bifröst samþykkja breytingar á aðferð við val á rektor frá því að vera í góðu samræmi við akademískar lýðræðisvenjur með aðkomu nemenda og starfsmanna, yfir í að valið sé alfarið í höndum stjórnar skólans sem hvorki nemendur né starfsmenn hafi aðkomu að.

Að sama skapi vakna upp spurningar um hvernig staðið verði að vali nýs rektors við Háskólann í Reykjvík nú þegar ljóst er að núverandi rektor hverfur til annarra starfa. Ljóst er í það minnsta að núverandi samþykktir skólans gera ekki ráð fyrir aðkomu nemenda eða starfsmanna að þeirri ráðningu.

Ekki má vanmeta mikilvægi þess að menntastofnanir þjóðarinnar séu eins og kostur er óháðar ríkjandi öflum í stjórnmála- og viðskiptalífi. Þær móta og þjálfa hug næstu kynslóða þjóðarinnar og eru athvarf fræðilegrar umræðu sem þarf að geta storkað ríkjandi hugmyndum og þeim sem ráðandi eru á öðrum sviðum þjóðfélagsins.

Með auknum umsvifum og völdum auðvalds í íslensku samfélagi skapast sama hætta og um áratugi stafaði af áhrifum stjórnmála. Hættan á því að hagsmunir valda og peninga ráði mestu um töku mikilvægra ákvarðana.

Mikilvægt er að halda æðri menntastofnunum fyrir utan hráskinnaleik valdablokka samfélagsins. Forðast ber að tákngera æðri menntastofnanir í frösum viðskiptalífsins, þeir eiga ekki við um almannaþjónustu sem má ekki stjórnast af þessum sömu frösum. Akademískt lýðræðið er ágætlega til þess fallið að slá skjaldborg um æðri menntastofnanir sem deiglu hugmynda, fræðslu og umræðna, óháða stjórnvaldi og auðvaldi. Hugmyndir einveldisins um réttmæti sérfræðingavalds fárra til ákvarðana án aðhalds fjöldans eru alveg jafn úreltar í búningi nýrra frasa og þær voru í byrjun 19. aldar. Það mun reynast Íslandi og Íslendingum happadrýgst að næstu kynslóðir mótist ekki um of af ríkjandi kreddum heldur fái svigrúm til að móta hug sinn óhindrað í óháðu umhverfi háskólanna.

*Höfundur er formaður Bandalags íslenskra námsmanna.*



# Úthýst, útrýmt og fordæmt

**UMRÆÐAN**
Innflytjendur

Um helgina heimsótti mig Felix Selig Rottberger, fyrsti gyðingurinn sem fæddist á Íslandi. Hann og fjölskylda hans voru ekki aufúsugestir á landinu okkar fyrir sjötíu árum. Rúmum tveimur árum eftir að fjölskyldan kom til Íslands, var hún hrakin úr landi. Þá var Felix á öðru ári og man því ekkert frá þeim ósköpum. Reyndar tókst dönskum sendiráðsfulltrúa, C.A.C. Brun, að fá smá framlengingu á dvöl Rottberger fjölskyldunnar árið 1937, með því að tala einslega við Hermann Jónasson. Hermann tók þó skýrt fram að „Það væri grundvallarregla, að Ísland hefði alltaf verið hreint norrænt land, laust við Gyðinga, og að þeir sem komnir væru til landsins skyldu aftur hverfa á brott.“

Rottberger-fjölskyldunni var í raun ætlað að snúa til Þýskalands, en fékk fyrir tilstuðlan góðra manna, að fara í land í Kaupmannahöfn. Þá tóku frændur okkar Danir við, og ekki urðu hremmingar fjölskyldunnar minni þar en á Íslandi. Fjölskyldan var skilin í sundur haustið 1943. Foreldrar Felix, Hans og Olga, neyddust til að flýja til Svíþjóðar án fjögurra barna sinna. Þeim var komið fyrir á barnaheimili á Fjóni. Eitt ríkasta bæjarfélagið í Danmörku norður af Kaupmannahöfn, sem borgaði uppihald barnanna þar, þótti kostnaður við það of mikill og lagði barnaverndarnefnd til árið 1944 að börnin yrðu send til „heimlands síns“, Þýskalands. Það voru margir á sama máli og barnaverndarnefndin, en til allrar hamingju voru börnin látin í friði. Velviljaður fulltrúi hjá Ríkislögreglunni í Kaupmannahöfn kom í veg fyrir morð yfirvalda á fjórum börnum. Felix Rottberger býr í dag í Þýskalandi, en þangað sneru foreldrar hans aftur með sex börn sín árið 1954, fullsödd á illri meðferð í Danmörku og slæmum minningum frá Íslandi. Hann ber þó hvorki kala til Íslendinga né Dana.


VILHJÁLMUR ÖRN VILHJÁLMSSON

Ég greindi Felix frá umræðunni um útlendinga á Íslandi. Hann hristi höfuðið. Hann skildi ekkert í því hvað fólk vildi á Íslandi. En hans skoðun er sú, að ef næg vinna er handa erlendu fólki á Íslandi, og það vill vinna, er það blessun fyrir Ísland og Íslendinga. Líkt og með Íslendinga í útrás annars staðar. Fjölskylda Felix fékk ekki að stunda eðlilega vinnu á Íslandi og skjóta þar rótum, svo hann veit hvað hann talar um.

En svo þegar ég sagði honum frá því að íslensk stjórnvöld hefðu nýverið fordæmt Ísrael, sá ég dapurleika í augum hans. Hjörtu flestra gyðinga slá meira eða minna fyrir Landið helga. Þótt honum þætti, eins og okkur öllum, grátlegt að sjá saklaus fórnarlömb átakanna í sjónvarpsfréttum, spurði hann réttilega: „Hefur Ísland fordæmt aðra aðila en Ísraela við botn Miðjarðarhafs?“ Mér varð svara vant og hugsi. Hvar eru fordæmingar Íslands á þeim ríkjum og stjórnum í heimi múhameðstrúarmanna, sem lýst hafa yfir þeirri skoðun að Ísraelsríki skuli afmáð af yfirborði jarðar? Ætli stjórnmálamenn á Íslandi í dag hefðu þor til þess að fordæma, eða biðjast afsökunar, á aðgerðum fyrirvera sinna, sem sendu saklaust fólk í hendur böðla, er einnig vildu Ísraelsþjóð feiga?

Litlu munaði að Felix Rottberger yrði sendur í gasklefann með systrum sínum árið 1944. Í dag sendir hann sínar bestu kveðjur og óskar nýbúum og útlendingum, án tillits til trúar og uppruna, farnaðar á Íslandi.

*Höfundur er fornleifafræðingur.*

VERKFRÆÐISTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

ÁRSFUNDUR

Föstudaginn 17.nóvember
kl.15:00-17:00
í Öskju, Sturlugötu 7



Dagskrá:

15:00 Setning
Vigdís Finnbogadóttir

15:10 Tónlistar- og ráðstefnuhöll – verkfræði við listaverk
Gunnlaugur Kristjánsson, ÍAV

15:30 Bygging hallar í miðri borg - framkvæmdaskipulag
Sigurður Ragnarsson, ÍAV

15:50 Tónlistarhúsið OKKAR
Egill Ólafsson, formaður SUT

16:05 Viðurkenning Verkfræðistofnunar fyrir framúrskarandi rannsóknarframlag
Magnús Þór Jónsson, formaður stjórnar VHÍ

16:10 Viðurkenningar til framhaldsnema í verkfræði
Sigurður Brynjólfsson, forseti verkfræðideildar HÍ

16:15 Söngur
Egill Ólafsson

16:20 Ársskýrsla Verkfræðistofnunar HÍ
Magnús Þór Jónsson, formaður stjórnar VHÍ

16:40 Léttar veitingar og spjall

Fundarstjóri er Hrund Andradóttir, dósent í verkfræðideild HÍ

Allir velkomnir
Stjórn VHÍ

# Bless jólastress?

**UMRÆÐAN**
Jólaundirbúningur

Ég var alinn upp í hringiðu verslunarreksturs og byrjaði ungur að vinna hjá föður mínum í barna- og unglingadeild Karnabæjar í Austurstræti. Fyrir utan þá jólatilhlökkun sem hlýst af afmælisdegi mínum á aðfangadag, þá hlakkaði ég alltaf til að vinna í jólaösinni. Í rúm tíu ár vann ég hver einustu jól í fataverslun og nokkur ár eftir það við sölu á geisladiskum og hljómplötum. Eftir því sem ég eltist, því lengri varð opnunartíminn, því lengri urðu vinnudagarnir. Vinnuálagið og streitan urðu nokkrum sinnum til þess að ég hreinlega varð veikur yfir jólin. Ég kunni ekki að slaka á inn á milli.


GUÐJÓN BERGMANN

Í dag er opnunartími verslana enn lengri en áður var og hið svokallað jólastress vill dreifast á fleiri stéttir. Ég hef heyrt margar sögur svipaðar mínum á síðustu árum. Fólk hefur svo mikið að gera fram að jólum að það gefur sér ekki tíma til að slaka á inn á milli (kann það kannski ekki) og nær því ekki að njóta jólanna til fullnustu þegar þau loksins koma. Ég veit að ég breyti ekki samfélaginu og mun væntanlega ekki hafa áhrif á langan opnunartíma verslana með þessum stutta pistli. Hins vegar vil ég hvetja verslunareigendur og starfsmenn þeirra til að undirbúa sig vel fyrir þessa ábatasömu og skemmtilegu vertíð. Með því að undirbúa starfsfólk huglægt og líkamlega er hægt að draga verulega úr þeim neikvæðu áhrifum streitu sem oft fylgja tímabilinu.

Eitt af því sem ég legg mikla áherslu á í fyrirlestrum mínum og námskeiðum er regluleg slökun. Manneskja sem ástundar 10-20 mínútna slökun daglega er betur undir það búin að takast á við krefjandi verkefni í leik og starfi heldur en manneskja sem annað hvort leggst í leti eða reynir að deyfa sig fyrir streitunni með áfengi, tóbaki, mat eða sjónvarpsglápi.

Ekki er hægt að segja bless við jólastress að öllu leyti, en það er hægt að draga verulega úr neikvæðum afleiðingum þess. Aðalatriðið er að njóta vertíðarinnar, slaka á inn á milli. Gleðilegan undirbúning fyrir jólin.

*Höfundur er fyrirlesari, rithöfundur og jógakennari.*

# *Stóriðja – er sátt í sjónmáli?*

**UMRÆÐAN**
Umhverfismál

Víða um land virðist mikill áhugi á að byggja lítil álver. Of lítil álver ef marka má það sem fram hefur komið um rekstrarhagkvæmni álvera. Á Suðurnesjum og Húsavík vilja menn byggja álver með 250.000 tonna framleiðslugetu. Það hefur lengi legið fyrir að til þess að njóta hagkvæmni stærðarinnar þurfa álver að vera talsvert stærri en sem þessu nemur. Þetta kemur t.d. fram í skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðherra um framgang verkefna á sviði stóriðju sem lögð var fyrir Alþingi í október 1997. Þá hafði Hydro Aluminium lýst áhuga á að byggja álbræðslu með allt að 720.000 tonna framleiðslugetu í einingum sem hver um sig hefði um 240.000 tonna framleiðslugetu. Í skýrslu iðnaðarráðherra segir m.a: „Framleiðslugeta álversins yrði í upphafi að minnsta kosti 200.000 tonn á ári. Álver hafa farið stækkandi á undanförnum árum og til þess að nýta hagkvæmni stærðarinnar verður að gera ráð fyrir að tvöfalda megi framleiðslugetu álversins að nokkrum árum liðnum.“


BERGUR SIGURÐSSON

Þörf álvera til þess að ná framleiðslugetu nærri 500.000 tonnum hefur einnig komið fram í tengslum við áformaða stækkun álversins í Straumsvík. Á NFS 3. mars sl. kom t.d. fram að forráðamenn Alcan höfðu í samtali við Halldór Ásgrímsson, þáverandi forsætisráðherra, sagt að annaðhvort yrði álverið í Straumsvík stækkað eða það lagt niður. Í viðtali Fréttablaðsins við Rannveigu Rist, forstjóra ÍSAL, þann 12. nóvember sl. komu fram upplýsingar af svipuðu tagi þar sem Rannveig sagði: „Við höfum unnið markvisst að stækkuninni frá árinu 1999. Okkur er annt um að þessi áform nái fram að ganga því þau eru forsenda þess að hér verði blómlegur rekstur til langrar framtíðar. Til okkar eru gerðar miklar kröfur, ekki aðeins á sviði umhverfis- og öryggismála heldur einnig varðandi hagkvæmni í rekstri ...“ Eins og fram hefur komið munu íbúar í Hafnarfirði fá að kjósa um stækkunina og í því samhengi segir Rannveig: „Fólk þarf hinsvegar að átta sig á því að það er mikil breyting frá því sem tíðkast hefur hér á landi að íbúar geti kosið fyrirtæki í burtu, eða niður, eins og gæti orðið raunin hér í Hafnarfirði.“ Af þessum orðum að dæma stefnir í að íbúum Hafnarfjarðar verði boðnir kostirnir stækkun eða lokun.

Mikið hefur verið rætt um að ná þurfi sátt um hvað skuli virkjað og hvað skuli verndað. Nýlega var lögð fram skýrsla auðlindanefndar þar sem reynt er að finna leiðir til sátta. Samtök iðnaðarins stóðu fyrir fundi sem bar yfirskriftina „Náttúruvernd og nýting náttúruauðlinda“ og framhaldsfundur með yfirskriftinni „Er sátt í sjónmáli?“ verður haldinn 21. þ.m. Ef áform um álver í Helguvík og við Húsavík ná fram að ganga er útlit fyrir að við séum að eignast tvö ný álver sem gætu þurft að auka framleiðslugetu sína verulega, e.t.v. um u.þ.b. 250.000 tonn eða svo hvort um sig, til þess að njóta hagkvæmni stærðarinnar. Til þess að fullnægja þeirri vaxtarþörf þyrfti að virkja sem nemur um 1.000 MW í uppsettu afli en það samsvarar u.þ.b. 1,4 Kárahnjúkavirkjunum eða 7-10 jarðvarmavirkjunum með tilheyrandi umhverfisáhrifum. Þá er ótalin vaxtarþörf annarra álvera s.s. álversins á Grundartanga og hugsanlegs álvers í Þorlákshöfn. Vonandi næst sátt í þessum málum en vandséð er að sáttin felist í því að fjölga álverum sem búast má við að síðar muni þrýsta á um stækkun, líkt og nú gerist í Straumsvík, og ekki er hægt að útiloka að hinn valkosturinn þá verði lokun eins og virðist geta orðið raunin í Straumsvík.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Landverndar.*

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

## KAKÓ BÍTUR KULDABOLA

Þegar vindur gnauðar og kuldinn bítur kinn er gott að koma inn í hlýjuna og fá sér heitt kakó í fallegum bolla

HEIMILI 2



## HIN MÖRGU ANDLIT DIDDY

Söngvarinn, leikarinn, viðskiptamaðurinn og fatahönnuðurinn Sean Johns Combs er flottur í tauinu

TÍSKA 8



allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

**[HEIMILI HEILSA TÍSKA]**

**Talsverður** skortur er á blóði í Blóðbankanum og eru blóðgjafar hvattir til að leggja sitt af mörkum. Mestur skortur er á A- og O-flokkum en fólk í hinum flokkunum er einnig hvatt til að gefa.

**Allt** of margar konur ganga í brjóstahöldurum sem eru annaðhvort of stórir eða litlir. Besta leiðin til að kaupa rétta brjóstahaldarann er að láta mæla stærðina. Slíkt er til dæmis hægt að fá gert í Debenhams og fleiri verslunum sem sérhæfa sig í undirfatnaði kvenna.





**Ekki** er seinna vænna fyrir þá sem vilja senda persónuleg jólakort en að hefjast handa. Hver kannast ekki við tímahrakið fyrir jólin sem leiðir oftar en ekki til snubbóttra jólakveðja í fjölprentuðu korti.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 16. nóvember, 320. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.59 | 13.12 | 16.25 |
| Akureyri | 9.59 | 12.57 | 15.55 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími 550 5000
Auglýsingasími Allt 550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Andrea Róbertsdóttir trúir meira á gott skap en efnisleg gæði, en það var ferðalag um Asíu sem undirstrikaði þessa sýn hennar á tilveruna. Um þessar mundir er að koma út bók um ferðalagið sem heitir Spennið beltin, til Asíu með Andreu Róberts. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Herra Bros tryggir jafnaðargeðið

***Andrea Róbertsdóttir á tuskubrúðu sem kemur henni í gott skap á morgnana.***

„Þetta er svona gaur sem kemur manni alltaf í gott skap," segir Andrea um Herra Bros, tuskubrúðu sem hún keypti þegar hún var á ferðalagi um Asíu.

„Maður vaknar ekki alltaf í partístuði þannig að Herra Bros minnir mig á að líta á björtu hliðarnar. Að smæla framan í heiminn á morgnana getur gert gæfumuninn. Vanalega er það kærastinn minn sem ég sé við hliðina á mér á koddanum þegar ég vakna og það gerir mig káta, en þegar ég fer inn á bað að bursta tennurnar þá bíður Herra Bros eftir mér þar og kemur mér endanlega í gott skap. Ég hef gert nokkrar óvísindalegar tilraunir með þetta og niðurstaðan er sú að ég hef ofurtrú á jákvæðum hugsunum. Herra Bros tryggir mér jafnaðargeð og góða stemningu yfir daginn," segir Andrea sem almennt trúir ekki á efnisleg gæði og þar af leiðandi er það ekkert húsgagn sem gefur henni hamingju.

Í upphafi þessa árs seldi hún nánast allar sínar eigur og hélt í langferð um Asíu ein síns liðs, en nýlega kom út bók á vegum JPV sem fjallar um þessa ferð.

„Það er eiginlega Fréttablaðinu að kenna að ég gaf þessa bók út. Ég bloggaði á ferðalaginu og hélt að ég væri bara að skrifa til minna nánustu á veraldarvefnum. En blaðamenn á Fréttablaðinu vitnuðu í síðuna og þegar ég kom heim þá fór ég í viðtal við blaðið. Viðtalið vakti mikla athygli og margir fóru að hringja í mig í kjölfarið til að fá ráðleggingar um svona ferðalög. Skömmu síðar hitti ég bókaútgefanda og það var ákveðið að út myndi koma bók um ferðina," segir Andrea, sem vill ólm hvetja fólk til að fara í slíka ferð.

*mh@frettabladid.is*







nýbýlavegi 18 | s. 517 2100

ótrúlegt úrval

þú þarft að telja hratt til að komast yfir úrvalið í **mublu**, 1, 2, 3, ... 10, ... 20, ... **44** tegundir af **sófum**, **32** tegundir af **borðum**, **31** tegundir af **stólum**, **24** tegundir af **ljósum**...

...hættu að telja!
**komdu** í búðina á nýbýlavegi 18 eða kíktu á **www.mubla.is**

mubla

**Smávörumarkaður** er haldinn á Klettháls 13 í Reykjavík á fimmtudögum milli 17 og 20. Gera má einstaklega góð kaup á ýmsum smávörum.



Silkidamask og bómullarsatín sængurverasett í úrvali
Fatabúðin
Skólavörðustíg 21
Sími 551 4050 • Reykjavík

# Kakó bítur kuldabola

***Þegar vindur gnauðar og kuldaboli bítur kinn er gott að koma inn í hlýjuna og fá sér heitt kakó í fallegum bolla.***

Á köldu landi sem okkar er nauðsynlegt að geta hlýjað sér á margvíslegan hátt. Stundum er svo kalt að ekkert virðist duga annað en að bregða sér ofan í heitt bað þegar innfyrir er komið – en svo er líka ljómandi ljúffengt og gott að fá sér heitt kakó með rjóma þegar rölt er um á ullarsokkum, búið að kveikja á kertum og setja góða plötu á fóninn. Þannig næst enn meiri hiti í líkamann og svolítill ljómi í sálina.

*mhg@frettabladid.is*



Fallegur og litríkur hitabrúsi frá Tiger og kisukanna undir kakóið.



Munstrið á þessum bolla er ættað frá Noregi og er ævagamalt og einstaklega fallegt. Duka, Kringlunni.



Dásamlega dúlluleg kakókanna. Duka, Kringlunni.



Gamaldags og einstaklega fallega rómantískur bolli í ömmustíl. Fæst í Duka, Kringlunni.



Eldrauður og ægifagur bolli frá versluninni Te og Kaffi.



Veglegur og vandaður bolli sem minnir svolítið á sjötta áratuginn. Fæst í versluninni Búsáhöld, Kringlunni.

Þeytari til þess að kakóið blandist sem best. Duka, Kringlunni.



Dúllubossalegur lambi og bolli í stíl. Fæst í Nici, Kringlunni.



Stór og veglegur kakóbolli úr Blómavali með „Manga“ teikningu, sem eru vinsælar hjá unglingum um allan heim.





Múmínálfarnir leggjast í híði yfir veturinn, en það gerum við mannfólkið hins vegar ekki. Þessir sætu og skemmtilegu bollar eru frá finnska framleiðandanum Arabia og fást í verslunni Búsáhöld í Kringlunni.




Það er enginn sem segir að við séum skuldbundin Nóa Siríusi og eigum að nota suðusúkkulaði í kakódrykkinn þótt það sé samt alltaf gott. Af hverju ekki að prófa aðrar tegundir? Til dæmis súkkulaði með appelsínu- og kryddbragði (ilmar af jólum) eða 70-80% gæðasúkkulaði frá Lindt eða Isis. Svo er vitanlega um að gera að nota lífræna mjólk og rjóma með. Súkkulaðið fæst allt í Konfektbúðinni í Kringlunni.




Aðventubörnin komin



höf.Lisa Larson
Vandaðar heimilis- og gjafavörur
DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322

20% afsláttur af gluggatjaldahreinsun í nóvember
Góð hreinsun - góð þjónusta
EFNALAUGIN BJÖRG
Álfabakka 12 Mjódd. s. 5572400
Háaleitisbraut 58-60. s. 5531380
www.bjorg.is



ALLT TIL INNPÖKKUNAR
Eingöngu sala til fyrirtækja
Opið 08.00-16.00
GRÆNN MARKAÐUR
www.flora.is info@flora.is
Réttarhálsi 2 110 Rvk
Sími: 535-8500



Á sjötta áratugnum ríkti mikill húsnæðisskortur í Hollandi. Hver fermetri var dýrmætur og þá kom Gijs van der Sluis með þessa skemmtilegu lausn. Fallegur sófi á daginn og rúm á næturna.

# Hollenskir sófar

***Á vefsíðunni www.dutchoriginals.nl má finna fjöldann allan af hollenskum hönnuðum og sjá myndir af hönnun þeirra.***

Einn helsti hönnuðurinn sem nefndur er til leiks á síðunni er Willem H. Gispen (1890-1981). Hann stundaði nám við „Academy for Visual Arts and Technical Sciences“ í Rotterdam frá árinu 1913. Í fyrri heimsstyrjöldinni hætti hann námi og starfaði á arkitektastofu um tíma. Hann stofnaði fyrirtækið Gispen Metalwork's og árið 1927 hélt hann sýningu í Stuttgart í Þýskalandi á Giso-lömpum sínum. Tveimur árum síðar hóf hann fjöldaframleiðslu á húsgögnum sem byggð eru á stálrörum.

Það sem einkennir húsgögn Gispens er jafnvægi milli forms og hagkvæmni. Nokkrir sófastóla hans eru enn í dag álitnir afar mikilvægir í sögu hollenskrar iðnhönnunar.

Margir aðrir hollenskir hönnuðir eru nefndir á nafn á síðunni www.dutchoriginals.nl og hér má sjá nokkra sófa bæði eftir Gispen og aðra góða.



New York-sófinn sem Gebroeders van der Stroom hönnuðu 1966.



Einn af sófum Gispens. Stálrörin mynda rammann.



Karel Doorman-sófi eftir hönnuðinn Eckhardt.



Leðursófi eftir Gispen sem stendur á hinum klassísku stálrörum.



Dömukvöld í kvöld kl. 18 til 22
Komið og njótið léttra veitinga og frábærra tilboða
15% afsláttur af öllum vörum
Nýtt kortatímabil

Opið allar helgar
UNIKA
Fákafeni 9 Sími: 568 6700 Mán-fös. 10-18, lau. 11-16 og sun. 13-16 www.unika.is

ALNO®


ALNO®
KAUPAUKI

32" DiBOSS LCD sjónvarp fylgir öllum ALNO eldhúsinnréttingum sem staðfestar eru í nóvember 2006
2526 / TAKTÍK 3.11.'06
PANORAMA
ELDHÚS • TÆKI • BAÐ • FATASKÁPAR
. . . . miðstöð innréttinga
Síðumúla 30 • 108 Reykjavík
s. 553 6400 • f. 553 6403 • panorama@panorama.is • www. panorama.is

Fáðu teppi eða mottu eftir þínu höfði...
... og skoðaðu landsins mesta úrval af veggfóðri hjá okkur















# Einfaldar lausnir

***Panorama, miðstöð innréttinga í Síðumúla 30, selur Impuls-eldhúsinnréttingar á góðu verði.***

„Efnið í þessum innréttingum er margs konar enda úrvalið mikið,“ segir Gunnar Gunnarsson í versluninni Panorama þegar hann er spurður út í Impuls-innréttingarnar. Hann segir Impuls vera undirverktakafyrirtæki hjá Alno sem hefur verið lengi hér á markaði og er þekkt fyrir gæði og fágun. „Impuls býr til einfaldar og smekklegar innréttingar og þær eru ódýrari en frá Alno. Fólk hrífst af þeim, bæði verðsins vegna og líka þess hvað þær bjóða upp á sniðugar lausnir.“



Grænmetiskörfur geta komið sér vel.



Rennihurðir henta þar sem þröngt er.



Þægilegt er að hafa hillurnar útdraganlegar.



## Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA

# Bergflétta og dönsk hamingja

Mér var einu sinni sagt að enginn maður sem vildi láta taka mark á sér, þyrði að vitna í dönsku kvennablöðin. En skítt með það, ég ætla að hætta mér út á þennan hála vettvang og minnast á, að fyrir nokkrum árum rakst ég á skemmtilega könnun sem eitthvert þeirra hafði látið gera á því, hvort samhengi væri milli pottaplantna og hjónabandshamingju. Nokkur hundruð giftar konur um gjörvallt Danaveldi voru spurðar að því hvað þær ættu margar pottaplöntur og hversu lengi og oft þær hefðu verið giftar. – Dálítið persónulegar spurningar, sem kannski hafa ekki verið orðaðar nákvæmlega á þennan hátt, en þetta var innihaldið. – Konurnar voru allar á sextugsaldri. Niðurstaðan reyndist sú, að þær konur sem flestum pottaplöntum sinntu höfðu líka verið í löngu hjónabandi með einum og sama manninum. Úr þessu mátti lesa að pottaplöntum fylgdi hjónabandshamingja. En hvernig svo sem við tökum svona vísindum, er ekki ólíklegt að ætla annað, en að sá tími sem fer í að dútla og nostra við pottaplöntur og annað grænt á heimilum nái líka til maka og barna.

### Bergfléttan í uppáhaldi

Og svo ég haldi nú áfram með Dani og pottaplöntur, þá er búið að finna út að á hverju dönsku heimili eru keyptar 14,3 pottaplöntur árlega. Um það bil helmingurinn af því eru blómstrandi plöntur árstíðarinnar. Hitt eru „grænar“ plöntur, og af þeim eru tveir þriðju plöntur í 10 til 12 sentimetra pottum, ætlaðar til að standa á borði eða gluggakistu. Afgangurinn eru stærri plöntur til að hafa á gólfi. Sú „græna“ planta sem Danir velja helst er bergfléttan, og hún hefur haldið þessu sæti sínu í marga áratugi, eiginlega „svo lengi sem elstu menn muna“ eins og sagt er. Og það er kannski ekkert skrýtið, því bergflétta var meðal fyrstu plantnanna sem menn fóru að taka inn í híbýli sín, sem var hér í okkar germanska menningarheimi í lok siðaskiptanna um miðja sextándu öld.

### Gömul, seig og sérkennileg

Bergflétta, Hedera helix, - (ættkvíslarheitið er af fornlatneskum rótum og þýðir bara bergflétta, en viðurnefnið „helix“ er tegundinni gefið vegna þess að hún hlykkjar sig eins og ormur um súlu) er af Árelíuætt og á upprunaleg heimkynni um alla Evrópu, frá Bretlandseyjum í vestri og austur til Svartahafs. Norðurmörk hennar ná frá Gotlandi og Skáni austur til Hvíta-Rússlands. Suðurmörkin rekja svo norðurströnd Miðjarðarhafsins frá Balkanskaga vestur til Atlantshafsstrandar Spánar. Auk þess er hana að finna á blettum hér og hvar utan þessa svæðis. Bergfléttan hefur verið flutt á önnur meginlönd og víða fengið það orð á sig þar að vera „grænn minkur“, svo notað sé íslenskt hugtak, og sumstaðar eru „átök“ í gangi til að sporna við frekari útbreiðslu hennar þar sem hún þykir vágestur í skóglendi vegna þess að hún verður of ágeng og einráð í gróðursamfélaginu. Bergflétta er klifurrunni og telst því til trjágróðurs. Blöð hennar eru sígræn og minna á sjófuglsfætur. Greinarnar eru fremur grannar og flatvaxnar. Þær mynda heftirætur hvar sem þær snerta jörð en einkum lóðrétta fleti eins og kletta eða trjáboli sem þær fikra sig síðan upp eftir. Lífshættir bergfléttunnar eru um margt mjög merkilegir, því að hún heldur eins konar æskuskeiði og forðast sterka birtu þangað til hún hefur náð nokkurra metra hæð og hefur getað látið einhvern, s.s. trjábol eða klettavegg, bera sig upp í birtuna. Eftir það breytir hún um stíl og rúnnast öll. Greinarnar verða sívalar og blöðin egg-lensulaga. Þar blómstrar hún á haustin í þann mund sem önnur lauftré fella lauf. Blómin eru í óásjálegum sveip og hún þroskar svört smáber þegar líða fer að laufgun annarra trjáa næsta vor. Eftir aldinþroskann á vorin hefur hún laufskipti, gömlu blöðin falla og ný koma í staðinn.



### Ræktun

Tegund sem nær yfir svona víðfeðmt útbreiðslusvæði býr yfir gífurlegum fjölbreytileika og aðlögunarhæfni. Bergfléttan er hvarvetna vinsæl garðplanta og þrátt fyrir hnattstöðuna hafa nokkrar bergfléttur þrifist ágætlega í görðum hér á Suðurlandi og Suðvesturhorninu í marga áratugi. Hún dafnar best þar sem hún fær að klifra upp eftir norður- eða vesturhliðum húsa. Bergfléttan er dæmigerð skuggaplanta og er ekkert um sólbökun gefið umfram það sem hún þarf til að mynda blómsprota. – Sem pottaplanta er bergflétta ákjósanleg og hana má fá í ótal afbrigðum með margvíslegri blaðgerð og nokkrum litatilbrigðum í laufskrúðinu. Oftast er hún ræktuð sem hengiplanta, en það má líka binda hana upp og forma á margvíslegan máta. Hringform, kúlur og keilur eru t.d. algeng form. Best fer um bergfléttuna þar sem nokkurn skugga ber á. Henni líður líka vel þar sem hiti er ekki mjög hár, stofuhiti um 20°C er hennar kjörsvið. Látið moldina þorna ofurlítið á milli vökvana, gott ráð er að láta pottinn standa svo sem hálftíma í skál með vatni til að draga upp vatnið. Gefið áburð af og til á sumrin. Umpottað í stærri pott eða endurnýjuð eftir þörfum.

# Gæludýrahald barna

***Það er að mörgu að huga þegar börn fá gæludýr. Hundar eru góðir félagar en tímafrekir á meðan hamstur þarf minni umönnun og fiskar gætu hentað börnum með ofnæmi. Hér eru nokkur ráð um val á gæludýrum.***

Börn sem alast upp með dýrum eru hraustari en önnur samkvæmt rannsóknum. „Þau fá síður ofnæmi og astma og eru betur í stakk búin til að takast á við andleg áföll," segir Sif Traustadóttir dýralæknir.

Ástæðan er talin vera tvíþætt. „Börn læra um líf og dauða þegar gæludýrin deyja og hins vegar hafa þau dýrið sem einskonar sálufélaga og læra samkennd og ábyrgð," segir Sif. Foreldrar verða þó alltaf að bera ábyrgðina á dýrinu því börnin geta ekki valdið þessu alveg ein. „Stundum aflífum við heilbrigð dýr útaf þessu og það getur valdið sektarkennd hjá barninu sem kannski hafði ekki þroska til að hugsa um dýrið, en þó eru langflestir foreldrar sem hjálpa börnunum sínum og hugsa vel um dýrin," segir Sif



Hundarhald er virkilega gefandi fyrir fullorðna og börn

**Hundar**
Það fylgir mikil vinna hundahaldi en á sama tíma er það mjög gefandi. Hunda þarf að viðra daglega og þurfa sitt pláss heima. Hundarnir eru flokkdýr og geta ekki verið einir heima lengur en 6 tíma á dag. Það þarf að fóðra þá daglega og það borgar sig að vanda fóðrið því hundar geta fengið ofnæmi af röngu fóðri. Það eru til margar tegundir suma þarf að hreyfa meira en aðra og sumir þurfa meiri feldhirðu. Kannið vel hvaða tegund hentar fjölskyldunni. Bíllin þarf að henta hundahaldi og það þarf leyfi fyrir hundahaldi. Flesti hundar þurfa á námskeiði að halda og nú kaupa margir sjúkratryggingu fyrir hundinn. Við hundahald þarf að athuga leyfi fyrir gæludýrahaldi á heimilinu og hvort heimilisfólk sé með ofnæmi. Uppýsingar: Hundaræktafélag Íslands, www.hrfi.is Byrjunarkostnaður:kr.20.000-25.000 (ekki reiknað með verð á hundinum)



Margar kisur á Kattholti vantar heimili

**Kettir**
Flestir kettir eru barngóðir og þolinmóðir og sjálfstæðir. Þeir geta verið einir heima og eru þrifalegir. Margir heimilislausir óskilakettir eru á Kattholti sem vantar nýja eigendur. Sýningakettir geta þó verið dýrir og innikettir þurfa meira aðhald. Það þarf að fóðra þá daglega og það borgar sig að vanda fóðrið. Dýralæknar mæla með því að allir kettir séu geldir, nema þeir sem nota á til undaneldis hjá ræktendum. Kisur þarf að merkja og fara í læknisskoðun einu sinni á ári. Við kattahald þarf að athuga leyfi fyrir gæludýrahaldi á heimilinu og hvort heimilisfólk sé með ofnæmi. Upplýsingar: Kattholt www.kattholt.is, Kattaræktarfélag íslands www.kynjakettir.is, Byrjunar kostnaður: kr.15.000-20.000

**Nagdýr**
Nagdýr eru bæði lítil og ódýr. Smærri nagdýr lifa vanalega um 2-4 ár, kanínur eitthvað lengur. Þessi dýr er auðvelt að halda í búrum, en þó á að hugsa fyrir því að fá eins stórt búr og mögulegt er svo vel fari um dýrið. Þessi dýr er auðvelt að ferðast með innanlands og geta farið í pössun án vandræða og verið ein heima á daginn. Kanínur eru oft haldnar sem kettir innandyra og leyft að hlaupa lausum þegar eigandinn er heima. Það er hægt að þjálfa þær til að gera stykkin sín í sandkassa. Kanínur geta þó nagað rafmagnssnúr og það þarf að fylgjast vel með þeim. Það er gott að láta gelda kanínur. Þær verða gæfari og bíta minna. Búr smárra nagdýra þarf að þrífa einu sinni í viku til einu sinni í mán. Fer eftir hve mörg þau eru og tegund.
Upplýsingar:Trítla gæludýrabúð www.trítla.is- Dagfinnur dýralæknir www.dagfinnur.is-Byrjunarkostnaður er um 8000 kr



Fuglar eru flokkdýr og þurfa einhvern að spjalla við

**Fuglar**
Fuglarnir eru skemmtileg og barngóð dýr sem verða auðveldlega tamir. Þeir eru félagslynd flokkdýr og því ágætt að hafa fleiri saman. Það er mikilvægt að þeir fljúgi frjálsir reglulega innivið til að hreyfa sig. Sumir fuglar lifa mjög lengi. Venjulegur Gári verður oftast 6-8 ára en getur þó náð 20 ára aldri ef rétt er hugsað um hann. Lykillinn er rétt fóðrun, en fugla á ekki að fóðra eingöngu á fræjum. Þeir þurfa líka ávexti og grænmeti. Upplýsingar um fugla: Furðurfuglar og fylgifiskar: www.tjorvar.is-Byrjunarkostnaður: kr.10.000



Sif Traustadóttir dýralæknir segir börn sem alast upp með dýrum hraustari

**Fiskar**
Það er gaman að hafa fallegt fiskabúr. Það er bæði að vera með einfalt ódýrt búr en líka flókin og dýrari. Sumir fiskar þola betur að vera saman en aðrir og það þarf að taka tillit til þess. Fyrir börn með ofnæmi eru fiskar tilvalin dýr. Það þarf að fóðra þá rétt, gróðursetja réttar plöntur, gefa næringu, skipta út vatni á tveggja vikna fresti og nota hreinsidælu. Einnig þarf að halda hitastiginu jöfnu í 25° og nota hitamæli. Ljós þurfa að vera kveikt nálægt búrinu ca. 11 tíma á sólarhring. Ef ljósið er á lengur, eða nálægt ofni eða sólarljósi myndast óæskilegir þörungar.
Upplýsingar: Furðurfuglar og fylgifiskar: www.tjorvar.is-Fiskabúr:www.fiskabur.is
Byrjunarkostnaður: kr.15.000
Dýraspítalar/læknar: www.dyrin.is-www.dyraspitalinn.is, www.dagfinnur.is, www.dyralaeknir.com
Dýrabúðir: www.dyrarikid.is, www.dyrabaer.is, www.dyralif.is, www.tritla.is



Körfur eru nytsamlegar.

# Rýmið nýtt

***Ekki er flókið að láta lítið rými sýnast stærra en enn auðveldara er að láta lítið rými sýnast minna.***

- Með innbyggðum húsgögnum má spara mikið pláss. Ef möguleiki er reynið að hafa hillur og skápa innbyggða.
- Með því að opna á milli herbergja virðast þau bæði verða stærri. Auk þess verður rýmið bjartara. Einnig má grípa til þess ráðs að taka niður allar hurðir og leyfa herbergjunum að vera opnum.
- Ljósir litir stækka meðan dökkir minnka.
- Með því að hafa sama gólfefni í öllu rýminu virðist það stærra. Augað finnur þá ekki mun frá einu herbergi til annars.
- Ekki nota mörg mismunandi mynstur. Með því að hafa mismunandi málningu og veggfóður í hverju einasta herbergi virðist rýmið minnka. Reynið að forðast öfgar á milli herbergja.



Ágæt lausn er að fella hillur inn í veggi.

- Sýnið nægjusemi og nýtni. Ekki kaupa endalaust af húsgögnum sem taka gólfpláss. Látið hverja mublu þjóna tilgangi og hugsið til langtíma þegar fest eru kaup á húsgögnum.
- Notaðu skápana vel. Settu upp aukahillur fyrir skó og alls kyns aukahluti eins og belti, bindi og töskur. Farðu í gegnum dótið þitt reglulega og gefðu eða hentu því sem þú notar ekki.



**Hitapúðar** koma sér vel í kuldanum. Þeir verma líkamann og geta losað um vöðvaspennu sem myndast þegar líkaminn herpir sig saman í kuldanum.

















# Aumar og bólgnar varir

***Áblástur (frunsur) fá margir á varirnar og veldur hann talsverðum óþægindum.***

Veiran herpes simplex 1 veldur óskemmtilegum útbrotum á munnsvæðinu sem flestir kannast við sem áblástur eða frunsur. Hún smitast auðveldlega við snertingu og getur jafnvel saklaus koss valdið smiti. Oftast smitast fyrst á unga aldri með tiltölulega vægum einkennum, svo sem bólgum í munni eða tannholdi. En smitið verður að jafnaði verra eftir því sem fólk smitast eldra.

Við fyrsta smit skríður veiran eftir taugaþráðum upp í taugahnoð sem er upp við heilann og situr veiran í því ævilangt. Af óþekktum ástæðum skríður hún öðru hvoru aftur niður á munnsvæðið og veldur frunsum á vörum. Hún lætur þó ekki á sér kræla hjá öllum og eru ástæður þess óþekktar. Ekki er vitað af hverju hún fer af stað en það vill oft gerast við álag, svo sem við blæðingar hjá konum. Einnig er mjög algengt að fólk fái áblástur á skíðum eða í mikilli sól og birtu, en veiran getur líka látið á sér kræla alveg upp úr þurru án nokkurrar sjáanlegrar ástæðu.

Til eru tvær tegundir af herpesveirunni, herpes simplex 1 og herpes simplex 2 en sú fyrrnefnda kemur oftast fram á vörum en sú síðarnefnda á kynfærum. Veiran smitast við snertingu og er staðbundin miðað við hvar á líkamanum hún smitast. Ef áblástur kemur á varir kemur hann ekki líka á kynfærin nema veiran hafi smitast sérstaklega þangað og öfugt. Vegna þess hve auðveldlega veiran smitast þá er talið að um 80 prósent manna hafi hana í sér en aðeins 25 prósent af þeim fær áblástur reglulega. Herpes getur einnig komið upp á augnsvæðinu; þar getur hún lagst á hornhimnuna og þarf að leita til læknis ef það gerist.



Saklaus koss getur valdið smiti á herpes-veirunni sem veldur frunsum.

## MEÐAL GEGN ÁBLÆSTRI

Herpes-veiran er ólæknandi en til er eitt og annað í apótekinu sem hjálpar fólki að takast á við frunsurnar á vörunum, auk þess sem sumir kjósa að leita á náðir hómópata.

Zovir – er veirudrepandi krem sem þarf að smyrja á um leið og maður finnur kláðann sem gefur í skyn að frunsa sé að koma. Kremið þarf svo að bera á frunsuna 5 sinnum á dag en Zovir virkar best á frumstigi frunsunnar.

Vectavir er veirudrepandi krem sem virkar þó að byrjað sé að nota það eftir að frunsan kemur. Kremið þarf að bera á frunsuna á tveggja tíma fresti.

Valtex- eða Zovir-töflur fást gegn lyfseðli. Þær eru einnig veirudrepandi en fara þá í gegnum blóðið.

Frunsuáburður er krem sem dregur úr óþægindum með því að þurrka upp frunsuna og kæla svæðið.

Hómópatía hefst á einstaklingsviðtali þar sem hið sama hentar ekki öllum. Hómópatinn setur saman remedíu eftir að hafa tekið saman upplýsingar um einstaklinginn og þannig er meðferðin alltaf einstaklingsbundin og gengur út á að auka styrk og minnka vægi veikleikans sem veldur meininu.



## Lýðheilsa

STEFÁN ÁGÚST HAFSTEINSSON
HJÁ LÝÐHEILSUFÉLAGI LÆKNANEMA

## Máttur hreyfingar



Fáir efast um að hreyfing hafi góð áhrif á heilsuna en margir gera sér eflaust ekki grein fyrir hve víðtæk þau áhrif eru. Rannsóknir benda til að reglubundin og hófleg hreyfing bæti bæði andlega og líkamlega líðan. Hætta á hjarta- og æðasjúkdómum minnkar, einnig er minni hætta á beinþynningu, slitgigt, kvíða og þunglyndi auk þess sem svefn batnar við ástundun líkamsþjálfunar. Hreyfing bætir minnið, hefur jákvæð áhrif á stjórnun blóðsykurs, minnkar líkur á krabbameini í ristli (og jafnvel víðar), er forvörn gegn offitu og síðast en ekki síst bætir hún kynlífið. Reglubundin hreyfing bætir ekki aðeins árum við lífið heldur lífi í árin.

Alþjóða heilbrigðismálastofnunin (WHO) segir að minnst 30 mínútna hófleg hreyfing daglega dugi til að koma í veg fyrir ýmsa sjúkdóma og með lengri hreyfingu aukist jákvæð áhrif á heilsuna. Í manneldismarkmiðum er mælt með daglegri hreyfingu í 45-60 mínútur. En hvað er hófleg hreyfing?

Það er algeng skoðun að til þess að líkamsrækt hafi eitthvert gildi þurfi að streða og erfiða mikið. Helst þurfi að fá harðsperrur og geta kveinkað sér aðeins. Þetta er mikill misskilningur. Rösk ganga, sund og hjólreiðar eru afbragðsdæmi um góða og holla hreyfingu sem bætir líðan og hægt er að stunda án mikillar fyrirhafnar og erfiðis. Til að finna fyrir jákvæðum áhrifum hreyfingar þarf ekki að vakna klukkan sex á morgnana, fara í líkamsræktarstöð og púla þar til maður hnígur niður áður en mætt er til vinnu.

Margt bendir til að hreyfing af miðlungsákefð, eins og til dæmis rösk ganga, sé líklegri til að vera stunduð reglubundið. Fyrir byrjendur skiptir miklu máli að fara ekki of geyst af stað. Þeir sem byrja af hvað mestum ákafa eru oft líklegri til að gefast upp, skiljanlega. Hver er tilbúinn að vera sí og æ með vöðvaverki og eymsli? Þá er vænlegra til árangurs að byrja rólega og auka smám saman.

Algeng afsökun fyrir að hreyfa sig ekki er tímaleysi. Flestir ættu nú að geta fundið hálftíma á degi hverjum til að hreyfa sig. Ekki er nauðsynlegt að hreyfa sig í 30 mínútur í einu. Öll hreyfing telur og einfaldar athafnir eins og að ganga út í búð, hjóla milli staða og taka tröppurnar frekar en lyftuna geta verið hluti af heilsueflingu. Fyrir fólk sem vinnur kyrrsetuvinnu er kjörið að fara í stuttan 10 mínútna göngutúr í hádeginu. Slíkir göngutúrar hafa ekki eingöngu heilsueflingu sem langtímaafleiðingu heldur skila þeir sér strax í betri vinnuafköstum.

Allir ættu að geta fundið sér hreyfingu við hæfi og geta varið þó ekki sé nema 30 mínútum á degi hverjum í að bæta eigin lífsgæði.

*Unnið í samvinnu við skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar á LSH.*

# Jamie í krossferð gegn fitu

***Sjónvarpskokkurinn Jamie Oliver vill að Bandaríkjamenn taki sér til fyrirmyndar herferð hans gegn óhollum mat í breskum grunnskólum.***

Jamie Oliver hefur á undanförnum árum barist hart fyrir því að boðið verði upp á hollari skólamáltíðir í breskum skólum til að sporna við offitu barna sem er vaxandi vandamál þar í landi. Er skemmst frá því að segja að kokkurinn vann skóla- og heilbrigðisvöld að lokum á sitt band eftir þó nokkurt mótlæti.

Nú vill Oliver að Bandaríkjamenn feti í fótspor Breta með því að endurskoða skólamáltíðir barna, ekki síst í ljósi þess að offitutilfelli á meðal barna og unglinga hafa þrefaldast frá árinu 1980. 17 prósent bandarískra barna glímdu þannig við offitu árið 2004 og er spáð að sú tala hækki upp í 20 prósent verði ekki gripið til aðgerða.

Í nýlegu viðtali sagði Oliver hægan leik fyrir feitustu þjóð heims að taka upp heilsusamlegri matarvenjur fyrst Bretar, feitasta þjóð Evrópu, gátu það. Sökum anna segist Oliver þó ekki ætla af stað í nýja krossferð, auk þess sem hann óttast að Bandaríkjamenn taki því óstinnt upp fari Breti að segja þeim til verka. „Þeir munu ekki meta hreinskilni mína," sagði nakti kokkurinn við það tilefni. *-rve*



Jamie Oliver vill að Bandaríkjamenn endurskoði matarræðið.



Umræðan um fyrirbura og rétt þeirra er sífellt í deiglunni. NORDICPHOTO/GETTY IMAGES

# Hvaða börn eiga að lifa?

***Fyrirburum sem fæðast í 22. viku meðgöngu ætti ekki að halda lifandi samkvæmt nefnd sem fer með siðfræði í líftækniiðnaði í Bretlandi.***

Nefndin byggir skoðun sína á rannsóknum á fyrirburum tveggja síðustu ára í Bretlandi. Börn sem fæðast á 22. viku meðgöngu lifa fæst en þau sem það gera eru flest mikið fötluð andlega og líkamlega.

Einungis eitt prósent barna sem fæddust í 22. viku lifði áfram. Ekkert barn sem fæddist í 21. viku lifði en þau sem fæðast á 23. viku lifðu í 17 prósentum tilvika. Börn sem fæddust í 25. viku meðgöngu lifðu hins vegar í 50 prósent tilvika. Það er því ljóst að hver vika skiptir miklu máli.

Læknar og foreldrar meta í hverju tilviki fyrir sig hvort halda eigi lífi í börnum með tækjabúnaði. Ráðið hvetur til að svo verði áfram en áréttar að ekki sé siðferðilega rétt að leggja á börn erfiðar og sársaukafullar aðgerðir ef lífslíkur og líkur á eðlilegu lífi eru hverfandi. *-tg*

## Reykingar valda astma

BANDARÍSK RANNSÓKN BENDIR TIL ÞESS AÐ UNGLINGAR SEM REYKI SÉU FJÓRUM SINNUM LÍKLEGRI TIL AÐ FÁ ASTMA EN ÞEIR SEM EKKI REYKJA.

Rannsóknin fór fram á vegum suður-Kaliforníuháskólans og hefur staðið yfir í rúm 15 ár. Byrjað var að fylgjast með börnum í móðurkviði, hvaða áhrif reykingar mæðra hefðu á þau og svo var þeim fylgt eftir til dagsins í dag.

Niðurstöðurnar sýna að unglingar sem reykja eru um fjórum sinnum líklegri til að fá astma en jafnaldrar þeirra sem reykja ekki. Sé litið til þess hvort móðirin reykti á meðan meðgöngu stóð eru niðurstöðurnar sláandi. Börn sem reykja og urðu fyrir áhrifum reykinga í móðurkviði eru níu sinnum líklegri til að fá astma. Vitað er að reykingar hafa mjög skaðleg áhrif á heilsuna en hingað til hefur ekki náðst að sýna fram á tengsl þeirra og astma. Tekið skal fram að rannsakendur slá þann varnagla að eðlilega geti fleiri þættir spilað inn í en reykingar. *-tg*



Smoothies
ávaxtadrykkir eru úr pressuðum ávöxtum, án allra aukaefna, án viðbætts sykurs.
100% hreinn safi
arka ehf • s. 899 2363

Svefn & heilsa
www.svefn.is
SOFÐU VEL UM JÓLIN • JÓLATILBOÐ
Eitt með öllu
S-CAPE WALLHUGGER
Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Dæmi: 180 x 200 cm kr. 399.900 stgr.
JÓLAPAKKI
að verðmæti kr. 31.580 fylgir öllum stillanlegum hjónarúmum
2 IQ-CARE heilsukoddar
2 hlífðardýnur og 2 lök
Loftrúm án rafmagns
SWISSFLEX
50 ára reynsla
Einstök fjöðrun
Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Dæmi: 180 x 200 cm kr. 279.900 stgr.
IQ-CARE HEILSUKODDAR
Verð medium kr. 6.990
Konfektkassi fylgir hverjum seldum heilsukodda
Vinsælasta jólagjöfin
Mest selda stillanlega rúmið
Frábær reynsla
PROFLEX
Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Dæmi: 180 x 200 cm kr. 229.900 stgr.
IQ-CARE HEILSUDÝNUR
iq-care.com
Queen rúm kr. 129.900
King rúm kr. 159.900
Þrýstijöfnun er lykilorðið
Frí heimsending og uppsetning á stillanlegum rúmum. Frí heimsending á öllum heilsudýnum.
Gildir á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri og nágrenni. Safnsendingar sjá www.svefn.is
www.charold.com
Eikarhúsgögn
ChristianHarold
Heilsunuddstóll
Verð nú kr. 440.000
Verð áður kr. 490.000
Nuddar í takt við tónlist
Chiropractic
FLIPFREE
Sú besta
samkvæmt stærstu samtökum kírópraktora í heimi
JÓLAPAKKI
fylgir öllum heilsurúmum
Dæmi: Queen kr. 22.180
Dæmi: King kr. 24.680
Pífa, hlífðardýna og 2 lök
www.wguk.com
WILLIS & GAMBIER
Lille Collection
Þýskar hágæðasængur
betty www.betty.de
NASA Outlast með 100% hvítum Siberíu gæsadúni • Thalascá dúnsængur og koddar fyrir asmasjúklinga. • Thinsulate sængur. www.thinsulate.com • Sængur úr camelhárum, silki eða kasmír • Sensofill sængur og heilsukoddar
MINE silkidamask sængurverasett í gjafapakkningum
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

**Ullarkjólarnir** sem eru í tísku núna ættu að koma að góðum notum í kuldanum. Til vonar og vara er gott að fara í tvennar leggings.



Ný bók
Rósaleppaprjón í nýju ljósi
Handprjónasambandið
Skólavörðustíg 19 • 552 1890
www.handknit.is





Frábært úrval af leður- og loðskinnsjökkum og kápum
Drangey
Smáralind, sími 528 8800,
www.drangey.is




allt tilboð
Alla föstudaga



Sportlegur með derhúfu



Leðurjakkaklæddur töffari.




Sean Diddy Combes kynnir nýja ilminn Unforgivable í valdsmannslegum frakka.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Hin mörgu andlit Diddy

***Hann þykir einstaklega töff týpa, smartur í tauinu og svalur með eindæmum.***

Það eru fáir sem hafa breytt um nafn jafn oft og söngvarinn, dansarinn, plötuframleiðandinn, leikarinn og rapparinn Sean John Combs, en því nafni var hann skýrður er hann fæddist í nóvember 1969. Síðan þá hefur hann gengið undir nafninu Puff Daddy, Puffy, P. Diddy já eða bara Diddy eins og hann vill kalla sig í dag. (Hann er þó enn kallaður P. Diddy í Bretlandi eftir að hann tapaði máli gegn öðrum söngvara að nafni Diddy).

Diddy ræður yfir fjölmiðlaveldi sem nær yfir meðal annars plötufyrirtækið Bad Boy Records, kvikmyndaframleiðslu, tvo veitingastaði og síðast en ekki síst fatalínuna Sean John and Sean by Sean Combs.

Diddy hratt fatalínu sinni af stað árið 1998 og hefur notið mikillar hylli. Sean John línan er mjög vinsæl innan hip-hop geirans og jafnast þar á við fatamerkið Phat Farm. Árið 2004 var Diddy valinn hönnuður ársins fyrir herrafatnað af samtökum fatahönnuða í Bandaríkjunum.

Í ár var svo settur á markað fyrsti ilmurinn frá Sean John sem kallaður er Unforgivable og var framleiddur af Estée Lauder. Sala rakspírans gekk framar vonum og seldist tvö hundruð prósent meira en gert var ráð fyrir. Hann er nú mest seldi rakspírinn í Bandaríkjunum.

Sean John fatamerkið er aðallega selt í verslunum Macy's en einnig í Sean John búðinni á 475 stræti í New York sem opnaði síðla árs 2006.

Það er því varla hægt að segja annað en að maðurinn með nöfnin mörgu sé einstaklega farsæll, og ekki síður flottur í tauinu.

*solveig@frettabladid.is*



Viðskiptajöfurinn Sean Combs.



Honum ætti ekki að verða kalt í þessum gæðalega jakka með loðkraga.



Diddy kemur á MTV Video tónlistarverðlaunin í ágúst. Silfruð jakkafötin svolítið í anda Ray Charles.

Gallabuxur, hvít skyrta, prjónuð peysa og rúskinnsjakki. Heildarútlitið er síðan fullkomnað með flottum sólgleraugum.

Diddy er þó ekki alltaf jafn smart.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

### Spegill, spegill herm þú ...

Snyrtivöruheimurinn er enginn smáiðnaður og það er ekki að ástæðulausu sem flest stóru tískuhúsin blanda sér í þann slag. Sum hver eru reyndar eingöngu í heimi ilmvatna og rakakrema líkt og Guerlain en önnur líta á snyrtivörurnar sem aukabúgrein enda getur metsöluilmvatn rakað saman heilmiklum upphæðum. En snyrtivöruiðnaðurinn er harður heimur og nauðsynlegt að vera í sífelldri endurnýjun til að halda markaðshlutdeild sinni eða að auka hana eins og markmiðið er nú oftast. Mikill vill meira.

Hjá stóru tískuhúsunum eins og Yves Saint Laurent, Chanel og Dior, sem eru gríðarlega sterk í þessum geira, er snyrtivöruframleiðslan aðskilið fyrirtæki. Þar eru stórar rannsóknarstofur sem leita stöðugt nýjunga, prófa vörurnar, ráða fólk í vinnu við að nota þær og fylgjast með áhrifunum sem þær hafa. Á haustin er af nógu að taka í nýjungum.

Í förðun eru tískulitir eins og í annarri tísku. Í vetur er það til dæmis Parísarstíllinn sem gildir í varalit, hárautt eins og nýi rauði Ópíumvaralliturinn frá YSL. Dior hefur einnig sent frá sér rauðan varalit sem Monica Belucci kynnir og heitir einfaldlega Rouge Dior. Tískan er undir áhrifum sjöunda áratugarins og litirnir í snyrtivörunum fylgja. Því er mikið um fjólublátt, málmliti, gyllt og kopar. Pallíettur diskóáranna lifa góðu lífi.

Chanel markaðssetti í september alveg nýtt rakakrem sem á að gera kraftaverk. Það heitir Sublimage og kostar litlar 230 evrur krukkan (21.000 krónur) sem er með því allra dýrasta sem gerist í kremum. Þetta nýja krem á að gera allt í einu, næra húðina, minnka hrukkur og örva endurnýjun húðfruma. Ótrúlegt en satt, þetta dýra krem selst mjög vel og ég get svo sem tekið undir að það sé ágætt þar sem ég var svo heppinn að prófa það. Skal hins vegar ekki segja neitt um kraftaverkið, hef meiri trú á íslensku lýsi sem ég hef flutt með mér út í tíu ár.

Annað sem er nú orðið ómissandi eru ýmiss konar hrukkukrem sem vinna á djúpum hrukkum, til dæmis í kringum munn (blómavasinn frægi) eða á enni. Lancaster hefur til dæmis sent frá sér eitt slíkt, Wrinkle Lab. Hjá Chanel er það Micro Solutions sem er á boðstólum og er selt með eins konar míní-kíttispaða. Í orðsins fyllstu merkingu á semsagt að sparsla í hrukkurnar!

Snyrtivörusalarnir luma sömuleiðis stundum á fegurðarleyndarmálum. Vissuð þið til dæmis að sólbrúnkukremi á að blanda saman við rakakrem áður en það er borið á andlitið til þess að liturinn verði jafn?

Leyndarmál eilífrar æsku er þó ekki enn fundið þrátt fyrir lausnir fjölda snyrtivöruframleiðenda. Líklega best að halda áfram að drekka vatn, sofa vel og taka lýsi.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*

# Skart í stað skófatnaðar

***Hin umdeilda Imelda Marcos, fyrrverandi forsetafrú á Filippseyjum, markaðssetur eigin skartgripalínu.***

Marcos byggir línuna á eigin skartgripum, og verður hún í ódýrari kantinum miðað við fyrirmyndirnar, enda ætlað að höfða til ungu kynslóðarinnar.



Imelda Marcos þótti þokkadís á sínum sokkabandsárum. Nú er hennar einkum minnst fyrir spillingu í forsetatíð eiginmannsins

Marcos var vægast sagt mjög umdeild í forsetatíð eiginmanns síns, ekki síst fyrir óhóflegt líferni, sem braust meðal annars fram í gríðarlegu skósafni, en þegar mest lét taldi það 3.000 skópör.

Marcos, sem á yfir höfði sér allt að þúsunda ára fangelsisvist í heimalandi sínu fyrir almenna spillingu, hefur að vonum gengið illa að losna við þá neikvæðu ímynd sem fylgir henni allt frá forsetatíð eiginmannsins. Með markaðssetningu skartgripalínunnar vonast frúin til að breyting verði þar á.



Imelda er afar hrifin af skóm.

*-rve*


# Jakkafatadagar

Vönduð jakkaföt á frábæru verði




galleri sautján

Kringlunni s.512 1750 - Laugavegi s.512 1717 - www.ntc.is


# Nýjung fyrir verðandi mæður

***Mama mio eru nýjar vörur á markaðnum en að baki merkinu standa þrjár vinkonur sem samanlagt hafa eignast sjö börn.***

Allar vörurnar frá Mama Mio eru framleiddar með því markmiði að vernda húðina á meðgöngunni og reyna að koma í veg fyrir slit. Að baki merkinu standa þrjár breskar konur sem allar hafa starfað í snyrtivörugeiranum til fjölda ára, en á þessum árum hafa þær viðað að sér víðtækri þekkingu um verndun húðarinnar. Undirstaðan í vörunum frá Mama Mio eru margs konar olíur, en vörurnar eru unnar í umhverfi sem er viðurkennt af FDA (Food and Drug Administration). Olíurnar eru m.a. gerðar úr lofnarblómi, sítrónu, appelsínu og ylang ylang. Vörurnar frá Mama Mio eru m.a. fáanlegar í apótekum og snyrtivöruverslunum.




Superstretch Tummy Rub með rosehip-, hveitikíms- og bórvatnsolíum. Þessari olíu er ætlað að draga úr líkum á sliti. Olíurnar í flöskunni auka á teygjanleika húðarinnar, koma í veg fyrir kláða og gefa góðan ilm.




Superfirm Boob Tube með avókadó olíu, shea butter og CoQ10. Rakamaski fyrir barminn sem þarf hvorki að þurrka né þvo af. Viðheldur kollageni í húðinni og varnar því að slit myndist á brjóstunum.




















Emilía Benedikta Gísladóttir er dansari hjá Íslenska dansflokknum. Hún erfði nælu frá langömmu sinni og keypti peysu með það í huga að hún færi vel við næluna. FRETTABLADID/VILHELM

# Ég er kuldaskræfa

***Emilía Benedikta Gísladóttir er dansari sem vill helst ekki láta væsa um sig.***

„Ég fór út í búð þegar það byrjaði að kólna í haust og keypti mér hlýja og góða peysu, enda er ég svo mikil kuldaskræfa,“ segir Emilía sem fékk þessa hlýlegu peysu í Debenhams. „Ég valdi hana líka svolítið út frá því að geta notað næluna mína, en ég erfði fallega nælu af langömmu minni sem ég festi alltaf í peysuna. Þessi næla er orðin meira en sjötíu ára í dag. Mér finnst það svo heillandi tilhugsun að ganga núna með sama skartgrip og langamma mín gerði fyrir sjötíu árum,“ segir Emilía.

Emilía er dansari hjá Íslenska dansflokknum. Hún hefur dansað frá því hún var barn að aldri en eftir að hún varð sextán ára vissi hún að þetta vildi hún leggja fyrir sig og nú er hún að dansa annað árið í röð með flokknum. Um þessar mundir stendur Íslenski dansflokkurinn fyrir fjölskyldusýningu þar sem börn fá frían aðgang en Emilía segir sýninguna mjög kraftmikla og reyna vel á dansarana. Næstu tvo laugardaga eru síðustu sýningar í Borgarleikhúsinu svo áhugasamir geta farið og fylgst með Emilíu dansa, en þó ekki í peysunni. *mhg@frettabladid.is*


Mjúkar og hlýjar
og á góðu veði



~~9.160 kr.~~ Vík, Power Stretch® 4.540 kr.
~~17.800 kr.~~ Tindur, Technical 8.900 kr.
~~14.490 kr.~~ Tindur, Wind Pro 7.245 kr.
~~13.340 kr.~~ Askja, Light 6.670 kr.

ÚTSÖLUMARKAÐUR
66° NORÐUR
Faxafeni 12, Reykjavík• Glerárgötu 32, Akureyri. Opið 9-18 virka daga og 10-16 laugardaga. www.66north.is



allt matur
Alla föstudaga



## Bindi og skyrtur

Það eru ótal margar leiðir til að binda rétta bindishnútinn; Það er til Windsor-hnútur, hálfur Windsor-hnútur, Prince Albert-hnútur og margir fleiri. Hnúturinn skiptir fagurkerann auðvitað miklu máli, en svo þarf einnig að gæta þess að bindið og skyrtan fari vel saman. Oft getur það verið mikill höfuðverkur að velja rétta bindið við réttu skyrtuna en hér eru nokkrar ábendingar sem hægt er að hafa að leiðarljósi:

**1. Passaðu upp á litasamsetningu.**
Þetta er mjög mikilvægt. Veldu lit sem fer vel við bindið. Jarðlitir passa alltaf vel saman en það er líka gaman að vera djarfur. Til dæmis getur verið flott að nota bleikt bindi við dökkbrúna skyrtu. Kemur betur út en margan myndi gruna.

**2. Gættu þess að munstrin passi saman.**
Skræpótt skyrta og skræpótt bindi geta gert flogaveikum grikk. Það slær einhverju saman í höfðinu og fólki líður bara illa. Ef þú ætlar að fara í skyrtu sem er skræpótt, gættu þess þá að bindið sé í einhverjum einum lit sem er áberandi í skyrtunni og hafðu það einlitt. Það sama á við um skræpótt bindi, ef þú kýst að nota svoleiðis, þá skaltu fara í skyrtu sem er einlit og ekki of áberandi.

**3. Köflótt er málið.**
Ef þú ætlar að fara í köflótta skyrtu og nota köflótt bindi í stíl, þá máttu gera það svo lengi sem munstrið á skyrtunni er mjög smágert, litlir og einfaldir kaflar (tveir litir) á skyrtunni og stórir kaflar á bindinu.

**4. Fíngerð munstur, gróf munstur**
Ef skyrta er smámunstruð er mjög sniðugt að nota grófmunstrað bindi eða öfugt. Ekki þarf að hafa miklar áhyggjur af litnum ef skyrtan er á hlutlausa svæðinu, þ.e.a.s. grá, hvít eða svört. Þetta kemur einstaklega vel út og mundi gera Johnny Depp ánægðan.

-óhó






# Svart er svalt, líka á nöglum

*Nýjungar frá Opi á markaðinn.*

Opi fyrirtækið er eitt það þekktasta í heiminum í dag þegar kemur að því að framleiða naglalökk. Nú hefur þetta þekkta fyrirtæki sett á markaðinn tvo nýja liti. Annar er svartur eins og nóttin og hitt rautt eins og bær sem einhver hefur málað rauðan. Svartmálaðar neglur hafa átt miklu fylgi að fagna síðustu misserin og í dag eru það ekki bara rokkarar sem nota svart naglalakk, heldur einnig glæsigellur á borð við Jessicu Alba. Rauða naglalakkið hefur einnig verið vinsælt undanfarið, en það má kalla alveg sígilt. Hvort sem er á Marilyn Monroe heitinni fyrir fimmtíu árum eða Ashlee Simpson í síðasta mánuði.

*mhg@frettabladid.is*



Hollywood-skutlan Jessica Simpson með Big Appel Red, nýja naglalakkið frá Opi.



Big Appel Red heitir þetta eldrauða naglalakk sem meðal annars hefur heillað Hollywood-stjörnurnar, enda fátt meira „hot" en eldrauðar neglur.



Lincoln park at midnight, heitir þetta flotta naglalakk frá Opi sem er nánast biksvart en hefur örlítinn undirtón af lit eggaldins.























Gull í grjóti hefur verið starfsrækt í rúmt ár og gengur vonum framar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ný skó-vörumerki brátt á boðstólum

*Í versluninni Gull í grjóti á Skólavörðustíg 4 er gott úrval af skófatnaði.*

„Við sérhæfum okkur fyrst og fremst í skóm á alla fjölskylduna, en einnig í fallegu skarti og töskum,“ segir Sigrún Halldórsdóttur, einn verslunareigenda Gulls í grjóti.

„Hérna fást til að mynda mjög vandaðir Neri-skór á konur og karlmannsskór, -veski og -belti frá Lorenzi, virtu vörumerki frá Mílanó á Ítalíu,“ heldur Sigrún áfram. „Einnig skal getið skófatnaðar frá hinu vinsæla vörumerki Diego Bellini. Í raun gæti ég haldið upptalningunni endalaust áfram.“

Rúmt ár er síðan Gull í grjóti var opnuð og segir Sigrún viðtökurnar hafa farið fram úr björtustu vonum. „Ég hef ekki slegið slöku við síðan hér var opnað,“ útskýrir hún og bætir við að sérþekking sín á skófatnaði eigi vafalaust þátt í aðsókninni, en hún vann um árabil í Skóverslun Steinars Waage.

Að sögn Sigrúnar er margt á döfinni, en sem dæmi má nefna að hún hyggst brátt bjóða upp á ný vörumerki frá Danmörku. „Ég er dugleg við að endurnýja framboðið í versluninni,“ útskýrir hún. „Fyrir þær sakir er alltaf eitthvað nýtt og fallegt í hillunum. Það er bara um að gera og kynna sér úrvalið.“

*roald@frettabladid.is*

# Uppáhalds snyrtivaran

***Vaselín er til margra hluta nytsamlegt.***

Það hljómar kannski hálf ótrúlega en vaselín er sú „snyrtivara“ sem oftast er nefnd þegar fyrirsætur og aðrar flottar skvísur, eru spurðar út í það hver sé uppáhalds snyrtivara þeirra. Vaselín, eða petroleum jelly, er til margra hluta nytsamlegt en fyrst og fremst er það einangrandi eiginleiki þess sem gagnast okkur við vaselínið.

Þegar það er borið á þurr svæði líkamans, t.d. varirnar, þá einangrar það náttúrulegan raka og varnar því að hann „sleppi út“. Þess vegna er það mjög heppilegt þegar um mikinn þurrk er að ræða. Petroleum jelly er einnig mikið notað sem hráefni í aðrar snyrtivörur, nánast annað hvert krem sem við notum inniheldur eitthvað af petroleum jelly. Fyrsti maskarinn sem var búinn til innihélt vaselín og kolaryk og nafn hans, Maybelline, var dregið af kvenmannsnafninu Mabel og svo Vaseline. Til að lengja líftíma ilmvatns má líka bera svolítið vaselín á úlnliðina áður en ilmvatninu er úðað á, þá endist það töluvert lengur.

Á heimilinu kemur vaselín líka oft að miklu gagni, t.d. má smyrja því ofan í kertastjaka til að varna því að vaxið festist og svo dugar það vel til að fjarlægja varalitabletti úr fötum (en þá er það borið á blettinn áður en hann fer í þvott).

*mhg@frettabladid.is*



Vaselín má t.d. nota til að fjarlægja varalitabletti, lengja líftíma ilmvatns og sem varaáburð. Ef hart er í ári er líka hægt að bæta matarlit út í vaselín og þá ertu kominn með ágætan kinna- eða varalit.





# SIMON COWELL

*Hugarsmíð Idol-dómara slær í gegn. Vildi gefa dómurum meiri völd.*

[ SÉRBLAÐ UM X-FACTOR – FIMMTUDAGUR 16. NÓVEMBER 2006 ]

# X-Factor




# JÓLABLAÐIÐ 2006

**Nú styttist í jólin og Fréttablaðið gefur út veglegt jólablað 30. nóvember.**

Jólablað Fréttablaðsins verður stútfullt af skemmtilegu jólaefni. Í blaðinu má sjá fólk á öllum aldri undirbúa jólin, uppskriftir að jólamat - bæði hefðbundnar og óhefðbundnar - og allrahanda jólakökur og kræsingar. Þetta er blað sem nauðsynlegt verður að hafa við höndina og sækja hugmyndir í alla liðlanga jólaföstuna.

Föndur - kort - siðir - tré - konfekt - skraut - kökur - glögg - sokkar - dúkar - súkkulaði - piparkökuhús - englar - kransar - kúlur... svo fátt eitt sé nefnt!



102.000 EINTÖK MEÐ FRÉTTABLAÐINU

**Upplýsingar veita:**

Ruth Bergsdótir • Sími 550 5876 • GSM 694 4103 • ruth@frettabladid.is eða
Helga Kristjánsdóttir • Sími 550 5821 • GSM 695 0044 • helga@frett.is

FRÉTTABLAÐIÐ
– stærsti fjölmiðillinn



Halla Vilhjálmsdóttir hefur skemmt sér afar vel við tökurnar á X-Factor.

# Gott að þurfa ekki að senda fólk heim

## Halla Vilhjálmsdóttir er fegin að vera góði karlinn.

Leikkonan Halla Vilhjálmsdóttir er kynnir í X-Factor og bíða margir spenntir eftir því að sjá frumraun hennar sem þáttastjórnandi í sjónvarpi.

Hún segir að stemningin innan hópsins sé óvenju góð. „Fólk er mjög samrýnt og það skemmta sér allir ótrúlega vel. Maður er búinn að eignast fullt af vinum," segir Halla, sem ber kollegum sínum sem starfa að þættinum einnig vel söguna: „Það eru margir hérna búnir að vinna saman í allt upp í tuttugu ár og það er algjör heiður að fá að vinna með þessu fólki."

Að sögn Höllu hefur hlutverk hennar í þættinum verið æðislega skemmtilegt en einnig miklu erfiðara en hún bjóst við. „Þetta á hug minn allan og er virkilega viðamikil vinna. Það fer náttúrlega allt í þetta en þetta er eiginlega draumavinna, sérstaklega þar sem ég fæ að vera góði karlinn og þarf ekki að henda neinum út."

Halla var búsett úti í Bretlandi þegar hún sá X-Factor fyrst á skjánum. Heillaðist hún mikið af því sem fyrir augu bar. „Það sem mér fannst svo sniðugt var hvað þetta hentar vel til að taka við af Idolinu. Þetta er svona eðlilegt framhald og fólk þarf á svona þáttum að halda. Þetta er reyndar allt annar þáttur en Idol en samt með sönghæfileikum og prufum. Þetta er miklu flóknari þáttur, bæði erfiðari og stærri," segir hún.

Halla segist ekkert hafa óttast að taka við kefli þáttastjórnanda af þeim Simma og Jóa. „Það eru mjög erfið fótspor að feta í enda eru þeir sérlega vel liðnir hjá þjóðinni og yndislega góðir í því sem þeir gera. En maður verður bara að vera maður sjálfur og vona það besta."

# Formsatriði að vinna keppnina

## Einar Bárðarson segist vera miklu naskari en Palli og Ellý

„Það er mikil spenna og ég hlakka mjög mikið til að sjá fyrsta þáttinn", segir Einar Bárðarson sem er Íslendingum að góðu kunnur fyrir störf sín sem dómari í Idol-stjörnuleit Stöðvar 2 og umboðsmaður margra af þekktustu tónlistarmanna landsins. Hann snýr aftur í X-Factor keppninni og hefur óneitanlega svolítið forskot á hina dómaranna enda gefið út fjölda plata og er meðal annars ábyrgur fyrir ævintýralegri velgengni Nylon-flokksins í Bretlandi. „Áheyrnarprufurnar voru miklu frjálslegri heldur en aðrir þættir sem ég hef tekið þátt í," bætir umboðsmaðurinn við sem staddur var í London þegar Fréttablaðið náði tali af honum.



„Mér er náttúrlega harðbannað að ræða innihald þáttanna en get upplýst að ég skemmti mér konunglega," útskýrir Einar og segir þetta hafa verið spennandi og fjölbreyttan hóp með blöndu af hæfileikalausu og hæfileikaríku fólki. „Mér fannst sérstaklega gaman af þessu eldri hóp sem mætti en þetta er í fyrsta skipti sem hann fær að spreyta sig í svona þætti," segir Einar.

X-Factor er ekki síður keppni milli dómaranna en Einar segist vera áhyggjulaus. „Ég er miklu naskari en þau Ellý og Páll Óskar þannig að þetta er bara formsatriði að klára þetta," segir Einar og hlær. „Þau ætla samt að veita mér verðuga samkeppni og maður spilar jú aldrei betur en mótherjinn leyfir," bætir Einar við. „Ég verð bara að vera þefvís á rétta fólkið."

# Ekki markmiðið að rústa hinum dómurunum

## Páll Óskar segir X-Factor fyrst og fremst keppni milli þátttakendanna.

„Þetta er búið að vera æðislegt," segir Páll Óskar Hjálmtýsson, einn af dómaratríóinu í X-factor. „Þetta er í stuttu máli Idol fyrir fullorðna en þegar þú byrjar að fylgjast með þættinum tekurðu eftir að það eru nokkrar áherslubreytingar sem eru mjög ólíkar Idolinu. Þetta er mun mannúðlegra og meira sanngjarnt," bætir hann við og heldur áfram: „Það er mun meiri ábyrgð á okkur dómurunum. Við sitjum ekkert bara þarna og dæmum heldur tökum við að okkur ákveðna keppendur og þjálfum þá upp. Við erum eiginlega búin að vera í hálfgerðum herbúðum með okkar keppendum og höldum því áfram þótt myndavélarnar séu ekki alltaf á okkur. Síðan mætum við bara æðislega stolt í janúar með fjóra bestu keppendurna okkar, að okkar áliti. Þannig að það eru fjögur bestu atriðin frá hverjum dómara sem keppa til úrslita. Þetta er fyrst og fremst keppni milli þátttakendanna. Góðlátleg samkeppnin milli okkar dómaranna er þar algjört aukaatriði. Ég er ekki að fara að mæta í Smáralindina með það að markmiði að rústa Ellýju og Einari, heldur mæta með mitt fólk og treysta því að það geri sitt. Sjálfur ætla ég ekki að vera með neinar „rúst" og „burst" yfirlýsingar."



Páll Óskar er spenntur fyrir X-Factor sem hefst á morgun.

Páll Óskar segir ekki ólíklegt að það verði eitthvert drama á milli dómaranna þegar kemur að því að senda einhvern heim. „Eðli málsins samkvæmt erum við alltaf að velja út eitt af okkar atriðum. Þannig að við þurfum aldeilis að rökstyðja okkar mál," segir hann en hann er afskaplega ánægður með samstarfið innan dómnefndarinnar.

„Það besta við þennan þátt, eins og ég upplifi hann, er að það er svolítið verið að slá á goðsögnina um að fólk sem er orðið eldra en þrítugt geti ekki orðið poppstjörnur. Það versta er að fólk selur sér þetta sjálft og trúir því að það sé ekki gjaldgengt í eitt eða neitt eftir þrítugt. Þetta er alrangt og við erum að afsanna þessa kenningu í þessum þætti. Það eru allir keppendurnir búnir að koma sjálfum sér á óvart," segir Páll Óskar.

# Ég rúlla þessu upp

## Ellý Halldórsdóttir er þakklát fyrir að fá að vera með í X-Factor

„Þetta hefur verið rosalega gaman, og eiginlega miklu, miklu skemmtilegra en ég bjóst við. Ég er bara mjög þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til að taka þátt í þessu," sagði Ellý Halldórsdóttir, eða Ellý úr Q4U, um undangengna mánuði í X-factor. „Allir sem komið hafa að þessari keppni hafa líka verið svo hæfir og fagmannlegir. Ég hef heyrt það frá keppendunum, það voru allir svo ánægðir," sagði hún.

Ellý kveðst handviss um að í röðum keppenda í X-factor leynist framtíðarstjarna. „Það er ekki spurning. Þetta var allt mjög gott fólk og hár standard. Það var hrikalega erfitt að velja úr svona flottum hópi," sagði Ellý. Hún mun þó ekki missa svefn yfir ákvörðunum sínum. „Ef það stoppar fólk að komast ekki í gegn í þættinum hafði það ekkert að gera þar til að byrja með. Ef fólk ætlar virkilega að ná árangri heldur það bara áfram og bætir það sem þarf að bæta," sagði Ellý.

Fram undan eru stífar æfingar með þeim fjórum keppendum sem Ellý hefur tekið undir verndarvæng sinn. „Ég ljóstra engu upp um hvað við tökum okkur yfir hendur á þeim æfingum. Nú er ég náttúrlega komin í keppni við Palla og Einar. En þetta er allt útpælt hjá mér, eins og mín er von og vísa," segir Ellý og hlær. „Svo rúlla ég þessu upp í Smáralindinni," bætir hún ákveðin við.



Ellý er með úthugsaða áætlun um hvernig hún ætlar að sigra Palla og Einar.

# Hvað er sjónvarpsþátturinn X-Factor?

Þrátt fyrir að X-Factor sé leit að næstu stjörnu er þátturinn um margt ólíkur því sem sjónvarpsáhorfendur eiga að venjast frá Idol-stjörnuleit. Þar misstu til að mynda dómarar öll völd þegar kom að símakosningu en í X-Factor er vald þeirra mun meira. Að sama skapi eru ekki gerðar kröfur um aldurstakmörk, eina skilyrðið er að keppendur séu orðnir sextán ára auk þess sem sönghópar og hljómsveitir eru boðin velkomin. X-Factor er skipt upp í fjóra mismunandi hluta sem hver tekur við af öðrum. Fyrsti hlutinn eru hefðbundin áheyrnarpróf þar sem dómnefndin kemur sér saman um að velja áfram vænlega keppendur en að þeim loknum taka við svokallaðar vinnubúðir. Þar hefur þeim níutíu atriðum sem komust áfram verið deilt á milli dómaranna þriggja og þeim skipt upp í þrjá hópa; A-hóp sem er á aldrinum 16 til 24, B-hóp en það er fólk sem 25 ára og eldri og loks C-hópurinn sem samanstendur af sönghópum eða hljómsveitum. Keppendum fækkar jafnt og þétt í vinnubúðunum en þegar þeim er lokið hefur hver dómari yfir sex atriðum að ráða. Keppnin milli dómaranna harðnar eftir því sem lengra líður á þáttinn.

Þriðji hlutinn ber heitið Heima hjá dómurum en þar fá dómararnir þrír að kynnast þeim sem þeir hafa valið fyrir sína hönd ögn betur og geta í framhaldi af því vegið og metið hverjir verðskulda að komast áfram í úrslitaþáttinn sem er næsta stig þáttarins en þar berjast tólf keppendur eða atriði um að vera X-Factor, þessi óþekkta stærð. Síðasti hópurinn samanstendur af fjórum einstaklingum, fjórum eldri en 25 ára og fjórum sönghópum eða hljómsveitum. Dómurunum þremur er að sjálfsögðu mjög annt um að kynna sína keppendur fyrir þjóðinni og vilja veg þeirra sem mestan en slíkt getur valdið togstreitu og spennu þeirra á milli. Þjóðin fær að sjálfsögðu að láta sitt álit í ljós með símakosningu og sá sem fær fæst atkvæði verður sendur heim.




Idol-dómnefndin missti öll völd þegar áhorfendur heima í stofu fengu að kjósa sitt fólk áfram eða heim.


TOPSHOP Í X-FACTOR
TOPSHOP
SMÁRALIND I 522 8383



Halla Vilhjálmsdóttir gaf keppendum merki um hvenær þeir mættu fara inn á Nordica.



Góð stemning var meðal þátttakenda í áheyrnarprufunum á Akureyri eins og sjá má á þessum drengjum.



Það var völlur á strákunum á Akureyri þegar þeir mættu til leiks.



Kynnirinn Halla Vilhjálmsdóttir stillti sér upp með nokkrum þátttakendanna á Akureyri.



Kvikmyndatökulið X-Factor heilsaði upp á keppendur á Akureyri.



Skátarnir áttu sinn fulltrúa á Nordica.



Hópurinn á Nordica fylgdist vel með því hver yrði kallaður næst inn.



Dómaratríóið var ánægt með þann fjölbreytta hóp sem mætti í áheyrnarprufurnar.

# Góð stemning á áheyrnarprufunum

Þegar fyrstu áheyrnarprufurnar fyrir X-Factor voru haldnar á Hótel Nordica varð strax ljóst að mikil stemning var fyrir þættinum. Að morgni laugardags var löng röð fyrir utan Nordica af fólki sem vildi fá að spreyta sig. Áheyrnarprufurnar stóðu allan daginn og á sunnudeginum kepptu þeir bestu sín á milli um að fá að komast í þáttinn. Sama var uppi á teningnum á Akureyri helgina á eftir. Á meðfylgjandi myndum má sjá margt af því ágæta fólki sem spreytti sig í áheyrnarprufunum.

## Dagskráin fram til áramóta

**17. NÓVEMBER**
Áheyrnarpróf á Hótel Nordica í Reykjavík, fyrri þáttur. Dómnefndin velur keppendur til þátttöku í næstu umferð. (Vinnubúðir)

**24. NÓVEMBER**
Áheyrnarpróf á Hótel Nordical í Reykjavík, seinni þáttur. Dómnefndin heldur áfram að velja keppendur til þátttöku í næstu umferð.

**1. DESEMBER**
Áheyrnarpóf á Hótel KEA Akureyri
Dómnefndin velur áfram keppendur á Akureyri til þátttöku í næstu umferð.

**8. DESEMBER**
Þeim hundrað keppendum sem komust áfram eftir áheyrnarprófin er skipt í þrjá hópa. 24 ára og yngri, 25 ára og eldri og sönghópa. Einar, Palli og Ellý fá að vita hvað hópur fellur þeim í skaut. Þau halda síðan hvert í sínar vinnubúðir með sinn hóp.

**15. DESEMBER**
Vinnubúðir. Dómararnir halda áfram að fækka í hópunum sínum.

**22. DESEMBER**
Vinnubúðir. Dómararnir fækka keppendum þannig að einungis verði sex atriði flutt.

**29. DESEMBER**
Heimsókn til dómarans. Dómararnir fá keppendur í heimsókn sem fá lokatækifæri til að heilla þá.

**1. JANÚAR**
Heimsókn til dómarans. Eftir tveggja daga heimsókn ákveða þau Ellý, Páll Óskar og Einar hvaða fjögur atriði fylgja hverju þeirra í úrslitin.


EINSTAKT TILBOÐ!

***Verðlaunavélin Fujifilm Finepix F30*** *aftur komin á lager og nú á* ***meiriháttar tilboði****.*
*F30 með 512MB minniskorti kostar nú* ***kr. 39.900,-*** *(Rétt verð á pakkanum kr.51.650!)*
*Aðalatriði - einstakt ljósnæmissvið, – ISO100-3200,*
*ótrúleg rafhlöðuending, – 580 skot á hleðslu,*
*leiftursnögg að kveikja og taka.*




***Allt sem maður þarf í handhægri myndavél!***

*Sjá nánar á ljosmyndavorur.is*

TIPA vél ársins 2006





FUJIFILM

LJÓSMYNDAVÖRUR
Skipholti 31, sími 568-0450 ljosmyndavorur.is

BETRI MYNDIR!




# Bose
# Gæði og einfaldleiki

**Bose 321 heimabíókerfið leyfir þér að njóta tónlistar og kvikmynda í góðum gæðum.**



## Tveir hátalarar í stað fimm

Tveir litlir hátalarar og falinn bassahátalari veita þér einstaka heimabíóupplifun að hætti Bose. Kerfið er laust við bakhátalara og snúrur sem veitir heimilinu fágað og smart yfirbragð.

## Þinn eigin plötusnúður

Bose 321 GSX kerfið er búið uMusic sem er þinn eigin plötusnúður. Þú hleður tónlistinni af geisladiskunum og geymir allt að 200 klst. af þinni tónlist í kerfinu. uMusic lærir á þinn smekk, veit hvað þér líkar og spilar það sem þú vilt heyra.

Kíktu í verslun Nýherja, Borgartúni 37,
og heyrðu hljóminn í Bose.

Opið alla virka daga frá 09:00 – 18:00
og á laugardögum frá 10:00 – 16:00.

BOSE®

NÝHERJI

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

# Hugarsmíð Simons Cowell slær í gegn

X Factor-keppnin hefst á Íslandi á morgun. Þótt keppnin eigi sér ekki langa sögu nýtur hún mikilla vinsælda um allan heim enda er bryddað upp á þeirri nýjung að dómarar eru ekki síður í keppni innbyrðis en þátttakendurnir sjálfir.

Hugmyndasmiðurinn á bak við X-Factor ætti að vera íslenskum sjónvarpsáhorfendum að góðu kunnur en það er Idol-dómarinn Simon Cowell. Er talið að hann hafi viljað koma á fót þætti sem hann ætti sjálfur sjónvarpsréttinn að. Hugmyndin hjá Cowell hefur væntanlega verið sú að nýta eigin vinsældir, sem eru töluverðar, og átti X-Factor að koma í staðinn fyrir Pop Idol sem ýtt var út í kuldann eftir tvær þáttaraðir.

Ekki gekk hins vegar þrautalaust fyrir Cowell og félaga að koma þættinum á legg á sínum tíma því gamall samstarfsfélagi Cowells, Simon Fuller, setti í fyrstu lögbann á þáttinn og taldi hann vera of líkan Pop Idol sem hann á heiðurinn að. Fyrirtækið hans 19 TV höfðaði því mál á hendur FreemantleMedia, Simon Cowell og fyrirtæki hans Simco and Syco. Málið rataði alla leið fyrir dómara en áður en hann komst að niðurstöðu sömdu nafnarnir um málalyktir og fær Fuller sinn skerf af öllum þeim gróða sem X-Factor aflar.

Þáttaröðin í Bretlandi hefur jafnframt fengið sína útreið í bresku pressunni því götublöðin þar hafa verið dugleg við að herja á þáttastjórnendur og þátttakendur. Þannig hafa þau Louis Walsh og Sharon Osbourne verið sökuð um „óheiðarleg“ vinnubrögð og Walsh sagður hygla keppendum sem hann þekkti áður en þeir tóku þátt. Hvað sem því líður hefur X-Factor á Bretlandi hlotið fjöldann allan af verðlaunum og hirti meðal annars The British Comedy Awards í fyrra. Breskir fjölmiðlar hafa hins vegar ósjaldan haldið því fram að þátturinn sé skipulagður í þaula, ákveðið sé fyrirfram hvaða atriði komist áfram og orðaskipti dómaranna séu skrifuð niður fyrirfram. Vakti það mikla undrun og athygli þegar Louis Walsh tilkynnti að hann hygðist ekki snúa aftur í einni þáttaröðinni og sakaði hina dómarana um einelti. Urðu fjölmiðlar enn sannfærðari um leikstýrðan þátt þegar Walsh settist í dómarasætið næstu helgi á eftir.

Íslendingar tengjast bresku útgáfunni nokkuð því Nylon-flokkurinn hefur sungið með tveimur þátttakendanna sem náð hafa nokkuð langt; þær kveikja á jólaljósum í breskum smábæ með sigurvegara fyrstu keppninnar, Steve Brookstein, og voru á tónleikaferðalagi með strákasveitinni Journey South sem náðu þriðja sætinu í fyrra.

Stjórnendur ITV sjá væntanlega ekki eftir þeirri ráðstöfun að leggja Cowell lið því yfir tíu milljónir manna horfa á hann, Sharon og Walsh berjast um bestu bitana. X-Factor-þátturinn er talinn vera eitt stærsta áheyrnarpróf Bretlands því þarna mega allir á aldrinum sextán ára og upp úr taka þátt. Áður en fyrsti þátturinn var gerður mættu fimmtíu þúsund þátttakendur, þeim fjölgaði í sjötíu og fimm þúsund fyrir næsta þátt og hafa verið í kringum hundrað þúsund fyrir þættina sem nú eru í gangi. Verðlaunin í Bretlandi eru heldur ekki af verri endanum, ein milljón sterlingspunda og plötusamningur og samkvæmt veðbönkum í Bretlandi fyrir þessi jól er líklegast að smáskífa sigurvegara X-Factor, sem krýndur verður í jólamánuðinum, komi til með að tróna á toppnum, en það ætti að gefa góða mynd af vinsældum þáttarins þar.

Nú þegar Íslendingar halda X-Factor í fyrsta skipti komast þeir í hóp með löndum á borð við Kasakstan, Belgíu, Ástralíu, Hollandi og Kólumbíu auk Rússlands. Samkvæmt lagaákvæðum má ekki gera X-Factor í Bandaríkjunum þar sem Simon Cowell er skuldbundinn American Idol.



Strákasveitin Journey South hefur verið á tónleikaferð um Bretlandseyjar og njóta þeir félagar töluverðra vinsælda


Þau Louis Walsh, Sharon Osbourne og Simon Cowell hafa fengið sinn skerf af gagnrýni í bresku fjölmiðlunum.


Steve Brookstein var fyrsti siguvegari X-Factor og mun meðal annars syngja á jólatónleikum með Nylon-flokknum.











BEHRINGER
..gæði á góðu verði
Vintager gítarpakki 18.500
Ultrabass bassapakki 24.500
Gítar og bassaeffektar frá 2.900
Gítar og bassamagnarar í úrvali
Dæmi um hljóðkerfi:
PMH2000 mixermagnari
B1220 PRO hátalarabox
verð: 102.700
B300
300w hátalarabox
m/innb. magnara
45.500 pr. stk.
Xenyx mixerar m. hljóðkorti
Truth B2030A stúdíómónitorar verð: 39.900
TÓNABÚÐIN
Sunnuhlíð 12. 603 Akureyri s.462-1415
Skipholt 21. 105 Reykjavík s.552-4515
tonabudin.is




Fram til áramóta fá nýir viðskiptavinir í DMK gjafabréf fyrir tvo í Borgarleikhúsinu.

# Tímamót!

*DMK* markar tímamót í bankaþjónustu við fólk á fullri ferð út í lífið.

Það er í nógu að snúast á árunum í kringum lok framhaldsnáms, þegar atvinnuferillinn er að byggjast upp, fjölskyldan að vaxa og dafna, framtíðaríbúðin í sjónmáli og svo mætti lengi telja. Ný *DMK þjónusta* SPRON miðar að því að mæta þörfum þeirra sem standa í þessum sporum og gera fjármálin einfaldari, hagkvæmari og þægilegri.

Samsetning *DMK þjónustunnar* og helstu kostir eru:*

- ***DMK DEBETKORT*** – fæst án árgjalds og með 200 fríum færslum
- ***DMK KREDITHEIMILD*** – fylgir debetkortinu og er bæði vaxtalaus og án nokkurs kostnaðar
- ***DMK YFIRDRÁTTARHEIMILD*** – hefðbundin og á hagstæðum vöxtum
- ***DMK TILTEKTARLÁN*** – óhagstæðum skammtímaskuldum breytt í eitt hagstætt lán, aðeins 1% lántökugjald
- ***DMK LÉTTLÁN*** – viðskiptavinir stýra afborgunum í takt við getu hverju sinni, aðeins 1% lántökugjald
- ***DMK 90% ÍBÚÐALÁN*** – og sérkjör á brunatryggingu fyrir þá sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð
- ***DMK RÁÐGJÖF*** – sérsniðin ráðgjöf að þörfum fólks á leið út í lífið
- ***DMK REGLULEGUR SPARNAÐUR*** – er verðlaunaður með sérstöku mótframlagi, styrkjum og sérkjörum
- ***DMK 50% AFSLÁTTUR*** – af árgjaldi kreditkorta SPRON
- ***DMK TILBOÐ*** – hjá völdum verslunum og þjónustufyrirtækjum

**Skoðaðu framtíðina með *DMK* og sæktu um á spron.is**

spron

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

** skv. útlánareglum SPRON*



Auglýsingaherferð fyrir A.A.

# American Apparel

*Yfir 155 búðir í 11 löndum.*

American Apparel er fatamerki sem kemur frá Los Angeles og er með yfir 155 búðir í 11 löndum, þar á meðal; Japan Ísrael, Þýskaland, England, Frakkland og Sviss. Þess má geta að fyrirtækið hlaut þann heiður nýlega að vera sett í 218. sæti yfir 500 mest framsæknustu fyrirtækjum í Bandaríkjunum af Inc. Magazine. American Apparel leggur áherslu á einfalda en flotta hluti fyrir fólk sem hefur áhuga á götutísku, m.a.; náttföt, treflar, hettupeysur, buxur en megináherslan er sett á bómullarboli. Bolirnir frá þeim þykja einstaklega einfaldir og litríkir og lögð er meiri áhersla á liti og þægindi en munstur eins og margir gera. Þess má geta að 20% af bómullinni í fatnaðnum eru lífræn og á næstu fjórum árum hyggst fyrirtækið breyta alveg yfir í lífrænan áburð. Hefur fyrirtækið fengið mikið hrós fyrir það frá umhverfissinnuðum. Hægt er að kaupa föt af þeim á netinu á slóðinni www.americanapparel.net.



Hettupeysa frá American Apparel.





Á leið til Los Angeles. Frá vinstri eru Selita Ebanks, Karolina Kurkova, Adriana Lima, Gisele Bundchen, Izabel Goulart og Alessandra Ambrosio.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Frægar í undirföt

LEYNDARMÁL VIKTORÍU Á FERÐ OG FLUGI

Fram undan er árleg tískusýning undirfataframleiðandans Victoria´s Secret. Af því tilefni fóru fjölmargar frægar fyrirsætur um borð í flugvél og flugu frá New York til Los Angeles. Stærsta nafnið er að öllum líkindum ofurfyrirsætan Gisele Bundchen en hún flaug með stöllum sínum þeim Selitu Ebanks, Karolinu Kurkovu, Adriönu Lima, Izabel Goulart og Alessöndru Ambrosio áleiðis í nærfatahimnaríkið.

# Tískan fer í hringi

*Ekki henda gömlum fötum.*

Það er víst alveg óhætt að fullyrða að allt sem einu sinni kemst í tísku á eftir að snúa aftur. Yfirleitt tekur það tískuna um 15-20 ár að fara hringinn, en stundum getur það tekið lengri tíma. Pönkið, sem eitt sinn þótti skelfilega ógnvekjandi, hefur nú haft svo mikil áhrif á tískuna að í dag þykir það ekkert tiltökumál að sjá fótboltakappa með móhíkanahár eða yfirstéttarpíu með svart naglalakk. Það sama má segja um erótískan fatnað síðan 1920.

Upphá, reimuð stígvél, lítill ögrandi hattur, blúndubolur, háir hanskar og frakki með breiðum kraga. Þetta hefði þótt hrikalega djarft fyrir tæpri öld síðan en í dag myndu fáir láta sér bregða ef slík dama sæist ganga um bæinn. Þvert á móti þætti hún bara ótrúlega smart.

*mhg@frettabladid.is*



Ögrandi árið 1920, en smekklegt og smart árið 2006.




JAKKAFATADAGAR



Jakkaföt frá kr. 12.990
Skyrtur frá kr. 3.990
Bindi frá kr. 2.990
NÝTT KORTATÍMABIL
retro
Smáralind s.512 1744

# Fegurð úr austri

***Tískan er alþjóðleg, en hún er þó jafn misjöfn og lönd heims eru mörg.***

Þótt vestræn menning tröllríði heiminum og áhrifa hennar gæti mikið í tískubransanum eru þó enn margir sem reyna að halda í þjóðleg gildi.

Í Hyderabad á Indlandi var nýlega haldin tískusýningin „Asian Pacific Region Fashion Show“. Var hún sameiginlegt átak indverskra samtaka og UNESCO. Þar mátti líta fallegan og þjóðlegan indverskan klæðnað sem hafði þó einhverja skírskotun til nútímans.



Indversk föt eru lífleg og litrík. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Flæðandi silki og stórar hálsfestar.



Fötin eru klæðileg og fáguð.

allt matur
Alla föstudaga



30% afsláttur
af öllum Icelandic Design peysum til jóla
RAMMAGERÐIN
Hafnarstræti 19 | Sími 551 1122

Sock Shop
breytir um nafn og verður Cobra
Hlýjar sokkabuxur fyrir veturinn
cobra
Sokkabúðin Kringlunni
erum á 1. hæð við blómatorgið

Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

# Húðslípun heima

***Nýtt krem frá Origins gerir þér kleift að slípa húðina heima hjá þér með afbragðs árangri.***

Modern Friction, kallast nýtt krem frá Origins sem gerir fólki kleift að draga úr öldrunareinkennum og blettum sem myndast á húðinni með aldrinum. Kremið á að bera á þau svæði sem fyrst sýna merki um öldrun, svæði á borð við axlirnar, upphandleggi, sköflunga og bringu. Einmitt svæði sem margir fela út af þessum einkennum. Modern Friction á að nota áður en farið er í sturtu, en þá er það borið með sérstökum spaða á svæðin sem um ræðir. Svo er beðið í eina mínútu og þar næst er kreminu nuddað varlega í litla hringi. Eftir það er farið undir heita bunu og haldið áfram að nudda þar til kremið byrjar að freyða. Helstu innihaldsefni í kreminu eru t.a.m. kínversk fjólublá hrísgrjón sem innihalda andoxunarefni, kraftur úr maískólfi, ilmkjarnaolíur og bergamot. *mhg@frettabladid.is*

Modern Friction kremið gerir fólki kleift að slípa húðina heima.



Spásíminn 908-2008. Ræð draumar og spái í tarrot. Er við símann alla daga frá 15-01. Stína Lóa.

**Bella.is S: 699 1673. EURO/VISA**
Spilaspá. Tarot. Draumaráðningar. Andleg leiðsögn. Bið fyrir þeim sem vilja. Áratuga góð reynsla. S: 557 9939 ( 904 2080) 199,90 mín kl 15 - 24 nema Sunnudaga. Bella.is

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Englaljós til þín 908 5050**
Spilaspá, draumar, fyrirbænir, andleg leiðsögn. Er við frá kl. 10 - 2 eftir miðnætti alla daga. Lára spámiðill.

**Hanna s. 555 2927, 12-24 alla daga Visa/Master**
**Andleg leiðsögn. Spilaspá, Tarot. Draumráðningar. Fyrirbænir. 200 kr. mín. Er við alla daga frá 12-24. S. 555 2927, 847 7596. (Ath. hef lagt niður 908 6040).**

## Múrarar

**Múrviðgerðir**
Getum bætt við okkur vinnu við múrviðgerðir og flísalagnir. Föst verðtilboð. S. 846 1956

## Rafvirkjun




## Trésmíði

**Tökum að okkur allan uppslátt**
**Föst verðtilboð.**
**Upplýsingar í síma 869 9814.**

**Tökum að okkur allan uppslátt**
**Föst verðtilboð.**
**Upplýsingar í síma 869 9814.**

# HEILSA

## Heilsuvörur




Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is. S. 896 4662.

## Líkamsrækt

Hættu að reykja á 60 mín. Hafðu samband í síma 862 3324. Við losum þig við níkótínþörfina. www.heilsurad.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Eldhúsborð og 4 stólar til sölu. Verð 16 þ. Uppl. í s. 568 5057.

## Heimilistæki




**Gufustrauborð fyrir kröfuharða !**
Ryksugukerfi -Rafvirkjar -Nuddpottaþjónusta -Raftækjaverkstæði -Rafbylgjumælingar. Verslun opin 17-18. Hamraborg 5. Símar 567 8909 eða 863 8909 (24/7) www.rafheimilid.is




Mjög nýlegt 32“ Sony widscreen sjónvarp til sölu, kostar nýtt 120 þús., fæst á 80 þús. eða tilboð. Mjög góð myndgæði. Uppl. í síma 844 1363.

Óska eftir amk 32“ sjónvarpi og mjög góðu heimabíói. Uppl. í s. 861 5777. Talið inn á talhólf ef ekki er svarað, Gunnar.

## Dýrahald

**Hundaræktin að Dalsmynni auglýsir.**
**Kíktu á heimsíðu okkar www.dalsmynni.is Sími 566 8417.**
**Sími 566 8417 - www.dalsmynni.is**



**Dýrabær**
Ný sending af fallegum hundarúmum. Dýrabær Smáralind og Hlíðasmára 9, Kóp.



Til sölu hreinræktaðir Langhundahvolpar, undan innfluttum foreldrum, móðir Kanadískur meistari, ættbókarfærðir, örmerktir og heilsufarsskoðaðir. Uppl. í s. 863 0474.



6 mánaða Beagle hvolpur óskar eftir nýju heimili. Ljúfur og skemmtilegur, selst með tveimur búrum og öllum nauðsinjum. Steinunn, s. 865 5146.

Tveir litlir Chihuahua hvolpar með ættbók til sölu. Tilbúnir afhendingar. Uppl. í s. 897 8848.

American Cocker Spaniel hvolpur til sölu. Ættbókarfærður hjá HRFí, tilbúinn til afhendingar. Uppl. í s. 694 1490.

## Ýmislegt



Haust tilboð á heitum pottum Eigum örfáa Beachcomber heita potta eftir. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Óskum hundruðum nýrra pottaeigenda á Íslandi til hamingju með pottinn sinn. Með von um að þið njótið vel og takk fyrir viðskiptin. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

Finnst þér gaman að ferðast? Vantar þig ferðafélaga? Svör berist Fréttablaðinu merkt „Ferðaklúbbur“ sem fyrst.

## Fyrir veiðimenn







# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

70 m2 kjallaraíbúð í seljahverfi til leigu. Laus 15 des. í langtímaleigu. Reyklaus skilyrði. 60 þ. uppl. sendist á bbkg@internet.is

**Mieszkanie do wynajoecia**
GSM 824 4530.

101 RVK 2 herb. 58 fm íbúð í tvíbýli í rólegri götu í Þingholtunum til leigu frá 1. des. 100 þús á mán. Trygging 200 þús. Uppl. 862 6023.

Til leigu 3ja herb. íbúð með bílskýli. Verð 120 þús./mán. Innifalið hiti, rafmagn og hússjóður. Uppl. í s. 893 5164.

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúð eða herbergi með aðgang að öllu(wc/eldhús o.fl.). Fyrir unga og reglusama stúlku. S. 661 2000.

Vantar stúdíó eða 2ja herbergja íbúð, góð umgengni og skilvísar greiðslur. S. 866 4355.

Maður á fertugsaldri óskar eftir 2ja herbergja íbúð á Reykjavíkursvæðinu. Greiðslugeta ca 50 þús. Uppl. í s. 867 3539, eftir kl. 14.

## Atvinnuhúsnæði

Ódýr skrifstofuherbergi til leigu á sv. 104. Uppl. í s. 864 4182 og á fffjordur.is

## Geymsluhúsnæði







**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Búslóðir, lagerar, tjaldvagnar og fleira. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

**Hjól - og fellihýsi og húsbílar.**
Upphitað húsnæði á Eyrarbakka. Síðustu plássin. Geymsla Eitt ehf. S. 564 6500.

## Bílskúr

Bílskúr óskast til að gera upp gamlan bíl, þarf að hafa rafmagn, vatn og hita. S. 899 2560.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Viltu vinna aðra hverja helgi frá 12-21? Hæfniskröfur: 18 ára eða eldri, dugnaður, stundvísi, snyrtimennska.**
**Umsóknir berist á hs@foodco.is.**

**ÖRLAGALÍNAN**
**Óskar eftir hæfileikaríkum miðlum og lesurum á línuna. Draumráðendur eru sérstaklega boðnir velkomnir til starfa á línunni.**
**Vinsamlega sendið umsókn á bjork@nt.is eða hringið í síma 863 8055.**




Ert þú í leit að góðri vinnu og góðum félagsskap. Við hjá Snæland videó óskum eftir áhugasömu fólki í dagvinnu/fullt starf og aukastarf með skóla. Hafðu samband við okkur í s. 693 3777, Pétur eða petursma@isl.is

**Veitingahúsið Lækjarbrekka**
**Lækjarbrekka veitingahús óskar eftir þjóni til starfa í fulla vaktavinnu. Einnig getum við bætt við okkur þjónanemum og vönu aðstoðarfólki í veitingasal. Upplýsingar fást á staðnum milli kl 14 17 alla daga eða í síma 551 4430. Tökum einnig á móti umsóknum í gegnum tölvupóstinn info@laekjarbrekka.is .**
**Lækjarbrekka Alltaf Sígild Alltaf Ljúf**

**Smart - Starfsfólk**
**Starfsmaður óskast á sólbaðstofuna Smart ehf., Grensásvegi 7. Reyklaus vinnustaður. Umsóknareyðublöð á staðnum. Sólbaðstofan Smart.**

## TÓMSTUNDIR OG FERÐIR




## TIL SÖLU

**Sumarhúsalóðir við Sogið**
**www.101grimsnes.is**
**Eignalóðir á besta stað í Grímsnesi.**
**Valtýr 898 0801**
BÚGARÐUR EHF




## TIL SÖLU



**Kökuhornið í Bæjarlind.**
Óska eftir að ráða starfsmann, fast starf í verslun okkar. Tvískiptar vaktir. Ekki yngri enn 25 ára.
Uppl. í síma 897 0702, Sirrý & 861 4545 Guðni.

Olíudreifing

**Meirabílprófsbílstjórar í Reykjavík**
Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í framtíðarstarf í Reykjavík. Umsækjendur þurfa að hafa meirapróf. Olíudreifing greiðir fyrir ADR námskeið. Starfið stendur báðum kynjum til boða.
Allar nánari upplýsingar veitir Helgi í síma 550 9937 tölvupóstfang helgim@odr.is

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi og Smáralind. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Einnig laus störf um helgar, hentar vel skólafólki.
Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum Kleppsvegi eða hjá Önnu í s 699 7967 eða á staðnum Smáralind. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.

**Ræsting.**
Ræstingaþjónustan sf auglýsir laust 40% ræstingastarf á morgnana.
Nánari upplýsingar gefur Guðfinna á skrifstofutíma, í síma 821 5054.

**Mosfellsbakarí Háaleitisbraut**
Vorum að opna nýtt og glæsilegt bakarí á Háaleitisbraut 58-60. Okkur vantar ábyrgt og skemmtilegt fólk til að starfa með okkur alla virka daga frá kl. 13 - 18.30 og 1 dag aðra hvora helgi. Æskilegur aldur 25 ára og eldri.
Nánari upplýsingar veitir Ellisif í s. 553 5280 & 660 2153

Café VICTOR BISTRO - BAR

**Cafe Victor**
Cafe Victor óskar eftir hressum og duglegum barþjónum, og fólki í sal á helgarvaktir.
Uppl. veitir Baldur í s. 692 0735 eða sendið umsókn á baldur@victor.is

**Veitingahúsið - Lauga-ás.**
Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila.
Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1. S. 553 1620.

**Leikskólinn Blásalir. Árbæ**
Leikskólakennara/leiðbeinanda vantar til starfa á Leikskólann Blásali.
Uppl. veitir Leikskólastjóri í s. 557 5720

**Starfsfólk óskast**
Við leitum að ábyggilegu íslenskumælandi fólki til afgreiðslustarfa. Annars vegar í bakarí hálfan daginn og hinsvegar í söluturn frá 9-17.
Ekki yngri en 25 ára.
Uppl. í s. 899 8212.

**Leikskólakennarar/leiðbeinendur**
Laus er 100% staða leikskólakennara við leikskólann Öldukot. Öldukot er tveggja deilda leikskóli með 43 börnum frá 18 mánaða aldri. Áherslu er lögð á skapandi starf, holla lífshætti og gleði. Ef ekki fæst leikskólakennari til starfa verða ráðnir starfsmenn með aðra uppeldismenntun eða leiðbeinendur.
Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 551 4881 og 693 9817.

**Hrói Höttur Kópavogi**
Bakarar, bílstjórar og símadömur óskast í fullt starf og hlutastarf. Góð vinna með skóla.
Upplýsingar í síma 892 0557, Bergmann eða á staðnum.

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT KORNIÐ BAKARÍ

**Starfsfólk óskast!**
Hrísarteigur.Vinnutími frá 07.00 - 14.00. Lækjargata frá 07.00 - 13.00. Hallabrekka frá 13.00 - 18.30 Hentar fólki á öllum aldri.
Uppl í s. 864 1585 eða á www.kornid.is

**Veitingahús**
Starfskraftur óskast í 80% vinnu. 13 dagv. frá kl. 12-19, 7 morgunv. frá 7-14. 10 dagar frí á mánuði.
Uppl. í s. 843 9950.

**Starfskraftur óskast í veitingasal**
Dagvinna, góð laun fyrir rétta aðila.
Upplýsingar á staðnum, ekki í síma Café Milanó, Faxafeni 11.

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

Sölubörn óskast til að selja jólakort f. Félagsst. Þroskaheftra. Góð sölulaun. S. 694 7768.

**Grillhúsið Tryggvagötu**
Óskar eftir starfsfólki í sal, í kvöld og helgarvinnu. Uppl. á staðnum eða í s. 696 8397. Brynja.

**Grillhúsið Tryggvagötu**
Óskar eftir vaktstjóra í sal. Unnið er á vöktum. Upplýsingar í síma 696 8397 Brynja.

Óskum að ráða leiðbeinendur í vinnu í leikskólann Gullborg við Rekagranda. Upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma 562 2455 eða 693 9820.

Auglýsi eftir nuddara. Mjög góð laun í boði, reynsla ekki nauðsynleg. Uppl. í s. 869 6397.

Veitingahúsið Einar Ben óskar eftir duglegum matreiðslunema sem fyrst. Uppl. gefur Steinar eða Bjarki í s. 511 5090 e. kl. 12.

## Atvinna óskast

Samvisku- og reglus. ungur maður leitar að hlutastarfi. Byrja strax. S. 846 4863.

## TILKYNNINGAR

### Tilkynningar

Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Sveitarfélaginu Vogum Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti á fundi sínum þann 7. nóvember 2006 breytingu á deiliskipulagi við Akurgerði og Vogagerði. Breytingin nær til íbúðarsvæðis milli Akurgerðis og Vogagerðis sem stækkar um 20 metra til suðurs og minnkar opið svæði til sérstakra nota sem því nemur. Jafnframt hliðrast göngustígur á sama svæði um nokkra metra til suðurs vegna breyttra marka milli íbúðarsvæðis og opins svæðis til sérstakra nota. Breytingin var auglýst skv. 1. mgr. 26. gr. Skipulags-og byggingarlaga frá 4. apríl 2006 til 16. maí 2006. Tvær athugasemdir bárust og hafa umsagnir sveitarstjórnar um þær verið sendar þeim sem þær gerðu. Athugasemdirnar gáfu ekki tilefni til breytinga og hefur deiliskipulagið verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar. Þeir sem óska frekari upplýsinga geta snúið sér til skipulags-og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins. Vogum, 16. nóvember 2006. Skipulags-og byggingarfulltrúi

### Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

### Einkamál




TANTRA
EROTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS




Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Exotic, Erótísk svört nuddstelpa. Uppl. í s. 659 9420.

Karlmenn látið líða úr ykkur í notalegu nuddi. Nautn og vellíðan. S. 869 6397.

**Símaspjall 908 6666.**
Hæ ég heiti Heiða, ég er heit og vilt og mig langar til að heyra í þér í kvöld í símaspjalli. Opið allan sólahringinn. Er til fyrir þig.

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.




## FASTEIGNIR





RE/MAX STJARNAN

**Verslunarrekstur - Sunnubúðin Álfheimar**
105 Reykjavík
FRÁBÆRT TÆKIFÆRI

**Lítil og sæt hverfisverslun á góðu verði**

Sunnubúðin við Álfheima er til sölu. Búðin er í góðum rekstri og vel staðsett í rótgrónu hverfi. Verslunin er snyrtileg á allan hátt og er með trygga viðskiptavini og góð viðskiptasambönd. Verslunin er vel skipulögð með góðu afgreiðslukerfi, merkur kerfi. Gott aðgengi er að versluninni. Veltan er stöðug og vaxandi. Góðir samningar eru við birgja og Lottó. Geymslurými fyrir vörulager er gott í versluninni. Mjög góðir kælar fyrir mjólkurvörur og gosvörur. **Hægstæðir leiguskilmálar.**

Ingibjörg
Sölufulltrúi
699 4420
ingibjorg@remax.is

Hörður
lögg. fasteignasali
899 5209
hordur@remax.is

# Bæjargil – Garðabæ





Mjög fallegt 213 fm tvílyft einbýlishús með innbyggðum bílskúr í þessu gróna og eftirsótta hverfi. Á aðalhæð eru forstofa, gesta w.c. með sturtu, björt stofa með arni auk borðstofu, eldhús með fallegri innréttingu, vönduðum nýlegum tækjum og góðri borðaðstöðu og þvottaherb. Uppi eru sjónvarpshol með útgangi á suðursvalir, 4 rúmgóð herbergi og nýlega endurnýjað baðherb. Útgangur á vestursvalir úr tveimur herbergjum. Ræktuð lóð með timburveröndum og skjólveggjum. Hellulögð innkeyrsla með hitalögn. **Verð 52,7 millj.**

FASTEIGNA-MARKAÐURINN
ÓÐINSGÖTU 4 - SÍMI 570 4500 - OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## FASTEIGNIR

COSTA BLANCA STRÖNDIN: YFIR 300 SÓLARDAGAR Á ÁRI!

# Fasteignir til sölu á Spáni

Verð frá 8.900.000 kr. – Allt að 90% lán – www.gloriacasa.is

Íslensk þjónusta á Spáni
Skipulagðar skoðunarferðir

gloria casa
Fasteigna- og leigumiðlun Íslendinga á Spáni
www.gloriacasa.is – S: 517 5280

Verðdæmi er með fyrirvara um gengisbreytingar


TAKTU NÆSTA SKREF MEÐ RE/MAX®
SLÁSTU Í HÓP MEÐ ÖFLUGUSTU SÖLUFULLTRÚUM HEIMS
10 Ástæður fyrir því að fjárfesta í RE/MAX Sérleyfi
Af því það er ennþá hægt !
Hugsanlega er mesta verðgildið í RE/MAX kerfinu falið í sjálfu RE/MAX nafninu.
Fullur stuðningur í einu og öllu.
RE/MAX er viðurkennt um allan heim sem fremsta fyrirtækið í fasteignaviðskiptum.
RE/MAX notar nýjustu tækni.
RE/MAX hefur stækkað og eflst í hverjum mánuði frá því að fyrirtækið var stofnað.
RE/MAX selur sérleyfi á hverjum degi.
RE/MAX þekkir alla sína viðskiptavini.
RE/MAX fyrir alla landsmenn.
Standið ein að ykkar viðskiptum en ekki óstudd, RE/MAX er öflugur bakhjarl.
RE/MAX® ÍSLAND
remax@remax.is
Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign.
www.remax.is

# ATVINNUTÆKIFÆRI

Til sölu fyrirtæki í innflutningi, heildsölu og smásölu.
Góð álagning. Falleg, hrífandi og auðseljanleg vara.
Verð ca. 12 m.
Svar merkt: „Uppgrip“ sendist á netfangið: galle@isl.is

TILKYNNINGAR

## GRINDAVÍKURBÆR

### Breyting á Aðalskipulagi Grindavíkurbæjar

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020. Tillagan var auglýst og lá fram til kynningar á bæjarskrifstofum Grindavíkurbæjar á Víkurbraut 62 og hjá Skipulagstofnun Laugarvegi 166, Reykjavík frá og með 2.október til 13.nóvember síðastliðinn. Athugasemdafrestur rann út þann 13.nóvember síðastliðinn og bárust engar athugasemdir. Bæjarstjórn hefur afgreitt skipulagstillöguna og hefur hún verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu tillögunnar. Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna og niðurstöðu bæjarstjórnar geta snúið sér til bæjarverkfræðings Grindavíkurbæjar.

Bæjarverkfræðingur Grindavíkur

# Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. nóvember 2006, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 6. nóvember 2006 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. nóvember 2006, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, iðgjaldi í Lífeyrissjóð bænda, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 12.700 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 1.350 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. nóvember 2006.

Tollstjórinn í Reykjavík
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

FASTEIGNIR










## Andarhvarf 12

**Verð: 51.900.000**

203 Kópavogur
Bókið skoðun í s. 8648090

Stærð: 269
Fjöldi herbergja: 8
Byggingarár: 2005
Bílskúr: já

Mjög stórt parhús á tveimur hæðum. Góð lán fylgja. Spennandi eign með fallegu útsýni af stórum svölum. Örstutt í skóla og leikskóla og steinsnar frá fallegum gönguleiðum við Elliðavatn. Að utan er húsið fullbúið. Á efri hæðinni er verið að ljúka við að setja upp milliveggi. Gólfefni, þ.e. flísar í allt nema herbergin, allar innihurðir (nema forstofa) og veggplötur (tvöfalt gips) fylgja hæðinni, einnig allt efni í loft. Bílskúr er 26,6 fm. Lýsing eignar. Efri hæð: Bílskúr með millilofti, forstofa, hjónaherbergi, barnaherbergi með stóru leiklofti, eldhús, baðherbergi og stofa. Mikil lofthæð. Neðri hæð: Flísalagður gangur og opið rými. Fjögur herbergi, stórt tómstundaherbergi. Fallegt fullbúið baðherbergi. Mögulegt að loka milli hæða og útbúa tvær íbúðir. Hægt að semja um að fá íbúðina lengra komna.



Þórarinn
Jónsson hdl.
lögg. fasteignasali



Snorri
Sölufulltrúi
**864 8090**
ss@remax.is










## Hólagata 17

**Verð: TILBOÐ**

Sandgerði
INNAN SEILINGAR

Stærð: 205
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1978
Brunabótamat: 24,2
Bílskúr: Tvöfaldur



Þórarinn
Jónsson hdl.
lögg. fasteignasali

Sérstaklega rúmgott og hlýlegt hús í Sandgerði. Hér er nóg plass fyrir alla, þrjú svefnherbergi, umhverfið rólegt, garður gróinn . Stofan er björt með nýlegu parketi, útgengi í garð úr borðstofu,gott rými í eldhúsi og þvottahús innaf því ásamt litlu wc. Geymsluloft er yfir mestöllu húsinu og í bílskúr ,hann er einnig með gryfju. Í garði er skemmtilegur blómaskáli með steyptum potti – lengir sumarið og gott að nota á veturna. Rafmagn er nýyfirfarið og geta öll ljós fylgt. Gluggar eru nýlega málaðir. Þetta er mjög hentugt fjölskyduhús á góðum stað en í Sandgerði eru ein lægstu opinberu þjónustugjöld á landinu. Óskað er eftir tilboði í þessa eign. BÓKAÐU TÍMA Í SKOÐUN! GSM: 848-8718



Kristín
Sölufulltrúi
**848 8718**
stina@remax.is



Benedikt
Sölufulltrúi
**861 2743**
benni@remax.is

birta
» FRÁBÆR SJÓNVARPSDAGSKRÁ ALLA DAGA
FÖSTUDAGUR
LAUGARDAGUR
SUNNUDAGUR
MÁNUDAGUR
ÞRIÐJUDAGUR
MIÐVIKUDAGUR
FIMMTUDAGUR
birta

# Meint endalok landsbyggðar

UMRÆÐAN
Byggðaþróun

Fyrri hluta október birtist greinaflokkur í Fréttablaðinu undir heitinu „Flóttinn af landsbyggðinni“. Þar var hlutur dreifbýlis settur undir mæliker amerískrar hagspeki með þeirri niðurstöðu að þéttbýli utan Reykjavíkur, annars staðar en á Akureyri og í Bolungarvík, væri dauðadæmt. Þarna birtust greinar með dramatískar fyrirsagnir eins og: „Austfirðingar í útrýmingarhættu“, „Hvergi lægri tekjur“ og „Akureyri ein með framtíð“. Þegar reikniaðferðin er skoðuð kemur reyndar í ljós að hún er í meira lagi vafasöm og á illa við íslenskar aðstæður eins og fram kemur í ágætri grein fræðimanna á Bifröst í Fréttablaðinu hinn 13. október.


INGÓLFUR STEINSSON

Í lok greinaflokksins fær blaðið Ásgeir nokkurn Jónsson frá greiningardeild KB banka til að tjá sig um þessi válegu tíðindi. „Ekki kvótakerfinu að kenna,“ segir Ásgeir, og dregur fram sökudólg úr óvæntri átt, nefnilega bættar samgöngur í byggðum landsins. Rök hans eru á þá leið, að þegar samgöngur bötnuðu og vegir voru lagðir til hinna afskekktu staða við sjávarsíðuna hafi fólkið farið að flytjast þaðan í burtu. Áður hafi allir flutningar farið fram á sjó og þessar byggðir myndast við ströndina sem þjónustumiðstöðvar við sjóflutninga. Þegar vegakerfið var byggt upp um og upp úr seinna stríði hafi landsbyggðinni tekið að hnigna. Þá hafi flutningar færst af sjó yfir á vegina.

Þessi maður þekkir greinilega lítið til í fyrrverandi fiskveiðibæjum Íslands; þekkir ekki hvernig staðan var þar þegar stundaðar voru öflugar fiskveiðar og landvinnsla; á þeim árum þegar ungir sjómenn keyptu báta, sóttu sjóinn og lögðu upp í sinni heimabyggð. Þetta var áður en „fiskeyðistefnan“ lagði sína dauðu hönd á sjávarbyggðirnar. Núna gengur maður þar um götur og sér varla nokkur merki um sjávarútveg. Bryggjur, sem áður iðuðu af lífi, þar sem bátar lögðu upp, bera nú lítil merki um líf og nánast engin um fiskveiðar.

Vissulega er fleira sem veldur. Mér dettur ekki í hug að halda því fram að öll vandræði landsbyggðar séu kvótakerfinu að kenna en þegar menn leita skýringa og sleppa þætti þess alfarið þá er ekki hægt að taka þá alvarlega.

Fréttablaðið birtir síðan viðtöl við formenn stjórnmálaflokka sem tjá sig um niðurstöður þessa greinaflokks, þar sem boðuð eru þau válegu tíðindi að 59 af 79, eða þrír fjórðu af sveitarfélögum landsins, séu að fara í eyði. Formaður Samfylkingar talar um háhraðanettengingar, bættar samgöngur og ný störf án þess að tilgreina hvaða og hvar. Sú var tíðin að sá flokkur hafði stefnu í sjávarútvegsmálum. Hún var kölluð „fyrningarstefnan“ og miðaði að því að vinda ofan af kvótaflækjunni. Nú minnist enginn forystumanna flokksins á þá stefnu lengur. Einn þeirra skrifaði grein um „tíu ástæður“ fólks til að kjósa flokkinn. Breytingar á sjávarútvegsstefnunni eru ekki nefndar meðal þeirra ástæðna. Hvað varð eiginlega um stefnu flokksins í sjávarútvegsmálum? Formaður Samfylkingar talaði reyndar fyrir fáum misserum um nauðsynlega sátt við útvegsmenn. Og mér er sagt að sumir hinir stærstu sægreifar séu góðir jafnaðarmenn!

Formaður Vinstri grænna þegir líka um þetta mál. Hann vill koma á strandflutningum og jafna flutningskostnað. Gott mál, en eru þessir flokkar búnir að gefast upp í kvótamálinu? Er frjálst framsal aflaheimilda orðið náttúrulögmál á þeim bæjum – líka? Ég hlýt að viðurkenna að vinstri flokkarnir eru mitt kjörlendi en ef afnám kvótakerfisins vantar í stefnu þeirra eigum við ekki samleið. Og ég er ekki eini vinstri maðurinn sem þannig er ástatt um.

Aðeins einn flokkur heldur þessu máli á lofti; einn flokkur sem alltaf er minnstur flokka í könnunum en hinir fáu þingmenn hans eru óþreytandi að minna á firringu framsalsins bæði í ræðu og riti. Og enn skrifar Sverrir gamli um landráðamennina.

Á að trúa því að Íslendingar ætli að láta hernaðinn gegn landsbyggðinni takast? Á að trúa því upp á svonefnda jafnaðarflokka einnig? Ætlar þjóðin, þegar allt kemur til alls, að sætta sig við það óréttlæti, að sjávarbyggðirnar séu sviptar heimildum til að veiða úr sameiginlegri auðlind þjóðarinnar? Er sátt um það að sjávarútvegurinn sé og verði ofsagróðavegur fyrir fáa og að fleygt sé stíflum og álverum í dreifbýlið sem dúsu?

Það renna á mann tvær grímur við að lesa greinaflokk eins og þennan um flóttann af landsbyggðinni þar sem á óskammfeilinn hátt er lýst eyðingu byggðar og þagað um aðalorsökina, fiskveiðistjórnunina sem er „mesta samfélagslega óhæfuverk sem framið hefur verið í sögu þjóðarinnar“, eins og Magnús Jónsson veðurfræðingur orðar það í lykilgrein um kvótakerfið í Morgunblaðinu fyrir nokkrum misserum. Ekki nóg með að Fréttablaðið láti undir höfuð leggjast að tilgreina þennan meinvald heldur er dreginn fram hagfræðingur til að hvítþvo kvótakerfið. Það er svo í besta falli hlægilegt og fullkomlega í takt við firringuna í þessu máli öllu að hann skuli grípa til þess ráðs að kenna Vegagerðinni um hinn meinta flótta af landsbyggðinni.

*Höfundur er ritstjóri og tónlistarmaður. (Óstytt grein er birt á Visir.is undir Umræðan)*


MASTER
HITABLÁSARAR



ÞÓR HF
Reykjavík - Akureyri
Reykjavík: Ármúla 11 - sími 568-1500
Akureyri: Lónsbakka - sími 461-1070


# Straumsvíkurblús

UMRÆÐAN
Vinnuumhverfi


TRYGGVI L. SKJALDARSON

Lesið Draumalandið!!!!“ hrópaði Bubbi í Laugardalshöll. „Ef þið getið ekki keypt hana, stelið henni,“ sagði virtur rithöfundur. Ég keyp´ana. Bókina sem er eitt skemmtilegasta dæmið um starf sem varð til vegna stóriðjuframkvæmdanna fyrir austan. Bók sem selst eins og heitar lummur. Andri Snær er að gera það gott og það er vel.

Ég hef ætlað í að blanda mér í umræðurnar um draumalandið sem við búum í. Ég hef ætlað að minna á hvernig ástandið var fyrir austan þegar allt var að koðna niður. Ég hef ætlað að reyna að leiðrétta eitthvað af rangfærslunum um störfin í álveri. Ég hef ætlað að vekja athygli á að við getum rekið álver með lágmarks mengun. Loksins í alvöru verið bestir í einhverju. Ég hef ætlað að vekja athygli á notagildi áls og hve víða það kemur við sögu. Ég hef ætlað að lýsa efasemdum með stóraukinn fjölda ferðamanna og áhrif þeirra á umhverfið. Það hefur einhvervegin dregist að taka þátt í umræðunni kannski vegna þess að það hafa verið nógu margir sem hafa haft þörf fyrir að koma „sinni“ skoðun á framfæri. En ætla ég að blanda mér í umræður sem hafa orðið síðustu daga og vikur, um minn vinnustað, álverið í Straumsvík.

Fyrir stuttu sagði ég Samfylkingarfólki í Kópavogi, sem ég sat með á fundi og ræddi „Fagra Ísland“, að álverði í Straumsvík væri góður vinnustaður, einn sá besti sem ég hef starfað á. Skömmu síðar upphefst mikið fjölmiðlafár þegar þremur starfsmönnum með langan starfsferil hjá fyrirtækinu er sagt upp. Af fréttaflutningi, greinaskrifum og viðtölum má ætla að Straumsvík sé víti á jörð og stjórnað af skelfilegu fólki. Auðvitað er það alltaf mikið mál þegar menn missa vinnu á eftirsóknarverðum vinnustað. Það er eðlilegt. En umræðan er komin langt út úr korti.

Verkalýðsfélögin vissu alveg hvernig staðið er að uppsögnum þegar þau hvöttu starfsmenn til að samþykkja síðustu kjarasamninga. Þau vissu það líka fjórum árum fyrr. Það er einn maður sem hefur barist fyrir því árum saman að samþykktir Alþjóða Vinnumálastofnunarinnar frá árinu 1982, sem snúa að réttindum launþega gagnvart uppsögnum verði sett í lög á Íslandi. Hann heitir Sigurður T. Sigurðsson og er fv. Formaður Hlífar og hefur talað fyrir daufum eyrum. Fyrirtæki hvort sem það er Alcan eða eitthvað annað fyrirtæki ganga ekki lengra en þau þurfa samkvæmt lögum við að greina ástæður uppsagna, eðlilega. Samningar í Straumsvík hafa verið leiðandi í að bæta kjör launafólks og eiga að vera það.

Flugsýning eins og sett var á svið til að rakka niður Alcan þjónar ekki hagsmunum starfsmanna. Er aðeins eldsneyti fyrir þá sem telja sig sólar megin í lífinu takist þeim að sannfæra Hafnfirðinga um að koma þurfi í veg stækkun í Straumsvík. Ef skýr ákvæði væru í saminingi um aðdraganda uppsagnar og aðkomu fulltrúa starfsmanna, vissu brottreknir starfsmenn frekar hversvegna þeir misstu vinnuna eða væru jafnvel enn við störf.

Álverið í Straumsvík er góður vinnustaður. Ákveði fyrirtækið stækkun og Hafnfirðingar samþykkja, þá eru spennandi tímar framundan.

*Höfundur er Starfsmaður Alcan á Íslandi og f.v. vara aðaltrúnaðarmaður starfsmanna.*

# Vinnutími of langur

UMRÆÐAN
Lífskjör


BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Samkvæmt nýrri Gallupkönnun, sem gerð var fyrir Eflingu og Starfsgreinasambandið, hefur verkafólk áhyggjur af löngum vinnutíma. Vinnutíminn er nú til jafnaðar 51 stund á viku hjá verkafólki og hefur lengst um eina stund frá 1998. Þetta er vissulega mikið áhyggjuefni. Vinnutíminn ætti að styttast en ekki öfugt. Árið 1990 flutti ég tillögu til þingsályktunar á Alþingi um styttingu vinnutíma en ég sat þá um skeið á þingi fyrir Alþýðuflokkinn. Tillaga mín hljóðaði svo: „Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að semja áætlun um almenna styttingu vinnutíma án skerðingar tekna. Skal ráðherra hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins um málið.“ Í greinargerð með tillögunni kom fram, að vinnutími hjá ófaglærðu verkafólki væri til jafnaðar 52,7 stundir á viku. Samkvæmt því hefur vinnutíminn sáralítið styst á þeim 16 árum sem liðin eru síðan tillagan var flutt.

**Þjóðarsátt um styttingu vinnutíma**

Það er mikið hagsmunamál fyrir verkafólk að stytta vinnutímann og tryggja það, að verkafólk geti lifað sómasamlegu lífi af dagvinnu. Vinnutími í raun ætti að mínu mati að vera að hámarki 40 stundir á viku en styttri ef við færum að fordæmi Norðurlanda. Það er sannað mál, að með styttri vinnutíma aukast afköst vinnandi fólks. Langur vinnutími dregur úr afköstum og eykur slysahættu. Stuttur vinnutími er brýnt heilsufarsmál. Ef til vill væri unnt að ná nýrri þjóðarsátt um styttingu vinnutíma án tekjuskerðingar. Það er stórmál.

Stjórnvöld hafa nokkrum sinnum á undanförnum áratugum fjallað um vinnutíma og leiðir til þess að stytta hann. Árið 1987 skipaði þáverandi forsætisráðherra, Þorsteinn Pálsson, nefnd til þess að annast samanburðarkönnun á launum karla og kvenna. Verksvið þeirrar nefndar var síðar víkkað út þannig að nefndin skyldi gera fjölþætta lífskjarakönnun.Í niðurstöðum nefndarinnar kom fram að vinnutími hér væri mjög langur og grunnkaup frekar lágt. Sem fyrr segir hefur vinnutíminn lítið styst síðan. Kaup hefur mjakast upp á við en þó eru kjör lægstlaunuðu verkamanna enn allt of lág og erfitt að lifa sómasamlegu lífi af því.

Hinn langi vinnutími hér á landi er mikið vandamál og kemur niður á fjölskyldulífi í landinu. Stytting vinnutímans myndi stórbæta fjölskyldulífið og gera foreldrum kleift að eyða meiri tíma með börnum sínum. Öllum er ljóst að mikil þörf er á því í dag að bæta fjölskyldulífið í landinu.

**Mikið styttri vinnutími hjá ESB**

Vinnutíminn er mikið styttri hjá hinum Norðurlandaþjóðunum en hér og í löndum Evrópusambandsins er vinnutíminn mikið styttri. Meðalvinnutími í löndum ESB er nú 38,6 stundir á viku. Í Noregi er vinnutíminn mikið styttri en hér en þó getur verkafólk lifað sómasamlega af dagvinnulaununum. Yfirvinna þekkist varla. Takmarkið hér á að vera að ná vinnutímanum niður eins og hjá hinum Norðurlandaþjóðunum og að hækka laun verkafólks til samræmis við það sem þar tíðkast.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*





SAMLOKUBAKKI | TORTILLABAKKI | BLANDAÐUR BAKKI
ÞÚ GETUR PANTAÐ GIRNILEGA VEISLUBAKKA FRÁ OKKUR MEÐ LITLUM FYRIRVARA

*5 jól í Nettó!*

# *Amerísk jól í nettó*

## *16.-19. nóvember*

**Kynnumst betur og smökkum saman gómsætan hátíðarkalkún!**

P&Ó

## Kjarni málsins

> Hlutfall 19 ára í skóla eftir búsetu árið 2005




Heimild: Hagstofa Íslands

# menntun

*nám, fróðleikur og vísindi*

VÍSINDAMAÐURINN: SIGRÚN MARÍA AMMENDRUP ÍSLENSKUNEMI

## *Rannsakaði talmál ungra Íslendinga*

Sigrún María Ammendrup, íslenskunemi við HÍ, vann að sérstöku verkefni síðastliðið sumar. Hún tók upp og rannsakaði samtöl átta íbúa á höfuðborgarsvæðinu, sem eru á aldrinum 18 til 21 árs, við jafnaldra sína og foreldra.

Markmið rannsóknarinnar var að safna talmálsgögnum um hvernig ungir Íslendingar tala í upphafi tuttugustu og fyrstu aldarinnar og reynsluprófa umritunarforrit sem heitir Transcriber. En Sigrún segir gögnin úr rannsókninni eru geymd í forritinu svo fólk geti kynnt sér hvernig ungt fólk talaði árið 2006.

Þetta er í fyrsta skipti sem slík rannsókn er gerð á Íslandi. Ætlunin



er að halda áfram að safna upplýsingum um talmál þjóðarinnar og vista þær í forritinu fyrir komandi kynslóðir.

Sigrún segir að þeir ungu Íslendingar sem hún rannsakaði tali almennt góða íslensku. „Það var áhugavert að sjá hvernig unga fólkið breytti um málsnið þegar það talaði við jafnaldra sína og foreldra. Um leið og það fór að tala við fullorðna fólkið hætti það að sletta og blóta og fór að vanda sig meira. Ég held að ungt fólk sé orðið meðvitaðra um hvernig það talar og leiðréttir sig gjarnan sjálft ef það segir eitthvað vitlaust eða slettir.“ Verkefni Sigrúnar hlaut styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna og geta áhugasamir kynnt sér niðurstöðurnar á vefslóðinni: http://www.heima.is/atli/rannsokn/.

■ **Skólinn**

## Norðlingaskóli



Norðlingaskóli opnaði í ágúst 2005. Hann er nýjasti grunnskólinn í Reykjavík og er staðsettur í Norðlingaholti, mitt á milli Elliðavatns og Rauðavatns. Þegar skólinn verður fullbúinn er gert ráð fyrir því að hann verði heildstæður grunnskóli fyrir 300 til 400 nemendur í fyrsta til tíunda bekk.

■ **Erindi**

## Heilsufarssaga Íslendinga

Hildur Gestsdóttir fornmeinafræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands. heldur erindi á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði á Keldum, klukkan 12.20 í dag. Erindið nefnist: Heilsufarssaga Íslendinga frá landnámi til 18. aldar. Unnið hefur verið að rannsókninni á efninu frá 2004. Meginmarkmiðið er að gera meinafræðilega úttekt á fornum íslenskum mannabeinum frá landnámsöld til 18. aldar, til að leggja grunn að heilsufarssögu þjóðarinnar og frekari rannsóknum á því sviði. Áætlað er að rannsókninni ljúki 2007.

■ **Fyrirlestur**

## Vín og villtar meyjar



Anna Dís Runólfsdóttir, lektor í félagssálfræði, heldur fyrirlestur um drykkjuvenjur ungra kvenna í Bretlandi í Norræna húsinu klukkan 12.15. Drykkjuvenjur ungra kvenna hafa breyst mikið á undanförnum árum. Sérstaklega hefur aukist að konur drekki mikið í einu. Í rannsókn sem Anna Dís gerði ásamt Philippu Morgan voru tekin fimm hópviðtöl við konur á aldrinum 17 til 22 ára til þess að komast að því hvaða hlutverki áfengi gegndi í þeirra lífi. Í fyrirlestrinum verður fjallað um niðurstöður þessarar rannsóknar og þá sérstaklega hvernig áfengisdrykkja og mat þátttakenda á drykkju annarra tók mið af bæði kyni og stétt.

■ **Fyrirlestur**

## Lífsviðurværi fátækra kvenna í Adis Abeba

Dr. Emebet Mulugeta heldur fyrirlestur sem ber yfirskriftina Lífsviðurværi fátækra kvenna í Addis Abeba í Eþíópíu föstudaginn 17. nóvember klukkan 12.15 í stofu 130 í Öskju. Fyrirlesturinn er haldinn á vegum jarð- og landfræðiskorar HÍ. Meirihluti þessara kvenna getur ekki tryggt lífsviðurværi sitt og benda niðurstöður til þess að aðgerðir sem miða að því að draga úr fátækt í borgum í Eþíópíu verði að taka mið af stöðu kvenna í samfélaginu. Emebet Mulugeta er kennari við sálfræðideild Addis Abeba háskóla og fræðikona við Rannsóknarstofnun í kynjafræðum við skólann.

■ **Opið hús**

## 30 ára afmæli sjúkraþjálfunarskorar HÍ

Í ár eru liðin 30 ár frá því að kennsla hófst í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands. Í tilefni af afmælinu verður húsnæði sjúkraþjálfunarskorar í Skógarhlíð 10 opið öllum milli kl. 15 og 17 föstudaginn 24. nóvember. Léttar veitingar verða í boði.






**SIF VÍGÞÓRSDÓTTIR** Formaður Samtaka félags áhugafólks um skólaþróun, og skólastjóri í Norðlingaskóla, ásamt börnum úr skólanum í fyrstu útikennslustofunni á Íslandi sem opnuð verður í dag klukkan 14.30.

# Aukið lýðræði í skólum

**Samtök félags áhugafólks um skólaþróun halda ársþing sitt í Ingunnarskóla í Reykjavík þann 17. og 18 nóvember þar sem rætt verður um lýðræði í skólastarfi. Sif Vígþórsdóttir, formaður samtakanna og skólastjóri í Norðlingaskóla, segir að hugmyndir manna um lýðræði og skólastarf séu að breytast.**

Meira en fimmtíu fyrirlesarar verða á málþinginu sem hefst með skráningu klukkan 13.30 á föstudaginn. Eiginleg dagskrá byrjar klukkan 14.00. Aðalfyrirlesari þennan fyrri dag verður Gerður G. Óskarsdóttir, en erindi hennar nefnist: Draumurinn um lýðræðisskóla. „Við ætlum að fjalla um það hvað lýðræði í skólastarfi er. Aðallega munum við ræða um áhrif nemenda, foreldra og starfsfólks á skólastarf hér á landi og hversu mikið þetta fólk kemur að stefnumörkun þess. Við ætlum að taka það fyrir hvert við stefnum í þessum efnum,“ segir Sif.

Að loknum fyrirlestri Gerðar verða haldnir þrír fyrirlestrar um lýðræði á þremur skólastigum: á leikskóla-, grunnskóla-, og framhaldsskólastigi. Sif segist vonast til þess að málþingið muni fá þátttakendur til að brjóta heilann um lýðræði í skólastarfi.“

Á laugardaginn hefst dagskráin klukkan 9.30 um morguninn með samræðu stjórnmálamannanna Illuga Gunnarssonar og Katrínar Jakobsdóttur sem munu hugsa upphátt um lýðræði í skólastarfi. Að samræðunni lokinni verða haldnar málstofur þar sem kynnt verða þróunarverkefni í skólum sem tengjast þema þingsins. Fjölmargir fyrirlesarar munu taka þátt í málstofunum.

Sif segir að skólastarf hafi hingað til verið mjög bundið af gömlum hefðum og til að mynda hafi ekki tíðkast að börn á grunnskólastigi kæmu að því að skipuleggja nám sitt. „Víða er það orðið þannig að nemendur semja námsáætlun fyrir vikuna með kennaranum sínum. Það er hægt að fara alls konar slíkar leiðir til þess að skólastarf verði gagnvirkara. Börn eru svo frábært fólk að það verður að leyfa þeim að hafa eitthvað að segja um nám sitt,“ segir Sif.

Áhugasamir geta skráð sig til þátttöku á málþinginu á vefsíðunni: http://www.skolathroun.is/.

inigfreyr@frettabladid.is

Skólakerfið þarf að taka mið af nýjum veruleika:

# Fjölbreytnin krefst breytinga

Á árunum 2002 til 2005 gerði Hanna Ragnarsdóttir, lektor við Kennaraháskóla Íslands, rannsókn á tíu erlendum fjölskyldum sem flust hafa hingað til lands. Hún segir að íslenskt samfélag og skólakerfi þurfi að taka mið af aukinni menningarlegri fjölbreytni í samfélaginu því það hafi breyst mikið á liðnum árum.

Hanna segir að ekki megi líta framhjá því að margir skólar hafi gert ýmislegt af sínu eigin frumkvæði til að bregðast við þeirri auknu fjölbreytni sem er orðin einkenni á íslenska skólakerfinu með fjölgun innflytjenda. Hún segir hins vegar að víða sé komið í óefni því kennarar hafi ekki fengið mikla þjálfun til að takast á við breyttar aðstæður. „Heildarhugsunin í skólakerfinu þarf að breytast því veruleikinn er orðinn flóknari því menningarlegur bakgrunnur og tungumálakunnátta nemendanna er ekki jafn einsleit og áður. Þetta er hins vegar ekki vandamál, heldur nýtt samfélagslegt verkefni sem við þurfum að takast á við.“

Að mati Hönnu hefur samfélagið ákveðnar skyldur gagnvart þessum nemendum því þeir hafi ákveðin mannréttindi sem ekki megi brjóta á. Hún segir að þær fjölskyldur sem hún rannsakaði hafi haft töluverðar væntingar þegar þær fluttu til Íslands en hafi orðið fyrir vissum vonbrigðum með aðlögun barnanna að skólakerfinu. -ifv



**HANNA RAGNARSDÓTTIR** Lektor í Kennaraháskólanum segir niðurstöður rannsóknar sem hún gerði á erlendum fjölskyldum á Íslandi benda til að íslenskt samfélag þurfi að taka mið af aukinni fjölbreytni í samfélaginu.

# HIN ÚTVÖLDU



GOTT FÓLK McCANN

Kjóstu þættina þína á visir.is

EDDA 2006

**Fjórir þátta okkar eru tilnefndir til Eddunnar 2006**

**Stelpurnar** Leikið sjónvarpsefni ársins
**Strákarnir** Skemmtiþáttur ársins
**Sjálfstætt fólk** Sjónvarpsþáttur ársins
**Kompás** Sjónvarpsþáttur ársins

# Mér langar svo að lyfta mér á kreik

**Andmæli við þágufallssýki heyrast vart meir, þó svo að sýkin hafi langt í frá „læknast“. Gísli Sigurðsson prófessor segir umburðarlyndið meira í dag gagnvart málbreytingum. Við þurfum frekar að vera vakandi yfir því að íslenskan verði notuð á öllum sviðum mannlífsins, en víki ekki fyrir ensku sem opinbert mál.**



GÍSLI SIGURÐSSON Það er liðin tíð að norðlenska harðmælið og raddaði framburðurinn séu ótvírætt talin fegurri í útvarpi en sunnlenska linmælið, segir Gísli. Nú mega fleiri blæbrigði njóta sín. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Umburðarlyndi í málpólitík hefur aukist. Það segir að minnsta kosti Gísli Sigurðsson, rannsóknarprófessor við Stofnun Árna Magnússonar. Í síðari hluta greinar hans, Íslensk málpólitík, sem birtist í nýjasta hefti Tímarits Máls og menningar, segir hann til dæmis; „Það er líka liðin tíð að norðlenska harðmælið og raddaði framburðurinn séu ótvírætt talin fegurri í útvarpi en sunnlenska linmælið. Nú erum við öll jöfn …“

Gísli telur sig til þess hóps sem hefur lagt fyrir sig málrækt og málvöndun, en kannast ekki við að vera málfarsfasisti, spurður um hvað hafi eiginlega orðið um þá.

„Mikið af þeirri pólitík sem rekin var, var nokkuð einstrengingsleg. Hún miðaði við að fólk hélt að það gæti sett ákveðnar reglur um hvað væri rétt og hvað væri rangt og haldið því síðan fram með miklum þunga. Oft var það þannig að það sem var úrskurðað rangt féll ágætlega að máltilfinningu fjölda fólks í landinu sem átti erfitt með að tengja sig við þessar predikanir um hvað mætti segja og hvað ekki.“

Sem dæmi nefnir Gísli að fólk hafi sagt „komustum“. Svo var læknir fallbeygður „læknir“ um „læknir“ í stað „lækni“. Svona tali enn fjöldi eldra fólks.

## Þágufallssýki og nýjar þolmyndir

Máltilfinning Íslendinga um hvað sé rétt breytist sífellt. Tvennt er hægt að nefna sem dæmi. Annars vegar hin þráláta þágufallssýki sem íslenskukennarar og málræktarsinnar hafa barist gegn af mikilli hörku. Hins vegar er tiltölulega ný breyting sem birtist í nýrri þolmynd. Börnin segja „Það var hrint mér“ í stað „Mér var hrint“ og skilja ekki af hverju það er rangt.

Gísli segir málbreytingar eðlilegar í hverju tungumáli. „Sumt er bara í munni barna og þau eiga eftir að læra það sem málsamfélagið telur almennt vera rétt. En sumt lifir lengur og verður að máltilfinningu fullorðinna. Um leið og stór hópur fullorðins fólks viðurkennir eitthvað í málinu, þá er mjög erfitt að fara að halda því fram að það sé rangt. Tungumál og reglur um tungumál eiga að vera lýsandi um það sem er í raun og veru lifandi tungutak fólksins sem kann málið.“

Hvað varðar þágufallssýkina segir Gísli að tilhneigingin til að nota þágufall hafi komið fram strax á 19. öld og sé nú orðin ríkjandi. „Við verðum bara að horfast í augu við það, eins og staðan er núna, að hvort tveggja er rétt. „Mér langar til“ er alveg eins rétt og „mig langar til“. Þetta er rétt í munni mjög margra. Hann segir að enn sem komið sé, þá hreinsi yfirlesarar einkenni þágufallssýkinnar úr opinberu máli. „En þetta kemur inn í barnaefni í sjónvarpi og enginn stoppar það þar. Þannig að ég held að það sé orðinn það mikill þungi í þessari breytingu að innan skamms verða yfirlesarar líka búnir að kyngja henni.“

## Íslenskan er okkar mál

Ef slíkar breytingar, sem málfarssinnar virtust óttast mest fyrir um áratug, eru í dag eðlilegar, hver er þá mesta ógnin sem íslenskan stendur frammi fyrir? Enskugrýlan, segir Gísli.

„Við þurfum að halda uppi öflugu stofnanakerfi sem grundvallast á því að íslenska sé þjóðtunga í þessu landi sem við búum í. Það kemur mikið inn af nýrri tækni og nýjum umræðuefnum sem fer fram á ensku.“

Gísli segir hættuna ekki vera að við hættum einn daginn að tala íslensku við börnin okkar, eða yfir kaffinu í spjalli um daginn og veginn. „Hættan er sú að við hættum að nota íslensku sem hið opinbera mál sem okkur hefur tekist að

> *Við verðum bara að horfast í augu við það, eins og staðan er núna, að hvort tveggja er rétt. „Mér langar til“ er alveg eins rétt og „mig langar til“.*

halda í til þessa.“ Íslenskan er mál menntunar, stjórnmála, lagasetningar og dægurmenningar. Í dag, segir Gísli, snýst baráttan um að halda tungumálinu lifandi á öllum þessum sviðum, þannig að íslenskan sé fullgilt tungumál í samfélagi heimsins, en ekki minnihlutatungumál.

## Útlenska í lagamáli eða á Alþingi

Stjórnmálamenn í pontu á Alþingi, mælandi á enska tungu, er kannski ekki líklegt í náinni framtíð. Né heldur hljómar það líklega að meginhluti kennslu í grunnskóla fari fram á ensku. En það þarf ekki að leita lengi til að finna dæmi þess að enskan sé að auka vægi sitt á þessum tveimur sviðum.

Mikill meirihluti lesefnis í háskólum er á ensku og boðið er upp á námskeið sem fram fara á ensku. Þá bendir Gísli á að um helmingur tölvunámskeiða fari fram á því sem kalla má ísl-ensku, því að enskan sé tungumál tölvunnar. Byrjendur læra að seifa og dílíta og hvernig hægt sé að vista skjöl á desktoppinu. Eftir fyrstu tímana taka nemendur svo við að koppí og peista. Þegar mikil færni er fyrir hendi er svo hægt að dóvnlóda fæla eftir að hafa brávsað á netinu.

## „Það skilja allir ensku hvort eð er“

Í alþjóðasamstarfi er íslenskan ekki notuð og mjög kostnaðarsamt er að þýða öll skjöl og viðhalda íslensku sem opinberu máli. Gísli segir að ekkert langt sé í þá kröfu, þar sem allir skilji ensku hvort eð er, að tilskipanir vegna Evrópska efnahagssvæðisins séu bara á ensku. Með því sparist þýðingarkostnaður, en á sama tíma er enska komin í lagamálið og þar með orðin hluti af opinberu máli.

„Þar með er eitt vígið fallið. Eins í dægurmenningunni, þegar menn eru að framleiða kvikmyndir eða tónlist. Ef markaðurinn er ekki bara Ísland er ekkert óeðlilegt að sú hugmynd komi upp að gera þetta bara á ensku. Það er ekkert sem stoppar góða tónlist eða kvikmynd í útlöndum, annað en tungumálið. Þetta er mjög aðkallandi vandamál, viljum við stíga þetta skref, eða viljum við halda þessum hluta dægurmenningar á okkar tungumáli.“

## Viðhald þjóðtungu getur verið dýr

Gísli bendir á að tungumálið sé notað til sköpunar, auk þess að koma hlutum til skila, eða til að móta hugsun og tjá hana á íslensku. Þá sé tungumálið valdatæki, tjáningartæki og sterkur hluti sjálfsmyndar hvers einstaklings. „Það sem skiptir sköpum fyrir líf íslenskrar tungu er að við höldum áfram að nota hana á öllum sviðum lífsins og að við viljum kosta því sem til þarf til að það megi verða.“

svanborg@frettabladid.is

## DAGSKRÁ DAGS ÍSLENSKRAR TUNGU

**7.30** Nemendur 10. bekkjar Hvolsskóla í Rangárþingi eystra standa fyrir upplestri á Brennu-Njáls sögu.

**11.40** Sigurbjörg Þrastardóttir rithöfundur heldur erindi í stofu 311 í Árnagarði í Háskóla Íslands.

**12.00** Andri Snær Magnason rithöfundur heldur erindi í Kennaraháskóla Íslands og að auki verður hleypt af stokkunum ljóðasamkeppnin Ljóð á tungu – ljóð um tungu.

**12.00** Starfsmenn Ársafns Borgarbókasafns lesa ljóð eftir ýmsa höfunda í kallkerfi Bónuss, Hraunbæ 121. Auk þess munu íslensk orð berjast um titilinn: Fallegasta orðið.

**14.00** Fjölbreytt dagskrá í Reykjavíkurakademíunni. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra opnar vefinn réttritun.is. Anna Guðrún Júlíusdóttir og Sigríður Ólafsdóttir kynna Kötlu, vef fyrir íslenskukennslu innflytjendabarna .

**15.00** Borgarbókasafn Reykjavíkur, Bókasafn Mosfellsbæjar og Bókasafn Seltjarnarness ætla að gefa börnum í þessum bæjarfélögum bók árið sem þau verða fjögurra ára.

**16.00** Hátíðardagskrá menntamálaráðuneytis í sal Hjallaskóla, Kópavogi.

**16.00** Dagskrá í Héraðsbókasafninu á Hvammstanga, Höfðabraut 6.

**16.15** Finnur Friðriksson, aðjúnkt í Háskólanum á Akureyri, flytur erindi sem nefnist Slettur, slangur og staða íslensks hversdagsmáls í stofu 14 við Þingvallastræti 23 á Akureyri.



**17.15** Spurningakeppni milli 10. bekkinga við grunnskóla á Austurlandi. Keppt verður til úrslita í Miklagarði, Vopnafirði, klukkan 17.15.

**20.00** Sigurður Konráðsson, prófessor í íslensku við Kennaraháskóla Íslands, flytur erindi sem hann nefnir: Vanræksla: Hvers á íslenska að gjalda, í húsi Sögufélagsins, Fischersundi 3.

**20.30** Edinborgarhúsið á Ísafirði – fjölbreytileiki íslenskrar tungu. Ólafur Bjarni Halldórsson flytur erindi sem hann nefnir „Við viljum volla“. Hrafnhildur Hafberg menntaskólakennari flytur einþáttung ásamt nemendum sínum og tveir grunnskólanemar lesa ljóð.

# *Katla er kennslutæki fyrir börn innflytjenda*

Kennararnir Anna Guðrún Júlíusdóttir og Sigríður Ólafsdóttir eru höfundar Kötlu, kennsluvefjar sem inniheldur námsefni í íslensku fyrir börn innflytjenda. Þær munu kynna vefinn í dagskrá í Reykjavíkurakademíunni sem hefst klukkan tvö í dag.

Kynninguna á Kötlu ber upp í miðri umræðu um innflytjendur á Íslandi; tæpri viku eftir að ríkisstjórnin samþykkti að veita 100 milljónum króna á næsta ári í að efla íslenskukennslu í landinu. Kennsluvefurinn á að hjálpa börnum innflytjenda að læra íslensku.

Draumur Önnu Guðrúnar og Sigríðar er að fá nægilega háan styrk frá ríkinu til að geta gert aðgang að Kötlu gjaldfrjálsan og opinn öllum, þannig gætu nemendur sem vilja læra íslensku notað kennsluvefinn sér að kostnaðarlausu. Til þess þurfa þær mun hærri styrk en þær hafa fengið. Hingað til hafa þær fjármagnað vinnu sína við Kötlu með því að selja 34 skólum aðgang að honum gegn vægu gjaldi.

Kennsluefnið á Kötlu hentar börnum í öllum aldurshópum og er meðal annars ætlað að auðvelda börnum innflytjenda að sigrast á hjalla sem rannsóknir frá mörgum löndum benda til að þeir eigi erfitt með að komast yfir. „Rannsóknirnar sýna að orðaforði barna innflytjenda staðnar gjarnan við 8.000 orðin, sem samsvarar meðalorðaforða barna á miðstigi grunnskólans. Þetta er ástæðan fyrir því að þessi börn hætta oft í skóla,“ segir Anna Guðrún. Sigríður bætir því við að börn lendi oft á þessum þröskuldi þegar þau eru níu eða tíu ára.

- ivf



ANNA GUÐRÚN JÚLÍUSDÓTTIR OG SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR Kennararnir hafa síðastliðin ár þróað kennsluvefinn Kötlu til íslenskukennslu fyrir innflytjendur en þær byggja námsefnið á rannsóknum og reynslu Hollendinga og Kanadamanna.

FROST EVENTS BYLGJAN 989 & ICELANDAIR

kynna með stolti



**Eleftheria Arvanitaki**
**Suð-Austur Evrópa**
Ein þekktasta söngkona í Suður- og Austur Evrópu og

sautján sólóplötur sem allar hafa farið í platínum sölu

**Patricia Bardon**
**Vestur-Evrópa**
Yngsti verðlaunahafi hinnar víðfrægu Cardiff óperusöngkeppni – Singer of the world. P. Bardon er rísandi stjarna í óperuheiminum og kemur fram í mörgum af helstu óperuhúsum heims á þessu árii

**Sissel Kyrkjebø**
**Norður Evrópa**
Án vafa ein alvinsælasta söngkona norðurlandanna og óþarft að kynna. Hefur sungið með mörgum af helstu listamönnum heims, m.a. Celine Dion, Placido Domingo, Sting, Moby og Jose Carreras.

**Eivør Pálsdóttir**
**Rísandi stjarna Evrópu**
Sjarmerandi sviðframkoma og seiðandi rödd Eivarar hefur gert hana að sannri stjörnu í heimalandi sínu, Færeyjum sem og á Íslandi. Nafn hennar fer óðum vaxandi víða um lönd.

**Ragnhildur Gísladóttir**
**Ísland**
Óvenjuleg rödd Ragnhildar og einstakir sönghæfileikar hafa fest hana í sessi sem eina bestu söngkonu landsins og kynnum við hana með stolti sem fulltrúa Íslands í ár

**ásamt Karlakórnum Fóstbræðrum, Drengjakór Reykjavíkur, sérstakri slagverkssveit, þekktum erlendum hljóðfæraleikurum og tæplega 60 manna stórhljómsveit Frostrósa skipaðri félögum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands og nokkrum af okkar fremstu tónlistarmönnum.**

VATIKANID

# The European Divas
# Frostroses 2006

## STÓR-JÓLATÓNLEIKAR
### Í NÝJU LAUGARDALSHÖLLINNI
### 5. DESEMBER KL. 21:00

Alstærstu jólatónleikar sem haldnir hafa verið á Íslandi og einn viðamesti tónlistarviðburður síðustu ára.

Lokatónleikar Íslensku dívanna sem haldnir voru í fyrra slógu Íslandsmet í aðsókn og nú er verkefnið margfaldað að stærð og umfangi svo búast má við miklu sjónarspili í Höllinni sem færð verður í veglegan jólabúning. Fram koma um 200 manns á risasviði sem verður með því glæsilegasta sem sést hefur hér á landi.



Gestasöngvari:
**Jóhann Friðgeir**

Sérstakur heiðursgestur tónleikanna verður engin önnur en hin eina sanna Evrópska díva, **Petula Clark** en hún er vinsælasta söngkona Bretlands og Frakklands frá upphafi og hefur selt flestar plötur Evrópskra söngkvenna.

**Miðasala hefst á morgun, föstudag kl. 10:00!**

á www.frostid.is og í verslunum Skífunnar. Einnig er hægt að nálgast miða í verslunum BT á Akureyri, Selfossi og Egilsstöðum.



*Elskulega móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Kristín Gunnarsdóttir**
(amma Kristín)

sem lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli hinn 7. nóvember, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 16. nóvember kl.13.00.

**Lára Þórarinsdóttir** — **Sigurður P. Eiríksson**
**Hanna Halldórsdóttir** — **Kristín J. Þorsteinsdóttir**
**og barnabörn.**



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærs sonar míns, bróður okkar og mágs,*

**Páls Þórðarsonar**
Flétturima 11, Reykjavík,

**Þórður Pálsson**
**Elín Þórðardóttir** — **Reinhold Kristjánsson**
**Steinunn Þórðardóttir** — **Hrafn Bachmann**
**Aðalsteinn Þórðarson** — **Guðrún Jóhannesdóttir**
**Kjartan Þórðarson** — **Helga Einarsdóttir**
**Gunnar Þórðarson** — **Hafdís Kjartansdóttir**



*Ástkær sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,*

**Jón Hannes Guðmundsson**
(Jónsi)

Lést á heimili sínu, deild 20 á Landspítalanum í Kópavogi, 12. nóvember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 17. nóvember kl. 15.00.

**Inga Dóra Jónsdóttir**
**Guðmundur Ingi Kristinsson** — **Hulda Baldursdóttir**
**Bjarni Þór Guðmundsson** — **Erla Björg Pétursdóttir**
**Ágúst E. Aðalbjörnsson** — **Guðrún Kristjana Reynisdóttir**
**Sædís Hulda Aðalbjörnsdóttir**
**Baldur Freyr Guðmundsson**
**Davíð Örn Guðmundsson**
**Guðmundur Ingi Guðmundsson**
**Georg Daði Guðmundsson**
**Reynir Aðalbjörn Ágústsson**
**María Rán ÁgústSdóttir**
**Mikael Máni Bjarnason**


LEGSTEINAR
Kynningarafsláttur á völdum tegundum
REIN
Viðarhöfða 1 : 110 Reykjavík : Sími 566 7878 : Fax 566 8787
rein@rein.is : www.rein.is

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
Mikið úrval legsteina og fallegra fylgihluta.
Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.
Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI

Steinsmiðjan MOSAIK
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

**LEIKKONAN LISA BONET ER 39 ÁRA Í DAG**

*„Við mótum vitund okkar út frá þjáningum okkar.“*

*Bonet, sem lék Denise Huxtable í The Cosby Show, fæddist þennan dag árið 1967.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 16. NÓVEMBER 1849

## *Dauðadómur Dostojevskís*

Á þessum degi árið 1849 var rússneski rithöfundurinn Fjodor Dostojevskí dæmdur til dauða fyrir andóf gegn stjórnvöldum. Dostojevskí var leiddur fyrir aftökusveit 22. desember 1849 en rétt áður en hleypt var af var ákveðið að senda hann í vinnubúðir í Síberíu. Þaðan var honum sleppt fjórum áður síðar og hann gerður að hermanni við mongólsku landamærin. Árið eftir sneri hann aftur til Rússlands eftir að hafa kvænst ekkju nokkurri.




FJODOR DOSTOJEVSKÍ

Árið 1860 stofnaði hann tímarit og tveimur árum síðar ferðaðist hann til Evrópu í fyrsta sinn. Árið 1864 og 1865 létust eiginkona hans og bróðir, tímaritið hætti starfsemi og Dostojevskí var skuldum vafinn. Árið síðar gaf hann út bókina Glæpir og refsing, eitt af þrekvirkjum bókmenntasögunnar.

Árið 1867 flúði Dostojevskí frá Rússlandi til Evrópu frá skuldum sínum. Alls gaf hann út tvær bækur til viðbótar áður en hann lést árið 1881.



*Elskuleg eiginkona mín, tengdadóttir, stjúpmóðir, amma og systir,*

**Anna Hauksdóttir**
Ferjubakka 12, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði föstudaginn 17. nóvember kl. 13.00.

**Heimir Guðjónsson**
**Guðjón Þorleifsson**
**Halla Heimisdóttir** — **Hjalti Árnason**
**Sara Heimisdóttir** — **Ægir Ísleifsson**
**Sandra Heimisdóttir** — **Sævar Hólm Valdimarsson**
**Aldís, Alexandra, Brynja Hlíf og Skarphéðinn**
**og systkini hinnar látnu.**



*Okkar elskulegi og ástkæri,*

**Guðmundur Ingi Ólafsson**
Hólabraut 14, Skagaströnd,

sem lést á gjörgæsludeild Landspítalans 8. nóvember, verður jarðsunginn frá Hólaneskirkju, Skagaströnd, laugardaginn 18. nóvember kl. 14.00.

**Ólafur R. Ingibjörnsson** — **Hrönn Árnadóttir**
**Árný Guðrún Ólafsdóttir** — **Haraldur Friðriksson**
**Rebekka Laufey Ólafsdóttir** — **Ari Þór Guðmannsson**
**Brynjar Max Ólafsson**
**Ingibjörn Hallbertsson.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

**Þorvaldur Magnússon**
Gullsmára 11,

lést á líknardeild Landakotsspítala hinn 13. nóvember sl. Jarðarförin auglýst síðar.

**Árni Rúnar Þorvaldsson** — **Valgerður Sumarliðadóttir**
**Magnús Smári Þorvaldsson** — **Þóra Þorgeirsdóttir**
**Halldór Bergmann Þorvaldsson** — **Alda Sigrún Ottósdóttir**
**Magnús Ívar Þorvaldsson** — **Kolbrún Haraldsdóttir**
**Guðni Þór Þorvaldsson** — **Sigurlaug Pálsdóttir**
**María M. Magnúsdóttir**
**Ingibjörg G. Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Anna Finnbogadóttir**

lést á Droplaugarstöðum, þriðjudaginn 14. nóvember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Finnbogi Á. Guðmarsson og Metta Kwanthong**
**Erna Guðmarsdóttir og Steinþór Sigurðsson**
**Örn Guðmarsson og Jóhanna Vilhjálmsdóttir**
**Elín Ágústsdóttir og José Ramos**
**börn, barnabörn og barnabarnabarn.**



SIGRÍÐUR MARÍA SIGURJÓNSDÓTTIR
Formaður Kvennadeildar Reykjavíkurdeildar Rauðakross Íslands.

KVENNADEILD REYKJAVÍKURDEILDAR RKÍ:

# Karlar eru líka

Kvennadeild Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands fagnar 40 ára afmæli í desember. Hún tekur hins vegar forskot á sæluna í dag með því að afhenda Blindrafélagi Íslands rausnarlegan styrk upp á hálfa fjórðu milljón, sem verður varið til barnastarfs félagsins.

„Ég held að það sé brýn þörf fyrir þá þjónustu sem við veitum,“ segir Sigríður María Sigurjónsdóttir, formaður kvennadeildarinnar, sem var stofnuð 12. desember árið 1966. „Ragnheiður Guðmundsdóttir læknir hafði kynnst áþekku starfi í Bandaríkjunum og Bretlandi. Hún starfaði í Reykjavíkurdeild RKÍ og tók sig til ásamt fleiri konum og stofnaði kvennadeildina. Það fyrsta sem þær gerðu var að kaupa rúm sem hægt var að leigja fyrir sjúklinga sem lágu heima.“ Þá stóð kvennadeildin fyrir heimsóknarþjónustu þar sem aldraðir og þeir sem voru einmana voru sóttir heim, farið með þá í búðir eða bara spjallað yfir kaffisopa, en heimsóknarþjónustan var nýverið færð yfir til Reykjavíkurdeildar RKÍ.

Kvennadeildin rekur búðir sem starfræktar eru á sjúkrahúsum, þar sem deildin rekur einnig bókasafn fyrir sjúklinga. Fyrir utan skrifstofustjóra og hvorn sinn verslunarstjórann eru allir sem leggja hönd á plóg í sjálfboðavinnu og allur ágóði starfsins rennur til líknar-

# Tvenn gullverðlaun

Tveir nemendur frá Menntaskólanum í Kópavogi hlutu á dögunum gullverðlaun í nemakeppni AEHT, Evrópusamtaka Hótel- og ferðamálaskóla, í Killarney á Írlandi, en í ár tóku um 300 nemendur frá 34 löndum þátt í keppninni.

Íris Jóhannsdóttir keppti ásamt Danny van der Weel frá Hollandi í ferðakynningum, en þau hlutu einnig silfurverðlaun fyrir bestu samvinnu og fagmennsku. Íris segir það hafa verið nokkuð erfitt að undirbúa sig fyrir keppnina, en umfjöllunarefni þeirra Danny var áhrif ferðaþjónustu á umhverfi Killarney. „Okkur var sagt að lesa okkur til um efnið svona almennt, og mánuði fyrir keppni fengum við að vita með hverjum við myndum keppa,“ útskýrði Íris. „Tveimur dögum fyrir keppni var okkur svo sagt nákvæmlega hvað við ættum að fjalla um,“ sagði Íris, en þau fengu einn dag til að undirbúa kynninguna. Íris er hæstánægð með keppnina. „Það er gaman að taka þátt í einhverju svona og skemmtilegt að kynnast öðrum í sama bransa.“

Ragnar Atlason bakaranemi keppti í bakstri ásamt



## 90 ára

Mánudaginn 20. nóvember 2006 verður
**Halldór Jónsson**
frá Garpsdal, Álfaskeiði 64 E5, Hafnarfirði, 90 ára.

**Í tilefni þessara tímamóta býður Halldór og stjúpbörn hans ættingjum og vinum til afmælisfagnaðar í hátíðarsal íþróttahússins á Álftanesi laugardaginn 18. nóvember frá kl. 15.00 til kl. 18.00.**

# Fallegasta orðið valið í Árbæ

Borgarbókasafnið blæs í lúðra í tilefni af degi íslenskrar tungu, boðar bæði útrás ljóðsins og efna til samkeppni um fallegasta orðið, í útibúi safnsins í Árbæ.

„Við ætlum að færa ljóðið til fólksins með því að lesa upp nokkur ljóð í kallkerfi Bónuss í Hraunbæ,“ segir Jónína Óskarsdóttir, sem les upp ásamt Söru Halldórsdóttur og Grétu Sörensdóttur, starfssystrum sínum. „Við lesum allavega ljóð eftir höfunda á öllum aldri klukkan 12-13 og 16-17 og þeir sem vilja næra andann í innkaupaferðinni ættu endilega að bregða sér í búðina á þessum tíma.“

Þá býðst þeim sem leggja leið sína í útibú Borgarbókasafnsins að Hraunbæ 119 að velja það orð sem þeim þykir fallegast. „Hér höfum við kassa sem við söfnum tillögum í og innan skamms, væntanlega strax eftir helgi, verður tilkynnt á heimasíðu Borgarbókasafnsins hvaða orð var hlutskarpast.“

Jónína segir að í sínum huga keppi orðin grimmt. „Mér finnst mamma mjög fallegt, það er mjög sérstakt þegar barn segir það við móður sína í fyrsta sinn. Mér finnst orðið alúð líka koma sterklega til greina og þegar maður fer að hugsa um þetta þá streyma fram kynstur af snotrum orðum.“

- bs




**JÓNÍNA, SARA OG GRÉTA** Lesa ljóð fyrir gesti og gangandi í verslun Bónuss í Hraunbæ í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## MERKISATBURÐIR

**1907** Stytta af Jónasi Hallgrímssyni afhjúpuð í tilefni þess að hundrað ár eru liðin frá fæðingu skáldsins.

**1940** Bretar gera loftárás á Hamborg.

**1943** Bandarískar flugvélar gera loftárás á orkuver í Noregi, þar sem Þjóðverjar réðu ríkjum um þær mundir.

**1946** Fyrsta sjónvarpstímaritið lítur dagsins ljós í Bandaríkjunum. Það hét Television Screen Magazine.

**1957** Bandaríski fjöldamorðinginn Ed Gein myrðir síðasta fórnarlamb sitt.

**1957** Nonnahús á Akureyri opnað sem minjasafn.

**1960** Bandaríski leikarinn Clark Gable deyr.

**1988** Benazir Bhutto er kosinn forsætisráðherra í Pakistan.

**1996** Dagur íslenskrar tungu haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn.



FAGNAR 40 ÁRA AFMÆLI

# velkomnir

mála. „Það eru um það bil 220 sjálfboðaliðar hjá okkur í dag,“ segir Sigríður, sem sjálf hefur starfað hjá deildinni í um aldarfjórðung. „Allt konur fyrir utan einn, sem er synd því þótt þetta heiti kvennadeild eru allir velkomnir til að taka þátt í okkar starf, hvort sem er til að vinna í búðunum, á bókasöfnunum eða föndurhópunum.“

Auk styrksins til Blindrafélagsins veitir kvennnadeildin Umhyggju jafnháan styrk á árinu. Auk ágóðans af starfi föndurhópsins ver deildin alls um átta milljónum króna til líknarmála á árinu. „Svo má ekki gleyma að við ætlum að gefa út jólakort í ár í fyrsta sinn eftir langt hlé. Penninn styrkti okkur veglega svo það gæti orðið, kortin eru glæsileg og allur ágóði rennur til fatlaðra barna á Íslandi.“

bergsteinn@frettabladid.is

# til MK



**ÍRIS OG RAGNAR** Íslensku keppendurnir hlutu bæði gullverðlaun, hvort í sínum flokki. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

Íranum James Dunn. „Í okkar flokki var dregið í liðin daginn fyrir keppnina,“ sagði Ragnar. „Ég var mjög heppinn, ég lenti með strák sem var kominn þangað til að standa sig vel.“ Ragnar sagði samstarfið hafa gengið snurðulaust fyrir sig. Hann sagði keppendur þó hafa verið misvel undirbúna og fannst Ísland standa mjög framarlega á þessum vettvangi. „Þetta var alveg æðislegt og bara rosalega gaman að fá að taka þátt,“ sagði Ragnar.

- sun






## STUÐ MILLI STRÍÐA: Aftur til fortíðar

**ROALD EYVINDSSON** ER EILÍFÐARTÁNINGUR



Í sumar ákváðum við maðurinn minn að gera endurbætur á aldargömlu húsinu okkar. Það reyndist ekki seinna vænna þar sem í ljós kom að húsið lá undir skemmdum á nokkrum stöðum. Svo var ákveðið að gera nokkrar breytingar á því í fegrunarskyni. Við hefðum kannski látið það ógert hefði okkur órað fyrir hversu mikla vinnu það myndi kosta.

Með hverjum deginum sem leið líktist húsið minna draumahúsinu okkar þvert gegn öllum væntingum og í raun meira eins og stór sprengja hefði lent ofan á því. Þar sem ég lá uppi í rúmi eitt kvöldið, umvafinn plasthengjum sem höfðu verið sett upp til varnar ryki og drullu, varð mér hugsað til geimálfsins E.T. sem var næstum því dreginn til dauða af framandi og fjandsamlegum aðstæðum hér á jörðinni. „E.T. go home," kjökraði ég.

Næsta dag var samband haft við móðurskipið til að grenja út vist. Ekki stóð á því og við félagarnir fengum að hreiðra okkur um í gamla herberginu mínu, sem vel á minnst hefur verið haldið nánast óbreyttu síðan ég flutti út fyrir níu árum, eins og verið sé að halda minningu einhvers látins á lofti.

Kostirnir við að snúa aftur í foreldrahús eru margir. Helsti gallinn er þó sá að engu líkara er en hjól tímans snúist aftur á bak og gömul samskiptamynstur glæðist nýju lífi. Fyrsta vísbendingin um það var nokkuð táknræn, eða þegar gamli dimmiter-búningurinn minn datt ofan úr hillu á mig fyrsta kvöldið, eins og draugur aftur úr grárri forneskju. Svo byrjuðu þriðju gráða yfirheyrslurnar: Hvert ertu að fara, hvenær kemurðu heim? o.s.frv.

Í fyrstu pirraði þetta mig. Svo hætti ég bara að ergja mig á þessu, enda ekki eins og ég búi við slæm kjör. Hjá foreldrum mínum er hugsað ofsalega vel um okkur. Það er meira að segja hugsað fyrir okkur. Er þá ekki betra að tilheyra einhverri samvitund eins og Borgverjarnir í Star Trek heldur en að vera geimálfur á banabeðinum? Við ykkur sem búið við þessar aðstæður vil ég því gefa það heilræði að sætta ykkur bara við ástandið. Andspyrna er hvort eð er gagnslaus.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Tangódansleikur á Hótel Borg

**Tangófélagið stendur fyrir tangódansleik, milongu, í Gyllta salnum á Hótel Borg í kvöld. Áður en ballið byrjar fá þeir sem vilja tilsögn í tangó svo að þeir séu betur í stakk búnir að láta ljós sitt skína á dansgólfinu.**



**ÞÓRDÍS KRISTLEIFSDÓTTIR** Segir tangó ekki byggjast á fyrirfram ákveðnum rútínum, heldur spuna tveggja einstaklinga. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**SEIÐANDI DANS** Klukkutíma tilsögn á að nægja fólki sem getur svo látið ljós sitt skína á dansgólfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

„Við vorum með vorball á Borginni fyrir nokkrum árum og núna langar okkur að prófa hvernig þetta gerir sig svona á fimmtudegi," sagði Þórdís Kristleifsdóttir, sem hefur verið tangófélagi og dansari í um það bil sex ár. „Við erum mjög spennt, þetta er svo fallegur salur og mikil stemning," sagði hún, en Tangófélagið stendur einnig fyrir hálfsmánaðarlegum æfingakvöldum í Kramhúsinu og miðvikudagsböllum í Alþjóðahúsinu.

„Tilsögnin á að duga til að fólk átti sig á tónlistinni og fái innsýn í út á hvað dansinn gengur," sagði Þórdís. „Ég hef séð fólk gera mjög skemmtilega hluti á dansgólfinu eftir klukkutíma kennslu. Tangó snýst heldur ekki um fyrirfram ákveðin skref, heldur spuna tveggja einstaklinga," sagði hún, en Þórdís segir þennan spuna vera einna mest heillandi við tangóinn. „Ég er alveg ómöguleg í fyrirfram gefnum rútínum," sagði hún og hló. Það er ekki nauðsyn að mæta með dansfélaga upp á arminn á mílonguna. „Á böllum er eiginlega ætlast til þess að fólk bjóði upp fleirum en bara dansfélaga sínum," sagði Þórdís. „Sumir geta verið feimnir við það til að byrja með, ef að fólk er óöruggt og er að byrja að dansa. Fólk kemst fljótt að því hvað það er gaman að dansa við aðra," bætti hún við. Þórdís segir félagið leggja mikla áherslu á að halda dansleiki. „Annars getur fólk fests í því að vera alltaf á námskeiðum. Ef maður notar dansinn ekki neitt gleymir maður dansinum og tekur hann kannski fram einu sinni á ári.„ Tilsögnin hefst klukkan átta á fimmtudagskvöld og dansleikurinn klukkustund síðar. Allar nánari upplýsingar um starfsemi félagsins má finna á heimasíðu þess, tango.is.


Láttu þér líða vel
allan daginn...

HEILSUKLOSSAR FYRIR ALLA FÆTUR

Sanita klossar eru sérstaklega hannaðir með þægindi í huga. Sveigjanlegur sóli, ekta leður og falleg hönnun. Frábærir í vinnuna eða hvar sem er. Koma í veg fyrir bakverki af löngum stöðum. Þú getur gengið í Sanita klossum allan ársins hring og látið þér líða vel.

Sanita klossar hafa verið framleiddir í nær 100 ár og eru því 100% traustsins verðir...

Dömustærðir 35-41
Herrastærðir 41-48



ÚTSÖLUAÐILAR:
Steinar Waage, Kringlan, Smáralind - Iljaskinn ehf., Háaleitisbraut 58-60 - Xena, Mjódd, Glæsibær, Spöng Kaupfélagið, Smáralind, Kringlan - Skóbúðin Hafnargata 35, Reykjanesbær - Verslunin Sirrý, Grindavík Axel Ó. skóverslun, Vestmannaeyjar - Skóbúð Selfoss, - Tangó, Höfn Hornafjörður - Klörubúð, Djúpivogur Veiðiflugan, Reyðarfjörður - KHB Samkaup, Egilsstaðir - Beint í mark, Vopnafjörður - Skóbúð Húsavíkur Skóhúsið, Akureyri - Siglósport, Siglufjörður - Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkrókur - Skóhornið, Ísafjörður Dalakjör, Búðardalur - Heimahornið, Stykkishólmur - Verslunin Hamrar, Grundarfjörður - Blómsturvellir, Hellissandur Xena Borgarnes - Ozone, Akranes.

Dreifingaraðili: www.leikco.is



36 ÁRA
AFMÆLIS
BOMBA
aðeins í dag fimmtudag og föstudag
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
- nema af merktum tilboðsvörum

ATH: Nýtt kortatímabil

BOMBAN
Opið til 9 í kvöld og 7 á morgun

Líttu á AFMÆLIS BOMBUNA á www.tk.is

Tékk Síung verslun
KRISTALL
KRINGLUNNI

**! Ath. kl. 20.00**
*Jóhann Helgason heldur tónleika með sveit úrvalshljóðfæraleikara í Salnum og flytur þar öll sín helstu lög.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Þjóð í hlekkjum hugarfarsins

Kvikmyndaklúbburinn Kviksaga, sem starfar innan Reykjavíkurakademíunnar, sýnir í kvöld fyrsta þáttinn og brot úr seinni þáttunum þremur af leikinni heimildamynd, Þjóð í hlekkjum hugarfarsins, eftir Baldur Hermannsson. Jón Þór Pétursson sagnfræðingur mun jafnframt fjalla um efni þáttaraðarinnar og viðbrögð við henni. Röðin var sýnd í Ríkissjónvarpinu vorið 1993 og var í fjórum þáttum. Eðlisfræðingurinn Baldur Hermannsson, sem þá var aðstoðardagskrárstjóri Ríkissjónvarpsins, hafði fengið veglegan styrk frá Menningarsjóði útvarpsstöðva til að framleiða þáttaröðina Þjóð í hlekkjum hugarfarsins.



**MYRKVAHÖFÐINGINN EFTIR HRAFN GUNNLAUGSSON** Kvikmynd Hrafns var undir sterkum áhrifum frá sýn Baldurs á sögu Íslands.

Efnistök og túlkun Baldurs sætti næstu vikur miklum mótmælum en lýsingar hans á sveitalífi til forna voru miskunnarlausar og þótti mörgum hann ganga fulllangt í meðferð á staðreyndum og gögnum. „Höfundur dró ekkert undan og mismunandi aðstæðum hópa í gamla íslenska bændasamfélaginu voru gerð miskunnarlaus skil," segir í tilkynningu Kviksögu. Þá voru kvikmyndagerðarmenn gagnrýnir á hvað aðstoðardagskrárstjórinn hafði fengið til framleiðslu þáttanna og töldu hann sitja beggja megin borðsins um kaup á þeim. Sýningin í kvöld hefst kl. 20 og verður á fjórðu hæð á Hringbraut 121. - pbb

**> Ekki missa af …**

Ljósmyndasýningu **Chris Niedenthal** í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Sýningin sýnir daglegt líf Pólverja á áttunda og níunda áratugnum og hvernig Pólverjar lifðu lífi sínu á þessum tíma þar sem blandast saman átök og daglegt líf. Sýningin er opin 12-19 virka daga og 13-17 um helgar.

# Af uppboðum

Tvö íslensk málverk voru slegin í fyrradag á uppboði Bruun Rasmussen í Landskrona. Bæði verkin voru kynnt á vef fyrirtækisins danska sem þau væru eftir nafnlausa listamenn en íslenska. Annað verkið er eftir Þorbjörgu Höskuldsdóttur frá 1988 (66x1.000) og fór á 5.500 dkr., eða 66.292 ísl. kr. Hitt verkið er eftir Guðbjörgu Láru frá 1989 (74x80) og seldist á 1.650 dkr. – 19.887 ísl. kr.

Mestu tíðindi af uppboðum í Evrópu á síðustu dögum er sala á þrykki eftir Edward Munch í Stokkhólmi. Þar seldist á mánudag tréþrykkið Tvær manneskjur – hin einmana fyrir hátt verð, svo hátt að uppboðshaldarinn taldi verðið heimsmet: 88,5 milljónir íslenskra króna. Var því víða slegið upp að þetta væri hæsta verð sem fengist hefði fyrir þrykk. En Blomqvist Kunsthandel mátti éta allt ofan í sig. Víst var þetta hæsta verð sem fengist hafði fyrir Munch, en verk eftir Picasso sem selt var í Galleri Kronfeld í Sviss 1990, Minotauromachie, fór þá á rúmar 120 milljónir.

Síðustu uppboð hér á landi á árinu verða 3. desember á vegum Gallerís Foldar og á vegum Skaftfells á Seyðisfirði snemma í desember. Það verður eftirtektarvert en þar verða slegin 42 verk eftir 36 listamenn. Þeir eru Anna Líndal, Aðalheiður Eysteinsdóttir, Bernt Koberling, Birgir Andrésson, Bjarni Þór Sigurbjörnsson, Björn Roth, Carl Boutard, Daði Guðbjörnsson, Davíð Örn Halldórsson, Dieter Roth, Elín Helena, Erling Klingenberg, Garðar Eymundsson, Georg Guðni, Guðjón Ketilsson, Halla Dögg Önnudóttir, Halldór Ásgeirsson, Hallgrímur Helgason, Haraldur Jónsson, Hildigunnur Birgisdóttir. Húbert Nói, Hulda Hákon, Inga Jónsdóttir, Jón Laxdal, Jón Óskar, Kristján Guðmundsson, Kristján Steingrímur, Kristofer Taylor, Margrét M. Norðdahl, Ómar Stefánsson, Bjarni Þórarinsson og Goddur, Pétur Kristjánsson, Pétur Már Gunnarsson, Sigurður Guðmundsson, Sirra Sigrún Sigurðardóttir, Þórarinn Hugleikur Dagsson og Þrándur Þórarinsson. Listamennirnir hafa allir gefið verk sín í þeim tilgangi að þau verði boðin upp og mun ágóðinn nýtast í frekari uppbyggingu Skaftfells. Verkin eru nú til sýnis í Skaftfelli á Seyðisfirði en dagsetning uppboðsins er ekki ákveðin. - pbb



**MYNDLIST** Tréristan dýra eftir Edward Munch.


FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN

## Aðalfundur kjördæmisfélag Frjálslynda flokksins í Suðvesturkjördæmi

Aðalfundur kjördæmafélags Frjálslynda flokksins í Suðvesturkjördæmi (Kraganum) verður haldinn laugardaginn 18. nóvember kl. 11:00-13:00 í húsnæði flokksins að Aðalstræti 9, Reykjavík.

Á dagskrá fundarins verður kosning stjórnar, venjubundin aðalfundarstörf og önnur mál.

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins og Sigurlín Margrét Sigurðardóttir varaþingmaður flokksins í kjördæminu flytja ávörp.

Mælst er til þess að allt áhugafólk um framboð Frjálslyndra í Suðvesturkjördæmi fjölmenni.




**SKUGGALEIKUR** Sýningin er afar litrík í búningum eins og jafnan er með höfundarverk Messíönu Tómasdóttur. Frá vinstri Sverrir Guðjónsson, Ingibjörg Guðjónsdóttir, Eyjólfur Eyjólfsson og Ásgerður Júníusdóttir. LJÓSMYND SALBJÖRG JÓNSDÓTTIR/ÍSLENSKA ÓPERAN

# Skugginn leikur laus

**Stjórn Íslensku óperunnar varð á síðasta ári fyrir nokkurri gagnrýni vegna þess að hún sinnti ekki frumsköpun í óperusmíði. Þá hafði Óperan stofnað Óperustúdíó til að þróa ný verk.**

Nú svarar hún kallinu betur: í lok vikunnar verður frumsýnt nýtt íslenskt óperuverk í samstarfi við leikfyrirtæki Messíönu Tómasdóttur, leikmynda- og búningahöfund.

Óperan heitir Skuggaleikur, tónlistin eftir Karólínu Eiríksdóttur og textinn eftir Sjón. Hún byggist á sögunni Skugganum eftir H. C. Andersen sem er dæmisaga: skáld felur skugga sínum að finna skáldgyðju sína. Honum til skelfingar hverfur skugginn. Löngu seinna vitjar skugginn skáldsins aftur og er þá orðinn að manni án skugga og það sem verra er án siðferðiskenndar. Skugginn nær valdi yfir skáldinu og þeir skipta um hlutverk, skugginn verður maðurinn og skáldið verður skugginn. Þegar blekkingarnar loks ganga fram af skáldinu vill hann leiða sannleikann í ljós, en það er of seint og hann geldur fyrir með lífi sínu.

Þessi dæmisaga er eitt af fáum ævintýrum sem H. C. Andersen skrifaði fyrir fullorðna. Sagan er margræð, vekur upp siðferðilegar spurningar og á ekki síður erindi í nútímanum en þegar hún var skrifuð. Óperan er bönnuð börnum yngri en 12 ára.

Karólína lýsir aðkomu sinni að texta Sjóns og sögunni svo: „Skáldið er í rauninni eini maðurinn í verkinu, hinir karakterarnir eru eiginlega ekki af þessum heimi og frekar táknmyndir fyrir ýmsa eiginleika. Skáldið er breyskur maður, sem gerir sér leik að því að stríða skugganum og gera lítið úr honum, en það kemur honum í koll síðar. Hann er líka að leita að fegurðinni og sannleikanum, en er jafnframt hégómlegur og þráir frægð og frama. Skáldgyðjan er tákn fegurðarinnar og sannleikans sem skáldið er að leita að, en hann kemst aldrei til hennar, brestur kjark þegar á reynir og sendir skuggann sinn í staðinn. Skugginn er skuggi skáldsins, eins konar tákn fyrir skuggahliðar hans, en Skugginn nær yfirhöndinni og tortímir skáldinu og skáldgyðjunni með hjálp prinsessunnar, en hún er slóttug og hefur komist áfram í heiminum með svikum eins og Skugginn. Hún er því eins konar skuggapersóna líka. Þessar ólíku persónur eru túlkaðar með ólíkri tónlist, hver þeirra hefur sín sérkenni."

Einsöngvarar í sýningunni eru Eyjólfur Eyjólfsson tenór, sem syngur hlutverk Skáldsins, Sverrir Guðjónsson kontratenór, sem syngur hlutverk Skuggans. Ingibjörg Guðjónsdóttir sópran syngur hlutverk Skáldgyðjunnar, og Ásgerður Júníusdóttir mezzósópran syngur hlutverk Prinsessunnar. Hljómsveitin samanstendur af sex hljóðfæraleikurum og hljómsveitarstjóri er Guðni Franzson. Leikstjóri sýningarinnar er Messíana Tómasdóttir, en hún hannar einnig búninga, sviðsmynd og brúður sem spila stórt hlutverk í sýningunni. Danshöfundur er Ástrós Gunnarsdóttir og ljósahönnuður er gamall samverkamaður Messíönu, David Walters.

Aðeins eru þrjár sýningar fyrirhugaðar á verkinu næstu laugardaga en frumsýningin er núna á laugardaginn 18. - pbb

# Salzburgarárin hans Mozarts

Í kvöld verða tónleikar hjá Sinfóníunni sem helgaðir eru verkum Mozarts sem hann samdi í þjónustu erkibiskupsins í Salzburg. Verður Hamrahlíðarkórinn í stóru hlutverki á tónleikunum. Á efnisskránni er verkið Exultate jubilate, eitt frægasta æskuverk Mozarts, auk tveggja verka sem Mozart samdi við Maríutextann Regina Coeli. Hafa ber í huga að Mozart var 15 ára þegar hann samdi fyrra verkið en 16 ára þegar hann samdi það seinna. „Hvað tónlistina varðar kemur fátt á óvart í þessari hrífandi tónsmíð nema það að tæplega 17 ára drengur skuli geta samið af svo mikilli yfirburða kunnáttu, og að því er virðist nær fyrirhafnarlaust," segir Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur um efnisskrána.



Hljómsveitarstjóri á tónleikunum er Robert King og kanadíska söngkonan Gillian Keith syngur einsöng. Þorgerður Ingólfsdóttir og Hamrahlíðarkórarnir hafa fyrir löngu sungið sig inn í hug og hjörtu þjóðarinnar og samstarf þeirra við Sinfóníuhljómsveitina er langt og gæfuríkt. Tónleikarnir hefjast klukkan 19.30 og er fátt miða eftir á þennan viðburð. - pbb

**MOZART** Æskuverk hans verða í fyrirrúmi á tónleikum kvöldsins.

# eig'ðu EÐA leig'ðu







## eig'ðana

# 1.999 kr.

## Úrval nýrra mynda og teiknimynda til sölu á aðeins

## kr. 1.999,-

**Til sölu á eftirfarandi stöðum:**

Vídeóhöllin Lágmúla 7
Bónusvídeó Hraunbæ 121
Bónusvídeó Þverholti 2, Mosfellsbæ
Bónusvídeó Ánanaustum 15
Bónusvideo Lækjargötu 2, Hafnarfirði
Bónusvideó Spönginni
Bónusvideó Mjódd
Bónusvideó Lóuhólum 2-6
Bónusvideo Nýbýlavegi 16

**SENDUM Í PÓSTKRÖFU S. 568-5333**

Birtist með fyrirvara um innsláttarvillur og myndabrengl. - Verð geta breyst án fyrirvara.

VIDEOHÖLLIN
Á þínu bandi

BÓNUSVÍDEÓ
Leigan í þínu hverfi

# Nýtt starfsár hafið hjá Sinfóníu Norðurlands

Vetur er að leggjast yfir Norðurland og þá taka hljóðfæraleikarar í Sinfóníuhljómsveit Norðurlands að stilla saman strengi sína. Fjórtánda starfsár þeirra er að hefjast. Skólatónleikar skipa stóran sess í dagskrá vetrarins.

Nú í haust hófust skólatónleikar í október þar sem á efnisskrá er tónverk eftir hollenskt tónskáld Theo Loevendie við ævintýrið um Næturgalann eftir H.C. Andersen. Þar eru á ferðinni sjö hljóðfæraleikarar, sögumaður og stjórnandi. Sögumaður er Aðalsteinn Bergdal. Í vetur verður farið í skóla frá Ólafsfirði og allt austur á Raufarhöfn. Næturgalinn verður síðan fluttur á Fjölskyldutónleikum á laugardaginn kl. 14 í Samkomuhúsinu á Akureyri – (Leikhúsinu). Aðgangur að fjölskyldutónleikunum er ókeypis. Næstu tónleikar hljómsveitarinnar á Akureyri verða síðan hinn 9. desember: Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Knattspyrnudeild Þórs bjóða til aðventuveislu. Með hljómsveitinni koma fram Hulda Björk Garðarsdóttir, Ólafur Kjartan Sigurðarson og Karlakór Dalvíkur. Á efnisskrá tónleikanna verður jóla- og aðventutónlist. Að tónleikunum loknum verður boðið upp á jólahlaðborð frá Bautanum. Verkefni eftir áramótin eru af ýmsum toga. Í febrúar heimsækir Sinfóníuhljómsveit Íslands Akureyri og verður með tónleika í Íþróttahúsi Síðuskóla. Strengjasveitatónleikar verða í mars í Akureyrarkirkju. Tónleikarnir eru í samvinnu við Tónlistarskólann á Akureyri. Á skírdag verða tónleikar í Glerárkirkju. Á efnisskrá tónleikanna er konsert fyrir fiðlu og hljómsveit eftir Max Bruch þar sem fiðluleikarinn Ari Þór Vilhjálmsson verður í aðalhlutverki. Einnig verður flutt sinfónía nr. 5 eftir L. van Beethoven sem nefnd hefur verið Örlagasinfónían. Þá eru fyrirhugaðir tónleikar í maí í samstarfi við Kirkjulistaviku Akureyrarkirkju og eru á efnisskrá sinfónía fyrir orgel og hljómsveit eftir F.A. Guilmant og Te Deum eftir A. Dvorak. Við fyrirhugaða kórastefnu við Mývatn í júní verður meðal annars flutt messa eftir John Rutter.

Hljómsveitin er skipuð hljóðfæraleikurum víða að. Var nokkur umræða fyrr á árinu um lakan hlut hljóðfæraleikara sem byggju norðan heiða og var gagnrýnt að sóttir væru menn í aðra landshluta til að manna sveitina. Stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands er Guðmundur Óli Gunnarsson.

**- pbb**



GUÐMUNDUR ÓLI GUNNARSSON

Strengjaleikhúsið í samvinnu við íslensku óperuna

SKUGGALEIKUR
Ný íslensk ópera eftir Karólínu Eiríksdóttur, Sjón og Messíönu Tómasdóttur

Frumsýning 18. nóvember kl. 20
2. sýning 25. nóvember kl. 20
3. sýning 2. desember kl. 20
MIÐAVERÐ KR. 2.500
ATH! AÐEINS ÞESSAR ÞRJÁR SÝNINGAR

STRENGJALEIKHÚSIÐ ÍSLENSKA ÓPERAN

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið fyrir alla!

STÓRA SVIÐIÐ kl. 20:00

**STÓRFENGLEG** eftir Peter Quilter
8. sýn. lau. 18/11 **örfá sæti laus**, sun. 19/11 **nokkur sæti laus**, lau. 25/11 **nokkur sæti laus**, sun. 26/11 **nokkur sæti laus**, fös. 1/12 nokkur sæti laus, lau. 2/12.
Síðustu sýningar fyrir jól.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 18/11 **kl. 14:00** uppselt, sun. 19/11 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, fös. 29/12 **kl. 20:00 örfá sæti laus**, lau. 30/12 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 17:00 örfá sæti laus**, lau. 6/1 **kl. 14:00,** sun. 7/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 20:00**.

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Í kvöld fim 16/11 **nokkur sæti laus**, fös. 17/11 **örfá sæti laus**, fim. 23/11 **örfá sæti laus**, fös. 24/11 **örfá sæti laus**. Aukasýningar fös. 8/12 og lau. 9/12. Allra síðustu sýningar!

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ aðalbyggingu Lindargötumegin, kl. 20:00

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Fös. 17/11 **kl:10:00** uppselt og **kl 13:00** uppselt, sun. 19/11, **örfá sæti laus**, aukasýning fös. 24/11, sun. 26/11 örfá sæti laus. Síðustu sýningar fyrir jól! Lau. 6/1, lau. 13/1.
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.

KÚLAN Lindargötu 7, kl. 17:00 og 20:00

**UMBREYTING** – brúðusýning fyrir fullorðna eftir Bernd Ogrodnik.
Sun. 19/11 **örfá sæti laus**, fös. 24/11 **kl. 20:00 örfá sæti laus.** Sýningum lýkur fyrir jól!

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, sun. 7/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, lau. 13/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, sun. 14/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**.

LEIKHÚSLOFTIÐ aðalbyggingu

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
Lau. 18/11 kl. **11:00** uppselt **og 12:15** uppselt.

**LEITIN AÐ JÓLUNUM** eftir Þorvald Þorsteinsson
Lau. 25/11 **kl. 13:00** uppselt og **kl. 15:00** uppselt, sun. 26/11 **kl. 13:00** uppselt og **kl. 15:00** uppselt, lau. 2/12 **kl. 13:00** uppselt, og **kl. 14:30** uppselt - aukasýning **kl. 16:00**, sun. 3/12 **kl. 13:00** uppselt og **kl. 14:30** uppselt, lau. 9/12 **kl. 13:00, kl. 14:30** og **kl. 16:00**, sun. 10/12 **kl. 13:00 örfá sæti laus, kl. 14:30** og **kl. 16:00**.

HVERS VEGNA LÁTA KONURNAR SVONA?
Námskeið fyrir almenning um Bakkynjur hefst 21/11.
Skráning á midasala@leikhusid.is eða í síma 551 1200.
Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is.

Miðasala í síma **551 1200** og á netinu **www.leikhusid.is**
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

„ÞÚ ERT MEIRA VIRÐI EN ÞÚSUND HNÍFAR.“
RONJA RÆNINGJADÓTTIR

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 19/11 kl. 14 Sun 26/11 kl. 14
Sun 3/12 kl. 14 Sun 10/12 kl. 14

VILTU FINNA MILLJÓN?
Í kvöld kl. 20 Sun 26/11 kl. 20
Fös 1/12 kl. 20 Fös 8/12 kl. 20

FOOTLOOSE
Fös 17/11 kl. 20 Fös 24/11 kl. 20
Lau 2/12 kl. 20 Lau 9/12 kl. 20

BRILLJANT SKILNAÐUR
Í kvöld kl. 20 UPPS. Fim 23/11 kl. 20
Sun 3/12 kl. 20 Fös 8/12 kl. 20

MANNTAFL
Sun 19/11 kl. 20 Síðasta sýning.

FJÖLSKYLDUSÝNING Íd
Lau 18/11 kl. 14 Lau 25/11 kl. 14
Frítt fyrir 12 ára og yngri

ÚTFÁFUTÓNLEIKAR HELGA RAFNS
Mið 22/11 kl. 20 Miðaverð 2.300

WATCH MY BACK
Kómískur spuni. Flutt á ensku.
Sun 19/11, sun 26/11 kl. 20.10
Miðaverð 1.000 kr.

MEIN KAMPF
Fös 17/11 kl. 20 UPPS. Lau 18/11 kl. 20
Fös 24/11 kl. 20 Lau 25/11 kl. 20
Lau 2/12 kl. 20 Lau 9/12 kl. 20
Síðustu sýningar

SAKAMÁL Á SVIÐ
Leiklestrar á 3ju hæðinni.
Sun 19/11 kl. 20. Ókeypis aðgangur

AMADEUS
Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20 Lau 25/11 kl. 20

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR SNIGLABANDSINS
Fim 23/11 kl. 21
Miðaverð 3.500

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR STEBBA OG EYFA
Mið 29/11 kl. 20 og 22.
Miðaverð 4.000

JÓLALEIKRITIÐ RÉTTA LEIÐIN
Mið 22/11 kl. 18 og 20 Frums. UPPS.
Fim 23/11, Fös 24/11, Mán 27/11
Sýnt kl. 9:30 og 13:00
Sýningartími 1 klst. Miðaverð 500 kr.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

AUKA HLJÓMLEIKAR
laugardag 2. desember og sunnudag 3. desember kl 20
LENNON & SINFÓNÍAN
hljómleikar til heiðurs John Lennon
háskólabíói 1. desember 2006
:: flutt verða lög eftir John Lennon sem hafa verið útsett fyrir sinfóníuhljómsveit og rokkhljómsveit af þessu tilefni
:: nánari upplýsingar á lennon.is og í síma 552 3000
give peace a chance
miðasala er hafin á midi.is

AUSTURBÆR
HAFIÐ BLÁA
Fékk **áhorfendaverðlaun grímunar 2006.**
Þrjár tilnefningar til grímuverðlaunanna:
- **Barnasýning ársins.**
- **Búningaverðlaun ársins.**
- **Áhorfendaverðlaun ársins.**

**Sýningar**
Sun 19. nóv kl. 13:30
síðasta sýning fyrir jól

Stúdentaleikhúsið kynnir
**„Þú ert enginn Johnny Depp!"**
sun 19/11, mán 20/11, fim 23/11.
fös 24/11, lau 25/11 mið 29/11.
Miðaverð kr. 1.500
Skólafólk og hópar kr. 1.000
ÍsMedia SPARISJÓÐURINN TM
Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

Sýnt í Iðnó
Fim. Aukas. upps. 9. nóv
Fös. 10. nóv
Lau. 11. nóv
Lau. 18. nóv
Sun. 19. nóv
Fös. 24. nóv
Lau. 25. nóv
Miðasala virka daga frá kl. 11–16 og 2 tímum fyrir sýningar. Sími 5629700 www.idno.is Sýningar kl. 20
BEST Í HEIMI

VEÐURKOFINN Á ÞJÓÐARSÁLIN
EiN LEIKHÚSIÐ Landsbankinn
MIÐAPANTANIR:
GSM: 694 8900 / midasala@einleikhusid.is
**Fös. 17. nóv. kl.20** -nokkur sæti laus.
**Sun. 19. nóv. kl.20** -laus sæti
**Fim. 23. nóv. kl.20** -Næstsíðasta sýning!
**Fös. 24. nóv. kl.20** -Allra síðasta sýning!
"Frábær kvöldstund" Kópavogsblaðið
*ATH. hlaðborð fyrir hópa í veislusal hússins*
*Nánari upplýsingar á: einleikhusid.is.*
*Sýnt í Reiðhöll Gusts, Álalind 3, Kópavogi*

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Allar smá-auglýsingar einnig frítt í viku á visir.is
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ



**ROOF TOPS Á ÆFINGU HAUSTIÐ 2006** Frá vinstri: Guðmundur Haukur Jónsson, Vignir Bergmann, Sveinn Guðjónsson, Ari Jónsson, Jón Pétur Jónsson, Gunnar Guðjónsson og Gunnar Ringsted.

# Roof Tops snúa aftur

Upp úr 1966 tók að heyrast hér tónlist sem stakk í stúf við gítargutlið sem drengjapoppið hafði sem megineinkenni. Fyrstu hljómarnir bárust hingað um Kanaútvarpið og takturinn var annar, söngurinn rámari og blár og saxófónar og önnur blásturstól áberandi. Sálartónlistin var hún kölluð og átti sér fyrst stað í ljósrauðu diskóteki á Grensásveginum og fór svo að hljóma um allt. Forframaðir menn gátu dregið upp amerískar plötur með hetjum á borð við Wilson Pickett og Otis Redding. Að ógleymdum stelpunum í Supremes.

Einu mennirnir sem þorðu að taka þetta stöff upp og spila það voru Roof Tops, þótt aðrir legðu í sínar útgáfur, en alla aðra vantaði blásara. Hljómsveitin Roof Tops kom fyrst fram í veitingahúsinu Glaumbæ í mars 1968 og vakti fljótlega athygli fyrir taktfasta og hressilega danstónlist. Vorið 1969 kom út fyrsta hljómplata hljómsveitarinnar, fjögurra laga plata þar sem meðal annars var að finna lagið Söknuð, sem náði gríðarlegum vinsældum sem seint virtust ætla að dvína. Í kjölfarið fylgdu fleiri hljómplötur, þar á meðal breiðplatan Transparency. Nú eru hljóðritanir með þessari vinsælu hljómsveit komnar saman í þriggja diska kassa. Þar er að finna efnið sem kom út í hljóðritunum í hljóðveri á einum disk, og á hinum diskunum tveimur eru upptökur frá dansleikjum með Roof Tops, annars vegar frá Ungó í Keflavík árið 1972 og hins vegar úr veitingahúsinu Tjarnarbúð árið 1974. Skömmu eftir áramótin 74/75 hætti hljómsveitin störfum.

Upptöku af íslensku bítlahljómsveitunum á vettvangi dansleikjahaldsins eru ekki margar til. Aðstæður við slíkar upptökur voru erfiðar: mixborð voru ekki til fyrr en seinna. Þó eru til magnaðar upptökur í einkaeign af sumum þessara banda og það bíður betri tíma að hreinsa þær og koma á diska. Tiltæki Roof Tops er því kærkomið. Af þessu tilefni mun Roof Tops koma saman á kvöldskemmtun á Hótel Sögu á laugardagskvöldið kemur en rúm 30 ár eru nú liðin síðan þeir félagar léku síðast saman á dansleik. - pbb



**ROOF TOPS 1969** Frá vinstri: Sveinn Guðjónsson, Guðni Pálsson, Gunnar Guðjónsson, Jón Pétur Jónsson og Ari Jónsson.

# Djassað í Dómó

Múlinn er nú sestur að í glæsilegu nýju húsnæði hinna geðþekku lífskúnstnera Kormáks og Skjaldar, Domo í Þingholtsstræti. Í kvöld mæta í spilamennsku þar hressu strákarnir í Prímal Freeman til að halda uppi þéttri stemningu: Helgi Svavar Helgason, Róbert Reynisson, Davíð Þór Jónsson, Eiríkur Orri Ólafsson og Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson.

Þeir félagar lofa litríkum blæbrigðum, óræðum draumförum og nær öruggri opnun þriðja augans (trepanasjon). Frumsamið efni mun prýða dagskrána sem endranær, m.a. verður tónsmíðin „Regnbogahrossið“ frumflutt.

Tónleikarnir hefjast kl. 21.



**DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON DJASSPÍANÓLEIKARI**










# Jónas og Kristinn í Salnum

Þeir félagar Kristinn Sigmundsson og Jónas Ingimundarson verða með ljóðatónleika í Salnum á laugardag kl. 16. Ljóðatónleikar þeirra hafa löngum verið hápunktur í starfi Salarins og hafa þeir verið duglegir að koma fram, eiga sér dyggan aðdáendahóp sem sækir alla þeirra tónleika enda er frammistaða þeirra rómuð á þessum heimilislegu tónleikum. Að þessu sinni bæta þeir enn við efnisskrá sína og er því hætt við að slegist verði um miðann: tveir ljóðaflokkar eru á efnisskránni: Vier Ernste Gesänge op. 121 eftir Johannes Brahms og Songs of Travel eftir Ralph Vaughan Williams, auk sönglaga eftir Francesco Paolo Tosti.

Kristinn er ótvírætt sá söngvari íslenskur sem mestan veg á í heimi söngsins um þessar mundir þótt hann stæri sig ekki af glæsilegum framgangi sínum á öllum stærstu óperusviðum heims. Á þessu ári hefur hann sungið í Rómeó og Júlíu eftir Gounod og Fidelio eftir Beethoven í Metrópólitan-óperunni í New York, í Valkyrjunni eftir Wagner í Feneyjum, Brottnáminu úr kvennabúrinu eftir Mozart í Trieste, Rósariddaranum eftir Richard Strauss í München, Ítölsku stúlkunni í Alsír eftir Rossini í Vínaróperunni, Tristan und Isolde eftir Wagner og Rigoletto eftir Verdi í San Francisco-óperunni. Eru fá ef nokkur dæmi um að íslenskur söngvari hafi átt jafn fjölbreytilega hlutverkaskrá og komið svo víða fram á skömmum tíma. Öll hús sem Kristinn syngur í eru í úrvalsflokki á heimsvísu.

Jónas Ingimundarson er með aðsetur hér heima. Hann hefur ekki síður setið auðum höndum. Á sunnudag stýrði hann glæsilegum tónleikum í Salnum þar sem flutt voru sönglög eftir Sigvalda Kaldalóns. Hann er mikilvirkur frumkvöðull í störfum sínum enda kominn í hóp senjora í íslenskri tónlistarmannastétt.

Efnisskráin er sótt í þrjá staði: Francesco Paolo Tosti (1848-1916) var meistari ítalskrar sönglagagerðar. Hann bjó lengi í London, og var söngkennari og tónlistarráðunautur Viktoríu drottningar í mörg ár. Hann var í miklum metum samtímatónskálda, svo sem Verdi, Puccini, Leoncavallo o.fl. Lög hans eru löngu orðin sígild. Johannes Brahms (1833-1897) samdi ljóðaflokkinn Vier ernste Gesänge við texta úr Biblíunni árið 1896, skömmu fyrir andlát sitt. Ljóðaflokkur er talinn meðal áhrifamestu tónverka Brahms. Robert Louis Stevenson(1850-1894) var gífurlega afkastamikill rithöfundur og skáld. Sennilega eru sögurnar „Strange case of Dr. Jekyll and Mr. Hyde“ og Gulleyjan þekktustu verk hans. Stevenson orti mikinn ljóðabálk sem hann nefndi „Songs of Travel“. Vaughan Williams (1872-1958) valdi níu ljóð úr flokknum og gerði við lög árið 1904. Þessi fallegi lagaflokkur er mjög oft fluttur, enda í öndvegi enskra söngbókmennta og er nú kominn á efnisskrá þessara mikilhæfu listamanna. - pbb



**TÓNLIST JÓNAS OG KRISTINN** Styrkar máttarstoðir Salarins og stórmenni í íslensku tónlistarlífi.



*„Athæfi þeirra er í fyrnskunni voru líkaði oss að forvitna og rannsaka, því að þeir voru listugir í vélum sínum, glöggsýnir í skynsemdum, hyggnir í ráðagerðum, vaskir í vopnum, hæverskir í hirðsiðum, mildir í gjöfum, og að alls konar drengskap hinir frægjustu.“*

**Strengleikar, nýútkomið safn smásagna þýtt á 13. öld á íslensku.**

# bækur

menning@frettabladid.is

## Uppskriftir að höfundi

Félag bókmenntafræðinema í Háskóla Íslands kallar sig Torfhildi til heiðurs fyrsta íslenska atvinnuhöfundinum, Torfhildi Hólm. Á morgun verður það með málþing sem öllum er opið í Odda á háskólalóðinni, stofu 101 kl. 15. Þar verða í boði kökur á basar fyrir gesti: Kaffi og kökur í boði Torfhildar; skúffu-, gulrótar-, bláberja-, marengs- og eplakökur. Þess utan er boðið upp á erindi og spjall um efnið: Uppskrift að höfundi. Þar taka til máls Hallgrímur Helgason en hans tillegg heitir „Lesandinn er slappur, bókin er veik en höfundurinn hress“. Hávar Sigurjónsson talar um „Höfundinn í leikhúsinu“. Rúnar Helgi Vignisson kallar sitt spjall „Egill spegill: Rúnar Helgi Vignisson heilsar upp á Egil Grímsson“. Þá eru tvö tillegg frá nemendum: Arnar Sigurðsson og Atli Bollason eru með atriði: „01 - [Atli og Arnar] – Höfundurinn feat. Barthes/Foucault – PoMo REMIX.mp3“ og Tinna Mjöll Karlsdóttir kemur með óvænt innslag um höfundinn út frá femínísku sjónarhorni. „Opnað verður fyrir stuttar spurningar eftir hvert erindi“ segir í tilkynningu félagsins. Allir eru velkomnir.



**RÚNAR HELGI VIGNISSON, RITHÖFUNDUR OG BÓKAÚTGEFANDI** Ræðir um sögupersónu sína sem sumir telja hann sjálfan.



### > Dustaðu rykið af ...

Sálminum um blómið eftir **Þórberg Þórðarson**, einhverju dásamlegasta verki Þórbergs Þórðarsonar. Það er til í þremur útgáfum og hefur alla tíð verið vanmetin bók meistarans.



**BÓKAÚTGÁFA** Bókatíðindi koma út um helgina í 114.000 eintökum.

# Niðurhal á sögum ekki hafið

**Sýnt þykir að á þessu ári breytist bókamarkaður á Íslandi ekki verulega. Þó hafa komið fram fullyrðingar að hlutur þýddra fagurbókmennta sé enn að dragast saman.**

Um helgina verða Bókatíðindin gefin út í 114 þúsunda upplagi. Þetta ársrit er að verða helsta heimild um íslenska útgáfu en segir þó ekki alla söguna því sumir útgefendur treysta sér ekki til að koma verkum sínum þar á framfæri, einkum einyrkjar. Ljóst er af handriti Bókatíðinda sem hefur verið aðgengilegt á vef um nokkurt skeið að ekki dregur úr fjölda útgefinna titla. Fjölbreytnin eykst frá ári til árs og stækka flokkar ýmiskonar handbóka. Þá fer fjölgandi titlum í flokkum sem áður komu út stök ár og voru einkum ætlaðir erlendum kaupendum, eins og bókum ljósmyndara sen hafa ekki í fyrri tíma verið fleiri.

Erlendis hefur útgáfa á hljóðbókum eða lesnu efni á spólum verið afar vinsæl um langt skeið. Hér á landi fer sá flokkur stækkandi, ekki bara fyrir þá sem eiga erfitt með lestur vegna sjóndepru, heldur líka fyrir börn, unglinga og fullorðna. Erlendis sjá menn þá þróun fyrir að brátt verði hægt að hlaða niður hljóðskrám með lestri fagurbókmennta, reyfara, sagna fyrir börn, og leiðarvísa af ýmsu tagi. Sú kynslóð sem nú gengur með ipoda mun vafalítið sækja margt annað á slíka banka verði þeir opnaðir.

Fjórtán nýir titlar eru skráðir í ný Bókatíðindi af hljóðbókum. Stærst er útgáfa á Njálu, en minni verk fyrir ýmsa aldurshópa fylgja, þjóðlegur fróðleikur, Borgfirsk blanda, sögur fyrir börn, skáldsögur fyrir fullorðna og háskasögur með heimildastíl. Þrjú útgáfufyrirtæki sinna þessum markaði: Dimma, Hörpuútgáfan og hljóðbók.is. Athygli vekur að stóru forlögin hafa ekki lagt inn á þennan markað. Ekkert íslenskt fyrirtæki býður upp á niðurhal af vef sínum í dag, ekki einu sinni af bókum frá liðnu ári.

- pbb



**ARNÞÓR HELGASON** Brautryðjandi í útgáfu hljóðbóka á Íslandi.




FÍFULIND 13 - OPIÐ HÚS

Falleg og rúmgóð 92,7 fm 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýlishúsi á einum besta stað í Lindahverfi Kópavogs. Stutt í alla verslun og þjónustu. Eign í sérflokki, sem vert er að skoða.

Opið hús í dag, fimmtudag á milli kl 18 - 19. Júlíus tekur á móti gestum. Uppl. í símar 823 2600.

STÓRBORG fasteignasala

Kirkjustétt 4 :: 113 Reykjavík :: Sími 534 8300 :: Fax 534 8301
storborg@storborg.is :: Stefán Hrafn Stefánsson hdl. löggiltur fasteignasali


# Ævisaga skapandi hugsuðar

Ritdómurinn sem Guðmundur Finnbogason sálfræðingur skrifaði um Vefarann mikla frá Kasmír eftir Halldór Laxness árið 1927 var stuttur: „Vélstrokkað tilberasmjör“. Tilberar eru þjóðsagnaverur sem sjúga mjólk úr kúm annarra og færa húsbændum sínum með því að æla henni út úr sér. Spýjuna gátu húsbændurnir brúkað í illa fengið smjör.

Guðmundur átti líklega við að bók Laxness væri bókmenntalegt tilberasmjör: sundurlaust samkrull hugmynda héðan og þaðan. Orðin voru kannski full harkalegur, en það var sannleikskorn í þeim: Í Vefaranum má sjá bernskubrek efnilegs höfundar sem síðar skrifaði margar góðar og fallegar bækur.

**Yfirlæti gegn yfirlæti**

Í nýrri ævisögu um Guðmund, Frá sál til sálar, varpar Jørgen Pind, prófessor í sálfræði við HÍ, meðal annars ljósi á af hverju Guðmundur hafði þessa skoðun á bók Halldórs. Útskýring Pinds byggir á helstu hugmynd Guðmundur sem sálfræðings: kenningunni um samúðarskilninginn.

Guðmundur setti kenninguna fram í doktorsritgerð við Kaupmannahafnarháskóla árið 1911, sem jafnframt var fyrsta íslenska doktorsritgerðin í sálfræði.

Samkvæmt Pind er samúðarskilningurinn að skilja sálarástand annarra með því að líkja eftir hegðun þeirra sjálfrátt eða ósjálfrátt því þannig setjum við okkur í spor þeirra.

Pind bendir á að Guðmundur hafi ekki skilið orðið samúð þannig að menn ættu bara að sýna þeim samúð sem eiga erfitt, heldur einnig að svara yfirlæti með yfirlæti. Guðmundur kallaði það að „keikjast með keikum“. Pind spyr hvort ritdómur Guðmundar um bók Laxness hafi ekki verið slíkt svar; að Guðmundur hafi séð í gegnum yfirlæti Laxness og svarað í sömu mynt.

**Fátækur drengur sem komst til mennta**

Í bókinni er gerð grein fyrir æskuog námsárum Guðmundar á skemmtilegan hátt. Slík umfjöllun hefur ekki áður birst á prenti.

Guðmundur fæddist árið 1873, var kominn af fátæku fólki og hneigðist snemma að bókum, þótt hann fengi ekki skólafræðslu fyrr en hann var þrettán ára. Þegar Guðmundur var á sautjánda ári kenndi Einar Jónsson, prestur í Kirkjubæ, honum fyrir inntökupróf í Lærða skólann og styrkti hann til náms. Á skólaárum sínum var Guðmundur með „fjölfróðustu piltum og víðlesnustu“, hafði gaman af kappræðum og hélt oft fram fjarstæðum skoðunum.

Hann viðhafði gjarnan falleg orð um konur: „þessar himnesku verur, sem eru vermandi og lífgandi fyrir allar tilfinningar vorar ...“ og fátt fannst honum betra en að svífa um á skautum „í meyjarfaðmi“. Þrátt fyrir tal sitt um konur giftist hann ekki fyrr en hann var 41 árs.

Konan hans hét Laufey Vilhjálmsdóttir. Hún hafði strengt þess heit að eiga öngvan annan mann en hann og sendi hún honum bréf þar sem hún stakk upp á að þau kynntust.

Slíkar frásagnir gefa bókinni persónulegan og innilegan blæ, og fær lesandi þá mynd af Guðmundi að hann hafi bæði verið glaðvær og alvarlegur, hafi lært og unnið, en einnig kunað að leika sér.





**BÆKUR**

**Frá sál til sálar**

ævisaga Guðmundar Finnbogasonar

Jörgen Pind Hið íslenska bókmenntafélag

★★★★

Tímabær ævisaga merkilegs framfaramanns með áherslu á tillegg hans í sálfræði

**Óvild og keppnin við Ágúst**

Guðmundur hafði áhuga á menntamálum og fékk styrk frá Alþingi til að kynna sér þau erlendis og á Íslandi. Guðmundur byggði frumvarp um barnafræðslu sem varð að lögum árið 1907 á þessum rannsóknum. Með lögunum því var í fyrsta sinn komið á vísi að almennri skólaskyldu á Íslandi.

Þrátt fyrir starf sitt fékk Guðmundur ekki embætti fræðslumálastjóra árið 1905 því hann „talaði af sér“ embættinu með því að gagnrýna Hannes Hafstein ráðherra í „Símamálinu“ svokallaða: deilu um lagningu sæstrengs til Íslands. Pind segir að Guðmundur hafi líklega verið fyrstur íslenskra embættismanna til að fá að kenna á afleiðingum þess að vera uppsigað við ráðherra.

Sem ungur maður átti Guðmundur í keppni við Ágúst H. Bjarnason heimspeking. Samkeppnin hófst þegar þeir voru í námi í Kaupmannahöfn og börðust um námsstyrk sem kenndur var við Hannes Árnason kennara. Ágúst fékk styrkinn því einn af kennurum þeirra, Harald Høffding, mælti með honum vegna þess að hann væri gætnari en Guðmundur, sem væri gjarn á að „halda fram fjarstæðum“.

Nokkrum árum síðar var Ágúst settur prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands en ekki Guðmundur. Þetta mótlæti kom illa við Guðmund og var stirt á milli þeirra um tíma. Síðar talaði Ágúst máli Guðmundar svo hann yrði ráðinn prófessor í sálfræði við Háskóla Íslands árið 1918.

**Sálfræðingurinn Guðmundur**

Bókin er aðallega fræðileg ævisaga, í henni er ekki gerð heildstæð grein fyrir lífi Guðmundar Finnbogasonar. Í bókina vantar umfjöllun um atriði sem Guðmundur er þekktur, og jafnvel umdeildur, fyrir, til dæmis hugmyndir hans um mannkynbætur. Ævisagan er byggð upp í kringum sálfræðinginn Guðmund; sögunni lýkur eiginlega þegar Guðmundur hættir að stunda sálfræði árið 1924 eftir að embætti hans við Háskóla Íslands var lagt niður. Höfundurinn gerir grein fyrir síðustu tuttugu árunum af ævi Guðmundar á þrettán blaðsíðum. Frá þeim tíma gegndi hann stöðu landsbókavarðar til ársins 1943 – ári áður en hann lést.

Í bókinni gerir Pind stuttlega grein fyrir kenningum margra af helstu forvígismönnum sálfræðinnar í Evrópu og í Bandaríkjunum og bendir á tengsl þeirra við hugmyndir Guðmundar. Umfjöllunin er örugglega þörf fyrir áhugamenn um sögu sálfræðinnar, og upphaf hennar hér á Íslandi.

Guðmundur var í sambandi við marga þekkta sálfræðinga og fræðimenn á þessum tíma, meðal annars William James í Bandaríkjunum, Alfred Lehmann og Harald Høffding í Danmörku og Henri Bergson í Frakklandi. Þegar Pind kynnir þessa erlendu hugsuði til sögunnar gefur hann yfirlit um helstu hugmyndir þeirra. Helsti ljóðurinn á bókinni er að þessi umfjöllun þjónar of stóru hlutverki í frásögninni. Fyrir vikið verður bókin stundum eins og yfirlitsrit um sögu sálfræðinnar.

**Góð og vönduð ævisaga**

Þessi bók er tímabær því Guðmundur Finnbogason var frumkvöðull á mörgum sviðum andlegs lífs á Íslandi. Hann var einn helsti brautryðjandi sálfræðinnar á Íslandi, og einn helsti merkisberi heimspekinnar hér á landi á fyrstu áratugum tuttugustu aldar. Hann var auk þess frumkvöðull á sviði menntamála, hagnýtra vinnuvísinda og nýyrðasmíða.

Það er gaman að lesa þessa bók því um er að ræða sögu sem ekki hefur verið sögð áður: söguna af ævi Guðmundar Finnbogasonar. Og þó að þessi saga sé aðeins sögð til hálfs þá er um að ræða góða, skemmtilega og vandaða ævisögu. Höfundurinn tekur fram að það bíði annars manns að skrifa heildstæða ævisögu um Guðmund. En það verður ekki annað sagt en að Pind hafi tæmt það viðfangsefni sem hann tekur fyrir: að skrifa um sálfræðinginn Guðmund Finnbogason. Bókin er skrifuð á afar skýru og skiljanlegu máli og er með öllu laus við tilgerð eða upphafið málfar; þess vegna er hún afar læsileg. Pind hefur unnið verk sitt vel og á hrós skilið fyrir að bregða upp mynd af lífshlaupi þessa merkilega og skapandi manns.

**Ingi F. Vilhjálmsson**

## NÝJAR BÆKUR

Út er komin hjá Sölku bókin Við öll – íslenskt velferðarsamfélag á tímamótum eftir Steingrím J. Sigfússon. Hér fetar Steingrímur í spor erlendra stjórnmálamanna og samfélagsgagnrýna og setur fram hugleiðingar sínar á bók sem skapa líflegan umræðugrundvöll, enda veltir hann málunum fyrir sér frá ýmsum sjónarhornum. Um leið og hann lítur til baka horfir hann fram á veginn og vekur okkur öll til umhugsunar og ábyrgðar.




Bókaútgáfan Ugla hefur sent frá sér safn viðtala sem Jakob F. Ásgeirsson tók fyrir Morgunblaðið á árunum 1980 til 1982 og síðar 1998 við listamenn í ýmsum greinum. Alls eru tuttugu og fimm svipmyndir í bókinni skreytt ljósmyndum. Hér er rætt við marga merkilega listamenn: Agnar Þórðarson og Jónas Árnason, Svavar Guðnason og Sigurjón Ólafsson, septem-hópinn, Gísla J. Ástþórsson og Guðberg Bergsson, svo nokkur nöfn séu nefnd. Æviágrip listamanna í bókinni fylgir.




JPV hefur sent frá sér nýja skáldsögu eftir Guðberg Bergsson. Í 1½ bók – Hryllilegri sögu tekst Guðbergur á við eitt metnaðarfyllsta viðfangsefni sitt til þessa; íslenska menningu og áhrifavalda hennar, allt frá því að Íslendingar tilheyrðu Danaveldi til samtímans. Skáldsaga hlaðin eftirminnilegum konum, allt frá dönsku bakarafrúnni frú Fiole, sem Fjólugatan ku vera kennd við, til hinnar þýsku Sophie von Knorr sem telur hland vera allra meina bót og systranna Kristínar og Jóhönnu sem eru að leita að einhverju meira en hvunndagslegri tilveru með hvunndagslegum eiginmönnum. Guðbergur Bergsson hefur hlotið ýmis verðlaun og viðurkenningar fyrir verk sín, m.a. Íslensku bókmenntaverðlaunin og Norræn bókmenntaverðlaun sænsku akademíunnar. Verk hans hafa verið þýdd á fjölmörg tungumál.




Hjá Máli og menningu er komin út bókin Fljótandi heimur eftir Sölva Björn Sigurðsson. Tómas er ungur stúdent af landsbyggðinni sem hefur háskólanám í Reykjavík. Líf hans gjörbreytist þegar hann kynnist hinni hálfjapönsku og dularfullu Saiko sem kynnir hann fyrir viskídrykkju og verkum Haruki Murakamis. En myrkur hvílir yfir fortíð Saiko og þegar hún hverfur skyndilega ákveður Tómas að leita hana uppi. Sölvi Björn hefur áður sent frá sér skáldsöguna Radíó Selfoss auk nokkurra ljóðabóka. Síðasta bók hans, Gleðileikurinn djöfullegi, vakti mikla athygli og hlaut frábæra dóma gagnrýnenda.



# Ævar Örn seilist í Glerlykilinn í vor

Glerlykillinn, hin norrænu verðlaun glæpasagnanna, er nú í undirbúningi og taka brátt að birtast tilnefningar frá valnefndum í hverju landi. Dómnefnd Hins íslenska glæpafélags hefur lokið störfum og tilnefnir eina íslenska glæpasögu útgefna árið 2005 til að keppa um Glerlykilinn, verðlaun Norrænu glæpasamtakanna SKS, Skandinaviska Kriminalsällskapet. Glerlykillinn fyrir bestu norrænu glæpasöguna árið 2005 verður svo afhentur vorið 2007. Nefndin var á einu máli um að tilnefna Blóðberg eftir Ævar Örn Jósepsson og segir í úrskurði nefndarinnar: „Þriðja glæpasaga Ævars Arnar Jósepssonar, Blóðberg, nýtir sér Kárahnjúka sem söguvið; afskekktan stað þar sem fram fara umdeildar framkvæmdir og þar sem fólk úr öllum áttum kemur saman. Þetta býður upp á fjöruga frásagnarmöguleika sem Ævar vinnur vel úr í skemmtilegri úrvinnslu á sígildu formi glæpasögunnar. Dregin er upp skýr mynd af fjölbreyttum persónum, fléttan er fimlega unnin og stíllinn er leikandi léttur í spennandi frásögn.“ Blóðberg verður því framlag Hins íslenska glæpafélags til Glerlykilsins 2005 sem afhentur verður næsta vor. Í dómnefnd Hins íslenska glæpafélags voru Gunnþórunn Guðmundsdóttir, Kristín Árnadóttir og Kristján Jóhann Jónsson. Þau munu einnig sitja í dómnefnd SKS um bestu norrænu glæpasöguna útgefna árið 2005. Vegur Ævars eykst nokkuð með þessu en nýja sagan hans, Sá yðar sem syndlaus er, fékk í gær fjögurra stjörnu dóm hér í Fréttablaðinu. Hann flutti sig um set í haust frá þeim Eddumönnum og settist að í Uppheimum, forlagi Kristjáns Kristjánssonar á Akranesi. Glerlykillinn er svo nefndur til heiðurs Dashiell Hammett, einum af frumkvöðlum glæpasögunnar vestanhafs.

- pbb



**ÆVAR ÖRN JÓSEPSSON** Tilnefndur til norrænna glæpasagnaverðlauna fyrir Blóðberg.


ÚR ÞJÓÐSÖGUM **JÓNS ÁRNASONAR**

**ÁLFASÖGUR**

**Fallega myndskreyttar þjóðsögur**




**Sjö álfasögur:**
::: Uppruni álfa
::: Álfkona í barnsnauð
::: Álfar feykja heyi
::: Endurgoldin mjólk
::: Álfarnir í Drangey
::: Bóthildur
::: Drengur elst upp með álfum

Teikningar eftir **Florence Helgu Thibault.** Endursögn úr þjóðsögum Jóns Árnasonar: **Anna Kristín Ásbjörnsdóttir.**

**AFMÆLI PRINSESSUNNAR**




Ný bók um hina harðskeyttu prinsessu sem heillaði landsmenn í bókinni **Svona gera prinsessur**



BJARTUR

> GOTT GLÁP

**THANK YOU FOR SMOKING** Þessi bráðsnjalla ádeila á þrýstihópa og ímyndasmiði er að koma út á DVD. Gráglettin mynd með alvarlegum undirtónum sem svíkur ekki.



**SIGTIÐ** Frímann Gunnarsson hefur verið að gera það gott í þáttunum Sigtið á Skjá einum. Fyrsta þáttaröðin um hann er komin á DVD í tveggja diska útgáfu með alls kyns áhugaverðu aukaefni.




**MUNICH** Þessi mynd á ekki margt sameiginlegt með Casino Royale nema kannski það að þar fer Daniel Craig mikinn og drepur hryðjuverkamenn. Tilvalið að skoða hann í leikstjórn Stevens Spielberg áður en hann rennur endanlega saman við 007.

**bíó**

bio@frettabladid.is

KVIKMYNDANJÖRÐURINN KATRÍN JAKOBSDÓTTIR ÍSLENSKUFRÆÐINGUR

# Vill Keanu Reeves í hlutverk Erlendar

**Hvaða mynd sástu síðast í bíó?** Ég fór á Mýrina og var mjög ánægð með hana. Ég er mikill Arnaldaraðdáandi og fannst Baltasar takast vel upp.

**Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?** Yfirleitt tek ég amerískar afþreyingarmyndir á vídeóleigunum sem falla fljótt í gleymskunnar dá. Síðast var Da-Vinci lykillinn fyrir valinu.

**Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?** Ég á erfitt með að nefna nefna einhverja sérstaka mynd en ég man að hin tékkneska Kolya snart mig mjög á sínum tíma.

**Hefur þú grátið í bíó?** Já, ég hef nú gert það. Ég tárfelldi á Mýrinni til dæmis. Ég græt ekki á grenjumyndum en á það til að vökna um augu yfir einhverju fallegu eða sorglegu.

**Uppáhalds íslenska persónan:** Dúddi, rótari Stuðmanna í Með allt á hreinu. Stella í orlofi fylgir fast á hæla hans.

**Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:** Cary Grant stendur óneitanlega upp úr.

**Mesta hetja hvíta tjaldsins:** Ég er annálaður aðdáandi Keanu Reeves, það kemst enginn með tærnar þar sem hann hefur hælana, þannig að ég hlýt að nefna Neo í Matrix.

**Mesti skúrkurinn:** Illmennin í James Bond-myndunum höfða mikið til mín. Ég er mikið fyrir skúrka sem eru afskræmdir af illsku og þar er Ernst Blofeld fremstur í flokki.



**Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?** Ég hef séð ófáar slæmar myndir í gegnum tíðina og sem betur fer náð að gleyma þeim flestum. Nýju Stjörnustríðsmyndirnar voru mér mikil vonbrigði, þótt þær séu kannski ekki verstu myndir fyrr og síðar.

**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?** Að sjálfsögðu myndi Keanu Reeves leika á móti mér og það er freistandi að láta söguþráðinn ganga út á að við værum að bjarga heiminum. Eða í mynd byggðri á bók eftir Arnald Indriðason. Keanu er Erlendur og ég Elínborg og Baltasar að sjálfsögðu í leikstjórastólnum.



## AF HVÍTA TJALDINU

**Þórarinn Þórarinsson**

# Bondarnir sex

**Sean Connery** lék James Bond manna fyrstur í Dr. No. og hefur að flestra mati verið hinn eini sanni Bond síðan þá.

**George Lazenby** fékk það vanþakkláta verkefni að fylla skó Connerys þegar hann hafði fengið sig fullsaddan af Bond. Hann stóð sig með ágætum en lék njósnarann aðeins einu sinni.

Eftir að Lazenby fór í fússi var Connery troðið í smókinginn eina ferðina enn í Diamonds Are Forever. Eftir það sagði Connery „aldrei aftur“ og röðin kom að **Roger Moore** ferskum úr sjónvarpsþáttunum um Dýrlinginn.

Nálgun Moores var í raun út úr kú sé horft til þess sem áður hafði verið gert. Léttleikinn var í fyrirúmi og trúðslætin í Moore gerðu Bond myndirnar nánast að gamanmyndum. Þetta gekk samt upp og hingað til hefur enginn leikið Bond jafn oft og Moore.

**Timothy Dalton**, alvarlegur Shakespeare leikari, tók við af Moore. Hann skorti bæði töffið sem Connery hafði og var of flatur og litlaus til þess að geta fyllt skó grínistans Moore. Hann fékk tvö tækifæri og svo var það búið.

Þá birti heldur til yfir ásjónu Bonds. **Pierce Brosnan** fékk loks að spreyta sig og Bond varð aftur töffari. Goldeneye var ákveðið afturhvarf til Connerys. Grínið var til staðar en harkan var aftur kominn í kappann. Fyrstu tvær Brosnan-myndirnar stóðu vel fyrir sínu en síðan fjaraði undan og það verður vart við leikarann sakast. Dellan tók völdin aftur í handritunum og því fór sem fór.

Með ráðningu **Daniels Craig** í hlutverkið hefur verið tekin afgerandi stefnubreyting. Hann er gerólíkur forverum sínum en fer að njóta sín vel skrifaðri Bond mynd sem leggur megináherslu á hörkuna sem menn þurfa að hafa til að geta drepið fólk án þess að blikka auga. Daniel Craig er Bond eins og Ian Flemming skrifaði hann og Connery reyndi að túlka á tímum þar sem ekki var hægt að gera hvað sem er í bíó. Nú er allt leyfilegt og Craig nýtur þess.

George Lazenby sagðist í lok On Her Majesty's Secret Service hafa allan tímann í heiminum þar sem hann hélt vankaður á látinni eiginkonu sinni í fanginu. Þeir sem leika Bond hafa hins vegar takmarkaðan tíma og Craig þurfti ekki nema rúmlega tvær klukkustundir til þess að sanna sig og komast jafnfætis Connery.






# Ævintýrin gerast enn

Harry Potter verður í jólafríi þetta árið en þeir sem þrá alvöru ævintýri í bíó um jólin þurfa ekki að örvænta. Eragon mun fylla skarðið en rétt eins og Harry Potter þá byggir hún á vinsælli ævintýrabók. Þá eru tökur á Gyllta áttavitanum í fullum gangi en þessi fyrsta mynd sem byggir á vinsælum þríleik Philips Pullman verður jólamynd ársins 2007.

Fyrsta bók rithöfundarins unga Christopher Paolini kom út á íslensku í fyrra og vakti mikla athygli en bókin hafði þá þegar farið sigurför um heiminn, verið þýdd á fjölda tungumála og selst í yfir tveimur milljónum eintaka.

Það þarf minna en þetta til að ná athygli mógúlanna í Hollywood sem keyptu kvikmyndaréttinn á bókinni í snarhasti. Afraksturinn er væntanlegur í bíó á Íslandi í desember en þá verður Eragon með ekki ómerkari mönnum en Jeremy Irons, John Malkovich og Robert Carlyle í lykilhlutverkum frumsýnd.

**Sígild saga um baráttu góðs og ills**

Öll meginstef Eragon eru kunnugleg en sagan fjallar um sveitapiltinn unga Eragon sem finnur drekaegg og dregst í framhaldinu inn í heim töfra og harkalegrar valdabaráttu. Eggið er forn arfleifð drekariddaranna og nú reynir á hvort Eragon sé maður til þess að halda merki þeirra á lofti og berjast gegn Veldinu illa og konungi þess.

Íslenskir aðdáendur Eragons hafa beðið þess með óþreyju að fá næstu bók í flokknum í hendurnar en þeirri bið lýkur á miðnætti annað kvöld þegar forsala á bókinni hefst hjá Eymundsson í Smáralind. Bókin heitir Öldungurinn og þar halda ævintýri Eragons áfram og lífsháskinn sem bíður hans þar er engu minni en í fyrstu bókinni.

**Harry hvílir í ár**

Myndin um Eragon þykir líkleg til vinsælda í vetur enda þarf hún ekki að etja kappi við önnur stór ævintýri sem leynast þó handan við hornið. Harry Potter mun mæta til leiks



LYRA OG FRÚ COLUTER Þeim Dakota Blue Richards og Nicole Kidman lendir saman í Gyllta áttavitanum.

eina ferðina enn í júlí á næsta ári í Harry Potter og Fönixreglunni og Gyllti áttavitinn, fyrsta myndin sem byggir á feikivinsælum Norðurljósaþríleik Philips Pullman, kemur fyrir augu áhorfenda í desember þetta sama ár.

Bækur Pullmans þykja, ef eitthvað er, betri en sögur J.K. Rowling um Harry Potter en fáir eru þó líklegir til þess að skáka Harry þegar kemur að sölu á bókum og bíómiðum þó að framleiðendur Gyllta áttavitans gangi að því sem vísu að myndin muni mala þeim gull.

**Margra heima sýn**

Saga Pullmans er heimspekilegri en gengur og gerist um ævintýri af þessu tagi þó að vissulega séu allir grunnþættir ævintýrisins til staðar með áherslu á baráttu góðs og ills. Bækurnar í þríleiknum eru þrjár, Gyllti áttavitinn, Lúmski hnífurinn og Skuggasjónaukinn.

Hin unga Lyra Belacqua er aðalpersóna Gyllta áttavitans. Hún býr í heimi hliðstæðum okkar heimi þótt hann sé um margt frábrugðinn þeirri veröld sem við þekkjum. Hún kemst að því að heimur hennar er umkringdur öðrum samliggjandi heimum þegar besta vini hennar er rænt af dularfullum verum. Þá leggst hún í sannkallað heimshornaflakk og flækist í vægast sagt skuggalega svikamyllu illra afla.

Faðir hennar, Asríel lávarður, leikur lykilhlutverk í baráttunni við myrkraöflin. Öllu verra er að átta sig á hvar hin fláráða frú Coulter stendur en hún tekur Lyru að sér og virðist hafa varhugaverðar áætlanir um framtíð stúlkunnar.

**Craig og Kidman**

Breska stúlkan Dakota Blue Richards hreppti hlutverk Lyru eftir mikla leit en 10.000 stúlkur mættu í áheyrnarprufu fyrir hlutverkið. Richards, sem er 12 ára, er mikill aðdáandi bóka Pullmans og er sögð hafa þráð það heitt að fá að bregða sér í hlutverk söguhetjunnar.

Daniel Craig kemur ferskur úr hlutverki James Bond og leikur Asríel lávarð og sjálf Nicole Kidman fer með hlutverk frú Coulter. Þá skýtur Eva Green, sem leikur á móti Craig í Casino Royale, upp kollinum í einum heima myndarinnar sem nornin góða, Serafina Pekkala. Harðjaxlarnir Sam Elliott (Tombstone) og Ian McShane (Deadwood) láta einnig til sín taka í myndinni þannig að enginn skortur er á úrvalsleikurum í myndinni sem Chris Weitz (About a Boy, Antz) leikstýrir.



ERAGON Bækurnar um þessa ungu hetju hafa slegið í gegn og hann mun sitja einn að ævintýraþyrstum bíógestum í desember.

# Biblíugrænmeti

Teiknimyndin Jonah: A VeggieTales Movie verður frumsýnd á föstudaginn en þar er gamla biblíusagan um Jónas í hvalnum færð í nýjan búning.

Myndin hefst á því að sendiferðabíll fullur af syngjandi grænmeti með Robba tómat í fararbroddi bilar á þjóðvegi. Á meðan grænmetishópurinn bíður eftir dráttarbíl hittir hann lötustu sjóræningja sem sögur fara af og þeir stytta ferðalöngunum stundir með því að segja þeim söguna af Jónasi.

Jónas er einhvers konar bréfberi sem flytur skilaboð frá Guði.



JÓNAS Í HVALNUM Er færður í nýjan búning í A VeggieTales Movie þar sem grænmetisafurðir eru í aðalhlutverki.

Hann ann starfi sínu en svíkst undan merkjum þegar honum er falið að flytja þjóðflokki sem hann hefur andstyggð á skilaboð. Hann stingur af og fer á sjóinn þar sem hann kemst í kynni við sjóræningja og endar í iðrum hvals.

Ævintýrum hans lýkur þó síður en svo í maga hvalsins en þar rennur upp fyrir honum að það dýrmætasta sem maður getur fengið er annað tækifæri þannig að hann ákveður að taka sig saman í andlitinu og klára verkefnið sem honum var falið.

Myndin er eingöngu sýnd með íslensku tali og á meðal þeirra sem ljá sjóræningjunum, Jónasi og grænmetinu raddir sínar eru Pétur Örn Guðmundsson, Björgvin Franz Gíslason, Hildigunnur Þráinsdóttir og Örn Árnason.

# Tölvuteiknaður Keanu Reeves

Vísindaskáldsagnahöfundurinn Philip K. Dick hefur löngum átt upp á pallborðið hjá kvikmyndagerðarfólki en meðal mynda sem gerðar hafa verið eftir verkum hans eru Blade Runner, Total Recall, Screamers, Minority Report og Paycheck.

Leikstjórinn Richard Linklater (Before Sunrise, The School of Rock, Before Sunset, Fast Food Nation) sótti einnig í smiðju höfundarins og hefur vakið nokkra athygli fyrir A Scanner Darkly. Hann tók hana upp með ekki ómerkari leikurum en Keanu Reeves, Robert Downey, Woody Harrelson og Winona Ryder en tölvuteiknaði svo yfir allt saman þannig að á tjaldinu lítur myndin út eins og leikin teiknimyndasaga.

Keanu Reeves leiðir hópinn í hlutverki leynilögreglumannsins Bob Arctor sem njósnar um vini sína sem eru háðir eiturlyfinu D sem er í meira lagi ávanabindandi og heilaskemmandi.

Sjálfur er Bob ekki laus við löngun í efnið og þegar honum er gert að hafa auga með sjálfum sér missir hann öll tök á raunveruleikanum, fyllist vænisýki og steypist ofan í sýndarveröld þar sem hann getur engum treyst og ekkert er það sem það sýnist.

Philip K. Dick byggði A Scanner Darkly á eigin neyslu en honum var einkar lagið að sveigja raunveruleikann til og snúa upp á hann í verkum sínum og A Scanner Darkly er fyrirmyndardæmi um brjálaða heimssýn dópistans.



**A SCANNER DARKLY** Frágangur Linklaters á myndinni hefur vakið mikla athygli en þar eru leikarar af holdi og blóði tölvuteiknaðir.



**DANIEL CRAIG** Gerir út af við allar tröllasögur um að hann valdi ekki hlutverki Bonds og þarf ekki nema rúma tvo klukkutíma í Casino Royale til þess að sanna sig sem besti Bondinn frá því að Sean Connery var og hét.

# Hristur, hrærður og í banastuði

Tuttugasta og fyrsta James Bond myndin, Casino Royale, verður frumsýnd um víða veröld á morgun og Ísland er vitaskuld engin undantekning. Myndarinnar hefur verið beðið með óvenju mikilli eftirvæntingu enda stígur Daniel Craig sín fyrstu spor sem Bond í henni.

Myndin er byggð á fyrstu skáldsögu Ians Flemming um þennan vaskasta útsendara hennar hátignar. Það má því segja að Bond fari aftur á byrjunarreit þar sem myndin fjallar um fyrsta verkefni hans eftir að hann fær nafnbótina 007 sem gefur honum leyfi til að drepa. Bond er því yngri og óreyndari en fólk hefur átt að venjast en að sama skapi harðari og óvægnari.

Andstæðingur Bonds að þessu sinni er alþjóðlegi fjárfestirinn Le Chiffre sem sérhæfir sig í því að ávaxta fé hryðjuverkamanna. Sá er í vondum málum þar sem hann hefur hlunnfarið viðskiptavini sína og bregður því á það ráð að afla fjár í skyndi með því að blása til risavaxins pókermóts í spilavítinu Casino Royale.

Bond er besti fjárhættuspilarinn sem breska leyniþjónustan hefur yfir að ráða og er því falið það verkefni að knésetja Le Chiffre við spilaborðið þannig að skúrknum sé nauðugur sá kostur að leita hælis hjá Bretum í skiptum fyrir það sem hann veit um viðskiptavini sína.

Bond þarf þó ekki aðeins að kljást við Le Chiffre og hryðjuverkamenn þar sem hann kolfellur fyrir hinni þokkafullu Vesper Lynd sem fjármálaráðuneytið sendir með honum í leiðangurinn. Ástin ruglar dómgreind kappans sem hefur ekki áður flækst jafn illa í neti konu en þegar upp er staðið sannast hið fornkveðna á kappanum að það sem ekki drepur mann gerir mann sterkari og jafnvel kaldrifjaðri og verri.

Gagnrýnendur hafa tekið Craig og nýju Bond-myndinni fagnandi enda kveður hér við nýjan og ferskan tón og Bond hefur heldur betur fengið andlitslyftingu og hefur hvorki verið svalari né harðari í horn að taka síðan Sean Connery var upp á sitt besta.

Danski leikarinn Mads Mikkelsen leikur fúlmennið Le Chiffre og lætur Craig heldur betur vinna fyrir kaupinu sínu en Eva Green fer með hlutverk Vesper Lynd, stúlkunnar sem bræðir hjarta Bonds. Judi Dench endurtekur rullu sína sem M, yfirboðari Bonds, og Jeffrey Wright bregður sér í hlutverk hins hundtrygga Felix Leiter, útsendara CIA, sem hefur oft komið Bond til aðstoðar á ögurstundu.

## FRUMSÝNDAR UM HELGINA

DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM

**Casino Royale**
Rottentomatoes.com 95% = Fersk



**A Scanner Darkly**
Internet Movie Database 7,4/10
Rottentomatoes.com 64% = Fersk
Metacritic.com 73/100



**Jonah: A VeggieTales Movie**
Internet Movie Database 6,3 af 10
Rottentomatoes.com 65% = Fersk
Metacritic.com 58/100




# Helmingurinn af ánægjunni



**KEF KHT6000**

Njóttu þess í botn að hlusta á góða tónlist í hátölurum sem búa yfir tækni sem engir aðrir hátalarar geta státað af.

Það sem gerir KHT6000 hátalarana frá **KEF** einstaka er svokölluð ACE-tækni (Acoustic Compliance Enhancement). **KEF** hefur kollvarpað lögmálinu um að krafturinn í hljómburðinum sé í réttu hlutfalli við stærðina á hátalaraboxinu.

Tækni **KEF** byggir á því að setja örlitlar agnir af sérstöku kolefni í hátalaraboxið.

**KEF**®

**Kolefnin** minnka loftþrýstinginn í boxinu sem gefur hátalaranum meira rými til að hreyfast fram og til baka.



Þannig verður til meiri dýpt og hljómurinn úr litlu boxi verður kraftmeiri heldur en úr stærra hátalaraboxi.

Fyrir utan háþróaða tækni hefur **KEF** lagt mikla áherslu á glæsilegt útlit, nútímalega og stílhreina hönnun sem fyrir marga er hinn helmingurinn af ánægjunni.



PIPAR • SÍA • 60590

Hátækni

Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is

> **Athugaðu** …

*… að uppþvottalögur getur virkað alveg jafn vel og ofurofnhreinsir. Sprautaðu smá uppþvottalegi blönduðum örlitlu vatni í ofninn, hitaðu hann aðeins og óhreinindin munu renna af.*




# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN ANDRÉS PÉTUR RÚNARSSON FASTEIGNASALI

# Finnst sveppir og rækjur vondar



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?** Kjúklingabringnanna, ekki spurning. Þær eru vinsælar þessa dagana, en ég vil helst hafa þær fylltar með gráðaosti og camembert og smá sólþurrkuðum tómötum. Og svo boozt, skyrdrykkirnir.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Svona nýlega var það sjávarréttablandan á veitingastaðnum Umami í Kaupmannahöfn. Í henni er humar og svona lúxusfiskur. Ég var næstum búinn að panta hana þrisvar.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Sveppir, tómatar og rækjur. Svo ekki sé minnst á dúfurnar sem ég fékk í Glasgow hérna um árið.
**Leyndarmál úr eldhússkápnum:** Salatið mitt. Það er mikið hringt og beðið um uppskriftina að því. Það er mjög einfalt, uppistaðan er spínat, mozzarellaostur og ristaðar furuhnetur. Svo blanda ég saman ólífuolíu, balsamic, smá sírópi og sinnepi og helli yfir. Þetta er gargandi snilld.
**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Mér líður alltaf alveg rosalega vel. En hins vegar klikkar humarinn náttúrlega aldrei.
**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?** Ég á alltaf nóg af hvítvíni til drykkjar, og reyni að eiga skyr og ávexti. Svo nota ég mikið af ávöxtum í safapressuna sem ég var að kaupa.
**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?** Það yrði að vera eitthvað sem vex. Ætli ég tæki ekki með mér hænsnapar, þá gæti ég bæði borðað kjúkling og egg. Og svo tennisspaða.
**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?** Ég held það séu dúfurnar áðurnefndu. Mig minnir annars að ég hafi smakkað krókódíl á einhverju hlaðborði, en ég man ekkert eftir því.

# Fer fljúgandi og ríðandi á milli vínekranna

**Víngerðarmaðurinn Aurelio Montes heimsótti Ísland og kynnti vínin sín. Hann er þjóðhetja í Chile eftir að hafa umbylt víngerð þar í landi fyrir röskum tveimur áratugum.**

Árelíó hver, hváði vinur minn þegar ég sagði honum að ég væri að fara að hitta Aurelio Montes. Eitthvað rofaði til þegar ég sagði honum að hann væri frægasti víngerðarmaður Suður-Ameríku. „Montes, auðvitað, oft drukkið það.“ Og hefðu margir Íslendingar getað svarað á svipaðan máta enda vart það mannsbarn sem yfirhöfuð hefur dreypt á léttvíni sem ekki hefur smakkað vínin frá Montes. Þau hafa verið með vinsælustu vínum í vínbúðum allar götur frá því þau komu fyrst á markaðinn hér árið 1989. Samt vitum við giska lítið um manninn á bak við vínið. „Þótt vínin beri nafn mitt vil ég helst vera í bakgrunninum. Það eru vínin en ekki mennirnir sem búa þau til sem skipta öllu máli,“ segir Aurelio Montes.

**Þjóðhetja í Chile**

Hafi fólk á annað borð áhuga á vínum er þó ekki hægt annað en að forvitnast um menn á borð við Aurelio Montes. Saga hans er samtvinnuð framrásinni í víngerð í Suður-Ameríku og breytingum á vínneyslu á Vesturlöndum. Montes var prímusmótor í þeirri umbyltingu er varð í víngerð í Chile fyrir röskum tveimur áratugum. Sannfæring hans var að náttúrulegar aðstæður í Chile væru svo stórkostlegar að ómögulegt væri annað en að búa til vín sem stæðust samanburð við það sem best gerðist annars staðar. Eldmóðurinn og skjót velgengni hafði smitandi áhrif á kollega hans. Öll helstu vínhús landsins lögðu í miklar umbætur á víngerðinni með þeim árangri að Chile er nú eitt helsta vínframleiðsluland heims. Hér á landi hafa vínin frá Montes verið í hópi mest seldu vína.

**Argentínumenn skemmtilegir**

Vínframleiðsa er orðin ein mikilvægasta útflutningsgrein Chile á eftir kopar og laxeldi. Velgengni vínanna hefur fyllt Chile-menn miklu stolti og er Aurelio Montes þjóðhetja þar í landi. Þessi hógværi maður gefur þó lítið fyrir eigin frægð og færir undantekningarlítið talið frá sjálfum sér og að víngerðinni þegar hann er spurður út í eigin hagi. Stór hluti spjalls okkar fer í að ræða nágrannana í Argentínu í víðu samhengi en Montes hefur frá því 2001 byggt upp víngerð í Argentínu undir nafninu Kaiken. „Nafnið kemur úr máli mapuche-indjána. Kaiken er gæs sem á sér híbýli beggja vegna Andesfjallanna í Patagóníu sem er landsvæði syðst í Chile og Argentínu. Nafnið endurspeglar að þetta er samvinnuverkefni þessara tveggja nágrannalanda. Argentínumenn eru skemmtilegir og það er mjög gaman að vinna þar þótt það sé talsvert frábrugðið því sem gerist heima. Efnahagslífið er afar óstöðugt en við höfum verið svo lánsöm í Chile að búa við langvarandi hagsæld og stöðugleika. Aðstæður til vínræktar eru gerólíkar, meginlandsloftslag á meðan við búum við úthafsloftslag. Afar krefjandi umhverfi en gefandi.“

**Áhyggjur af gróðurhúsaáhrifum**

Aurelio er mikill náttúruunnandi, hestamaður og flugmaður sem þvælist upp og niður eftir landinu mjóa á lítilli rellu og smellir sér niður á túnin við hlið vínakranna. Hendir sér síðan beint á hestbak og æðir út á vínekrurnar. Þannig nær hann mikilli yfirreið á skömmum tíma og getur það skipt sköpum í vínrækinni. „Ég vil vera með puttana eins mikið í þessu sjálfur og ég get. Tæknin hefur batnað mikið en það eru alltaf ný viðfangsefni, ég hef t.d. miklar áhyggjur af loftlagsbreytingum.

Það hefur orðið gjörbreyting þau 30 ár sem ég hef starfað í víngerð og ég sólbrenn á ekrum þar sem ég svitnaði ekki fyrir nokkrum áratugum. Ég gæti þurft að færa sumar vínekrurnar af þessum sökum. Það er þó ekki útaf þessu sem ég er að færa út kvíarnar til annarra landa, þar ræður ævintýraþráin og vonin um að geta búið til vín sem eru frábær og öðruvísi. Ég veit þó ekki hvort ég fer að vaða út um víðan völl en ef ég færi eitthvað þá myndi ég vilja skoða víngerð á Spáni eða Ástralíu frekar en önnur svæði í Suður-Ameríku því þar eru árstíðirnar aðrar og uppskerutíminn skarast ekki.“



**AURELIO MONTES** Frægasti víngerðarmaður Suður-Ameríku skálar við gesti í Grillinu í Íslandsheimsókn sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK



**FLUGMAÐUR** Montes er snöggur á milli vínekranna.



**FELLUR AÐ FJÖLLUNUM** Nýja vínhúsið er afar náttúruvænt.



VÍNVIÐURINN
**EINAR LOGI VIGNISSON**
einarlogi@frettabladid.is


Sérverslun með sjávarfang





FYLGIFISKAR

Opið alla virka daga frá kl. 11.30 til 18.30

Opið á laugardögum að Suðurlandsbraut 10 frá kl. 11.00 til 14.00

Verið velkomin

FYLGIFISKAR

Suðurlandsbraut 10 • sími 533 1300 • Skólavörðustígur 8 • fylgifiskar.is


# Landsliðið til Lúxemborgar

Á morgun heldur Landslið matreiðslumanna í heimsmeistarakeppnina í Lúxemborg, en hún stendur yfir 18. til 22. nóvember. Liðið er skipað átta úrvalskokkum, og gegna þeir Ragnar Ómarsson, yfirmatreiðslumaður á Salti, og Bjarni Gunnar Kristinsson, yfirmatreiðslumaður á Grillinu, stöðum spilandi þjálfara.



**RAGNAR ÓMARSSON** Spilandi þjálfari liðsins segir lítið verða sofið meðan á keppni stendur. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

Annars vegar er keppt í heitu eldhúsi, og hefur liðið þá fimm klukkutíma til að snara fram þriggja rétta matseðli fyrir 115 manns, og hins vegar í köldu borði. „Í heita matnum eigum við að vera með fisk eða skelfisk í forrétt, kjöt í aðalrétt og svo eftirrétt, en það er undir hverju landi komið hvað þeir gera. Við verðum með humar og bleikju í forrétt og lamb í aðalrétt. Við höfum verið með lambið í mörg ár og dómararnir hlakka alltaf til að fá það,“ sagði Ragnar.

Stífur undirbúningur bíður liðsins í Lúxemborg. „Við fáum hóteleldhúsið lánað. Það er náttúrlega í notkun á daginn en við vinnum bara vel á nóttunni og sofum í törnum,“ sagði Ragnar. Íslenska liðið hefur staðið sig frábærlega undanfarin ár, en í ár stefnir liðið að því að halda stöðu sinni á topp tíu-listanum. „Það er nóg af þjóðum á hælum okkar,“ sagði Ragnar.



**Á LOKAÆFINGU Á ÞRIÐJUDAGSKVÖLD** Landsliðið heldur í heimsmeistarakeppnina í Lúxemborg á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK




* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum eru álfelgur.

fjörið ... Fólk

folk@frettabladid.is

# Casino Royale frumsýnd í London

Þúsundir aðdáenda njósnara hennar hátignar, 007, söfnuðust saman við Leicester-torg þegar nýjasta James Bond-myndin Casino Royale var frumsýnd í London.

Auk aðalleikara myndarinnar mættu meðal annars til athafnarinnar Elísabet Englandsdrottning og hertoginn af Edinborg.

„Ég er mjög spenntur," sagði Daniel Craig, sem hefur fengið góða dóma fyrir hlutverk sitt sem Bond. „Svona hlutir gerast bara einu sinni á ævinni og ég ætla að reyna að njóta þess."

Myndin byggir á fyrstu skáldsögu Ians Fleming um Bond frá árinu 1953. Hvorki tækjameistarinn Q né hinn vinsæli einkaritari Bonds, Miss Moneypenny, sjást í myndinni.



**MIKKELSEN** Daninn Mads Mikkelsen, sem leikur illmennið í myndinni, mætti á frumsýningu með vinkonu sinni.



**FÍN Í TAUINU** Hótelerfinginn Paris Hilton var fín í tauinu við Leicester-torg.



**NJÓSNARI HENNAR HÁTIGNAR** Daniel Craig heilsar Englandsdrottningu og virðist vera til þjónustu reiðubúinn eins og sönnum James Bond sæmir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**EVA GREEN** Bond-stúlkan Eva Green var að sjálfsögðu mætt til frumsýningarinnar.

# Kærastarnir algjörar hetjur að bíða heima

**Þær Alma, Klara, Emilía og Steinunn eru ekki beint venjulegar stúlkur á þrítugsaldri. Á rúmum sex mánuðum hafa stöllurnar komið fram sjö sinnum á stærsta leikvangi Bretlands, Wembley, og fjörið er bara rétt að byrja. Nylon, litla hljómsveitin sem margir höfðu ekki trú á, virðist vera búin að sýna sig og sanna.**

Þriðja plata Nylon á jafnmörgum árum kemur út á laugardaginn. Þessi plata er öðruvísi en hinar að því leyti að hún er öll á ensku. „Okkur finnst þessi plata vera svona rjóminn ofan á kökunni. Á plötunni eru bæði ný lög og svo þau lög sem við héldum mest upp á af hinum tveimur plötunum. Við erum búin að endurútsetja og laga öll lögin til," segir Steinunn Camilla þegar blaðamaður hitti stelpurnar í Laugum þar sem þær voru við æfingar fyrir útgáfutónleikana sem haldnir verða á laugardaginn í Smáralindinni. Platan nefnist Nylon og er einnig gerð til útgáfu á Bretlandsmarkaði þar sem hún mun koma út fyrri part næsta árs. „Við erum mjög ánægðar með þessa plötu enda fengum við að vinna með frábæru fólki. Þegar við hlustum á fyrstu plötuna liggur við að maður roðni. Við erum búnar að þroskast svo mikið á stuttum tíma, bæði söngurinn og framkoman," segir Alma glöð í bragði.

**Ekki töff að vera aðdáandi á Íslandi**

Stúlkurnar hafa sungið með mörgum af vinsælustu hljómsveitum Bretlands á borð við Westlife, Girls Aloud, McFly og nú síðast X-factor hljómsveitinni Journey South sem er að gera það gott í Bretlandi. Stelpurnar eru sammála um að seinni túrinn í ferðalaginu hafi verið mun auðveldari. „Við vorum ekki lengur nýju stelpurnar heldur vissum nákvæmlega hvað við vorum að fara út í. Þegar við vorum með Westlife var allt svo nýtt og við vorum pínu feimnar en það er runnið af okkur núna," segir Klara.

„Það sem kom okkur mest á óvart þegar við komum út var þessi aðdáendamenning í Bretlandi. Þar þorir fólk á öllum aldri að vera einlægir aðdáendur, hugtak sem varla er til á Íslandi," segir Emilía og bætir því við að á Íslandi þykir það ekkert sérstaklega töff að vera aðdáandi. Klara tekur í sama streng og segir að þetta hafi komið þeim spánskt fyrir sjónir fyrst um sinn að sjá konur á besta aldri öskra á eftir Westlife-strákunum. „Við Íslendingar erum bara svo lokuð þjóð og það er sjaldgæft að einhver þori að dansa og öskra á tónleikum ef enginn annar gerir það. Það eru Bretarnir svo sannarlega ekki."

Stúlkurnar eiga meira að segja einn afar einlægan aðdáanda sem þær minnast á. „Það er strákur á okkar aldri sem veit allt um okkur. Hann mætti baksviðs á eina tónleikana og fékk eiginhandaráritanir. Hann heilsaði okkur öllum með nöfnum og var mjög almennilegur," segir Steinunn og vill meina að ekki hafi þær ennþá lent í einverjum óþægilegum aðstæðum með aðdáendum. „Það eru allir mjög almennilegir og margir sem nefna það hvað þeim finnst gaman hvað við erum náttúrulegar og niðri á jörðinni. Það er æðislegt að heyra því það er nákvæmlega það sem við erum og gott að það hafi komist til skila," segir Klara.



**GAMAN AÐ VERA KOMNAR HEIM** Nylon-stúlkurnar eru nú komnar heim eftir viðburðaríkt ár og þriðja plata sveitarinnar væntanleg í verslanir á laugardaginn og útgáfutónleikar verða haldnir í Smáralindinni sama dag. Frá vinstri eru þær Emilía, Steinunn Camilla, Alma og Klara. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**Frekar í bíó en partí**

Tónlistarbransinn einkennist oft af miklu partílíferni og sukki en stúlkurnar segjast ekki hafa kynnst því. „Auðvitað kíkjum við stundum í eftirpartí eftir tónleika en við erum allar mjög rólegar og förum í bíó frekar en að fara út að dansa þegar við erum í fríi," segir Steinunn, og stúlkurnar eru sammála. „Við erum líka alltaf á ferðinni, við erum búnar að keyra 10.000 mílur á síðustu fimm vikum og erum því bara fegnar að vera uppi á hóteli að horfa á sjónvarpið þegar við getum," segir Emilía.

„Ég var að reikna það út að síðan við fórum út í byrjun þessa árs erum við búnar að vera samfleytt úti í sex mánuði," segir Steinunn, sem í Bretlandi er þó kölluð Camilla sem er hennar millinafn. Það er greinilegt að fjarveran frá fjölskyldu og vinum tekur á stelpurnar en þær segja þó að þetta venjist.

Stúlkurnar eru allar á föstu og er Emilía meira að segja á leiðinni upp að altarinu næsta sumar. „Já, ég er búin að vera trúlofuð í eitt ár en það kom frétt um það nýlega í DV sem fór inn á aðdáendasíðu okkar úti og allir búnir að vera að óska mér til hamingju, ári of seint," segir Emilía hlæjandi.

„Sko, kærastar okkar eru búnir að vera algjörar hetjur. Ég sæi mig í anda vera heima á meðan hann væri úti í partíum og að syngja á tónleikum meiripart árs. Ég væri sko ekki neitt sérstaklega sátt," segir Klara brosandi og hinar stúlkurnar taka í sama streng.

Stúlkurnar hlakka mjög mikið til að koma fram á Íslandi á ný en á áðurnefndum tónleikum í Vetrargarðinum verður ókeypis inn fyrir alla. „Þetta verður æði og gaman að leyfa fólki að sjá hvað við erum búnar að vera að brasa í útlöndum. Heima er alltaf best," segir Alma að lokum.

Breskir aðdáendur stúlknanna hafa svo sannarlega rétt fyrir, það eru engir stjörnustælar hjá Nylon og þær Alma, Klara, Emilía og Steinunn eru með báða fætur fast á jörðinni.

alfrun@frettabladid.is

# Allt að verða klárt fyrir Cruise og Holmes

Undirbúningurinn fyrir brúðkaup Toms Cruise og Katie Holmes heldur áfram en Ítalir ráða sér vart fyrir kæti yfir því að stjörnuparið skyldi velja landið þeirra eftir allt fjaðrafokið í kringum hugsanlegt brúðkaup Angelinu Jolie og Brad Pitt við Como-vatnið. Íslandsvinirnir í Ekstrablaðinu danska greina frá því í netútgáfu sinni að Katie Holmes hafi farið í smá verslunarleiðangur í Hollywood á þriðjudaginn og keypt sér æsandi undirföt, náttföt handa sér og manni sínum, Tom Cruise, auk nokkurra efnislítilla nærbuxna fyrir brúðkaupið en talið er að kostnaðurinn við þessi „náttfatakaup" hafi hlaupið á hundruðum þúsunda. Á vefsíðunni MSNBC er síðan haft eftir starfsmanni verslunarinnar La Bra Lingerie, þar sem Holmes er sögð hafa verslað, að nærfötin hafi alls ekki verið „jómfrúarleg". „Enda varla við hæfi þegar hún er einu sinni orðin móðir," sagði starfsmaðurinn.



**HOLMES OG CRUISE** Katie ætlar að vera þokkafull í rándýrum brúðkaupsnærfötum.

Nærvera Toms Cruise hefur hleypt öllu í bál og brand í miðborg Rómar en leikarinn undirbýr nú brúðkaupið við Braccaiano-vatnið af kappi ásamt móður sinni. Fjöldi æstra aðdáenda vakir og sefur fyrir framan Hassler-hótelið, þar sem Cruise er sagður dveljast, í veikri von um að sjá leikarann smávaxna en öryggisverðir og lögregla varna öllum sem ekki eiga brýnt erindi inn á hótelið inngöngu. Samkvæmt erlendum fréttaveitum er talið líklegt að athöfnin fari fram í gömlum miðaldakastala við vatnið á laugardaginn en kostnaður við brúkaupið er talinn hlaupa á sjö hundruð milljónum íslenskra króna og má reikna með að fjöldi fyrirmenna verði viðstaddur þegar þau Holmes og Cruise ganga í það heilaga.



**MIKIL ÖRYGGISGÆSLA** Lífverðir og lögregla hafa tekið höndum saman um að vernda bæði Cruise og Holmes fyrir ágangi fjölmiðla og aðdáenda.



**GUÐRÚN ÁRNÝ** Söngkonan Guðrún Árný heldur útgáfutónleika í kvöld vegna nýju plötunnar sinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Guðrún í Fríkirkjunni

Útgáfutónleikar söngkonunnar Guðrúnar Árnýjar verða haldnir í Fríkirkjunni í Reykjavík í kvöld klukkan 20.00. Þar flytur Guðrún lög af fyrstu sólóplötu sinni, Eilíft augnablik, sem kom út nú í vikunni.

Einvalalið hljóðfæraleikara leikur undir á tónleikunum, m.a. fjögurra manna strengjasveit. Ásamt Guðrúnu koma fram þeir Jón Jósep Sæbjörnsson og Edgar Smári Atlason en báðir syngja þeir dúetta með henni á nýju plötunni. Þess má geta að um undirleik á plötunni sér Sinfóníuhljómsveitin í Bratislava ásamt landsliði íslenskra hljóðfæraleikara. Miðasala á tónleikana fer fram á frostid.is og í verslunum Skífunnar.

# PIXEL PLUS

## TRYGGIR FRAMÚRSKARANDI MYNDGÆÐI




PIXEL PLUS 2

**Philips 42PF7621D**
42" HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 myndtækni, Progressive Scan og Digital Natural Motion, HD Ready, 4.000:1 skerpu, Dynamic Contrast og Active Control, innbyggðum digital DVB-T móttakara, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, 2 coax (1 inn, 1 út) og USB tengi, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.

HD ready

**TILBOÐ**
**299.995**
FULLT VERÐ **399.995**




**Philips 42PF5331**
42" HD Plasma BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1024x1080i punkta upplausn með Skerpu 3.000:1, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, Contrast Plus og Active Control, 2x30w Nicam Stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.

**TILBOÐ**
**199.995**
HD ready
FULLT VERÐ **249.995**




**Philips 42PF5421**
42" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, 800:1skerpu, ljósskynjara og Active Control, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

**TILBOÐ**
**239.995**
HD ready
FULLT VERÐ **299.995**




ambi light

**Philips 42PF9631D**
42" Plasma Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1024x1080i punkta upplausn, 3.000:1 skerpu, Pixel Plus 2 HD myndtækni, Ambilight 2 bakljósi, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, Active Control og ljósskynjara, innbyggðum digital DVB-T móttakara, 2x30w Nicam stereó hljóðkerfi með wOOx bassa, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, USB tengi, Audio inn/út, PC tengingu gegnum HDMI (styður XGA), textavarpi og fjarstýringu.

PIXEL PLUS 2 HD
**TILBOÐ**
**329.995**
HD ready
FULLT VERÐ **299.995**

**PHILIPS**
**LCD** ALLAR STÆRÐIR

PIXEL PLUS
PIXEL PLUS MYNDTÆKNI
EYKUR LÍNUFJÖLDA OG SKERPU

**Heimilistæki**
www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

**HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR**







# Halli í tónleikaferð

Trúbadorinn Halli Reynis er að senda frá sér sína sjöundu plötu sem nefnist Fjögurra manna far. Er hún gefin út á vegum Músík ehf. og er þetta í fyrsta sinn sem Halli gerir útgáfusamning á ferli sínum. Í tilefni plötunnar ætlar hann að halda einn með gítarinn í tónleikaferð sem byrjar í kvöld á Græna hattinum á Akureyri. Nánari upplýsingar um tónleikaferðina má fá á Hallireynis.com.

„Þessi plata er unnin með sama mannskap að stærstum hluta og vann með mér plötuna Við erum eins, sem kom út 2004. Nafnið Fjögurra manna far vitnar í að þeir unnu hana með mér,“ segir Halli. Hann bætir því við að platan sé hrárri en fyrri plötur hans. „Hún er tekin upp „live“. Það var allt sungið og spilað í einu og er að því leytinu í sama anda og það sem ég gerði á Við erum eins. „Mig langaði til að gera hressa plötu eftir kassagítarplötuna í vor. Ég held að hún sé mjög létt og leikandi.“ 1. desember verður Halli fertugur og ætlar að halda af því tilefni tónleika á Café Rosenberg, sem verða þeir seinustu á tónleikaferðinni. Verða tónleikarnir sendir út beint á Rás 2.



**HALLI REYNIS** Trúbadorinn Halli Reynis er að gefa út sína sjöundu plötu.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA






# Trommutaktar og lúðrar

**Jónas Sigurðsson, fyrrum söngvari Sólstrandagæjanna, hefur gefið út sína fyrstu sólóplötu sem nefnist Þar sem malbikið svífur mun ég dansa.**

Jónas hefur starfað síðustu ár við hugbúnaðargerð hjá Microsoft í Danmörku. Upptökur plötunnar fóru fram á heimilum vina og kunningja í íslenskum og norskum sjávarþorpum, Reykjavík og Kaupmannahöfn á tveggja ára tímabili. Platan inniheldur ellefu lög með íslenskum textum og efnistökin margvísleg; tilgangur lífsins, myrkur og fegurð.



**JÓNAS SIGURÐSSON** Jónas er að gefa út sína fyrstu plötu. Útgáfutónleikar hans verða í Tjarnarbíói í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Leitaði að rétta hljómnum**

Jónas segist hafa haft plötuna í hausnum í fjögur til fimm ár áður en hann ákvað að stíga skrefið og taka hana upp. „Ég flutti til Danmerkur fyrir fjórum árum og átti svo mikið efni sem ég var í að spá í að gefa út. Ég bara náði ekki alveg að finna hvernig ég ætti að hafa „sándið“,“ segir Jónas. „Fyrir þremur árum byrjaði ég að fara í stúdíó og taka upp og vinna þessar hugmyndir. Ég var á tímabili búinn að ýta þessu til hliðar og var að vinna við forritun. En tónlistin var svo knýjandi að ég varð að koma henni að til að viðhalda mínu andlega heilbrigði.“

**Stanslaust partí**

Jónas vill ekki meina að erfitt hafi verið að koma sér úr gír Sólstrandagæjans yfir í gír alvarlega sólótónlistarmannsins. „Sólstrandagæjarnir voru í rauninni hálfgert partí. Ég og vinur minn sömdum það allt saman á tveimur helgum og svo varð það alveg risastórt og yfirtók allt annað. Á þessum tíma var ég að leyfa fólki að heyra demó sem ég hafði samið fyrir sjálfan mig og það spurði bara: Hvað er nú þetta? Þetta verður aldrei vinsælt,“ segir hann og hlær. „Það er í rauninni ótrúlegt hvað þetta lifir því hljómsveitin var ekki einu sinni til í tvö ár. Við vorum nýútskrifaðir stúdentar að vinna í frystihúsi og gáfum þessa plötu út fyrir vini okkar sem partíefni. Síðan var þetta bara stanslaust partí.“

**Trommari að upplagi**

Jónas segist hafa nálgast plötuna sína mikið út frá rythma, enda er hann trommuleikari að upplagi. „Ég var mikið í lúðrasveitum og var alltaf hrifinn af þessu „energíi“ sem er í þessum lúðrum þegar þeir eru notaðir hráir. Ég man þegar það voru haldin lúðrasveitamót einu sinni á ári þar sem allar lúðrasveitirnar komu saman og duttu í það. Þá voru allir að spila á lúðrana og mér fannst það svo geðveikt „sánd“. Það var dálítið erfitt að fá hljóðfæraleikarana til að spila þannig á plötunni,“ segir hann og hlær.

Jónas reyndi jafnframt að forðast að vera með trommusett á plötunni. Vildi hann frekar hafa hljóminn eins og í lúðrasveit, þar sem einn er á bassatrommu og annar á sneril. „Ég er mjög ánægður með að vera kominn með þessa plötu. Mér finnst ég hafa eitthvað að segja og mig langaði að gera meira, það er engin spurning.“

**Átta manna hljómsveit**

Fjölmargir danskir og íslenskir tónlistarmenn koma við sögu á plötunni og mun Jónas koma fram með átta manna hljómsveit á útgáfutónleikum sem hefjast í Tjarnarbíói klukkkan 22.00 í kvöld. Miðaverð er 1.000 krónur.

**freyr@frettabladid.is**

# 17 smáskífulög og 23 myndbönd

Hljómsveitin Depeche Mode hefur gefið út safnplötuna The Best Of Depeche Mode: Volume 1. Platan hefur að geyma 17 smáskífulög sveitarinnar sem flest hafa notið mikilla vinsælda undanfarin 25 ár.

Á meðal laga á plötunni eru Personal Jesus, Just Can´t Get Enough, Everything Counts, Enjoy The Silence og nýjasta smáskífulagið, Martyr.

Lögin eru tekin af ellefu hljóðversplötum Depeche Mode sem voru teknar upp á árunum 1981 til 2005.

Með plötunni fylgir í takmörkuðu upplagi DVD-mynddiskur með 23 tónlistarmyndböndum með hljómsveitinni, meðal annars með lögum sem eru ekki á safnplötunni. Má þar nefna Stripped, A Question of Time, Barrel of A Gun, Only When I Lose Myself og I Feel Loved. Einnig er þar hálftíma löng stuttmynd um sveitina.

Plata Depeche Mode frá síðasta ári, Playing the Angel, hefur selst í þremur milljónum eintaka. Komst hún í toppsæti vinsældalista í átján löndum. Á þessu ári hefur hljómsveitin spilað fyrir framan 2,5 milljónir áhorfenda í 31 landi á Playing the Angel-tónleikaferðinni.



**DEPECHE MODE** Hljómsveitin Depeche Mode hefur gefið út nýja safnplötu.







| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| MÝRIN | kl. 7 - 9 - 10:15 | B.i. 12 | DROTTNINGIN | kl. 5:50 | B.i. 12 |
| FLUGSTRÁKAR | kl. 6 - 9 | B.i.12 | BÖRN | kl. 6 - 8 | B.i.12 |
| HINIR FRÁFÖLLNU | kl. 10 | B.i. 16 | BJÖRGUNARSVEITIN | kl. 10:30 | B.i. 12 |
| SÍÐASTI KOSSINN | kl. 8 | B.i.12 | | | |

HAGATORGI • S. 530 1919




| ÁLFABAKKI sýnd í sal 1 og VIP — Sýningartímar | KEFLAVÍK |
|---|---|
| 17. NÓV kl. 3 - 6 - 9 - 12 | 17. NÓV kl. 7 - 10 |
| 18. NÓV kl. 3 - 6 - 9 - 12 | 18. NÓV kl. 5 - 8 - 11 |
| 19. NÓV kl. 1:30 - 4:30 - 7:30 - 10:30 | 19. NÓV kl. 4 - 7 - 10 |

Forsala hafin

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FLUGSTRÁKAR | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | B.i. 12 | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| FLUGSTRÁKAR VIP | kl. 8 - 10:30 | | BARNYARD M/- Ensku tal | kl. 6 | Leyfð |
| Á REKI | kl. 5:45 - 8 - 10:10 | B.i.12 | ASNAKJÁLKAR : NR. 2 | kl. 4 - 8 | B.i. 12 |
| HINIR FRÁFÖLLNU | kl. 8:30 - 10:10 | B.i. 16 | ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 3:50 | Leyfð |
| HINIR FRÁFÖ... VIP | kl. 5 | | | | |
| SÍÐASTI KOSSINN | kl. 5:45 - 8 - 10:30 | B.i.12 | | | |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| Á REKI | kl. 8 - 10:10 | B.i.12 |
| BORAT | kl. 6 - 8 - 10 | B.i. 12 |
| HINIR FRÁFÖLLNU | kl. 8 | B.i. 16 |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| SYSTURNAR | kl. 6 | Leyfð |

DIGITAL

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BORAT | kl. 8 - 10 | B.i. 12 |
| SYSTURNAR | kl. 8 | B.i. 12 |
| HINIR FRÁFÖLLNU | kl. 10 | B.i. 16 |

Munið afsláttinn

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| FLUGSTRÁKAR | kl. 8 | B.i.12 |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| SYSTURNAR | kl. 6 | Leyfð |
| HINIR FRÁFÖLLNU | kl 10 | B.i.16 |

www.sambioin.is 575 8900 www.sambioin.is



**OPRAH WINFREY** Er ekki sár yfir því að vera ekki boðið í brúðkaup Toms Cruise og Katie Holmes.

# Opruh ekki boðið

Spjallþáttadrottningunni Opruh Winfrey er ekki boðið í brúðkaup stjörnuparsins Katie Holmes og Toms Cruise sem haldið verður á Ítalíu um helgina. Eins og mörgum er kunnugt var það í þætti Winfrey sem Cruise játaði ást sína á Holmes í fyrsta sinn með því að hoppa í sófanum í sjónvarpsþættinum. „Nei, mér skilst að gestalistinn hjá þeim skötuhjúum sé vel fylltur þannig að mér er ekki boðið en ég ætla nú samt sem áður að gefa þeim gjöf," segir Oprah og bætir því við að hún sé ekki búin að ákveða hvað verði fyrir valinu.

# Sérstakar sýningar fyrir heyrnarskerta

Kvikmyndin Börn verður sýnd í Háskólabíói dagana 17., 18. og 19. nóvember með íslenskum texta en samkvæmt fréttatilkynningu sem leikhópurinn Vesturport sendi frá sér vill hópurinn með þessu koma til móts við heyrnarskerta og heyrnarlausa áhorfendur sem áhuga hafa á að sjá myndina. Tveir sýningartímar eru á Börnum umrædda daga, klukkan 20.00 og 22.00.

Börn hafa verið að gera góða hluti á kvikmyndahátíðum um allan heim en myndin segir þrjár sögur sem allar tengjast með einum eða öðrum hætti. Sjálfstætt framhald myndarinnar, Foreldrar, verður sýnd á næsta ári en Börn er tilnefnd til átta Eddu-verðlauna þar á meðal fyrir bestan leik í aðalhlutverki, bestu tónlistina og sem besta myndin en þar keppir hún við Mýrina og Blóðbönd.



**BÖRN** Hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda og þykir sigurstrangleg á Eddu-verðlaunahátíðinni.







## > Birgir Leifur á litla möguleika

Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson á litla möguleika á að komast áfram á lokastigi úrtökumótsins fyrir Evrópumótaröðina. Birgir Leifur lék fimmta hringinn í gær á 75 höggum eða þremur höggum yfir pari vallarins og er í 45. til 54. sæti fyrir lokadaginn sem leikinn verður í dag. Birgir Leifur fór ágætlega af stað í gær og var á pari eftir fyrstu níu holurnar en hann náði ekki að fylgja því eftir. Það er því ljóst að Birgir Leifur þarf að leika mjög vel í dag ef hann á að komast áfram og jafnvel að leika á fjórum höggum undir pari til að eiga einhvern möguleika á áframhaldi.



**sport**

sport@frettabladid.is

HLYNUR SIGMARSSON HANDBOLTAFORKÓLFUR: SEGIR STÖÐU HANDBOLTANS Í VESTMANNAEYJUM SLÆMA

# *Gæti þurft að leggja niður handboltann*

Framtíð íþróttalífs í Vestmannaeyjum er ekki björt. Knattspyrnulið karla er fallið, konurnar hættar að taka þátt og nú er komið að handboltanum. Rekstur handknattleiksdeildarinnar hefur sjaldan eða aldrei verið þyngri og nú er svo komið að Hlynur Sigmarsson og félagar hjá ÍBV eru við það gefast upp og ekki loku fyrir það skotið að hluti handknattleiksdeildarinnar verði lagður niður.

„Við erum að endurskipuleggja reksturinn og því er ekki að leyna að reksturinn er erfiður. Við erum ekki með neinn aðalstyrktaraðila til að mynda og það gengur vægt til orða tekið erfiðlega að fá fyrirtæki og einstaklinga til að setja pening í okkar starf," sagði Hlynur og tók sem dæmi að útgerðarfyrirtæki bæjarins væru að setja 100 þúsund krónur í handboltann á ári og þeir peningar hrökkva skammt. „Þessir styrkir eru mjög litlir og 70-80 prósent af okkar tekjum koma af kleinusölu, auglýsingum í leikskrá, sölu í sjoppunni, bingó og öðru álíka. Þetta er geysilega þungt og ljóst að ekki verður unað við núverandi ástand."

Hlynur skrifaði pistil um málið á heimasíðu ÍBV, ibv.is, og þar segir hann meðal annars frá því að enginn Eyjamaður hafi haft samband vegna bænaskjals sem hann skrifaði á dögunum þar sem hann í raun grátbað um aðstoð. Aðalstjórn félagsins hefur ekki einu sinni haft samband vegna málsins. „Málið er einfaldlega mjög alvarlegt og eins og staðan er í dag er alls ólíklegt að við leggjum niður hluta rekstursins. Hvaða hluta er ekki ákveðið á þessari stundu.



Svo er spurning hvað maður endist lengi í þessum bransa en maður er búinn að leggja mikið á sig án þess að uppskera mikið og svo þegar öll hjálp hættir að berast þá er ekki laust við að maður velti fyrir sér framtíðinni," sagði Hlynur sem hafði hugsað sér að hætta næsta vor en hann gæti hætt fyrr ef ástandið breytist ekki hið snarasta.



**ANDRIY SHEVCHENKO** Er ánægður hjá Chelsea að sögn ráðgjafa hans. NORDIC PHOTOS/GETTY

Andriy Shevchenko:

## Ánægður hjá Chelsea

**FÓTBOLTI** Sandor Vargas, ráðgjafi Andriy Shevchenko, sóknarmanns Chelsea, segir að leikmaðurinn sé ánægður hjá Chelsea og vilji enda ferilinn sinn hjá félaginu.

„Shevchenko velti þessari sölu fyrir sér í tvö ár og honum snýst ekki hugur núna. Hann tjáði mér að hann langi til að enda feril sinn á Englandi," sagði Vargas en Silvio Berlusconi, forseti AC Milan, lét hafa eftir sér á dögunum að Shevchenko vildi koma aftur til AC Milan.

„Shevchenko kann vel við sig á Englandi, honum líkar vel við Chelsea og hann er staðráðinn í að standa sig. Sögusagnir um endurkomu í ítalska boltann eru fjarri sannleikanum. Shevchenko vill að sonur hans vaxi úr grasi og hljóti menntun á Englandi." - dsd



**ADRIANO** Kom í slæmu formi frá HM í sumar. NORDIC PHOTOS/GETTY

Brasilíumaðurinn Adriano:

## Vill vera áfram hjá Inter Milan

**FÓTBOLTI Adriano hefur engan áhuga á að yfirgefa Inter Milan ef marka má umboðsmann leikmannsins, Gilmar Rinaldi. Adriano fór mjög illa af stað á þessari leiktíð og var sendur í frí til heimalandsins fyrr á þessu tímabili. Adriano hefur verið orðaður við brasilíska liðið Flamengo og nokkur lið á Spáni að undanförnu en Rinaldi neitar alfarið þessum sögusögnum.**

**„Adriano líður mjög vel, hann er ekkert stressaður og er mjög einbeittur á æfingum. Ég hef verið með honum í nokkra daga og við höfum talað mikið saman. Ég hef líka rætt við stjórnarmenn hjá Inter og við ræddum hvorki um leikmannamarkaðinn né hugsanlega sölu á Adriano," sagði Rinaldi.** - dsd

# KSÍ sagði upp samningi við styrktaraðila kvennaliðsins

**KSÍ sagði upp samningi við Íslandspóst í byrjun ársins og gaf þar með frá sér 2,5 milljónir sem hefðu runnið beint í vasa A-landsliðs kvenna. Það er fjórðungur af því fé sem kostaði að reka kvennalandsliðið árið 2005.**

**FÓTBOLTI** Knattspyrnusamband Íslands, KSÍ, sagði í upphafi ársins upp samningi sínum við Íslandspóst sem var eina fyrirtækið sem styrkti A-landslið kvenna sérstaklega. KSÍ nýtti sér uppsagnarákvæði í samningnum við fyrirtækið.

Árni Árnason hjá Íslandspósti staðfesti þetta við Fréttablaðið í gær. Að sögn Árna var samningurinn upp á 2,5 milljónir á ári ásamt því sem Íslandspóstur stóð straum af kostnaði við birtingar stórskemmtilegra auglýsinga stúlknanna fyrir landsleiki.

Árni segir að ákvörðun KSÍ að rifta samningnum hafi komið fyrirtækinu á óvart en KSÍ gaf þær skýringar að þeir væru að breyta styrkjakerfinu og allir styrktaraðilar væru þannig að styrkja alla hjá KSÍ.

Þessar fréttir koma nokkuð á óvart í ljósi þess að í yfirlýsingu sem KSÍ sendi frá sér fyrir skömmu sé raunveruleikinn sem blasi við sambandinu sá að litlar tekjur séu af starfsemi kvennalandsliðsins og þeir litlu peningar sem komi inn í starfið séu í formi styrkja. Rekstur kvennalandsliða Íslands sé þar af leiðandi að mestu greiddur af tekjum A-landsliðs karla.




**EFTIRMINNILEGAR AUGLÝSINGAR** Auglýsingar íslenska kvennalandsliðsins hafa löngum vakið mikla athygli en Íslandspóstur greiddi fyrir birtingu þeirra. KSÍ afþakkaði fé fyrirtækisins í byrjun ársins en Íslandspóstur var eini styrktaraðili kvennaliðsins.

### KSÍ hafnar tekjum

KSÍ hefur verið óviljugt til að gefa upp hversu mikið af styrkjum sambandsins renni til kvennalandsliðanna en það skýtur óneitanlega skökku við að KSÍ skuli afþakka milljónatekjur til A-landsliðs kvenna á meðan „litlar sem engar tekjur" eru af starfseminni eins og segir í yfirlýsingu sambandsins frá 30. október síðastliðnum.

Upphæðin sem Íslandspóstur greiddi til A-landsliðs kvenna er fjórðungur af því sem kostaði að reka kvennalandsliðið árið 2005. Kostnaður við landsliðið var rúmar 10 milljónir króna og heildarkostnaður vegna allra kvennalandsliða var um 21 milljón króna.

Fréttablaðið hefur ítrekað farið fram á rökstuðning frá KSÍ um hversu mikið af styrktarfé sambandsins, sem meðal annars kemur frá UEFA, FIFA, ÍSÍ og sjö sterkum samstarfsaðilum KSÍ, renni til kvennalandsliðanna en erindum blaðsins hefur ekki verið svarað.

henry@frettabladid.is



**RONALDO** Hefur þroskast mikið að sögn Fergusons. NORDIC PHOTOS/AFP

Ferguson um Ronaldo:

## Hættur öllum leikaraskap

**FÓTBOLTI Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, er sannfærður um að Cristiano Ronaldo, leikmaður liðsins, hafi þroskast mikið og sé hættur öllum leikaraskap.**

**„Það er augljóst að Ronaldo hefur þróað og bætt sinn leik, einfaldlega vegna þess að hann er að þroskast," sagði Ferguson og bætti við að samherjar Ronaldo eigi sinn þátt í því.**

**„Samherjar hans hafa leiðbeint honum og það hjálpar. En það eru enn leikarar í boltanum sem munu aldrei breytast, alveg sama hvað framkvæmdastjórar þeirra segja við þá."** - dsd



**IGOR BUDAN** Hefur farið mikinn á tímabilinu með Parma. NORDIC PHOTOS/AFP

Ítalski boltinn:

## AC Milan á eftir Igor Budan

**FÓTBOLTI** Búist er við því að AC Milan muni reyna að kaupa króatíska sóknarmanninn Igor Budan í janúar. Budan er 26 ára gamall, leikmaður Palermo en er í láni hjá Parma og hefur skorað sex mörk í síðustu sex leikjum liðsins.

Budan var á dögunum valinn í króatíska landsliðið í fyrsta sinn. „Ég hef verið að skora mörk fyrir Parma, ég er í landsliðinu og ég hef heyrt að AC Milan hafi áhuga á mér. Það er alls ekki slæmt. Ég verð samt að taka þetta skref fyrir skref. Ég myndi frekar vilja vera hjá Parma út þetta tímabil," sagði Budan.

„Ég er með samning við Palermo til ársins 2010 og Palermo mun líklega spila í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð og það skiptir miklu máli." - dsd

Knattspyrnumaðurinn Heiðar Helguson var í gær orðaður við sitt gamla félag:

# Ekkert til í þessum orðrómi

**FÓTBOLTI** Enska götublaðið The Sun sagði frá því í gær að Heiðar Helguson væri tilbúinn að yfirgefa Fulham og fara aftur til Watford. Heiðar var á sínum tíma keyptur til Fulham frá Watford fyrir um 1,3 milljónir punda fyrir rúmu ári.

Heiðar hefur lítið fengið að spreyta sig á þessari leiktíð og aðeins spilað tvo heila leiki með Fulham það sem af er en Chris Coleman, stjóri Fulham, hefur breytt leikaðferð liðsins á þessari leiktíð frá þeirri síðustu og spilar nú bara með einn framherja í stað tveggja áður.

Fréttablaðið hafði samband við Heiðar í gær og spurði hann hvort eitthvað væri til í þessari frétt. „Ég er alveg rólegur yfir þessu. Ég veit að ég kem til með að fá mitt tækifæri. Það er bara að bíða eftir því tækifæri og grípa það." Heiðar bætti því við að engin illindi væru á milli hans og framkvæmdastjórans, Chris Coleman.

Heiðar lék við góðan orðstír hjá Watford á sínum tíma en hafði ekkert heyrt af áhuga liðsins núna. „Ég hef ekki heyrt neitt, ekki nokkurn skapaðan hlut. Þessi umræða var líka í gangi fyrir þremur mánuðum," sagði hinn 29 ára gamli Heiðar og var greinilega mjög rólegur yfir þessu öllu saman.

Heiðar lék 197 leiki fyrir Watford á tæpum fimm árum og skoraði 64 mörk. Heiðar átti sitt besta tímabil með Watford 2004-2005 þegar hann skoraði 20 mörk í næstefstu deildinni á Englandi. - dsd



**OWEN HARGREAVES** Einbeitir sér bara að endurhæfingunni þessa dagana. NORDIC PHOTOS/GETTY

Owen Hargreaves:

## Hugsar ekki um Man. Utd

**FÓTBOLTI Owen Hargreaves, leikmaður Bayern München, reynir hvað hann getur að hugsa ekki um hugsanlega sölu til Manchester United. Hargreaves fótbrotnaði í upphafi tímabilsins og vill einbeita sér að því að ná fullum bata að nýju.**

**„Þessi viðskipti eru ekki í mínum höndum. Manchester United hafa oft látið í ljós áhuga sinn á að kaupa mig en það mikilvægasta er að ég jafni mig af meiðslunum. Endurhæfingin tekur tíma en það er gaman að sjá árangur. Ég er ánægður,“ sagði Hargreaves í viðtali við BBC.**

- dsd



**OBAFEMI MARTINS** Er hvattur til að yfirgefa Newcastle af forseta nígeríska knattspyrnusambandsins. NORDIC PHOTOS/GETTY

Obafemi Martins:

## Átti að fara í sigurlið

**FÓTBOLTI** Forseti nígeríska knattspyrnusambandsins, Waidi Akanni, hefur hvatt sóknarmanninn Obafemi Martins að yfirgefa Newcastle, áður en ferill hans hljóti skaða af. Martins var keyptur frá Inter Milan á tíu milljónir punda í ágúst og hefur eingöngu skorað þrjú mörk í tólf leikjum fyrir Newcastle.

„Martins hefði átt að fara í sigurlið, ekki miðlungslið eins og Newcastle. Ef ekkert gerist fljótlega þá gæti ferill hans hlotið varanlegan skaða,“ sagði Akanni við breska blaðið The Sun. - dsd

Charlton Athletic:

## Les Reed ráðinn stjóri

**FÓTBOLTI Hermann Hreiðarsson og Rúrik Gíslason hafa fengið nýjan framkvæmdastjóra til Charlton, en Les Reed hefur verið ráðinn stjóri félagsins. Reed var aðstoðarmaður Iains Dowie og stjórn félagsins segir að hann sé ekki ráðinn til bráðabirgða, heldur sé hann framtíðarstjóri félagsins.**

**„Við viljum taka það fram að Les Reed er ekki hér til að fylla í upp í skarðið tímabundið og Mark Robson verður aðstoðarmaður hans. Það eina sem gæti breyst er að nýr varaliðsþjálfari verði ráðinn til starfa. Reed þarf að rífa menn upp og það verður nóg að gera hjá honum næstu daga,“ sagði Peter Varney stjórnarformaður Charlton.** - dsd

John Arne Riise segir að Jose Reina sé gunga:

# Eigum enn möguleika

**FÓTBOLTI** John Arne Riise, leikmaður Liverpool, hefur sagt að Jose Reina sé gunga fyrir að afskrá Liverpool í titilbaráttunni þetta tímabilið. Reina lét hafa eftir sér eftir tapið gegn Arsenal um síðustu helgi að markmið Liverpool úr því sem komið er sé fjórða sæti deildarinnar.

Riise neitar þó að afskrifa möguleika liðsins á meistaratitlinum og þó að hann hafi ekki nefnt Reina á nafn þá voru ábendingarnar hans augljósar.

„Við megum aldrei gefst upp, gungur gefast upp. Rafa Benitez var rólegur inni í búningsherbergi eftir leikinn gegn Arsenal á sunnudaginn en hann vissi, og við vissum, að þetta var ekki góður leikur. Ég skil ekki af hverju við erum svona lélegir á útivöllum. Ég bara skil það ekki.

Auðvitað verður erfitt að ná Manchester United. En ef við skoðum síðasta tímabil þá vorum við á tímabili langt á eftir Chelsea en í maí enduðum við níu stigum á eftir þeim,“ sagði Riise en eftir tapið á sunnudaginn er Liverpool í níunda sæti, fjórtán stigum á eftir toppliði Manchester United.

„Fjórða sætið er okkar markmið núna, við þurfum að berjast til að ná því,“ sagði Jose Reina eftir 3-0 tapið gegn Arsenal á sunnudaginn. - dsd



**FÉLAGARNIR RIISE OG REINA** Fagna hér sigri Liverpool á Bordeaux í Meistaradeildinni á dögunum. NORDIC PHOTOS/GETTY





**Óskað er eftir tillögum að tilnefningum til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2006**

*Þátttökurétt eiga plötur sem hafa verið gefnar út til almennrar sölu og dreifingar frá 25. nóvember 2005 - 24. nóvember 2006. Skráningargjald fyrir plötu er 8.000 krónur sem greiðist við skráningu. Ekki er tekið við ófullgerðum plötum. Tónverkum í flokki sígildrar og samtímatónlistar skal skila á hljóðriti í Íslenska tónverkamiðstöð, Síðumúla 34, 108 Reykjavík.*

*Tillögum skal skila á skrifstofu FÍH fyrir kl. 17.00 föstudaginn 24. nóvember 2006*

Veitt verða verðlaun í eftirfarandi flokkum:

**Fjölbreytt tónlist**
(popp, rokk/jaðartónlist, dægurtónlist og ýmis tónlist)
::: Flytjandi ársins
::: Lag og texti ársins
::: Söngkona ársins
::: Söngvari ársins

**Popp**
::: Hljómplata ársins

**Rokk/jaðartónlist**
::: Hljómplata ársins

**Dægurtónlist**
::: Hljómplata ársins

**Ýmis tónlist**
::: Hljómplata ársins
Skila skal 9 eintökum af plötu

**Sígild og samtímatónlist**
::: Hljómplata ársins
::: Flytjandi ársins
::: Tónverk ársins
Skila skal 7 eintökum af plötu

**Jazz**
::: Hljómplata ársins
::: Flytjandi ársins
::: Lag ársins
Skila skal 7 eintökum af plötu

**Sameiginleg verðlaun fyrir alla flokka**
::: Plötuumslag ársins
Skila skal 3 eintökum af plötu
::: Myndband ársins
Skila skal 6 eintökum af dvd/vhs
::: Bjartasta vonin

Skráningareyðublöð er að finna á **www.islensktonlistarverdlaun.is** og á skrifstofu FÍH, **Rauðagerði 27, 108 Reykjavík.**

ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN 2006

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### *DHL-deild kvenna*

| | |
|---|---|
| HAUKAR-STJARNAN | 26-28 |

**Mörk Hauka**: Ramune Pekarskyte 8 (10), Sandra Stojkovic 7 (12), Erna Þráinsdóttir 4 (5), Harpa Melsted 3 (4), Hanna Guðrún Stefánsdóttir 3/2 (5/2), Nína Kristín Björnsdóttir 1 (2).
**Varin skot**: Guðrún Jónsdóttir 7, Helga Torfad. 5.
**Mörk úr hraðaupphlaupum**: 1 (Erna).
**Fiskuð víti**: 2 (Stojkovic).
**Utan vallar**: 10 mínútur.
**Mörk Stjörnunnar**: Rakel Dögg Bragadóttir 8/4 (13/4), Anna Bryndís Blöndal 5 (7), Jóna Margrét Ragnarsdóttir 5 (8), Elísabet Gunnarsdóttir 4 (4), Kristín Guðmundsdóttir 3 (3), Alina Petrache 2 (5), Sólveig Lára Kjærnested 1 (1), Hildur Harðardóttir (4), Björk Gunnarsdóttir (3).
**Varin skot**: Florentina Grecu 12.
**Mörk úr hraðaupphlaupum**: 2 (Jóna 1, Elísabet 1).
**Fiskuð víti**: 4 (Elísabet 3, Sólveig 1).
**Utan vallar**: 4 mínútur.

### *Þýska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| DÜSSELDORF-MAGDEBURG | 31-37 |
| MINDEN-FLENSBURG | 26-32 |

**Snorri Steinn Guðjónsson** skoraði fjögur mörk fyrir Minden en **Einar Örn Jónsson** lék ekki með liðinu í gær.

| | |
|---|---|
| HAMBURG-WETZLAR | 36-23 |
| KIEL-KRONAU/ÖSTRINGEN | 37-32 |

### *Danska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| SKJERN-ÅRHUS GF | 32-33 |

**Vignir Svavarsson** skoraði tvö mörk fyrir Skjern en **Vilhjálmur Halldórsson** skoraði ekki. **Jón Þorbjörn Jóhannsson** lék ekki með Skjern.

| | |
|---|---|
| TEAM TVIS-BJERRINGBRO/SILKEBORG | 29-21 |

**Gunnar Berg Viktorsson** skoraði eitt mark fyrir Team Tvis en **Heimir Örn Árnason** lék ekki með Silkeborg vegna meiðsla.

| | |
|---|---|
| LEMVIG-AJAX | 24-24 |

**Hannes Jón Jónsson** skoraði tvö mörk fyrir Ajax en **Gísli Rúnar Guðmundsson** skoraði ekki.

### *Undankeppni EM 2008*

**A-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| FINNLAND-ARMENÍA | 1-0 |
| BELGÍA-PÓLLAND | 0-1 |

**D-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| KÝPUR-ÞÝSKALAND | 1-1 |

0-1 Ballack (16.), 1-1 Okkas (43.)

| | |
|---|---|
| ÍRLAND-SAN MARÍNÓ | 5-0 |

**E-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| MAKEDÓNÍA-RÚSSLAND | 0-2 |
| ÍSRAEL-KRÓATÍA | 3-4 |



**SJÓÐHEITUR** Brasilíumaðurinn Kaká er sjóðheitur þessa dagana og skoraði gegn Sviss í gær. FRÉTTABLAIÐ/AFP

### *Vináttulandsleikir*

| | |
|---|---|
| SVÍÞJÓÐ-FÍLABEINSSTRÖNDIN | 0-1 |

0-1 Didier Drogba (38.).

| | |
|---|---|
| HOLLAND-ENGLAND | 1-1 |

0-1 Wayne Rooney (37.), 1-1 Rafael van der Vaart (86.)

| | |
|---|---|
| SERBÍA-NOREGUR | 1-1 |

1-0 Nemanja Vidic (6.), 1-1 John Carew (22.).

| | |
|---|---|
| TÉKKLAND-DANMÖRK | 1-1 |

0-1 Peter Lovenkrands (28.), 1-1 Milan Baros (90.).

| | |
|---|---|
| AUSTURRÍKI-TRINÍDAD & TÓBAGÓ | 4-1 |
| SVISS-BRASILÍA | 1-2 |

0-1 Luisao (22.), 0-2 Kaká (35.), 1-2 Maicon, sjálfsmark (71.).

| | |
|---|---|
| ÍTALÍA-TYRKLAND | 1-1 |

1-0 Natale (39.), 1-1 Materazzi, sjm (42.).

| | |
|---|---|
| FRAKKLAND-GRIKKLAND | 1-0 |

1-0 Thierry Henry (26.).

Leikmenn Þróttar úr Vogum:

## Mættu ekki í lyfjapróf

**HANDBOLTI** Fram kom í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld að þrír leikmanna handboltaliðs Þróttar úr Vogum hefðu ekki mætt í lyfjapróf eftir leik liðsins gegn Stjörnunni í SS-bikarnum.

Samkvæmt fréttinni hurfu leikmennirnir þrír úr húsinu áður en leiknum lauk. Leikmennirnir eiga tveggja ára keppnisbann yfir höfði sér verði þeir fundnir sekir um að hafa viljandi skrópað í prófinu.

Jóhann Birnir Guðmundsson verður áfram í Svíþjóð næstu tvö árin hið minnsta:

# Jóhann samdi við GAIS til tveggja ára

**FÓTBOLTI** Jóhann B. Guðmundsson hefur endurnýjað samning sinn við sænska úrvalsdeildarfélagið GAIS til næstu tveggja ára en það staðfesti Ólafur Garðarsson, umboðsmaður hans, við Fréttablaðið í gær. Sjálfur segist hann vera hæstánægður með samninginn sem og veruna hjá GAIS sem er í Gautaborg.

„Það er mjög vel að öllu staðið hjá þessu félagi og mér gekk vel í sumar þegar ég var að spila," sagði Jóhann. „Það eru því allir sáttir."

Hann missti af síðustu fimm leikjum tímabilsins vegna meiðsla en hafði þá þegar misst af nokkrum leikjum um mitt tímabilið vegna annarra meiðsla. Í síðara skiptið sleit hann liðband á innanverðu vinstra hnénu en er nú óðum að ná sér.

„Ég var einmitt að koma af minni fyrstu æfingu í langan tíma þar sem ég spilaði fótbolta af fullum krafti. Ég hef nú aldrei lent í vandræðum með hnén áður en finn það að ég er ekki orðinn 100 prósent góður. En þetta er allt á réttri leið."

GAIS voru nýliðar í sænsku úrvalsdeildinni í sumar og áður en tímabilið hófst bjuggust sænskir fjölmiðlar ekki við miklu af liðinu. Flestir spáðu þeir þeim botnsætið og fall aftur í 1. deildina.

„Við enduðum í 10. sæti og vorum aldrei í neinni fallbaráttu," sagði Jóhann. „Enda var árangurinn framar öllum björtustu vonum og allir hér mjög sáttir við sumarið. GAIS er litla félagið í Gautaborg en þó margir sem halda með því."

Liðið heldur áfram að æfa út mánuðinn en svo tekur við frí fram yfir áramót. Jóhann gekk til liðs við félagið fyrir ári en lék þar áður í tvö ár með Örgryte sem lenti einmitt í neðsta sæti úrvalsdeildarinnar í haust. „Það var því kannski bara ágætis tímasetning að fara frá félaginu í fyrra," sagði hann og hló. En áður en GAIS kom til sögunnar skoðaði hann það alvarlega að koma aftur heim til Íslands. „Við ákváðum bara að kýla á þetta hjá GAIS og sjáum ekki eftir því. Það kom svo aftur til greina nú í haust að koma aftur heim en okkur fjölskyldunni líður vel hér í Svíþjóð og viljum vera hér aðeins lengur," sagði Jóhann, sem er 29 ára gamall.

- esá

**JÓHANN BIRNIR** Hér í leik gegn Kalmar þar sem hann á við Tobias Carlsson, leikmann liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX



# Mikilvægt hjá Stjörnunni

**Stjarnan vann mikilvægan útisigur á Haukum í DHL-deild kvenna í gærkvöldi. Niðurstaðan var tveggja marka tap Hauka og það fjórða það sem af er tímabili.**

**HANDBOLTI** Haukar og Stjarnan áttust við á Ásvöllum í gær en bæði lið voru með tíu stig í DHL-deild kvenna fyrir leikinn. Stjarnan á þó tvo leiki inni og hélt sínu striki þar sem liðið vann tveggja marka sigur í gær, 28-26.

Stjörnustúlkur náðu fljótt undirtökunum í leiknum en leikmenn Hauka misstu þær þó aldrei langt undan. Þær komust reyndar yfir í stöðunni 12-11 en Stjarnan skoraði síðustu fjögur mörk hálfleiksins og staðan því þá 15-12.

Vörn og markvarsla beggja liða var mistæk en þó átti Florentina Grecu sína spretti í Stjörnumarkinu. Það var ekki fyrr en að Bryndís Jónsdóttir kom inn á í mark Haukanna í síðari hálfleik að markvarslan fór að skila sér í liði heimamanna. Þegar tólf mínútur voru eftir var Stjarnan með þægilega fimm marka forystu en skoraði svo ekki mark á átta mínútna kafla, meðal annars vegna góðrar markvörslu Bryndísar.

Haukar nýttu sér markvörsluna til að minnka muninn og varð hann aðeins eitt mark þegar Anna Blöndal skoraði mark úr horninu. En þegar tvær mínútur voru til leiksloka skoraði Elísabet Gunnarsdóttir af línunni og fiskaði um leið leikmann Hauka út af, og gerði það útslagið fyrir gestina. Niðurstaðan varð svo tveggja marka sigur, sem fyrr segir.

„Sigurinn er mjög sætur, sérstaklega þar sem við hleyptum þeim aftur inn í leikinn undir lokin. Ég er mjög sáttur við stigin tvö í dag," sagði Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar, í leikslok. Leikstjórnandinn Rakel Bragadóttir dró vagninn fyrir Stjörnuna og skoraði átta mörk. Jóna Margrét Ragnarsdóttir og Anna stóðu einnig fyrir sínu sem og fleiri leikmenn liðsins.



**MARKAHÆST** Rakel Bragadóttir, leikmaður Stjörnunnar, var markahæst leikmanna liðsins með átta mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það var afar mikilvægt að vinna Haukana á útivelli. Það sýnir að við höfum tekið út ákveðinn þroska frá síðasta tímabili. Það er komið sjálfstraust, vilji og geta í liðið sem hefur verið að skila okkur stigum. Við áttum möguleika tvisvar eða þrisvar í umferðinni að stinga þær af en gerðum það ekki og það nýttu Haukarnir sér enda margir reyndir og góðir leikmenn þar," sagði Aðalsteinn.

„En þetta snerist fyrst og fremst að sigrast á hefðum og grýlum og að koma okkur í þann gír að við getum náð þeim markmiðum sem við settum okkur."

Þær Sandra Stojkovic og Ramune Pekarskyte voru langmest áberandi í leik Haukanna og liðu aðrir leikmenn fyrir það. Tveir bestu leikmenn liðsins í gegnum árin, Harpa Melsted og Hanna G. Stefánsdóttir, voru í algeru aukahlutverki í sóknarleik liðsins og þarf að virkja þær í sókninni ætli Haukar sér að vinna stóra sigra í vetur. Liðið hefur þegar tapað fjórum leikjum sem gæti reynst þeim afar dýrkeypt.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Barcelona:

## Xavi að verða klár í slaginn

**FÓTBOLTI** Svo gæti farið að Xavi, miðjumaður Barcelona, verði klár í slaginn gegn Mallorca á sunnudaginn. Xavi hefur misst af síðustu þremur leikjum Barcelona og auk þess missti hann af leik Spánverja í gær, gegn Rúmeníu.

„Það eina sem vantar upp á hjá Xavi er leikjaform. Þegar leikmaður missir svona mikið úr þá er alltaf hætta á að vöðvinn rýrni," sagði Ricard Pruna, læknir Barcelona.

Ef Xavi nær ekki leiknum gegn Mallorca þá ætti hann pottþétt að verða klár í leikinn gegn Levski Sofia, en þann leik verður Barcelona að vinna ef liðið á að komast áfram í Meistaradeild Evrópu. Edmilson og Andres Iniesta eru einnig meiddir og þeir verða að öllum líkindum klárir fyrir leikinn gegn Levski Sofia.

- dsd



**SEBASTIAN DEISLER** Hefur lengi verið talinn einn besti leikmaður Þýskalands en hefur verið óheppinn með meiðsli. NORDIC PHOTOS/GETTY

Bayern München:

## Deisler óðum að koma til

**FÓTBOLTI** Sebastian Deisler verður í leikmannahóp Bayern München í fyrsta sinn í átta mánuði um helgina þegar Bayern München mætir Stuttgart, sem situr í efsta sæti þýsku úrvalsdeildarinnar. Deisler hefur verið frá vegna hnémeiðsla.

Deisler er 26 ára gamall og hefur misst af tveimur síðustu heimsmeistaramótum vegna alvarlegra hnémeiðsla en auk þess hefur hann glímt við þunglyndi sem haldið hefur honum frá keppni um tíma.

„Deisler hefur verið góður síðustu vikur og finnur ekki fyrir eymslum í hnénu lengur," sagði Felix Magath, þjálfari Bayern München, en liðið hefur farið illa af stað í deildinni á þessu tímabili.

- dsd

Englendingar og Hollendingar gerðu jafntefli, 1-1, í Hollandi í gær:

# Batamerki á leik Englendinga

**FÓTBOLTI** Holland tók á móti Englandi í vináttulandsleik í gærkvöld. Biðu margir spenntir eftir því að sjá hvernig Englendingum myndi reiða af í leiknum eftir slakt gengi upp á síðkastið en spilamennska liðsins hefur verið það slök að sumir hafa viljað sjá Steve McClaren stíga nú þegar úr þjálfarastóli.

Það var fínn bragur á leik enska liðsins í fyrri hálfleik í gær og þeir leiddu í leikhléi, 1-0, með marki Waynes Rooney. Englendingar náðu ekki að halda dampi í síðari hálfleik þar sem Hollendingar voru mun sterkari. Heimamenn uppskáru sanngjarnt jöfnunarmark frá Rafael Van Der Vaart og þar við sat.

„Við erum mjög svekktir með að hafa ekki unnið þennan leik. Við fengum fjöldamörg tækifæri og hefðum með réttu átt að klára leikinn," sagði McClaren í leikslok. „Annars sýndum við fínan karakter, litum út eins og lið og þetta eru bestu 90 mínúturnar hjá þessu liði undir minni stjórn."



**1-0 FYRIR ENGLAND** Wayne Rooney kemur hér Englendingum yfir í gærkvöldi. Markið dugði ekki til sigurs. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

- hbg


„ÉG TEYGI MIG LENGRA SVO ÞÚ BORGIR MINNA“



**ALAN SMITH** Verður ekki lánaður frá Manchester United. NORDIC PHOTOS/GETTY

Alan Smith:

## Verður áfram hjá Man. Utd

**FÓTBOLTI** Alex Black, umboðsmaður Alan Smith, hefur látið hafa eftir sér að leikmaðurinn muni ekki yfirgefa Manchester United, en Smith hefur fengið leyfi til að yfirgefa Manchester United að láni og hafa nokkur lið sýnt honum áhuga.

„Smith er ekkert að fara neitt. Manchester United hefur látið hann fá sérstakt æfingaprógramm. Hann mun vera áfram hjá Manchester United og hann er búinn að ræða málin við sir Alex Ferguson,“ sagði Black.

Sagt var frá því að Leeds, félagið sem Smith lék með áður, hafi haft áhuga á Smith en Black sagði að Manchester United hafi aldrei gefið Leeds leyfi til að ræða við leikmanninn. - dsd

Markvörður Liverpool:

## Valencia vill kaupa Reina

**FÓTBOLTI Valencia er sagt hafa áhuga á að kaupa Jose Reina, markvörð Liverpool, til að taka við af Santiago Canizares, markverði liðsins. Canizares er 36 ára gamall en hann skrifaði á dögunum undir nýjan tveggja ára samning við Valencia.**

**Varamaður Canizares er franskur markvörður að nafni Ludovic Butelle, 23 ára, en félagið vill kaupa reyndari markvörð til að keppa við Canizares um markmannsstöðuna. Amadeo Carbone, íþróttafulltrúi Valencia, hefur þegar lýst því yfir við umboðsmann Reina að félagið vilji kaupa leikmanninn.**

**Umboðsmaður Reina er einnig umboðsmaður Rafa Benitez og hefur átt gott samband við Valencia í gegnum tíðina. Reina er hins vegar samningsbundinn Liverpool til ársins 2009.** - dsd

Njarðvík leikur fyrsta heimaleik sinn í Evrópukeppninni í körfubolta í kvöld:

# Heimaleikurinn verður í Keflavík

**KÖRFUBOLTI** Njarðvík mætir úkraínska liðinu Cherkaski í Evrópukeppninni í körfubolta í kvöld. Leikurinn í kvöld er heimaleikur Njarðvíkur en hann verður þó leikinn í íþróttahúsi Keflavíkur. Þetta er annar leikur liðsins í Evrópukeppninni á þessari leiktíð og sá fyrsti á heimavelli. Njarðvík tapaði fyrsta Evrópuleiknum á tímabilinu á útivelli gegn rússneska liðinu Samara, 101-80.

„Við vitum ekkert um þetta úkraínska lið. Nema bara það að þeir hafa tvo Bandaríkjamenn sem eru mjög sterkir og líka tvo spræka leikmenn frá Litháen. Það er það eina sem við vitum. Þetta er svipað og í Rússlandi um daginn, rennum blint í sjóinn,“ sagði Halldór Karlsson, fyrirliði Njarðvíkur, þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær.

Heimavöllur Njarðvíkinga uppfyllir ekki þau skilyrði sem Fibaeurope setur fyrir þessa keppni og því verður Njarðvík að leika heimaleiki sína í íþróttahúsi erkifjendanna í Keflavík. „Ég skil reyndar ekki af hverju. Njarðvík fékk ekki leyfi fyrir sínum velli af því að hann er of stuttur en í Rússlandi gátum við ekki farið í sturtu og ekki farið á klósettið heldur. Þessar aðstæður í Rússlandi voru ótrúlegar. Þetta var hörmung. Gólfið var fínt en allur aðbúnaður var alveg fáránlegur,“ sagði Halldór en hann bjóst ekki við því að það hefði mikil áhrif á liðið að spila í íþróttahúsi Keflavíkur.

„Við erum búnir að æfa þar upp á síðkastið en auðvitað vildum við spila í okkar húsi. Þetta er líka minn gamli heimavöllur. Mér sýnist líka Brenton og Ivey hitta alveg jafnvel í Keflavík og í Njarðvík,“ sagði Halldór og bætti því við að það væri stutt fyrir stuðningsmenn Njarðvíkur að fara yfir til Keflavíkur. Leikurinn hefst klukkan 19.15. - dsd



**NJARÐVÍK-CHERKASKI** Friðrik Stefánsson og félagar hans í Njarðvík mæta úkraínska liðinu Cherkaski í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

# Falur á fimm milljónir

**Sögusagnir þess eðlis að Valur sé búið að kaupa Helga Sigurðsson af Fram eru orðum auknar. Ekkert formlegt tilboð hefur komið nýlega í Helga sem er þó falur á um fimm milljónir króna. Helgi er enn harður á að yfirgefa félagið.**

**FÓTBOLTI** Sá orðrómur að búið væri að selja Helga Sigurðsson til Vals var orðinn sterkur í gær og gengu menn svo langt að halda því fram að hann yrði tilkynntur sem leikmaður Vals í dag. Brynjar Jóhannesson, framkvæmdastjóri rekstrarfélags meistaraflokks Fram, vísar þessum sögusögnum á bug og segir ekkert hæft í þeim.

„Það er ekkert frágengið og ekkert tilboð komið í hann í dag. Við fengum tilboð frá Val upp á tvær milljónir fyrir löngu síðan en því var hafnað. Staðan er því að mestu leyti óbreytt,“ sagði Brynjar við Fréttablaðið seinni partinn í gær.

Brynjar segist gera sér vel grein fyrir áhuga Vals en það sé þó langur vegur frá því að menn sitji sveittir við samningaborðið og reyni að ná saman.

„Við gáfum skýran tón í byrjun og ef af því verður að hann fari þá verður það ekki ódýrt. Hann situr frekar uppi í stúku ef hann neitar að spila. Við látum hann ekki öðruvísi en við fáum gott verð fyrir hann,“ sagði Brynjar sem hefur verið í sambandi við Helga upp á síðkastið enda virðist mesti æsingurinn runninn af mönnum. „Það eru engin leiðindi á milli mín og Helga. Menn gera sér bara grein fyrir stöðunni og hún er sú að hann er ekkert að fara að spila fyrir okkur aftur. Á móti kemur að hann fer ekki nema fyrir rétta upphæð og Helgi skilur það.“

Önnur saga sem hefur verið í gangi er sú að Fram hafi hafnað fimm milljóna króna tilboði frá Val. Brynjar segir hana ekki sanna enda væri erfitt að segja nei við slíku boði.

„Við höfum ekki fengið slíkt tilboð og ég hef ekki trú á að menn myndu hafna slíku boði. Við værum orðnir helvíti ríkir ef við gætum hafnað slíku boði. Ég hef ekki tekið eftir því að við séum það ríkir,“ sagði Brynjar og tekur fram að félagið muni ekki setja þau skilyrði að hann fari ekki til annars liðs í efstu deild. Félagið myndi ekki heldur setja neinar klausur um að hann mætti ekki spila gegn Fram.

henry@frettabladid.is



**ÞRJÓSKUR** Helgi Sigurðsson hefur ekkert gefið eftir í afstöðu sinni í að yfirgefa Fram. Hann er til sölu fyrir um fimm milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN



**RICHARDS** Sést hér með verðlaunin sín. NORDIC PHOTOS/GETTY

Frjálsíþróttafólk ársins:

## Powell og Richards kjörin

**FRJÁLSAR** Spretthlauparinn Asafa Powell frá Jamaíku og hlaupadrottningin Sanya Richards frá Bandaríkjunum voru valin frjálsíþróttafólk ársins við hátíðlega athöfn í Mónakó á dögunum.

Sanya Richards átti frábært tímabil og bætti til að mynda 22 ára gamalt bandarískt met í 400 metra hlaupi á árinu. Hún hafði algjöra yfirburði í 400 metra hlaupi á árinu og vann 15 hlaup í röð á þessu ári.

Asafa Powell jafnaði heimsmetið í 100 metra hlaupi tvívegis á árinu en hann á sjálfur heimsmetið ásamt landa sínum, Justin Gatlin.

Bæði Powell og Richards unnu hlut í Gullpotti Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins á þessu ári. - dsd




Jón Arnór Stefánsson hefur jafnað sig á meiðslum sínum:

# Hef verið skelfilega óheppinn

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson hefur ekki byrjað eins vel hjá sínu nýja liði á Spáni, Pamesa Valencia, eins og hann hefði helst kosið. Tvívegis hefur hann orðið fyrir meiðslum sem hafa haldið honum að mestu á hliðarlínunni.

„Ég hef verið skelfilega óheppinn á stærstum hluta tímabilsins,“ sagði hann í samtali við spænska dagblaðið Marca í gær. „Meiðslin hafa gert það að verkum að ég hef ekki getað spilað reglulega með liðinu sem er afar slæmt fyrir leikmann sem er nýr hjá félaginu,“ sagði Jón Arnór.

Hann er þó orðinn klár í slaginn á nýjan leik og ætlar sér að rétta úr kútnum. „Líkamlega er ég orðinn 100 prósent klár. Það er ljóst að ég þarf að flýta mér hægt þegar kemur að því að koma mér aftur í leikform en líkamlega líður mér mun betur.“

Jón Arnór lék í tæpar 19 mínútur með Pamesa Valencia um helgina er liðið tapaði illa fyrir Gran Canaria á útivelli, 79-55. Hann skoraði fimm stig í leiknum og hitti úr tveimur skotum af sex. Hann tók tvö fráköst og gaf eina stoðsendingu.

Hann segist þó vera sáttur við veruna á Spáni enda sé deildin góð. „Öll liðin í deildinni eru erfið og allir geta unnið alla. Þetta er efa besta deildin í Evrópu.“ - esá



**JÓN ARNÓR** Hér í leik gegn danska landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**Kvikmyndin börn verður sýnd með íslenskum texta dagana 17. 18. og 19. nóvember í Háskólabíó.**

VESTURPORT í samstarfi við ARTBOX, KLIKK PRODUCTIONS og KÖGGULL KVIKMYNDAGERÐ kynnir
Kvikmynd eftir RAGNAR BRAGASON
Aðalhlutverk GÍSLI ÖRN GARÐARSSON, NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR, ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON ofl.
Framleiðendur GÍSLI ÖRN GARÐARSSON, HLYNUR KRISTJÁNSSON, INGVAR E.SIGURÐSSON, NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR, NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR, ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON, RAGNAR BRAGASON og VÍKINGUR KRISTJÁNSSON Executive Producer KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR
Stjórn kvikmyndatöku BERGSTEINN BJÖRGÚLFSSON Klipping SVERRIR KRISTJÁNSSON
Tónlist PÉTUR ÞÓR BENEDIKTSSON Hljóðhönnun HULDAR FREYR ARNARSON
Handrit RAGNAR BRAGASON, GÍSLI ÖRN GARÐARSSON, NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR, ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON & LEIKHÓPURINN
Leikstjórn RAGNAR BRAGASON

Styrkt af KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

VÍFILFELL



**> Felicity Huffman**
Fæddist 9 desember 1962 og er gift leikaranum William H. Macy en þau léku saman í myndinni „Magnolia“. Einnig framleiddi hann myndina „Transamerica“ þar sem Felicity lék aðalhlutverkið og hlaut tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir hlutverkið sitt í myndinni. Fyrir ári fékk hún Emmy-verðlaun fyrir leik sinn í þáttaröðinni „Desperate Housewives“ sem sjónvarpið sýnir í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: BERGSTEINN SIGURÐSSON VILL FLYTJA Í HLIÐARHEIM SJÓNVARPSINS

## *George í sjónvarpið og Geenu í Hvíta húsið*

Hann er merkilegur sá hliðarheimur sem bandarískum sjónvarpsframleiðendum hefur tekist að búa til með sjónvarpsþáttum sem fjalla um Bandaríkjaforseta.

Fyrir höfum við Vesturálmuna á RÚV og nú hefur Stöð tvö tekið til sýninga þáttinn Commander in Chief (en er ekki haft fyrir að snara titlinum yfir á íslensku. Hvað um: Forseti Bandaríkjanna?). Þetta er hálfgerður vísindaskáldskapur þar sem Geena Davis leikur fyrsta kvenforseta Bandaríkjanna sem er þar að auki óháð.

Nema hvað: í Vesturálmunni er forsetinn demókrati, fullur réttsýni en þarf stundum að láta undan þrýstingi eigin flokksfélaga, gera málamiðlanir og þar af leiðandi taka ákvarðanir sem orka tvímælis. En á heildina litið er þetta fínn náungi.



Þar sem kvenforsetinn er óháður eru ljónin á hans vegi fyrst og fremst vondir andstæðingar, sér í lagi úr röðum repúblikana. Stundum lendir hún í áþekkum raunum og núverandi stjórnvöld. Í síðasta þætti reið fellibylur yfir Flórída og allt fór á flot. Og til að bæta gráu ofan á svart var hætta á stórkostlegu mengunarslysi úti fyrir ströndum Flórída. Ólíkt George Bush þegar fellibylurinn Katrín gekk yfir New Orleans, mætti Geena á staðinn. Gaf þeim sem misstu heimili sín súpu og gerði gott úr öllu saman, jafnvel þótt vondi íhaldskurfurinn Donald Sutherland reyndi að leggja stein í götu hennar bak við tjöldin. Já, lífið væri betra ef Geena Davis og Martin Sheen byggju í Hvíta húsinu.

## EKKI MISSA AF



▶ **13.30 Casino of the World** THE TRAVEL CHANNEL



▶ **15.00 Supernanny** STÖÐ 2



▶ **19.30 Tommi & Jenni** CARTOON NETWORK



▶ **22.25 The Sopranos** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.30 X- Files** SIRKUS

## SJÓNVARPIÐ

**16.50 Íþróttakvöld** Endursýndur þáttur frá miðvikudagskvöldi.
**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar (7:30)** Endursýndur þáttur frá sunnudegi.
**18.30 Stebbi strútur (1:13)** Finnskur teiknimyndaflokkur um strútinn Stebba og Emmu vinkonu hans.
**18.40 Hér í dag, farinn á morgun** Króatísk barnamynd.
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Edduverðlaunin 2006** Kynntar verða tilnefningar til Edduverðlaunanna 2006 sem afhent verða í beinni útsendingu frá Hótel Nordica á sunnudagskvöld.
**20.25 Martin læknir (3:8)** (Doc Martin II) Breskur gamanmyndaflokkur um lækninn Martin Ellingham sem býr og starfar í smábæ á Cornwallskaga og þykir með afbrigðum óháttvís og hranalegur. Meðal leikenda eru Martin Clunes, Caroline Catz, Stephanie Cole, Lucy Punch og Ian McNeice. Þættirnir hlutu bresku gamanþáttaverðlaunin, British Comedy Awards.
**21.15 Launráð (103)**
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.25 Soprano-fjölskyldan**
**23.20 Aðþrengdar eiginkonur (41:47)** (Desperate Housewives II) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk leika Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicolette Sheridan. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.
**0.05 Kastljós**
**0.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Ladder 49**
**8.00 Ronja ræningjadóttir**
**10.05 Moonlight Mile**
**12.00 2001: A Space Travesty**
**14.00 Ronja ræningjadóttir**
**16.05 Moonlight Mile**
**18.00 2001: A Space Travesty**
**20.00 Ladder 49**
**22.00 True Lies**
**0.20 Unbreakable**
**2.05 Below**
**3.50 True Lies**

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið**
**9.00 Bold and the Beautiful**
**9.20 Í fínu formi 2005**
**9.35 Martha**
**10.20 Ísland í bítið (e)**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Neighbours**
**13.05 Valentína**
**13.50 Valentína**
**14.35 Two and a Half Men**
▶**15.00 Supernanny (7:11)** Örvepi hjónanna Roberts og Evelinu, hinn tveggja ára gamli Adam, er að gera út af við foreldra sína. Móðir hans ræður ekkert við litla ólátabelginn sem fær æðisköst og gargar sig hásan fái hann ekki óskipta athygli móður sinnar. Það þýðir að systur hans sem eru átta og níu ára eru vanræktar. Hvað getur ofurfóstran gert?
**16.00 Jimmy Neutron**
**16.20 Leðurblökumaðurinn**
**16.40 Ofurhundurinn**
**17.05 Myrkfælnu draugarnir**
**17.20 Fífí**
**17.30 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.05 Neighbours**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Búbbarnir (13:21)**
**20.05 Í sjöunda himni með Hemma Gunn** Íslenskur skemmtiþáttur í umsjón Hemma Gunn sem sendur er út í beinni útsendingu frá miðborginni öllu fimmtudagskvöld í vetur, nánar tiltekið frá skemmtistaðnum NASA við Austurvöll. Þar tekur Hemmi á móti góðum gestum; allt frá skemmtikröftum, listafólki og valinkunnum tónlistarmönnum til þjóðþekktra Íslendinga sem allir eiga það sameiginlegt að hafa frá heilmiklu skemmtilegu að segja, Hemma og okkur heima í stofu. Helgin byrjar á fimmtudagskvöldum á Stöð 2 í vetur.
**21.10 Big Love (12:12)**
**22.00 Entourage (11:14)**
**22.25 Arrested Development**
**22.50 Svæsnustu horrenglur í Hollywood**
**23.35 Grey´s Anatomy (20:36)**
**0.20 Chasing Papi**
**2.00 Village Of The Damned**
**3.35 Twelve Mile Road**
**5.05 Fréttir og Ísland í dag** Endursýnt frá því fyrr í kvöld.
**6.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö (e)**
**8.00 Rachael Ray (e)**
**8.45 Frægur í formi - NÝTT! (e)**
**15.25 Bak við tjöldin: Adrift**
**15.55 Love, Inc. (e)**
**16.20 Beverly Hills 90210** Bandarísk unglingasería.
**17.05 Rachael Ray**
**18.00 6 til sjö** Guðrún Gunnarsdóttir og Felix Bergsson eru í beinni útsendingu alla virka daga og taka á móti góðum gestum í myndveri SkjásEins.
**19.00 Everybody Loves Raymond (e)** Bandarísk gamansería.
**19.30 Game tíví** Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
**20.00 The Office** Bandarísk gamansería sem nýverið hlaut Emmy-verðlaunin sem besta gamanserían. Michael fer að fylgjast með tölvupósti starfsmanna skrifstofunnar og það fellur ekki í góðan jarðveg hjá starfsfólkinu.
**20.30 Gegndrepa** Ný, íslensk þáttaröð þar sem barist er með vatn að vopni. Sá sem stendur einn eftir vinnur hálfa milljón króna.
**21.10 The King of Queens** Bandarísk gamansería. Doug tekur þátt í karókí og eignast óvæginn aðdáanda á Netinu.
**21.40 Sigtið** Íslensk gamansería um vonlausasta sjónvarpsmann landsins, Frímann Gunnarsson. Eftir að hafa gloprað sjónvarpsþættinum út úr höndunum þarf Frímann nú að finna sér eitthvað nýtt að gera. Leikritið „Inspectum est Humanus“ eftir Frímann Gunnarsson er tekið til æfinga í ónefndu leikhúsi. Leikararnir Eggert Þorleifsson, Jón Gnarr og Sigurður Sigurjónsson eru meðal þeirra leikara sem spreyta sig á þessu meistaraverki.
**22.10 C.S.I: Miami**
**23.10 Everybody Loves Raymond**
**23.40 Jay Leno**
**0.25 America's Next Top Model VI (e)**
**1.25 2006 World Pool Masters (e)**
**2.15 Beverly Hills 90210 (e)**
**3.00 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)**
**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld**
**20.00 Entertainment Tonight**
**20.30 The War at Home**
**21.00 The Player - NÝTT** 13 karlmenn berjast um hylli ofurskutlunnar Dawn Olivieri í þessum þáttum þar sem einn mun standa uppi sem sigurvegari. Stjórnandi keppendanna er Boston Rob sem eflaust margir muna eftir úr Amzing Race og Survivor.
**22.00 Chappelle/s Show**
▶**22.30 X-Files** Sirkus sýnir X-files frá byrjun! Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið eru komnir aftur í sjónvarpið. Mulder og Scully rannsaka dularfull mál sem einfaldlega eru ekki af þessum heimi.
**23.15 Insider**
**23.40 Vanished (e)**
**0.25 Ghost Whisperer (e)** Melinda Gordon er ekki eins og flestir aðrir en hún hefur þá einstöku hæfileika að ná sambandi við þá látnu. Sálirnar sem hún nær sambandi við eiga það sameiginlegt að þurfa á hjálp Melindu að halda.
**1.10 Seinfeld (e)** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**1.35 Entertainment Tonight (e)** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjum fréttum af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomum sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum. Leyfð öllum aldurshópum.
**2.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SKJÁR SPORT

**7.00 Ítölsku mörkin (e)**
**14.00 Portsmouth - Fulham (frá 11. nóv)**
**16.00 Middlesbrough - West Ham (frá 11. nóv)**
**18.00 Reading - Tottenham (frá 12. nóv)**
**20.00 Liðið mitt**
**21.00 AC Milan - Roma (e)**
**23.00 Liðið mitt (e)**
**0.00** Chelsea - Watford (e)
**0.00 Dagskrárlok**




Glæný Línuýsa **890** kr.
Laksasteikur m/rauðvínspipar
Steinbítur í kryddhjúp
Plokkfiskur m/rúgbrauði
Fiskibollur að hætti Ömmu

Þorskur m/lauk, papriku og basil
Ýsa í sósu **1080** kr.
Saltfiskglás
Ýsuhnakkar í raspi
Humarsúpa **1080** kr. Lítrinn

*Stærsta og flottasta fiskborð landsins*

**HVAÐ KOSTAR FISKURINN ÞAR SEM ÞÚ VERSLAR?**

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
**Opið alla laugardaga 11-14**

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05
### Í SJÖUNDA HIMNI MEÐ HEMMA GUNN



Fjölbreytnin verður í fyrirrúmi hjá Hemma Gunn sem verður í sjöunda himni og í beinni útsendingu á Stöð 2 í kvöld úr hjarta borgarinnar á Nasa við Austurvöll. Nylon-flokkurinn og heimsfrægðin – Sykurmolarnir og Smekkleysan og körfuboltabrellur frægasta dvergkörfuboltaliðs í heimi verða í aðalhlutverki. Aðalgestir þáttarins verða tveir málsvarar og fánaberar smekkleysunnar, þeir Sigtryggur Baldursson og Einar Örn Benediktsson. Sigtryggur og Einar Örn ætla að ræða um óvænta endurkomu Sykurmolanna af þessu tilefni og tónleika sveitarinnar sem haldnir verða í Laugardalshöllinni á föstudagskvöld. Extreme Team er sýningarhópur sem farið hefur sigurför um Bandaríkin með sýningu sinni þar sem öllum mögulegum en einkum ómögulegum körfuboltabrögðum ægir saman í bland við magnaða líkamsfimi. Síðast en ekki síst hefur besta dvergkörfuboltalið í heimi, sem fram kemur í sýningunni, vakið óskipta athygli, en þessir fimm dvergar munu einmitt koma fram í þættinum hjá Hemma.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ ENTOURAGE Á STÖÐ Í KVÖLD KL. 22.00

ÞESSI ÞÁTTUR ER LAUSLEGA BYGGÐUR Á HOLLYWOOD-RAUNUM LEIKARANS MARKS WAHLBERG EN HANN ER EINN AF FRAMLEIÐENDUM ÞÁTTARINS.

„Entourage“ segir frá leikaranum Vince Chase og vinum hans í Borg Englanna. Þátturinn, sem er framleiddur af HBO-sjónvarpsstöðinni, er búinn að fá glimrandi góða dóma og hefur verið lofaður hátt og lágt. Í aðalhlutverkum eru Jeremy Piven, Debi Mazar, Kevin Connolly og Adrian Grenier.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **8.00** Fréttir **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Bréf til Brands
**14.30** Leikhúsrottan
**15.00** Fréttir
**15.03** Fallegast á fóninn
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.27** Sinfóníutónleikar
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Eftirlaunin
**23.18** Hlaupanótan
**0.00** Fréttir
**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**17.20 Holland - England** (Holland - England) Útsending frá leik Hollendinga og Englendinga sem fram fór fyrr í kvöld.

**19.00 Pro bull riding** (Tacoma, WA - Oh Boy! Oberto Invitational) Pro bull riding er ein vinsælasta íþróttin í Bandaríkjunum um þessar mundir. Menn keppast um að halda sér á nauti eins lengi og þeir geta að hætti kúreka. Þarna eru atvinnumenn á ferðinni sem náð hafa mikilli færni í því að halda sér á baki við vægast sagt erfiðar aðstæður.

**19.55 Kraftasport** (Íslandsmótið í bekkpressu 2006) Þáttur um Íslandsmótið í bekkpressu sem fór fram 28. janúar síðastliðinn.

**20.25 Skólahreysti 2006** (Undankeppni 4) Samantekt frá skólahreysti 2006. 45 grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu keppa í Skólahreysti. Keppt er í upphífingum, armbeygjum, dýfu, fitnessgreip og hraðbraut. Hvert lið samanstendur af tveimur strákum og tveimur stelpum úr 9. og 10. bekk. Haldnar voru fjórar undankeppnir þar sem tveir skólar úr hverri keppni komust áfram í úrslit.

**21.15 KF Nörd (12:15)** Liðsmenn Knattspyrnufélagsins Nörd halda til London og kynna sér aðstæður og kunnáttuatvinnumanna í greininni. Spurning hvernig þeir koma út í samanburðinum við atvinnumenninaen þeir fá að hitta frægan knattspyrnukappa í eigin persónu. Mikil upplifun fyrir Nördanasem líta á líf knattspyrnumannsins öðrum augum á eftir.

**22.00 World's Strongest Man 1989** Jón Páll Sigmarsson átti titil að verja í keppninni um sterkasta mann heims árið 1989,eftir að hafa sigrað í þriðja sinn árið 1988.

**23.00 Ameríski fótboltinn** (NFL Gameday 06/07) Upphitun fyrir leiki helgarinnar í ameríska fótboltanum sem er vinsælasta sjónvarpsíþróttin í Bandaríkjunum.

**23.30 Brasilía - Sviss** Útsending frá vináttulandsleik Brasilíu og Sviss í knattspyrnu.

## DR 1

**11.35** Dagens Danmark **12.00** Mik Schacks Hjemmeservice **12.30** Tæppet fra Bayeux **12.50** Hvad er det værd **13.20** Sporløs **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Liga DK **16.00** Frikvarter **16.20** Candy Floss 2006 **16.35** Lovens vogtere **17.00** Fandango med Rebecca **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.55** Dagens Danmark **18.25** TV Avisen **18.30** Rabatten **19.00** Danmark Ekspeditionen **19.30** TV for folket - hundrede år med Nordisk Film **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** The Young Americans **22.40** Det ægte par **23.10** Ørnen

## NRK 1

**11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Lunsjtrav **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra Östfold **14.00** Siste nytt **14.05** Ian tar regien **14.30** Zombie hotell **15.00** Siste nytt **15.03** N¢dlanding **15.30** Dunder **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** I bokhylla **16.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Bosse **17.10** Gnottene **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Tilbake til 80-tallet **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.35** Örnen **21.30** Norsk humor **22.00** Kveldsnytt **22.10** Kulturnytt **22.15** Urix **22.45** Presidenten **23.25** Blackpool

## SVT 1

**10.50** Ingen konst **11.00** Rapport **11.05** Argument **13.55** Anslagstavlan **14.00** Mitt i naturen **14.30** Packat & klart **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Karamelli **16.45** Sagoträdet **17.00** Max och Ruby **17.25** Stora maskiner **17.30** Expedition vildmark **18.00** Lilla Aktuellt **18.15** Bobster **18.30** Rapport **19.00** Landgång **19.30** Söderlund & Bie **20.00** Planeten **21.00** Belfast girls **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Uppdrag Granskning **23.20** Entourage **23.50** Bingo Royale



HRÓSIÐ ...



*...fær Pétur H. Ármannsson sem flytur erindi um ævistarf Einars Sveinssonar arkitekts á aldarafmæli hans og sér þar með til þess að merkt framlag Einars til byggingarlistar gleymist ekki.*

# Gerðu barnaplötu sem lokaverkefni



**HEIÐAR ÖRN** Söngvari Botnleðju, Heiðar Örn, samdi nýja barnaplötu með félaga sínum Halla.

Félagarnir Halli og Heiðar úr rokksveitinni Botnleðju hafa gefið út barnaplötuna Pollapönk. Þetta er fyrsta barnaplatan sem þeir gera í sameiningu en áður hafði Halli gefið út plötuna Hallilúja þar sem hann naut aðstoðar ýmissa tónlistarmanna, þar á meðal Heiðars.

Að sögn Halla var platan hluti af lokaverkefni þeirra félaga við Kennaraháskóla Íslands en þaðan útskrifuðust þeir sem leikskólakennarar í vor. „Við tókum þetta eins og hvert annað verkefni. Við hittumst á morgnana og byrjuðum að semja lög sem við fullunnum svo í framhaldinu,“ segir Halli.

Þeir félagar voru í hálft ár að vinna plötuna, auk þess sem þeir skiluðu líka inn skýrslu um barnamenningu á Íslandi. „Við tengdum þessa plötu bæði námskeiðinu sem við vorum í og því sem við höfðum lært í skólanum. Þetta var ótrúlega skemmtileg reynsla. Við erum vanir að búa til lög á æfingum allir saman, spilandi á bassa, trommu og gítar í bölvuðum hávaða en fyrir þessa plötu vorum við bara saman með kassagítarinn. Þetta var alveg ný reynsla.“

Raggi, bassaleikari Botnleðju, spilar jafnframt á bassa á plötunni og má því segja að Botnleðja eigi þarna ákveðna endurkomu. „Botnleðja hefur legið í dvala eins og björn í híði og safnað forða. Við ætlum að byrja æfa bráðum og semja plötu og gera eitthvað skrítið,“ segir Halli. -fb



**HARALDUR FREYR** Halli er að gefa út sína aðra barnaplötu. Áður gaf hann út plötuna Hallilúja.



**LÁRÉTT** 2 báru að 6 í röð 8 hlaup 9 tunna 11 á fæti 12 form 14 kroppa 16 í röð 17 almætti 18 for 20 guð 21 velta.

**LÓÐRÉTT** 1 málmur 3 einnig 4 álitinn 5 hár 7 umhirða 10 temja 13 sarg 15 einkenni 16 blaður 19 óreiða.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 komu, 6 tu, 8 gel, 9 áma, 11 il, 12 lögun, 14 narta, 16 mn, 17 guð, 18 aur, 20 ra, 21 snúa.

**LÓÐRÉTT:** 1 stál, 3 og, 4 meintur, 5 ull, 7 umönnun, 10 aga, 13 urg, 15 aðal, 16 mas, 19 rú.


PAKKAFERÐIR VIÐ ALLRA HÆFI

Sheraton Real de Faula
– Valfrjálst Verð frá 59.180 kr.

Tottenham–Wigan
– 24.–27. nóv. 58.900 kr.

Berlín í jólaundirbúningi
– 24.–27. nóv. 51.900 kr.

George Michael
+ 27.–29. nóv. 69.900 kr.

George Michael er í mikilli tónleikaferð um þessar mundir og í lok nóvember verður hann í London. Michael mun spila öll sín vinsælustu lög á tónleikunum – og er af nógu að taka! Innifalið: Innifalið: Flug með sköttum, hótel í 2 nætur og miði á tónleikana.

Aðventuferð til Trier
– 8.–11. des. 59.900 kr.

Chelsea–Arsenal
– 9.–11. des. 69.900 kr.

Arsenal–Portsmouth
– 15.–17. des. 59.900 kr.

Óli Palli og The Pogues
– 16.–18. des. 59.900 kr.

Arsenal–Man. City
+ 30.–31. jan. 54.900 kr.

Hvernig væri nú að skella sér á leik Arsenal og Manchester City á Emirates Stadium, flottasta leikvelli í Englandi og sjá auðvitað flottan fótboltaleik í leiðinni. Innifalið: Flug með sköttum, hótel í eina nótt með morgunverði og miði á leikinn.

Liverpool–Everton
– 2.–4. feb. 84.900 kr.

Öll verð miðast við að tveir séu saman í herbergi.

» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express Ferðir – Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


MONIKA KLONOWSKI: KENNIR KÖFUN Í KARÍBAHAFINU

# Gafst upp á kuldanum á Íslandi og fann paradís á jörðu

„Mér leiddist á Íslandi enda er hér kalt og dimmt meirihluta árs,“ segir hin 23 ára Monika Klonowski. Erfitt er annað en að vera sammála henni í kuldakastinu sem ríður yfir landið þessa dagana. Monika er nýkomin heim eftir að hafa verið í tæp tvö ár á eyjunni Roatan í Karíbahafinu þar sem hún vinnur sem köfunarkennari.

„Þetta var nú ekki planið til að byrja með. Ég fór sem skiptinemi til Kosta Ríka í tvö ár þar sem við heimsóttum þessa eyju. Þetta er fallegasti staður sem ég hef farið á, hvítar strendur og grænblár sjór,“ segir Monika en eftir að hún kláraði spænskunám sitt í Kosta Ríka átti hún tvo mánuði aflögu áður en farmiði hennar til Íslands tók gildi. „Þannig að ég skellti mér bara í köfunarnám á Roatan sem er ódýrasti staður í heimi til að kafa á.“



**MONIKA OG KÆRASTINN HENNAR** Hér sést Monika ásamt kærasta sínum Juvini Mann sem vinnur við að stýra bátnum þar sem hún kennir köfun.

Eftir það var Monika komin með kafarabakteríuna, hún henti flugmiða sínum til Íslands og ákvað að setjast að í Karíbahafinu. Hún er komin hingað heim núna en ætlar að flytja alfarið út eftir áramót enda komin með innfæddan upp á arminn og því verður ekki aftur snúið.

Það sem heillaði Moniku við þessa eyju voru ekki bara hvítu strendurnar, sjórinn og veðrið sem ávallt er gott heldur líka það að þar er svo ódýrt að lifa. „Ég leigi hús við ströndina á rúmar 17.000 íslenskar krónur á mánuði sem er með rafmagni og hita,“ segir Monika en húsið hennar er lítið einbýlishús.

Margt hefur á daga Moniku drifið síðan hún byrjaði að búa á eyjunni og varð hún meðal annars fyrir þeirri ólukku að fá malaríu. „Ég hélt að ég væri að deyja, Þetta er það versta sem ég upplifað,“ segir Monika en fjölskylda og vinir voru áhyggjufullir á Íslandi þar sem Monika leyfir þeim að fylgjast með sér gegnum bloggsíðu sína þar sem símasamband er ekki upp á marga fiska á eyjunni. „Ég gat ekki bloggað í viku og foreldrar mínir því orðnir frekar áhyggjufullir.“

Monika er pólsk að uppruna en er eini meðlimur fjölskyldu sinnar sem er fæddur á Íslandi. Fjölskyldan hennar var með fyrstu pólsku innflytjendum á Íslandi. „Ég er mjög ánægð þarna úti og tel mig hafa fundið mína paradís á jörðu. Lífið er svo rólegt og þægilegt þar, ekki svona mikið stress eins og hér á Íslandi,“ segir þessi ungi ferðalangur að lokum.

alfrun@frettabladid.is



**EINS OG MÁLVERK** Flestir mundu vera sammála Moniku að eyjan Roatan er eins og paradís á jörðu.



**SÆTT HÚS** Þetta er húsið sem hún leigir á 17.000 krónur á mánuði.



**ÚTSÝNIÐ** Þetta fallega útsýni er Monika með fyrir augunum á hverjum degi enda séð beint úr stofuglugganum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fréttir af miklu álagi á heimasíðunni miði.is vegna Rock Star-tónleikanna fóru misvel ofan í fólk enda töldu margir að þarna væri um lélegt markaðsbragð að ræða. Á heimasíðunni sjálfri er þetta hins vegar staðfest. „Álagið sem myndaðist er langt umfram það sem við höfum nokkurn tímann upplifað áður þegar miðasala á stóra tónleika hefst. Vélarnar okkar voru hreinlega ekki í stakk búnar til að ráða við þetta gríðarlega álag sem kom öllum viðkomandi í opna skjöldu,“ stendur á midi.is.



Útvarpsmaðurinn geðþekki Brynjar Már á FM 957 undirbýr nú gerð sjónvarpsþáttar sem hann vonast til að fari í loftið á einhverri sjónvarpsstöðinni innan tíðar. Þátturinn á að heita „Sögur úr sveitinni“. Ekki er þó svo að Brynjar muni ræða við bændur og búalið um landsins gagn og nauðsynjar, heldur hyggst rapparinn fara um víðan völl í leit sinni að sögum úr hljómsveitarbransanum á Íslandi. Brynjari verður varla skotaskuld úr því að búa til skemmtilegan þátt enda er hann öllum hnútum kunnugur í íslenskri tónlistarflóru.



Landsmenn virðast ætla að fylkja sér um Bubba Morthens fyrir þessi jól eins og svo oft áður. Skáldsaga Jóns Atla Jónassonar, sem byggð er á ævi kóngsins, hefur fengið góðar viðtökur og tónlistarútgáfa Bubba hefur sömuleiðis slegið í gegn. Annað upplag plötunnar 06.06.06 er nú uppselt hjá útgefanda og þriðja upplagið er á leiðinni. Sala á samnefndum DVD-diski hefur sömuleiðis gengið vonum framar. Búast Bubbi og hans fólk við því að DVD-diskurinn seljist jafnvel í um 10.000 eintökum fyrir jólin sem væri án efa met hér á landi. - fgg



# Stjórnar þætti í spænsku sveitaútvarpi

Flökkukindin Jón Sigurður Eyjólfsson hélt á vit ævintýranna fyrir skömmu og fluttist til smábæjarins Carbonero sem er á spænsku hásléttunni en hann á þar spænska dóttur. Þar sinnir Jón einkakennslu í ensku fyrir fyrirtæki og einstaklinga en á milli kennslustunda leyfir hann íbúum bæjarins að njóta tónlistarsmekks síns á útvarpsstöð bæjarins, Carbonero Radio. „Ég vissi nú bara af þessari útvarpsstöð og vildi láta til mín taka,“ svarar Jón Sigurður þegar hann er spurður hvernig standi á því að hann stjórni útvarpsþætti í smábæ. „Þátturinn heitir Strengjað vegabréf en í hverri viku tek ég fyrir eitt land og spila tónlist frá því,“ segir Jón Sigurður sem leggur mikinn metnað í útvarpsþáttinn, hefur spilað lög frá Grikklandi og ætlar í næstu viku að taka á móti búlgörskum og rúmenskum íbúum bæjarins og fá þá til að segja frá landi og þjóð.

Íslandi hefur að sjálfsögðu verið gert hátt undir höfði og tók útvarpsmaðurinn meðal annars fyrir gamla heimabæinn sinn Bíldudal. „Ég sagði frá gömlum prakkarastrikum mínum þar, kynnti Jón Kr. Eyjólfsson og spilaði tónlist eftir sveitunga mína,“ útskýrir Jón og bætir við að hann ætli að taka Bubba Morthens fyrir í næsta þætti. „Íbúunum fannst þetta stórmerkilegt enda hafa margir hverjir ekki einu sinni séð sjóinn,“ útskýrir Jón.



**JÓN SIGURÐUR** Glaðbeittur í hljóðveri útvarpsstöðvarinnar Carbonero Radio þar sem hann stjórnar útvarpsþætti.

www.icelandexpress.is/alicante

# Nýir skór fyrir veturinn!

ALICANTE
9.990 kr.
aðra leið með sköttum

ALICANTE 21°C

REYKJAVÍK -6°C




## Skelltu þér í sólina á Spáni á frábæru tilboðsverði!

Hvernig væri að fá smá hlýju í kroppinn og skreppa til Alicante á verði sem yljar? Hitamælirinn styður það eindregið, enda tæplega 30 stiga munur á milli landanna um þessar mundir.

Nú býður Iceland Express helling af flugsætum til Alicante á aðeins 9.990 kr., aðra leið með sköttum og er ferðatímabilið frá 18. nóvember til 20. desember.

Tilboðið gildir til miðnættis á föstudag og því eins gott að sitja ekki frosinn í sama farinu! **Smelltu þér inn á www.icelandexpress.is og bókaðu ódýrt fargjald!**

**Tilboðið gildir til miðnættis á föstudag!**
**Ferðatímabil: 18. nóvember–20. desember**



SALAN ER HAFIN!

**ALICANTE:**
**9.990 kr.**
Aðra leið með sköttum. Ferðatímabilið 18. nóvember–20. desember

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

www.icelandexpress.is

Iceland Express

Fiton / SÍA FI118659

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATOR**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Ókeypis lögfræðiaðstoð alla fimmtudaga
milli 19:30 - 22:00 í síma 551-1012




BAKÞANKAR

DR. GUNNA

## *Ofurlaunin mín*

Ég er frábær. Um þessa staðreynd er víðtæk sátt í samfélaginu. Að minnsta kosti heima hjá mér. Að minnsta kosti kannski þegar mér hefur tekist að loka klósettsetunni nokkra daga í röð.

**ÞVÍ** þykir ganga sturlun næst að ég sé ekki spígsporandi um bæinn á ofurlaunum eins og aðrir frábærir menn. Ég skil bara ekkert í því af hverju ég er ekki með, tja... segjum eins og 10-20 millur á mánuði. Það er nú ekki eins og það sé einhver ofrausn miðað við frábærleika minn, allavega ef ég ber sjálfan mig saman við þá, sem samkvæmt blöðum og tímaritum – þótt ég trúi því nú varla – eru í raun með þetta 10-20 millur á mánuði.

**GEIR** Haarde heldur kannski að ég liggi andvaka í svitakófi á nóttunni og öfundist út í ofurlaun frábærra. Þetta er ekki alveg svo slæmt, en ég segi stundum við Lufsuna að ég bara nái því ekki afhverju ég er á mínum lúsarlaunum en eitthvað lið út um allan bæ á geðveikum ofurlaunum. Hún tekur ekki þátt í öfund minni, enda skráð í Sjálfstæðisflokkinn, og segir að það sé fyrirtækjunum alveg í sjálfsvald sett að borga þessu fólki þessi sjúklegu laun. Þá fellur mér kjaftstopp allur ketill í eld. Ég minnist þess bara þegar ég var að vinna í Landsbankanum. Þá voru Sverrir og þessir karlar á kannski milljón á mánuði og maður sá svo sem í gegnum fingur sér með það. Nú er launamunurinn orðinn svo mikill að mig langar helst til að æla af skilningsleysi og skelfingu. Hvað vit er í þessu? Sérstaklega þegar laun á leikskólum, elliheimilum og svo framvegis eru höfð til hliðsjónar.

**ÉG** meina: Sjáið nú bara þetta frábæra fólk! Til að nudda salti í sárin er þetta flest miklu yngra en ég, einhverjir smjörgreiddir gleraugnaglámar í jakkafötum. Ég skil ekki hvernig er hægt að fúnkera í þessu þjóðfélagi á launum sem eru eins og að fá þrefaldan pott í lottóinu mánaðarlega. Aumingja fólkið hlýtur að vera við það að missa vitið. Ég væri allavega kominn á tæpasta vað með alla þessa peninga flæðandi út um allt. Hvernig kemur maður þessu eiginlega í lóg? Það eru takmörk fyrir því hvað maður nennir oft í sólarlandaferð til Tahiti eða getur komið mörgum tvöföldum ísskápum með klakavél inn í eldhús. Þegar tekið er með í reikninginn hversu óendanlega leiðinleg ofurlaunadjobbin líta út fyrir að vera fer nú líka mesti glansinn af þessu.

**MÍN** niðurstaða er því þessi: hirðiði bara ofurlaunin ykkar, ó þið frábæra fólk. En ef ykkur vantar einhvern tímann einhvern til að leysa ykkur af, þó ekki væri nema í mánuð – jafnvel viku – þá er ég til.


Í Evrópu eru mörg ólík lönd sem öll hafa sín sérkenni




**Með Vodafone Passport sameinast þau í eitt mínútuverð. Það sama og á Íslandi.**




**Vodafone Passport** er ný byltingarkennd þjónusta sem gerir viðskiptavinum Vodafone kleift að hringja á sama mínútuverði í 18 löndum í Evrópu og heima. Greitt er 139 kr. upphafsgjald og eftir það gildir sama verðskrá og á Íslandi. Með **Vodafone Passport** geta viðskiptavinir Vodafone sparað til dæmis 48% í Danmörku, 59% á Spáni og 76% í Bretlandi miðað við fimm mínútna símtal.

Skráðu þig strax á www.vodafone.is, komdu við í verslun okkar, eða hringdu í 1414. Þú getur líka skráð þig með því að senda SMS skilaboðin **Passport** í 1900. Það er enginn stofnkostnaður og ekkert mánaðargjald.

Fiton/SIA

gríptu augnablikið og lifðu núna

vodafone

SHARP
Í FREMSTU RÖÐ FRUMKVÖÐLA LCD-VEGGSJÓNVARPANNA

Pioneer
MEÐ FULLKOMNA FORUSTU Í PLASMA-SJÓNVARPSTÆKJUM

VEGGSJÓNVÖRP
Glæsilegt úrval!

SAMSUNG
EINN FRAMSÆKNASTI RAFTÆKJAFRAMLEIÐANDI HEIMS Í DAG

LOEWE.
MARG VERÐLAUNUÐ OG AFAR GLÆSILEG HÖNNUN

ORMSSON
SÍÐUMÚLA · SMÁRALIND · AKUREYRI · KEFLAVÍK · ÍSAFIRÐI